

# Samfélag, atvinnulíf og íbúalíf í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Ritstjóri: Sigríður K. Þorgrímsdóttir**  
**Höfundar efnis: Elín Gróa Karlsdóttir, Sigríður K. Þorgrímsdóttir**  
**Sigríður E. Þórðardóttir og Sigurður Árnason**

Maí 2012

## **Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun**

*Samantekt um stöðu byggða á Íslandi sem hafa búið við viðvarandi fólksfækkun undanfarin ár.*

Ritstjóri: Sigríður K. Þorgrímsdóttir.

Höfundar efnis: Elín Gróa Karlsdóttir, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður E. Þórðardóttir og Sigurður Árnason

Mynd á forsíðu: Sigurður Árnason



Próunarsvið Byggðastofnunar

Sauðárkróki maí 2012

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Helstu niðurstöður .....	7
Vesturland .....	11
Dalabyggð .....	14
Vestfirðir .....	21
Norðanverðir Vestfirðir .....	26
Sunnanverðir Vestfirðir.....	39
Strandir .....	54
Norðurland vestra .....	67
Húnaþing vestra .....	71
Austur Húnavatnssýsla .....	78
Norðurland eystra .....	89
Eyjafjörður .....	94
Sunnanverð Þingeyjarsýsla .....	105
Norðanverð Þingeyjarsýsla .....	114
Austurland .....	126
Austurland, norður og miðsvæði .....	130
Sunnanvert Austurland .....	146
Suðurland .....	158
Suðausturland og Vestmannaeyjar .....	162
Heimildaskrá .....	179
<b>Viðaukar:</b>	
Viðhorfskönnun meðal íbúa 30 sveitarfélaga .....	183
Þjónustukönnun – spurningalisti .....	214
Burðarásar í atvinnulífi .....	217
<b>Greinar:</b>	
Með konum skal land byggja, <i>Elín Gróa Karlsdóttir</i> .....	224
Framhaldsdeild á Patreksfirði, <i>Friðbjörg Matthíasdóttir</i> .....	232
Ferðaþjónusta og byggðaðróun, <i>Guðrún Þóra Gunnarsdóttir</i> .....	233
Atvinnulíf og byggðaðróun, <i>Sædís Íva Elíasdóttir</i> .....	235
Staðvæðing þjónustu? Hugleiðing um breyttar landfræðilegar forsendur byggðaðróunar og skipulags, <i>Karl Benediktsson</i> .....	237
Mitt hjartans mál Raufarhöfn, <i>Svava Árnadóttir</i> .....	240
Búferlaflutningar og samgöngubætur, <i>Vífill Karlsson</i> .....	243

## Inngangur

Árið 2008 kom út skýrsla Byggðastofnunar, *Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun*, en verkefnið var eitt af aðgerðum byggðaáætlunar 2006-2009. Í skýrslunni voru tekin til athugunar svæði þar sem fækkun íbúa var 15% eða meira á árunum 1996-2006 og féllu 22 sveitarfélög undir þá skilgreiningu. Öll sveitarfélögin voru heimsótt og tekin viðtöl við sveitarstjórnarmenn, auk þess sem Háskóli Íslands gerði könnun á þjónustuframboði í sömu sveitarfélögum. Í skýrslunni voru einnig tölfræðilegar upplýsingar um íbúáþróun, fjárhag sveitarfélaga og skiptingu starfa.

Í ársbyrjun 2010 var ákveðið að uppfæra þessa skýrslu og jafnframt að stefnt skyldi að því að slíkar upplýsingar séu ávallt fyrirliggjandi og uppfærðar reglulega. Markmiðið var m.a. að „þær upplýsingar um stöðu byggðarlaga þar sem fólksfækkun er mest séu uppfærðar reglulega og geti þannig nýst stjórnvöldum við stefnumótun í byggðamálum og til aðgerða á þeim svæðum sem um ræðir.“

Verklag er töluvert breytt frá 2008 sem og efnistöð skýrslunnar sem nú kemur út. Helstu breytingar eru þessar:

- Í stað viðmiðs fyrir 10 ára tímabil var ákveðið að skoða svæði þar sem íbúum hefur fækkað um 15% eða meira á 15 ára tímabili, árin 1994-2009. Með þessu móti varð svæðið mun stærra og sveitarfélögin 30 í stað 22. Meginsvæðin eru þó hin sömu og fyrr, þ.e. norðvestur-, norðaustur- og suðausturhorn landsins, auk Dalabyggðar og Vestmannaeyjabæjar.
- Samstarf út fyrir stofnunina var að þessu sinni fyrst og fremst við sveitarfélögin og atvinnuþróunarfélögin. Auk þess eiga nokkrir utanaðkomandi höfundar greinar í skýrslunni.
- Sendir voru út spurningalistar til sveitarfélaganna þar sem spurt var um ýmsa þjónustubætti í þeim þéttbýlisstöðum sem falla undir þessa úttekt.
- Gerð var viðhorfskönnun meðal íbúa á aldrinum 20-39 ára í viðkomandi sveitarfélögum.
- Fjallað er um sex landshluta sem síðan er skipt upp í smærri svæði. Vestfjörðum er til að mynda skipt í þrjú svæði. Nánari grein er gerð fyrir skiptingunni í hverjum kafla.

Sveitarfélögin 30 voru heimsótt og fundir haldnir með sveitar- og bæjarstjórnunum, atvinnuráðgjöfum og forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja sem kalla má burðarása í sínum samfélögum. Sigríður K. Þorgrímsdóttir á þróunarsviði og Elín Gróa Karlsdóttir á lánasviði sáu um þessa fundi, en Sigríður hefur að mestu séð um úrvinnsluna. Megintexti þessarar skýrslu byggir á úrvinnslu fundanna, auk þess sem stuðst er við ýmsar aðrar heimildir. Fundir á svæðunum voru alls 56 talsins. Ferðalögin hófust í september 2010 og lauk í júní 2011.

Í skýrslunni eru tölfræðilegar upplýsingar um íbúáþróun þeirra svæða sem til athagnar eru og ná þær yfir tímabilið 1994-2011 (1. desember 2011). Einnig er fjallað stuttlega um fjárhag sömu sveitarfélaga, en sú umfjöllun er ekki myndræn eins og um íbúáþróunina. Sigurður Árnason á þróunarsviði Byggðastofnunar hefur haft veg og vanda af þessum verkhluta, auk þess að sjá um framkvæmd þjónustukönnunar.

Sveitar- og bæjarstjórnunum í sveitarfélögunum voru sendir spurningalistar með 39 spurningum um framboð á þjónustu í öllum þéttbýlisstöðum þessara sveitarfélaga. Ísafjarðarbær þurfti því að svara fyrir fimm þéttbýlisstaði, svo dæmi sé tekið. Úrvinnsla svaranna er sett fram í texta um hvern þjónustubátt fyrir sig, þ.e. verslun og þjónustu, opinbera þjónustu, húsnæðismál, menntun og menningu.

Ákveðið var að fá fram viðhorf íbúanna sjálfra með viðhorfskönnun og einbeita sér að aldurshópnum 20-39 ára sem er sá hópur sem gjarnan vantar í byggðirnar og myndar „mittið“ í hinum svokallaða aldurspíramída. Það er fólk sem fer að heiman til náms og vinnu og skilar sér oft ekki til baka í

heimabyggð. Því er forvitnilegt að fá fram viðhorf þeirra sem þó eru til staðar í þessum hópi. Svarhlutfall í viðhorfskönnuninni var aðeins 19% sem er of lágt til að hægt sé að afhæfa út frá því yfir á þýðið. Niðurstöðurnar gefa engu að síður vísbendingar og áhugaverðar sem slíkar. Spurt var um sömu þætti og til grundvallar eru í skýrslunni, þ.e. atvinnumál, samgöngur, húsnæðismál, menntun, menningu, verslun og þjónustu, heilbrigðismál, opinbera þjónustu og einnig hvort viðkomandi hafi í hyggju að flytjast brott á næstu fimm árum. Þar sem svarhlutfall var svo lágt og til grundvallar liggja aðeins svör tæplega 300 manns af 1500 manna úrtaki, þá er augljóst að svarendur eru almennt fremur fáir einstaklingar úr hverju sveitarfélagið fyrir sig. Við þessu er reynt að bregðast með því að birta niðurstöðu fyrir landshlutana í heild. Það þýðir að ekki eru birtar niðurstöður fyrir Vesturland, þar sem Dalabyggð var eina sveitarfélagið þar sem til umfjöllunar er í skýrslunni. Hins vegar voru Vestmannaeyjar teknar sér því þar er fjölmennt bæjarfélag og svörun þaðan var góð. Elín Gróa Karlsdóttir vann að undirbúningi og gerð spurninga viðhorfskönnunarinnar, en Sigríður Elín Þórðardóttir hafði veg og vanda af framkvæmd hennar og úrvinnslu svara. Greinargerð um könnunina er birt í heild sinni sem viðauki með skýrslunni, en fjallað um niðurstöður hennar að öðru leyti í viðkomandi köflum.

Í skýrslunni birtast greinar eftir sex höfunda, auk greinar Elínar Gróu Karlsdóttur um stöðu kvenna á landsbyggðinni. Þessir höfundar eru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, sem skrifar um ferðaþjónustu, Friðbjörg Matthíasdóttir um framhaldsskóladeild í Vesturbyggð, Sædís Íva Elíasdóttir um atvinnulíf og byggðáþróun, Vífill Karlsson um búferlaflutninga og samgöngubætur, Karl Benediktsson veltir fyrir sér staðvæðingu þjónustu og loks skrifar Svava Árnadóttir á Raufarhöfn pistil frá sjónarhóli íbúa svæðis sem á undir högg að sækja.

Svæðið sem til umfjöllunar er í skýrslunni er þannig:

**1. Vesturland:**

1.1 Dalabyggð

**2. Vestfirðir:**

2.1 *Norðanverðir Vestfirðir*

2.1.1 Ísafjarðarbær

2.1.2 Súðavíkurreppur

2.1.3 Bolungarvíkurkaupstaður

2.2 *Sunnanverðir Vestfirðir*

2.2.1 Vesturbyggð

2.2.2 Tálknafjarðarhreppur

2.2.3 Reykhólahreppur

2.3 *Strandir*

2.3.1 Árneshreppur

2.3.2 Strandabyggð

2.3.3 Kaldrananeshreppur

**3. Norðurland vestra**

3.1 *Vestanvert svæðið*

3.1.1 Húnaþing vestra

3.2 *Austanvert svæðið*

3.2.1 Húnavatnshreppur

3.2.2 Blönduóssbær

3.2.3 Sveitarfélagið Skagaströnd

**4. Norðurland eystra**

4.1 *Eyjafjarðarsvæðið*

4.1.1 Fjallabyggð

4.1.2 Grýtubakkahreppur

4.2 *Suður-Þingeyjarsýsla*

4.2.1 Þingeyjarsveit

4.2.2 Skútustaðahreppur

4.3 *Norður-Þingeyjarsýsla*

4.3.1 Norðurþing

4.3.2 Tjörneshreppur

4.3.3 Svalbarðshreppur

4.3.4 Langanesbyggð

## 5. Austurland

5.1 *Norðanvert og miðsvæði*

5.1.1 Vopnafjarðahreppur

5.1.2 Borgarfjörður eystri

5.1.3 Seyðisfjarðarkaupstaður

5.2 *Sunnanvert*

5.2.1 Breiðdalshreppur

5.2.2 Djúpavogshreppur

## 6. Suðurland

6.1 Sveitarfélagið Hornafjörður

6.2 Skaftárhreppur

6.3 Vestmannaeyjabær

Umfjöllun um þessa sex landshluta skiptist þannig í 12 svæði og á Vesturlandi og Suðurlandi er ekki skipt frekar upp. Á Vesturlandi er einungis eitt sveitarfélag og á Suðurlandi hefði þá annað hvort verið rétt að skipta umfjöllun í þrjú svæði, eitt fyrir hvert sveitarfélag, eða fjalla um þau öll þrjú sem eitt svæði, sem er sú leið sem hér var valin. Afmörkun landshluta í minni svæði er gjarnan landfræðileg og einnig samgönguleg, eða byggir hugsanlega á viðtekinni skiptingu. Einnig er haft í huga að ný sveitarfélög liggja hugsanlega á eldri mörk, eins og t.d. Norðurþing sem nær yfir svæði sem tilheyrði áður bæði sunnan- og norðanverðri Þingeyjarsýslu. Þá þarf líka að skoða þær breytingar sem orðið hafa vegna samgöngubóta og vinnusóknarsvæði. Byggðastofnun hefur í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin sett fram kort með skiptingu landsins í vinnusóknarsvæði. Fjallað er um þessi svæði í inngangi hvers kafla. Einnig er umfjöllun um svæði „mátuð“ við umfjöllun Þórodds Bjarnasonar um varnar- og vaxtarsvæði í greinargerð sem unnin var í tengslum við sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar.

Í köflum um landshluta er stutt kynning á svæðinu. Því næst er fjallað um búsetuþætti í víðum skilningi, þó svo atvinnumálum sé gert mjög hátt undir höfði, enda er trygg atvinna nauðsynleg forsenda búsetu, þótt fleiri þættir vegi einnig þungt. Kafla um atvinnulíf er síðan skipt í nokkra undirkafla. Sjávarútvegur fær víða talsvert vægi, enda eru margar sjávarbyggðir á því svæði sem hér er ræðir og flest þeirra 15 fyrirtækja sem heimsótt voru eru sjávarútvegsfyrirtæki. Þá er undirkafla um landbúnað, þjónustu, iðnað og rannsóknir. Kafla um velferðarmál og samfélag fjallar um heilbrigðis- og félagsþjónustu, opinbera þjónustu, húsnæðismál og málefni innflytjenda. Þá er kafla um umhverfi og undir honum eru m.a. orkumál og samgöngur. Þá eru meginkaflar um verslun og þjónustu, um menntun og um menningu. Umfjöllun um verslun og þjónustu er á tveimur stöðum, annars vegar sem atvinnugrein og hins vegar sem þjónustuframboð. Þá er meginkafla um sameiningar- og samstarfsmál sem og um stoðkerfi og byggðastefnu. Sameiningarmál og samstarf sveitarfélaga er málaflokkur sem er alltaf í mótun og væri áhugavert að kortleggja nánar. Viðhorfin eru margvísleg og reynt að gera þeim skil. Lokar kafla um tækifæri til eflingar sem gjarnan eru beinar tillögur um verkefni eða aðgerðir frá einstökum sveitarfélögum.

Viðmælendur á fundunum höfðu sterkar skoðanir á byggðaaðgerðum og stefnu ríkisvaldsins, ekki síst áhrifum niðurskurðar hins opinbera og á mögulegar aðgerðir sem varða sjávarútveg. Fundir hófust um svipað leyti og mikil mótmæli áttu sér stað vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðismálum og umræður fundanna lituðust óneitanlega af því. Kafla um stoðkerfi og byggðastefnu er því að mörgu leyti skilaboð fundarmanna til ríkisvaldsins.

Umfjöllun í þessari skýrslu er ekki sett fram sem SVÓT-greining eins og gert var í skýrslunni 2008. Fremur var reynt að fylgja áðurgreindri skiptingu í búsetuþætti, eins og rakið er hér að framan. Þar eru settir fram nokkrir helstu punktar frá umræðum á fundunum. Í þeim kann að felast bæði lýsing á styrkleikum og veikleikum viðkomandi svæðis. Lesendum er látið eftir að meta hvernig því er háttað. Með þeirri vinnuaðferð að byggja meginumfjöllun á eiginlegri aðferð með viðtölum verður upptalning atriða ekki tæmandi, t.d. upptalning á þjónustubáttum, fyrirtækjum eða menningarviðburðum. Viðmælendur fengu þó færi á að bæta við atriðum eða breyta, en þeir fengu send yfirlit yfir þau atriði sem til umræðu voru á fundum og sömuleiðis fengu ráðgjafar atvinnuþróunarfélaganna færi á að lesa kaflana yfir og gera athugasemdir.

Í umfjöllun um svæði er m.a. byggt á greiningu Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna á svokölluðum vinnusóknarsvæðum. Skilgreining vinnusóknarsvæða er á þá leið að innan þeirra „sækir fólk daglega milli heimilis og vinnustaðar.“ Svæðaskiptingin var skoðuð og borin saman við þá mynd sem fengin var á fundum á svæðunum. Undantekningarlaust bar þessum upplýsingum saman.

Að lokum er vert að taka fram að taka eftirfarandi fram: Skoðanir sem látnar í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki Byggðastofnunar, heldur er verið að túlka sjónarmið viðmælendanna, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um.

Við viljum að endingu þakka þeim sem starfað hafa með okkur að þessu verkefni, sem eru sveitar- og bæjarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem hér um ræðir, forsvarsmenn 15 fyrirtækja og atvinnuráðgjafar um land allt. Einnig viljum við þakka meðhöfundum okkar að þessari skýrslu, þeim Sigurði Árnasyni og Sigríði E. Þórðardóttur, ásamt þeim sem ritað hafa greinar í skýrsluna.

Byggðastofnun í maí 2012,

*Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Elín Gróa Karlsdóttir.*

## Helstu niðurstöður

### Íbúapróun

Í þessari skýrslu eru skoðuð svæði þar sem íbúum hefur fækkað um 15% eða meira árin 1994-2011. Það eru 30 sveitarfélög sem skipt er upp í 12 svæði í skýrslunni. Meginsvæðin eru norðvestur-, norðaustur- og suðausturhorn landsins, auk Dalabyggðar og Vestmannaeyjabæjar.

Íbúum þessara 12 svæða fækkaði frá rúmum 12% í um 50% á tímabilinu. Sums staðar virðist þróunin heldur upp á við undanfarin ár, t.d. í Grýtubakkahreppi og í Vestmannaeyjum.

Mikill munur er á fólksfækkun í þéttbýli og dreifbýli, t.d. er fækkunin 30% í dreifbýli í Dalabyggð en aðeins 5% í Búðardal. Á Vestfjörðum er þróunin misjöfn í þéttbýlisstöðunum, t.d. er 40% fækkun í Hnífsdal og á Flateyri en 16% á Ísafirði og Suðureyri. Á Bíldudal fækkaði um 45% og svipað hlutfall var á Raufarhöfn og Bakkafirði.

Fækkað hefur í yngri aldurshópum en fjölgað í þeim eldri. Þetta er þó ekki algilt, þótt almennt megi segja að það sé svokallað „mitti“ í aldurstrénu þar sem vantar inn í hópinn 20-39 ára. Á sunnanverðum Vestfjörðum hefur íbúum undir tvítugu fækkaði um meira en helming og í aldurshópnum 20-39 ára fækkaði um nær 40% á tímabilinu. Í Breiðdalshreppi hefur orðið nánast hrun í yngri aldurshópum. Fækkun yngra fólks hefur í för með sér að dregur úr fæðingatiðni eða náttúrulegri fjölgun.

Skipting milli kynja er yfirleitt þannig að karlar eru fleiri en konur, en það er þó misjafnt eftir aldurshópum og milli svæða. Á Ströndum eru karlar fleiri en konur í eldri aldurshópnum, sem er frábrugðið öðrum svæðum. Dæmi eru um að dregið hafi úr mun milli kynjanna hvað íbúafjölda varðar.

Sums staðar er fjöldi erlendra ríkisborgara yfir landsmeðaltali, t.d. á Vestfjörðum, nema á Ströndum. Almennt hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað á tímabilinu.

### Atvinnulíf

Þau byggðarlög sem hér eru til skoðunar byggja atvinnulíf mikið til á frumvinnslugreinunum sjávarútvegi og landbúnaði. Vestfirðir í heild sinni byggja atvinnulíf á sjávarútvegi og sömu sögu má segja t.d. Norðurþingi, Langanesbyggð, Vestmannaeyjum og Höfn. Dalabyggð og Norðurland vestra, sem og Reykhólahreppur og sum sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra og Skaftárhreppur eru landbúnaðarsvæði. Þrjú sveitarfélög af 30 eru án þéttbýliskjarna. Í stærri þéttbýliskjörnum eins og á Ísafirði er atvinnulíf nokkuð fjölbreytt. Sömu sögu má segja um Húsavík, Höfn og jafnvel Vestmannaeyjar sem þó er fyrst og fremst sterkt sjávarútvegssamfélag.

Þótt víða sé öflugur landbúnaður og jafnvel hafi orðið nýliðun meðal bænda vinna bændur og búalið gjarnan önnur störf meðfram búskap og hafa fæstir afkomu eingöngu af honum. Á þessum svæðum eru einnig margar góðar laxveiðiár, t.d. í Húnavatnssýslum og á Vopnafirði.

Sums staðar eru stór sjávarútvegsfyrirtæki burðarás í atvinnulífi svæðisins. Nefna má Odda í Vesturbyggð, Þórsberg á Tálknafirði, Ramma í Fjallabyggð, Hólmadrang á Hólmavík, Vísi á Djúpvavogi og Þingeyri, HB-Granda á Vopnafirði og Skinney-Þinganes á Höfn. Í Vestmannaeyjum eru fyrirtækin tvö, Vinnslustöðin og Ísfélagið og það síðarnefnda er burðarás atvinnulífs á Þórshöfn. Á Húsavík eru



einnig tvö fyrirtæki, GPG og Vísir. Af öðrum stærri fyrirtækjum sem burðarásar í heimabyggð má nefna Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum og Austfar sem þjónustar Norrænu á Seyðisfirði.

Fiskeldi er í vexti á Vestfjörðum með aðkomu fyrirtækja eins og HG, Odda og Þórsbergs, en fiskeldisfyrirtæki eru víðar á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar. Sjávarútvegsfyrirtækin leiða eða taka þátt í margvíslegu þróunarstarfi, t.d. sem snertir framleiðslu matvæla, lyfja o.fl.

Ferðamönnum fjölgar ár frá ári og framboð á þjónustu og afþreyingu eykst að sama skapi. Nefna má sjóstangaveiði á Vestfjörðum (og víðar), hvalaskoðunarferðir á Húsavík, ný setur eins og t.d. Melrakkasetrið á Súðavík, Sjóráningjasetrið á Patreksfirði og Selasetur á Hvammstanga. Samgöngubætur skipta miklu máli fyrir ferðaþjónustu. Mikil uppbygging er t.d. á Siglufirði og væntingar vegna samgöngubóta, t.d. á norðausturhorninu, Hólmavík og nágrenni og í Vestmannaeyjum. Á sumum svæðum hefur verið mikill ferðamannastraumur um árabíl, t.d. um Suðurland og í Mývatnssveit og nágrenni. Vatnajökulsþjóðgarður skapar tækifæri í ferðaþjónustu, bæði í Norðurþingi og á suðausturhorninu.

Víða er þó nokkur framleiðsluþæður og nýsköpun, t.d. Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal sem er mikilvægt fyrirtæki í heimabyggð, 3xTechnology og Xeresis á Ísafirði, Murr á Súðavík og Villimey á Tálknafirði, Vilko og Ísgel á Blönduósi, PharmArctica á Grenivík og svo mætti lengi telja.

Rannsóknir og þróun hjá þekkingar- og fræðasetrum og fyrirtækjum er mjög mikilvæg starfsemi víða um land. Á Vestfjörðum eru til dæmis 24 starfsstöðvar þekkingarsetra. Með starfsemi þeirra eykst t.d. menntunarstig og möguleikar á störfum fyrir háskólamenntaða aukast. Á Skagaströnd starfar Biopol, þar er fræðasetur Háskóla Íslands og háskólasetur í samstarfi við háskólann á Hólum.

Krafa um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni heyrir víða. Slík störf, eða stofnanir, skipta miklu máli. Nefna má Vinnumálastofnun á Skagaströnd þar sem starfa um 25 manns, Fæðingarorlofssjóð á Hvammstanga með 12 störf og flest fyrir háskólamenntaða.

Ýmsar væntingar eru varðandi atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum. Til dæmis um byggingu gagnavers við Blönduós, vegna álvers við Bakka eða annarrar stóriðju þar, um uppbyggingu vegna olíuvinnslu á Drekasvæðinu og olíuflutninga sem staðsett yrði í Finnafirði (Gunnólfsvík). Aðrar hugmyndir eru ef til vill ekki jafn stórtækar og tengjast til dæmis ferðaþjónustu, fiskeldi eða þróunarstarfi af ýmsu tagi.

## **Búseta**

Ýmsar samgöngubætur á undanförunum árum breyta miklu fyrir íbúa þeirra svæða sem hér er um ræðir. Nefna má veg um Hófaskarð á norðausturhorninu, veginn um Arnkötludal (Þröskulda), göngin milli Bolungarvíkur og Hnífsdals og Héðinsfjarðargöng og Landeyjahöfn. Ekki eingöngu hefur þetta jákvæð áhrif á búsetu, heldur einnig fyrir atvinnulíf og ekki síst ferðaþjónustu.

Skortur á samgöngubótum voru líka til umræðu víða, sérstaklega í Árneshreppi, en byggðin er einangruð að vetrinum og helsta samgönguæð er flug til Reykjavíkur. Bæta þarf samgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum og veltengingu milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða, eigi svæðið að geta starfað saman sem heild. Samgöngubætur eru lykilatriði fyrir Seyðfirðinga þar sem Fjarðarheiðin er mikill farartálmi. Á Austurlandi var einnig rætt um bætur á þjóðvegi eitt yfir Breiðdalsheiði og hins vegar á vegi yfir Öxi sem myndi stytta leiðina frá Djúpavogi á Hérað.

Mörg þessara svæða eru „köld“, þ.e. heitt vatn hefur ekki fundist, eða þá í litlu magni. Það gildir t.d. víða á Vestfjörðum. Þá er kynt með rafmagni sem er dýrari kostur en húshitun með jarðvarma.

Hátt hlutfall frístundahúsa (húsa í eigu fólks sem ekki hefur fasta búsetu) er sums staðar í þéttbýli, t.d. á Drangnesi, Siglufirði og Seyðisfirði. Slík búseta hefur bæði neikvæð og jákvæð áhrif. Þau neikvæðu geta t.d. verið minni skatttekjur, en þau jákvæðu geta verið þau að húsum sé viðhaldið og íbúarnir auðgi menningarlíf staðarins, eins og t.d. á Djúpvogum þar sem þekktir myndlistarmenn hafa aðsetur hluta úr ári. Sums staðar eru jarðir einnig í eigu utanaðkomandi, þ.e. ekki í fastri ábúð, eða þá ábúð án hefðbundins búskapar.

Undanfarin ár hefur verslunum fækkað víðast hvar í þéttbýli, enda hafa samgöngur batnað og auðveldara að sækja verslun og þjónustu út fyrir sitt byggðarlag. Sérverslun hefur t.d. víða nánast lagst af, en þó með undantekningum, helst þar sem stærri þéttbýlisstaður er einangraður vegna samgangna eða langt frá höfuðborginni. Það gildi t.d. um Ísafjörð og Vestmannaeyjar og þar er öflug verslun með mörgum sérverslunum. Sama má segja um Húsavík sem er þjónustukjarni fyrir austanvert svæðið.

Það er kappsmál að fá framhaldsskóla eða framhaldsskóladeild í heimabyggð, því það eflir búsetu og dregur úr brottfalli úr námi. Mikil ánægja er til dæmis með samstarf skólavers á Patreksfirði við framhaldsskólann á Grundarfirði og hefur það haft mikil áhrif á sunnanverðum Vestfjörðum. Unglingar sækja annars framhaldsskóla víða og jafnvel þótt framhaldsskóli sé í nágrenninu, til dæmis á Austurlandi.

Menningarlíf er víða öflugt og má nefna að í mörgum sveitarfélögum er haldið uppi metnaðarfullu æskulýðs- og íþróttastarfi, auk annars félagsstarfs. Víða er mikið um menningarviðburði, bæði heimatilbúna og aðkomna, til dæmis eru haldnar íbúahátíðir um allt land, sumar hafa vakið landsathygli og jafnvel víðar og víða eru fleiri en ein hátíð yfir árið, til dæmis í Vestmannaeyjum.

Miklar áhyggjur voru vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hins opinbera, ekki síst varðandi heilbrigðisþjónustu. Viðmælendum þótti gæta skilningsleysis hjá stjórnvöldum og að gjá milli landsbyggðar og höfuðborgar og þarf að rétta hlut landsbyggðarinnar, t.d. með því að sýna fram á hvert framlag hennar er til þjóðarbúsins.

Mikið samstarf er með sveitarfélögum og telja sumir það í raun koma í stað sameiningar. Samgöngubætur breyta einnig myndinni bæði varðandi samstarf og sameiningu. Sum sveitarfélög ná yfir mjög stórt svæði og þar hafa mörg sveitarfélög sameinast. Í slíkum tilvikum getur tekið langan tíma að íbúarnir upplifi sig sem eina heild.

## Tækifæri

Ýmsar hugmyndir komu fram til eflingar búsetu og atvinnulífi á svæðunum, t.d. hugmynd um háskóla hafsins á Vestfjörðum. Áhugi er á að Eyjafjörður verði viðkomustaður vegna opnunar siglingaleiða um norðurheimskautssvæðið. Það tengist e.t.v. hugmyndum í Langanesbyggð um uppbyggingu vegna olíuvinnslu. Þá má nefna aðrar stórhuga hugmyndir eins og gagnaver við Blönduós, stóriðju við Bakka o.fl. Margar hugmyndir komu fram um verkefni sem tengjast ferðaþjónustu, um þróun í landbúnaði eins og t.d. matvæli beint frá býli, um fiskeldi, rannsóknir og þróun og margt fleira.

## Viðhorfskönnun

Í tengslum við gerð skýrslunnar var framkvæmd viðhorfskönnun meðal íbúa svæðanna. Tekið var 1500 manna slembiúrtak fólks á aldrinum 20-39 ára. Niðurstöður byggja á svörum frá 281 þátttakanda og svarhlutfall var 19%. Rétt er að setja fyrirvara við alhæfingargildi viðhorfskönnunarinnar þar sem svarhlutfall var svo lágt, en engu að síður gefa svörin vísbendingar sem vert er að skoða.

Mikill munur kom fram á menntunarstigi þátttakanda eftir kyni en konurnar voru marktækt líklegri en karlarnir til að hafa lokið háskólamenntun og átti það bæði við um grunnmenntun á háskólastigi og framhaldsnám á háskólastigi. Karlarnir voru hins vegar marktækt líklegri til að hafa lokið sveins- eða meistaraþrófi í einhverri iðngrein.

Svarendur flestra svæða töldu atvinnutækifæri fyrir bæði karla og konur frekar eða mjög slæm, en í Vestmannaeyjum voru þau að meirihluta sögð mjög eða frekar góð fyrir bæði karla og konur. Afgerandi meirihluti svarenda í öllum landshlutum taldi atvinnulífið mjög eða frekar einhæft.

Um 53% svarenda, eða 150 af 281 hafa íhugað að flytja frá byggðarlaginu. Þar af hafa 80% svarenda 20-24 ára íhugað að flytja, um 48% á aldrinum 25-29 ára, 54% á aldrinum 30-34 ára og 45% á aldrinum 35-39 ára. Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu íhugað að flytja, eða 60% á móti 49%. Flestir nefndu fá atvinnutækifæri sem ástæðu, eða 37%. Hlutfallslega fæstir sögðust ætla að flytja frá Vestmannaeyjum. Fjórir af hverjum tíu sögðust ætla flytja frá Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi á meðan fimm af hverjum tíu hyggja á flutninga frá Suðausturlandi.



Ljósmynd: Sigurður Árnason

## VESTURLAND

Á Vesturlandi eru 10 sveitarfélög. Svæðið afmarkast af Hvalfjarðarsveit í suðri (Hvalfjarðarbotni), Dalabyggð í norðri (Gilsfjarðarbotni) og Snæfellsbæ vestast, yst á Snæfellsnesi. Einungis Dalabyggð er til umfjöllunar í þessari skýrslu, en fólksfækkun þar var yfir 21% á tímabilinu 1994-2009. Fjölgun var í fimm sveitarfélögum. Í hinum fjórum var fækkunin á bilinu tæp 6% í rúm 14%. Íbúafjöldi á Vesturlandi öllu er rúmlega 15 þúsund manns en í Dalabyggð búa 684. Sveitarfélögin 10 ná yfir 9.555 km<sup>2</sup> og þar af er landsvæði Dalabyggðar 2.439 km<sup>2</sup> og einungis Borgarbyggð landmeiri, nær yfir hátt í fimm þúsund km<sup>2</sup>.

Í þessum kafla er fjallað um ástandið á öllu Vesturlandi, með Dalabyggð í forgrunni. Áherslan er þó á Snæfellsnes fremur en allt svæðið, enda er sunnanvert svæðið á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Almenn umfjöllun þessa kafla byggir að miklu leyti á umræðum á fundi með sérfræðingum samtaka sveitarfélaga á svæðinu sem haldinn var í júní 2011. Þess utan var fundað með sveitarstjórn Dalabyggðar í október 2010 og byggir kaflinn einnig á upplýsingum sem fengust á þeim fundi.

Á nánast öllu Snæfellsnesi er fækkun á tímabilinu, en þó undir viðmiðunarmörkum skýrslunnar. Mest fækkun var í Stykkishólmsbæ eða 14,17%. Í greiningu Þórodds Bjarnasonar í varnar- og vaxtarsvæði er suðurhluti Vesturlands skilgreint sem vaxtarsvæði, en Snæfellsnes og Dalabyggð eru á varnarsvæði. Varnarsvæði skilgreinir hann sem svæði sem eru „almennt fámenn og dreifbýl og eiga yfirleitt við erfiðar samgöngur og umtalsverða fólksfækkun að stríða“ (Þóroddur Bjarnason, bls. 9-11).

Frá Vesturlandi er fremur stutt til höfuðborgarinnar, yfirleitt ekki mikið yfir 200 km aðra leið þaðan sem lengst er. Á samgönguáætlun er gert ráð fyrir að leggja hringveginn framhjá Borgarnesi og ljúka við endurgerð vegar um Fróðárheiði (Samgönguáætlun, bls. 176-177). Helstu vegalengdir má sjá í eftirfarandi töflu:

Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Reykjavík	Rif	201
	Hellissandur	204
	Ólafsvík	194
	Grundarfjörður	177
	Stykkishólmur	172
	Búðardalur	153
	Borgarnes	74
Búðardalur	Bifröst	49
	Borgarnes	80
	Stykkishólmur	86
	Reykhólar	75
	Hólmavík	80

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustubætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Þá var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Ekki er gerð grein fyrir niðurstöðum viðhorfskönnunar fyrir Vesturland, þar sem svarendur eru eingöngu úr einu sveitarfélagi og voru því fáir. Hins vegar byggir umfjöllun um þjónustu að hluta til á svörum við spurningalista um þjónustuframboð og að öðru leyti á umræðum fundanna.

## Atvinnulíf á Vesturlandi

**Umfjöllun þessa kafla byggir að mestu á fundum með sérfræðingum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.**

Vinnusóknarsvæði eru þrjú, auk þess sem flæðir á milli Búðardals og Reykhóla. Svæðin þrjú eru í kringum Borgarnes og til höfuðborgarinnar, svæðið frá Bifröst að Búðardal og þriðja svæðið er Snæfellsnes með alla þéttbýlisstaðina þar, fimm talsins (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011).

Beint samhengi er milli þróunar byggðar á Vesturlandi og þróunar í sjávarútvegi. Tvisvar hefur orðið hrun í sjávarútvegi, um og upp úr 1980 og um síðustu aldamót. Aflinn fór svo að fljóta á milli við tilkomu fiskmarkaða nálægt 1990, þ.e. áður var hann unninn á svæðinu en var meira seldur burt við tilkomu markaðarins. Landaður afli í Snæfellsbæ hefur ekki minnkað mikið, en hann fer burt. Þá fjaraði undan landvinnslu, sérstaklega ef ekki var blönduð útgerð eins og t.d. í Snæfellsbæ (veiðar og vinnsla saman). Þróunin er misjöfn milli þéttbýlisstaða á nesinu, yst á nesinu er meiri smábátaútgerð, stórir bátar í Grundarfirði, en meiri áhersla á skel á Stykkishólmi. Stutt er á miðin frá Rifi og smábátar gjarnan staðsettir þar.

Samgöngur á Snæfellsnesi hafa lagast mikið. Fyrir ekkert svo mörgum árum var ófært milli þéttbýlisstaða, en nú er bundið slitlag alla leið. Það eitt og sér heldur sjávarútvegi gangandi. Mikið er um þróunarverkefni og rannsóknir tengd sjávarútvegi. Þar kemur sjávarrannsóknarsetrið Vör sterkt inn. Snæfellsnes verður sterkt sjávarútvegssvæði og þarf að vera það. Eftir að skelin hrundi í Stykkishólmi þá spruttu upp mörg smá verkefni. Vatnsverksmiðja á Rifi strandaði vegna vandræða hluthafa. Búið var að byggja risastórt hús og nú er nýr aðili kominn með vatnsréttindi, en fær ekki húsið og ætlar að byggja nýja verksmiðju. Dalabyggð byggir á landbúnaði, þar er nánast enginn sjávarútvegur. Ef tekst að halda áfram uppbyggingu með þekkingardrifin störf tengd sérstöðu svæðisins, þá getur samfélag á Snæfellsnesi þróast vel. Borgarbyggð fór illa út úr kreppunni af ýmsum ástæðum. Þar er lítið um útflutning vöru og þjónustu öfugt við Snæfellsnes, þar sem er styrkur að veikingu krónunnar. Byggingageirinn var sterkur í Borgarnesi, en hann hrundi. Í heild varð alvarlegur skellur á þessu svæði. Akranes hefur stóriðjuna og nálægð við Reykjavík, þróunin hefur verið svipuð hvað atvinnuleysi varðar og er hlutfallslega verst á Akranesi af sveitarfélögum á Vesturlandi. Í Borgarbyggð hefur orðið fólksfækkun vegna samdráttar í byggingariðnaði og fækkun á Bifröst. Bæði Loftorka og Vírnet urðu gjaldþrota og fóru gegnum endurskipulagningu. Dregið hefur úr fólksfækkun á Snæfellsnesi og í Borgarfirði.

Á Snæfellsnesi er mikil uppbygging. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull skapar gífurlegt tækifæri. Heimamenn vilja fá forræði yfir þjóðgarðinum, en stjórnvöld samþykkja það ekki. Þjóðgarðurinn heyrir undir Umhverfisstofnun og kannski þess vegna sem hann er illa tengdur inn í samfélagið, engin nýtingarstefna er fyrirbyggjandi. Best væri blönduð verndun, að nýting og uppbygging sé leyfð. „All Senses“, samstarf ferðaþjónustu á Vesturlandi, er í fullum gangi og vinnur fyrir allt Vesturland, en er sterkast á suðursvæðinu. Gistiryfum hefur fjölgað um helming á sunnanverðu nesinu. Opnað hefur verið menningarsetur og tvö ný kaffihús.

Undanfarin tvö ár hefur verið í gangi þróunarverkefni sem miðar að því að nýta betur sjávarútveginn fyrir ferðaþjónustuna. Á Snæfellsnesi eru fimm hafnir. Til varð samstarf um að hafa fisk á boðstólum og stofnaður var markaður með ferskan fisk í Ólafsvík, götumarkaður undir þaki, markaðsbás og umboðssala, fiskur dagsins seldur. Hófst sumar 2011 sem tilraunaverkefni í þrjá mánuði. Bæði ferðamenn og heimamenn kaupa fiskinn og framtakið mæltist vel fyrir.

Um 20 ársverk háskólamenntaðs fólks í rannsóknnum og þróunarstarfi eru á Snæfellsnesi. Þar eru setur eins og Sjávarrannsóknasetrið Vör, Náttúrustofa Vesturlands, Háskólaasetur í Stykkishólmi. Mikið

Líf kringum Vör og ungt fólk á svæðinu fær að kynnst rannsóknum, sem örvar það til að sækja sér menntun.

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfra, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.



Breiðafjörður. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

## Dalabyggð

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum í Dalabyggð hefur fækkað um tæp 23% á tímabilinu 1994-2011.
- Heldur hefur dregið úr fólksfækkun undanfarin ár.
- Fækkunin var 30% í dreifbýli á tímabilinu, en 5% í Búðardal.
- Skipting milli kynja er misjöfn eftir aldurshópum.
- Eldri íbúum hefur fjölgað, en íbúum undir fimmtugu fækkað.
- Dalabyggð er landbúnaðarsvæði og það er samhengi milli þess og íbúápróunar.
- Störfum hefur fækkað í mjólkurvinnslu þó mjólkurstöðin sé enn fjölmennasti vinnustaðurinn fyrir utan sveitarfélagið.
- Umferð hefur aukist um svæðið við tilkomu vegar um Arnkötludal (Þröskulda).
- Framhaldsskólinn á Snæfellsnesi breytir miklu fyrir búsetu á svæðinu.
- Dalabyggð á samstarf við nágrannabyggðir í allar áttir og möguleikar hafa aukist með samgöngubótum.

### Svæðið

Dalabyggð er fyrst og fremst dreifbýlissamfélag, en þó með einum þéttbýliskjarna, sem er Búðardalur (fj. 249). Vegna þess að þéttbýlisstaðir á Snæfellsnesi koma nokkuð við sögu í kaflanum er vert að geta þeirra hér. Þeir eru Rif (fj. 164), Hellissandur (fj. 379), Ólafsvík (fj. 1.024), Grundarfjörður (fj. 845) og Stykkishólmur (fj. 1.104).


Segja má að samgöngur á Vesturlandi séu að mestu leyti í ágætu horfi. Miklar vegabætur hafa orðið á Snæfellsnesi á undanförunum árum og það breytir miklu fyrir samfélagið. Það er nokkuð styttra frá Búðardal til Reykjavíkur en frá þéttbýlisstöðunum á Snæfellsnesi. Almennt liggur Dalabyggð ekki fjær höfuðborginni en byggð á Snæfellsnesi, en engu að síður hefur fækkunin orðið meiri þar. Atvinnuhættir eru vafalaust stór hluti skýringarinnar. Dalabyggð byggir afkomu sína að miklu leyti á landbúnaði.

Fundað var með sveitarstjórn Dalabyggðar og sveitarstjóra í október 2010, en atvinnuráðgjöfum og sérfræðingum SSV í júní 2011.

## Íbúápróun


Á árunum 1994-2011 fækkaði íbúum í Dalabyggð um 200 eða 22,6%. Árið 1994 voru þeir 884 en voru orðnir 684 þann 1. desember 2011. Eftir umtalsverða fækkun á fyrri hluta tímabilsins hefur heldur dregið úr henni síðustu ár. Fólksfækkunin hefur komið misjafnlega fram í sveitarfélaginu. Á meðan að það fækkaði um 5% í Búðardal, fækkað um 30% í dreifbýlinu. Allnokkur munur er á fjölda karla og kvenna.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fjöldi karla og kvenna í Dalabyggð árin 1994-2011

Mest öll fækkunin kom fram í aldurshópnum undir fimmtugu á meðan að íbúum sextugum og eldri fjölgaði lítillega. Af því leiðir að aldursskipting í sveitarfélaginu er orðin skökk þar sem að „mitti“ er komið í aldurspíramíðann milli tvítugs og fertugs, en íbúar á þeim aldri eru orðnir færri en íbúar á aldrinum 40-59 ára.



Skipting íbúa í Dalabyggð eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Þrátt fyrir að aldursskipting sé orðin skökk fækkaði fæðingum ekki á tímabilinu en þær voru jafnmargar árin 1995-1998 og árin 2007-2010.



Fæddir og dánir í Dalabyggð á fjögurra ára tímabilum




Flutningsjöfnuður var neikvæður flest árin á tímabilinu en þó koma ár inni á milli þar sem fleiri fluttu í sveitarfélagið en úr því. Þar má t.d. nefna árin 2007 og 2011. Heldur hefur dregið úr brottflutningi allra síðustu ár á meðan aðflutningur hefur verið nokkuð stöðugur.



Aðfluttir/brottfluttir í Dalabyggð 1994-2011

Fjöldi erlendra ríkisborgara jókst mikið á tímabilinu úr u.þ.b. 1% í ríflega 5% þegar að mest var en heldur hefur dregið úr fjölda þeirra eftir hrun og eru þeir nú rúmlega 4%.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Dalabyggð 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

Rekstur sveitarfélagsins Dalabyggðar virðist vera nokkuð þungur en halli var af rekstri sveitarfélagsins árin 2009 og 2010 auk þess sem veltufé frá rekstri var neikvætt á árinu 2010. Skuldastaða sveitarfélagsins er hins vegar langt undir viðmiði nýrra sveitarstjórnarlaga um hlutfall skulda af reglulegum tekjum sveitarfélagsins, hvort sem litið er til skulda eða skuldbindinga samtals. Ein erfiðasta rekstrareining sveitarfélagsins virðist vera dvalarheimilið Silfurtún en samkvæmt ársreikningi er þar viðvarandi hallarekstur.

## Atvinnulíf

Eftirfarandi atriði komu fram á fundum í Dalabyggð og með SSV:

- Dalabyggð er fyrst og fremst sauðfjárræktarsvæði sem á undir högg að sækja. Það er bein tenging milli afkomu bænda og neikvæðrar byggðápróunar í Dölum. Það hefur ýtt undir þessa þróun að sláturhús lagðist af.

- Það hefur einnig dregið úr starfsemi mjólkurstöðvar í Búðardal. Samsetning framleiðslu hefur breyst, fyrirtækinu er stjórnað frá Reykjavík og ekki lengur mjólkurbússtjóri á staðnum. Þessi þróun er hröð, fyrir fimm árum virtist þetta fyrirtæki í vexti, voru með hátt í 50 manns í vinnu, en eru nú um 20. Það er orðið viðkvæðið í rekstri, að forræði fyrirtækja sé ekki lengur heimamanna. Það gildir t.d. um bankann og verslunina í Búðardal. Kannski er lægra vöruverð fyrir vikið, en samfélaginu hnignar ef forystumenn atvinnulífs eru ekki á staðnum. Þeir eru oft forystumenn samfélagsins.
- Það er uppbygging í ferðaþjónustu. Í Dölum eru margar þekktar laxveiðiár. En það gildir sama og á öðrum svæðum, það er ekki mikil þjónusta í kringum veiðina. Veiðifélögin reka veiðihúsin og ágóðinn fer af svæðinu.
- Skólinn er stærsti vinnustaðurinn í Dalabyggð. Mjólkurstöðin er annar stærsti vinnustaðurinn. Dvalarheimili (Fellsendi) og hjúkrunarheimili (Silfurtún) eru í Dalabyggð, það síðarnefnda rekið af sveitarfélaginu. Talsverð uppbygging er í flutningaþjónustu og á bifreiðaverkstæði. Svo er verktakafyrirtæki sem hefur verkefni utan svæðis.

### Sjávarútvegur:

Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

- Nokkrir bátar gera út á grásleppuveiðar frá Skarðsströnd. Það hefur mikil áhrif í litlu samfélagi.
- Nokkrir aðilar eru að þreifa sig áfram með kræklingarækt í Hvammsfirði. Það eru möguleikar á því sviði, líka hugsanlega ræktun á öðrum sjávardýrum, krabba o.fl. Þetta er þróunarverkefni og erfitt að fá stuðning.

### Ferðaþjónusta:

Þessi atriði komu fram:

- Það er uppbygging í ferðaþjónustu í Dalabyggð og mikið átak hefur verið gert, á Eiríksstöðum sérstaklega og sveitarfélagið kom að því verkefni. Þangað koma 10 þúsund manns á sumrin. Leifsbúð í gamla kaupfélagshúsinu í Búðardal (sem var gert upp) er aðdráttarafli niðri við höfn. Þar er upplýsingamiðstöð og kaffihús, listasafn og landafundasýning. Á Laugum er Edduhótel, tengt Icelandair, en annars eru þar ungmennabúðir. Þá er gistiheimili í Búðardal, bændagisting, nokkur tjaldsvæði m.a. í tengslum við félagsheimili, sundlaug á Laugum, hestamannafélag með ferðir, gönguleiðir.
- Vegurinn um Arnkötludal (Þröskuldur) hefur breytt miklu og aukið umferð. Það eykur möguleika í ferðaþjónustu, en það þarf að fá ferðamanninn til að staldra við. Erpsstaðir og heimavinnsla á ís er dæmi sem gengur vel og bærinn er heppilega staðsettur.
- Í Ólafsdal var fyrsti bændaskólinn á Íslandi. Þar hefur verið uppbygging og sýningar sem eru vel sóttar. Ríkið á Ólafsdal og sjálfseignarfélagið sem er að byggja upp er með það á leigu, en þar verður margvísleg starfsemi. Hugsanlega verður þar lífandi safn eins og í Sænavataseli og veitingasala.

### Landbúnaður:

Fundarmönnum bar ekki saman um ástand í bændastétt í Dölum, hvort sé mikil eða lítil nýliðun í bændastétt. Annað sem fram kom á fundunum:

- Eitthvað er um jarðir í frístundabyggð en minna en víða annars staðar. Tæknibylting hefur orðið í frumvinnslugreinunum og mikil endurskipulagning hefur átt sér stað. Uppbygging í landbúnaði hefur m.a. birst í því að byggð eru fjós og fjárhús stækkuð.
- Trúlega er komið á jafnvægi í starfsemi mjólkurstöðvarinnar í Búðardal. Starfsemin hefur verið endurskipulögð og líkur á að mjólkurvinnslan muni halda sér.

## Velferðarmál og samfélag

### Heilbrigðis- og félagsþjónusta:

Fá opinber störf (á vegum ríkisins) eru í Dalabyggð. Þau opinberu störf sem þar eru voru sögð í uppnámi, t.d. hjá sýslumanni og lögreglu sem nú er sinnt frá Borgarnesi. Borgarfjörður og Dalir eru sama sýslumannsumdæmi. Heilbrigðisstöðvar á Vesturlandi hafa verið sameinaðar og heilsugæslan hefur dregist saman. Einn læknir er í Búðardal og annar fæst ekki. Mögulega fækkar líka öðrum störfum í heilbrigðisþjónustu. Sýslumaðurinn sér um ættleiðingar á landsvísu (verkefni sem var flutt þangað). Til staðar eru tvö dvalar- og hjúkrunarheimili, Fellsendi og Silfurtún og það síðarnefnda er rekið af sveitarfélaginu og staðsett í Búðardal. Rekstur þess er þungur og sveitarfélagið greiðir með honum. Óskað hefur verið eftir að fjölga hjúkrunarrýmum og breyta úr dvalarrými í hjúkrunarrými. Sveitarfélagið er í raun að greiða með fyrir ríkið. Fellsendi, hjúkrunarheimili fyrir geðfatlaða á landsvísu er sjálfseignastofnun. Rýmum var fækkað um tvö sem þyngir reksturinn, því ekki er endilega hægt að fækka starfsfólki þótt rýmum fækki. Tannlæknir er ekki á staðnum, en kemur vikulega.

### Húsnæði:

Það vantar íbúðarhúsnæði í Búðardal. Í þjónustukönnuninni kom fram að ekkert framboð sé á húsnæði til sölu og lítið sem ekkert til leigu. Ekki er mikið um að hús í þorpinu verði frístundahús, meira um að jarðir seljist í því skyni. Hinsvegar er nokkuð um að einn íbúi sé í húsi, vegna þess að samfélagið eldist. Það er atriði sem ítrekað kom fram á fundunum um landið.

## Umhverfi

### Samgöngur:

Sem fyrr segir eru samgöngur ekki alvarlegt vandamál á þessu svæði, meginleiðir malbikaðar og tiltölulega stutt til höfuðborgarinnar. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á fundunum:

- Vegur um Arnkötludal hefur tvímælalaust áhrif á svæðinu. Uppbygging í Búðardal, t.d. bygging þjónustumiðstöðvar, sem var fyrirhuguð í tengslum við nýja veginn varð ekki. Umferð um vetrartímamann er lítil. En kannski styrkist sú þjónusta sem fyrir er vegna samgöngubótanna.
- Samgöngur í Dalabyggð eru í ágætum horfum, tenging suður og norður. Hins vegar vantar upp á vegabætur til Snæfellsness því þjóðgarðurinn er vaxandi aðdráttarafl og þarf að bæta þá veltengingu. Skemmtiferðaskip koma í Grundarfjörð og ferðamenn vilja skoða Eiríksstaði í tengslum við þær skipakomur.
- Bæta þarf veginn um Laxárdalsheiði og Laxárdal sem er tengingin við Norðurland. Heiðin er varaleið ef Holtavörðuheiðin bregst. Henni er haldið opinni fyrir póstin. Það ætti ekki að vera mikið mál að laga veginn, því hann liggur ekki svo hátt. Bæta þarf vegi á Fellsströnd og Skarðsströnd, fleiri myndu þá fara þann 100 km hring. Þar er t.d. gott að skoða fugla.
- Gilsfjarðarbrú, Brattabrekka og fleiri leiðir hafa komið til eða verið bættar undanfarin ár og er mikil samgöngubót.

## Verslun og þjónusta

Verslun Samkaupa og veitingasalan í Búðardal eru mikið notaðar af ferðamönnum. Svo er lítil verslun í Saurbænum, matvara, veitingar og gisting. Í Búðardal er einnig verslun ÁTVR, þar er veitingahús og hárgreiðslustofa. Íbúar sækja talsvert matvöruverslun í Bónus í Borgarnesi, en þangað er tæpur klukkutíma akstur frá Búðardal. Bónus er líka í Stykkishólmi, en það eru fleiri verslanir í Borgarnesi.

Almennt er lítið sótt í Stykkishólm. Í Búðardal er trésmiðja, rafvirki og bifreiðaverkstæði, en þjónusta eins og pípulagnir, múrverk og vélsmiðja er sótt í Borgarnes, sem og þjónusta eins og tölvuþjónusta og bókhaldsþjónusta.

## Menntun

Tölur um nemendafjölda í þessum kafla gilda fyrir skólaárið 2010-2011. Í grunnskólanum í Dalabyggð eru um 100 börn, þar af eru 13 börn í útibúi skólans í Saurbænum. Tónlistar- leik- og grunnskóli er ein stofnun. Á Laugum eru skólabúðir fyrir 9. bekk. Unglingar úr Dalabyggð sækja mest á Akranes í framhaldsskóla og Dalabyggð er samstarfsaðili að framhaldsskólanum þar. Heimavist er á Akranesi, þar er líka í boði nám í iðngreinum. Annars dreifast unglings úr Dalabyggð víða og sækja lítið í Grundarfjörð og Borgarnes. Framhaldsskólinn hefur einnig verið í samstarfi við sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum. Fjarnámsver er í Búðardal og mikil þátttaka er í fjarnámi. Íþróttahús er ekki staðsett í Búðardal, heldur að Laugum í Sælingsdal og þar er einnig sundlaug.

## Menning

Menningarlíf er auðugt um land allt og má nefna öflugt starf tónlistarskólanna sem dæmi og mikla þátttöku barna og unglinga í þeim. Þá eru margs konar félög starfandi, bæði íþróttafélög, kvenfélög og ýmsir klúbbar. Í þjónustukönnuninni kom fram að í Búðardal sé starfandi leikfélag, reyndar ekki reglubundið. Þar er félagsstarf eldri borgara og kórastarf, svo dæmi séu nefnd.

## Sameining, samstarf

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Dalamenn eru opnir fyrir samstarfi við Strandir, t.d. í ferðamálum. Samvinna er um skipulags- og byggingamál við Reykhólahrepp og Árneshrepp. Bæjarhreppur var líka inni í því, en hefur nú sameinast Húnaþingi vestra. Ýmsir möguleikar eru varðandi samstarf, t.d. á Vesturlandi eða á Ströndum sem og á Snæfellsnesi.
- Samstarf er í menningarmálum við Strandagaldur, verkefni um Geirmund heljarskinn. Noregur, Írland og jafnvel Rússland eru með í því verkefni.
- Fram hefur komið hugmynd um Vesturland sem þrjú svæði, m.a. hugmynd um Dalabyggð, Strandir og Reykhólasveit sem eitt svæði.
- Málefni fatlaðra eru á grunni samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Samvinna er um félagsþjónustu við Borgarbyggð og verður áfram. Dalamenn geta ekki haft samstarf við Strandir eins og þeir vilja því svæðið verður þá undir mörkum varðandi fjölda íbúa á bak við þjónustuna.

## Stoðkerfi, byggðastefna

Ábendingar til ríkisvaldsins:

- Ríkið má ekki draga frekar úr þeirri opinberu starfsemi sem er til staðar í Dalabyggð, þau störf eru mikilvæg í annars fábreyttu atvinnulífi. Dvalarheimili og hjúkrunarheimili eru mikilvægir vinnustaðir. Meðalaldur dvalargesta í Silfurtúni er hár, þeir þurfa hjúkrun en ekki dvöl.
- Stuðningur við atvinnuþróun á landsbyggðinni er mikilvægur, það þarf að hafa atvinnuráðgjafa í Borgarnesi til að vísa á. Mikilvægt að þetta starf haldi áfram, því þessi þjónusta er notuð. Borgarnes er miðsvæðis og ráðgjafarnir koma líka út um sveitir.
- Annar mikilvægur þáttur á vegum ríkisins er námskeiðahald á vegum t.d. Nýsköpunarmiðstöðvar, þetta skilar oft hugmyndum og verkefnum. Það er mjög jákvætt og þarf að vera áfram.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Tækifæri eru t.d. tengd sögunni, t.d. um Auði djúpúðgu, af Sturlungum, úr Laxdælu, jafnvel Njálssögu og af Geirmundi heljarskinni.
- Það vantar stórt fyrirtæki, álíka og mjólkurvinnsluna. T.d. fá Matís á svæðið. Mætti vinna með þang og þörungum og eitthvað meira með sjávarfang, t.d. söl sem mikið er af á svæðinu.



Rekið í rétt ljósmynd: Sigurður Árnason

## VESTFIRÐIR

Vestfirðir einkennast af mörgum og djúpum fjörðum og háum fjöllum en litlu undirlendi. Byggð á svæðinu er því fyrst og fremst sjávarbyggð enda er um 40% af strandlengju Íslands á Vestfjörðum. Það er því ef til vill ekki að undra að Vestfirðingar vilji helga viðfangsefni sín hafinu og hafi lengi haft afkomu sína af því. Vestfjarðakjálkinn er nánast eins og eyja, leggurinn sem tengir hann við landið að öðru leyti er næstum sundurskorinn af Gilsfirði að vestan og Bitrufirði á Ströndum að austan. Svæðið sem talið er til Vestfjarða nær suður með Hrutafirði innan Bæjarhrepps og yfir Breiðafjarðareyjar að hluta og að botni Gilsfjarðar austan megin í landi Reykhólahrepps. Friðlandið á Hornströndum og Jökulfirðir var áður fyrr í byggð en þar eru óbyggðir nú. Þangað eru engar vegasamgöngur, en þetta svæði dregur þó að sér talsverðan fjölda fótgangandi ferðamanna ár hvert.

Til Vestfjarða heyra níu sveitarfélög sem ná yfir 8.898 km<sup>2</sup>. Þau eru Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð. Íbúafjöldi þeirra er samtals 6.956. Í þessum sveitarfélögum eru 13 þéttbýliskjarnar.

Hér er svæðinu skipt í þrennt; norðanverða og sunnanverða Vestfirði og Strandir. Samgöngur frá meginhluta byggðar í Reykhólahreppi eru mun greiðari á Vesturland og einnig á Strandir eftir að vegurinn um Arnkötludal var opnaður, heldur en norður eftir. Þessar vegabætur breyta nokkuð myndinni á Vestfjörðum, bæði hvað varðar umferð ferðamanna, flutninga og samstarf í fjórðungnum. Aukið samstarf, jafnvel sameining, gæti orðið á svæðinu Strandir-Reykhólahreppur og hugsanlega Dalabyggð. Bæjarhreppur hefur nú sameinast Húnaþingi vestra og því fjallað um hann í kafla um Norðurland vestra.

Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum lenda innan skilgreiningar skýrslu. Tálknafjarðarhreppur er örlítið undir viðmiðinu, en eðlilegt að taka hann með sem hluta sunnanverðra Vestfjarða á svæði sem á flest sameiginlegt varðandi atvinnulíf og byggðáþróun. Alvarlegust er íbúáþróunin á sunnanverðum Vestfjörðum og að hluta til á Ströndum. Hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna eru á Vestfjörðum m.v. landið allt, eða 10% á móti 6,8% á landinu öllu (Sigríður Elín Þórðardóttir, bls. 14 og 17) og allt að 80% starfa í fiskvinnslu eru mönnuð fólki af erlendum uppruna.

Vestfirðir eru skilgreindir sem varnarsvæði í úttekt Þórodds Bjarnasonar. Hann segir m.a. að á sunnanverðum Vestfjörðum sé fólksfækkun gríðarleg „og brýnt að grípa til tafarlausra aðgerða ef byggð á þessu svæði á ekki að þurrkast út“. Hann rekur ástandið m.a. til slæmra samgangna, en telur Bolungarvíkurgöng muni styrkja byggð á norðanverðum Vestfjörðum. Hins vegar sé fólksfækkun í jafn stórum bæ og Ísafjörður óvenjuleg og dragi úr möguleikum bæjarins til að halda uppi þjónustu á svæðinu (Þóroddur Bjarnason, bls. 12). Slæmar samgöngur milli svæða á Vestfjörðum hamla samstarfi og draga úr vægi Ísafjarðar sem þjónustukjarna og miðstöðvar. Þá er langsótt og oft torsótt fyrir íbúa Reykhólahrepps af sömu sökum að sækja þjónustu til Patreksfjarðar eða Ísafjarðar. Vegir á milli sunnanverðra Vestfjarða og Vesturlands eru víða vondir og illa hefur gengið að ná samkomulagi um vegstæði. Ef samkomulag næst verður hægt að ljúka vegaframkvæmdum og íbúar Tálknafjarðar og Vesturbyggðar gætu ekið á bundnu slitlagi til Reykjavíkur. Og ef gerð yrðu göng um Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng styttist leiðin frá Ísafirði til höfuðborgarinnar. Í eftirfarandi töflu má sjá helstu vegalengdir:

Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Ísafjörður	Reykjavík	455
	Hnífsdalur	4
	Bolungarvík	13
	Súðavík	20
	Suðureyri	23
	Þingeyri	49
	Flateyri	22
	Hólmavík	225
	Tálknafjörður	192
	Patreksfjörður	178
	Bíldudalur	205
Patreksfjörður	Brjánslækur	56
	Tálknafjörður	18
	Bíldudalur	30
	Reykhólar	200
	Reykjavík	400
Reykhólar	Reykjavík	228
	Hólmavík	58
	Búðardalur	75
Hólmavík	Drangnes	34
	Gjögur	91
	Norðurfjörður	106
	Búðardalur	80
	Reykjavík	233

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Leiðin frá Ísafirði um Djúp og til Reykjavíkur er nú öll malbikuð. Mesta vegalengd frá Ísafirði til þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins er til Þingeyrar, eða 49 km, en styst í Hnífsdal, eða 4 km. Miklar breytingar urðu á árinu 2010 með opnun ganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals, því öryggi jókst auk þess sem ferðatími styttist. Milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar er stysta leið 173 km og lengsta 452 km sem er sú leið sem þarf að fara að vetrinum þegar vegir lokast. Meðan skýrslan var unnin átti einn skýrsluhöfundur tal við starfandi lækni í Vesturbyggð, hann er búsettur á Ísafirði en keyrir til Patreksfjarðar aðra hverja viku og dvelur þar þá vikuna. Leiðin sem hann ekur er 452 km að vetrarlagi. Stundum er sagt að einfaldast væri að halda fundi Vestfirðinga í Reykjavík, þangað séu greiðustu samgöngur fyrir öll svæðin. Ekkert flug er milli staða á Vestfjörðum, það lagðist af fyrir nokkrum árum.


Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir vegaframkvæmdum í þremur fjörðum á sunnanverðu svæðinu. Þá á að leggja nýjan veg yfir Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng eru einnig á dagskrá (Samgönguáætlun, bls. 177-178). Flugfélag Íslands flýgur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar alla daga vikunnar, tvisvar á dag og oftar suma daga á sumrin ([www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)).

Svæðið skiptist í fjögur vinnusóknarsvæði. Svæðið kringum Reykhóla sem nær bæði til Búðardals og Hólmavíkur. Þéttbýlisstaðirnir þrír á sunnanverðum Vestfjörðum tengjast í eitt vinnusóknarsvæði, auk svæðisins umhverfis. Allt svæðið á norðanverðum Vestfjörðum er eitt vinnusóknarsvæði með Ísafjörð sem þungamiðju og Þingeyri og Flateyri tengjast með almenningsamgöngum. Loks er vinnusóknarsvæði út frá Hólmavík og Drangnes tengist inn á það (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011). Árneshreppur stendur sér vegna samgangna. Þessi greining Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna stenst ágætlega við þá mynd sem fékkst á fundunum á Vestfjörðum.

Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustubætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Þá var gerð viðhorfsskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörum, en þau gefa engu að síður vísbendingu um viðhorf þessa hóps. Svarendur á Vestfjörðum voru 76 af 286 alls. Greinargerð um viðhorfsskönnuna er að finna í viðauka með þessari skýrslu.

**Nokkrar niðurstöður úr viðhorfsskönnun meðal íbúa 20-39 ára í níu sveitarfélögum á Vestfjörðum:**


- Um 35% svarenda sögðust ætla að flytja frá Vestfjörðum, sem var næstlægsta hlutfallið á þeim svæðum sem spurt var, en 40% svarenda sögðust ætla flytja frá Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi, en 50% frá Suðausturlandi.
- Um 65% svarenda á aldrinum 20-24 ára sagðist ætla flytja á næstu fimm árum, rúmlega þriðjungur þeirra sem voru 25-34 ára sögðust einnig ætla að flytja en tveir af hverjum tíu á aldrinum 35-39 ára sögðust ekki ætla að flytja á næstu fimm árum.



**Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?**


- Meirihluti svarenda taldi atvinnulíf í sínu byggðarlagi mjög eða frekar einhæft, eða 62%, 24% að það væri hvorki né og 13% töldu það vera mjög eða frekar fjölbreytt. Hlutfallið er hæst á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum.
- Um þriðjungur þátttakenda sagði atvinnuöryggi karla og kvenna mjög eða frekar gott og um helmingur sagði það í meðallagi í byggðarlaginu sínu. Aðeins um 10% þátttakenda á Vestfjörðum töldu atvinnuöryggi gott eða í meðallagi í sínu byggðarlagi, en það hlutfall var annars 30-40%.
- Meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi sögðu atvinnutækifæri kvenna í þeirra byggðarlagi vera frekar eða mjög slæm.





Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft?


- Tæplega 40% svarenda sögðust versla sjaldnar en einu sinni í mánuði í öðru byggðarlagi. Um þriðjungur svarenda á Vestfjörðum sögðust aldrei versla í öðru byggðarlagi. Það hlutfall var mun lægra víðast annars staðar.



Verslar þú í matvöruverslunum í öðru byggðarlagi?


- Rúmlega helmingur svarenda sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða, eða 56%, en 37% svarenda á Vestfjörðum sögðu vegi frekar eða mjög slæma.

Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Hvernig finnst þér vegir til og frá byggðarlaginu?

- Meirihluti þátttakenda sagði húshitunarkostnað vera mjög eða frekan háan, eða 64%. Um 91% þátttakenda á Vestfjörðum sagði húshitunarkostnað mjög eða frekar háan. Á Vestfjörðum er víða hitað með rafmagni sem eykur kostnað. Hitaveita er aðeins á Drangnesi, Suðureyri og í þéttbýli á Reykhólum á því svæði sem hér um ræðir.



Hvernig er húshitunarkostnaður í þínu byggðarlagi?

Hvað búsetuþætti varðar mátu svarendur á Vestfjörðum hæst þætti sem snerta skólamál, öryggi, nálægð við náttúruna og góð fjarskipti.

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfra, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.

## Norðanverðir Vestfirðir

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum á norðanverðum Vestfjörðum fækkaði um rúm 23% á árunum 1994-2011.
- Mesta fækkunin í þéttbýli var í Hnífsdal og á Flateyri, yfir 40% en minnst á Ísafirði og Suðureyri, um 16%.
- Mikil fækkun hefur orðið í aldurshópnum undir 39 ára.
- Karlar eru fleiri en konur í öllum aldurshópum nema 60+.
- Fjöldi íbúa af erlendum uppruna er yfir landsmeðaltali.
- Sjávarútvegur er mjög mikilvægur á Vestfjörðum en á Ísafirði er atvinnulíf nokkuð fjölbreytt.
- Rannsóknir og menntun standa sterkt á Ísafirði og á Vestfjörðum eru 24 starfsstöðvar þekkingarsetra.
- Fiskeldi er öflugt á norðanverðum Vestfjörðum og áhugi fyrir að efla það enn frekar þar sem kjöraðstæður séu í fjörðunum.
- Ferðaþjónusta er í vexti og má nefna vinsælar gönguferðir á Hornstrandir, starfsemi Sumarbyggðar og Melrakkasetrið á Súðavík.
- Nokkur nýsköpunarfyrirtæki í iðnaði, eins og 3xTechnology og Xeresis á Ísafirði og Murr á Súðavík.
- Lítið er um heitt vatn á svæðinu og víðast kynt með rafmagni.
- Miklar samgöngubætur hafa orðið undanfarin ár og hægt að aka á malbiki frá Ísafirði til Reykjavíkur. Göngin milli Bolungarvík og Hnífsdals breyta miklu fyrir búsetu á svæðinu.
- Öflug sérverslun er á Ísafirði.
- Mikið er um menningarviðburði á Ísafirði og sumir vekja athygli víða, t.d. tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður.
- Ísafjarðarbær er stórt sveitarfélag og stundum hefur gætt óánægju íbúa minni þéttbýlisstaðanna. Hugmyndir komu fram um hverfaráð til að bregðast við þessu.
- Áhersla er lögð á að fá opinberar stofnanir á svæðið og að stuðningur verði aukinn. Það vantar djarfar hugmyndir til umbóta og kjark til að fylgja þeim eftir.
- Ýmsar hugmyndir heimamanna til umbóta, t.d. hugmynd um háskóla hafsins á Vestfjörðum.

### Svæðið


Á norðanverðum Vestfjörðum eru þrjú sveitarfélög, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur. Til Ísafjarðarbæjar heyra nokkrir þéttbýlisstaðir, auk Ísafjarðar. Það eru Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Hnífsdalur. Það eru því sjö þéttbýliskjarnar á norðanverðum Vestfjörðum og er Ísafjörður langstærstur. Þessir staðir eru: Ísafjörður (fj. 2.602), Hnífsdalur (fj. 218), Þingeyri (fj. 267), Flateyri (fj. 214), Suðureyri (fj. 269), Bolungarvík (fj. 866), Súðavík (fj. 145).

Fundað var með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar, sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og forsvarsmönnum Kampa á Ísafirði og Hraðfrystihússins Gunnvarar (HG), sem og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Bolungarvíkur í september 2010. Einnig var fundað með framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, AtVest. Þeir fundir fóru einnig fram í september 2010 og var þá rætt um allt starfssvæðið.

### Íbúápróun


Íbúum á norðanverðum Vestfjörðum hefur fækkað úr tæplega 6.300 í 4.830 á tímabilinu 1994-2011 eða um rúm 23%. Samfelld fækkun var allt tímabilið ef frá er talið hrunárið 2008 þegar að íbúum fjölgaði lítillega. Ef lítið er til einstakra þéttbýliskjarna var mest fækkun í Hnífsdal 45%, Flateyri 43%,

Þingeyri 38% og Súðavík 36%. Heldur minni fækkun var í Bolungarvík 24%, Ísafirði 16% og Suðureyri 16%.



Fjöldi karla og kvenna á norðanverðum Vestfjörðum árin 1994-2011


Breytingar á aldurskiptingu koma fram með mjög skörpum hætti á norðanverðum Vestfjörðum. Íbúar undir tvítugu eru nú 900 færri en þeir voru árið 1994 sem er fækkun upp á 40%. Íbúar á aldrinum 20-39 ára eru tæplega 900 færri en árið 1994 sem er fækkun upp á 42%.



Skipting íbúa á norðanverðum Vestfjörðum eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Afleiðing breyttrar aldurskiptingar er að fæddum börnum hefur fækkað um tæplega helming á tímabilinu og standa líkur til að sú þróun komi til með að halda áfram að óbreyttu.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir á norðanverðum Vestfirðum á fjögurra ára tímabilum

Flutningsjöfnuður var neikvæður allt tímabilið ef frá er talið árið 2008 þegar flutningsjöfnuður var í jafnvægi. Neikvæðastur var hann hamfaraárið 1995 þegar að nær 350 fleiri fluttu af svæðinu en til þess, næst koma árin 1999 og 1997 en bæði árin fluttu yfir 200 fleiri af svæðinu en til þess.



Aðfluttir/brottfuttir á norðanverðum Vestfirðum 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildaríbúafjölda hefur aukist á tímabilinu, úr 6% í 9%, sem er heldur yfir landsmeðaltali. Sú breyting hefur orðið á kynjaskiptingu erlendra ríkisborgara að það er nú nokkurn veginn jafnt en í upphafi tímabilsins voru konur með erlendan ríkisborgararétt tvisvar sinnum fleiri en karlar.



Hlutfall erlendra ríkisborgara á norðanverðum Vestfirðum 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Eins og áður segir eru þrjú sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum. Oft fylgir erfiður rekstur sveitarfélaga mikilli fólksfækkun og hafa sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum ekki farið varhluta af því.

Ísafjarðarbær (samstæðan) var rekinn með allmiklu tapi árið 2009 sem að stórum hluta skýrðist af gengismun og verðbótum en árið 2010 var tapið mun minna, en bæði árin var veltufé frá rekstri jákvætt. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins eru yfir fimm milljarða króna sem eru 187% af heildartekjum en 150% er það hámark sem sveitarfélögum er sett í nýjum sveitarstjórnarlögum. Benda má á að Fasteignir Ísafjarðarbæjar, félag sem stofnað var utan um íbúðir í eigu sveitarfélagsins, var í árslok 2010 með rúmlega 1.300 milljónir kr. af þeim 5 milljörðum sem Ísafjarðarbær skuldar en rekstur félagslegra- og innlausnaríbúða hefur löngum verið bæjarfélaginu erfiður.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur glímt við verulega fjárhagslega erfiðleika á undanförunum árum. Vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins var gerður samningur við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í október 2008 en sveitarfélagið hafði leitað til Eftirlitsnefndarinnar. Gripið var til margvíslegra aðgerða s.s. lækun rekstrarkostnaðar, frestun fjárfestinga, gjaldskrár hækkaðar og álag lagt á útsvar. Þá fékk sveitarfélagið aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, skuldaniðurfærslu og lán til endurfjármögnunar. Samningur Bolungarvíkurkaupstaðar við Eftirlitsnefndina gildi til ársloka 2011. (Heimild: Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, Ársskýrsla 2010, bls.17) Verulegur rekstrarafgangur var á árinu 2009 og 2010 og voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins komnar niður í 1.050 milljónir kr. í árslok 2010 sem voru 165% af reglulegum tekjum og vantar þá enn nokkuð upp á að ná 150% markinu. Þá var veltufé frá rekstri á árinu 2010 yfir 11% af rekstrartekjum.

Tap var á rekstri Súðavíkurhrepps á árinu 2010 en veltufé frá rekstri jákvætt. Skuldir og skuldbindingar hreppsins nema rúmum 200 milljón kr. sem eru um 110% af tekjum.

## Atvinnulíf

Vestfirðingar byggja afkomu sína að miklu leyti á sjávarútvegi og víða er eitt stórt sjávarútvegsfyrirtæki ráðandi í atvinnulífi staðarins. Fiskeldi er öflugt á Vestfjörðum, en heimamenn telja hafsvæðið þar vera sérstaklega kjörið fyrir eldi.

Á Ísafirði er nokkuð fjölbreytt atvinnulíf og góðir möguleikar til menntunar og rannsókna gegnum háskólastarfsemina. Háskólamentað fólk dreifist á útibú ýmissa stofnana um svæðið eða einstök fræðasetur og það skiptir miklu máli fyrir byggðarlögin, en 24 starfsstöðvar þekkingarsetra af 189 eru staðsettar á Vestfjörðum (Áfangaskýrsla, bls. 5). Iðnaður er nokkuð öflugur, verslun og þjónusta er sterk á Ísafirði og þjónar svæði sem þarf að vera sjálfu sér nægt að miklu leyti.

### Sjávarútvegur:

Sum sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum standa sterkt en annars staðar hafa orðið gjaldþrot, t.d. í Bolungarvík og á Flateyri. Vinnslan á Flateyri fór í greiðslustöðvun og í langan tíma var óvíst um framhald þar. Fyrirtækið Arctic Oddi ehf. keypti eignir þrotabúsins af Byggðastofnun og hóf þar strax starfsemi og eldi og vinnsla regnbogasilungs á vegum Arctic Odda og Dýrfisks hefur hleypt miklu lífi í atvinnulíf á Flateyri. Dýrfiskur ehf., er að tífalda eldi regnbogasilungs í Dýrafirði, sem kallar á fleiri störf á Vestfjörðum, mest við fiskvinnslu á Flateyri. Verið er að byggja upp fiskeldið úr 200 í 2000 tonna slátrun á næstu tveimur árum. Dýrfiskur er með eldiskviár á Dýrafirði og seiðaeldi á Tálknafirði og hefur félagið nú einnig sótt um að leyfi til að ala regnbogasilung í Önundarfirði og í Ísafjarðardjúpi. Systurfélag Dýrfisks er jafnframt að hasla sér völl í hefðbundnum fiskveiðum og gerir út einn bát og

annar er á leiðinni. Starfsmenn fyrirtækjanna eru nú orðnir yfir 30. Við lokun rækjuverksmiðjunnar í Bolungarvík fóru 30-50 störf, auk afleiddra starfa. Flestir starfsmenn rækjuvinnslunnar fengu vinnu, en sumir þurftu að sækja vinnu til Ísafjarðar. Mjög mikið var rætt um hugmynd Vestfirðinga um háskóla hafsins, sem nánar er sagt frá í umfjöllun um tækifæri aftast í þessum kafla. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

*Fyrirtækin:*

- Hraðfrystihúsið Gunnvör (HG) er öflugt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Hnífsdal en starfsstöðvar á Ísafirði, Súðavík, Nauteyri og í Höfnum á Reykjanesi. Hjá HG eru 150 stöðugildi með mun fleiri starfsmenn.
- Hjá rækjuvinnslunni Kampa starfa 70 manns við veiðar og vinnslu. Auk rækjunnar er unnin bolfiskur.
- Önnur sjávarútvegsfyrirtæki eru Klofningur á Suðureyri, starfsstöð Vísis á Þingeyri og Íslandssaga á Suðureyri.
- Hjá pokabeituverksmiðjunni Bernskunni á Súðavík störfuðu 4-5 manns, en fyrirtækið var flutt til Suðurnesja árið 2011. Á Súðavík er einnig harðfiskvinnsla og fiskvinnsla í samstarfi við fyrirtæki á Tálknafirði, tengt byggðakvóta. Svo er niðursuða á þorsklifur hjá Frosta á vegum HG.

*Fiskeldi:*

- Fiskeldi er öflugt á norðanverðum Vestfjörðum og kjöraðstæður eru í fjörðunum fyrir þorskeldi og kræklingaeldi. Það þarf að kortleggja fiskeldið og afkastagetuna og gæta þess að sveitarfélögin hafi skipulagsvald yfir fjörðunum.
- HG er með eldi á Súðavík, sem hófst árið 2000, nú er slátrað 7-800 tonnum á ári.

*Þróun og rannsóknir:*

- HG hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, m.a. með Hafró og Matís og á hlut í IceCod. HG hefur dregið úr þátttöku í þróunarverkefnum vegna óvissu í sjávarútvegi, grunnstarfsemi í kynbótum verður haldið áfram, en dregið úr áframeldi.
- Kampi vinnur að því að búa til efni úr rækjuskel. Skelin er unnin í refa- og minkafóður sem er selt til Danmerkur. Samstarf er við Hólmadrang um að fá rækjuskel. Hugsanlega verður keypt mjölverksmiðja og mjölið jafnvel unnið til manneldis og selt til Kína. Þá stendur til að framleiða fiskrétti úr rækju og fiski og selja í stórmarkaði.
- Fræðasetur Háskólans í Bolungarvík sinnir rannsóknunum í sjávarútvegi, varðandi fiskeldi o.fl.
- Landgengar sjókvíar í Súðavík munu nýtast til rannsókna fyrir Matís og háskólasetrið.

*Staðan og framtíðarhorfur:*

- Höfuðstöðvar Vísis eru annars staðar og fyrir hendi er viss ótti um að fyrirtækið hætti vinnslu á Þingeyri.

**Kampi ehf, Ísafirði**

Stofnað 2007 þegar Miðfell ehf hætti starfsemi. Stærsti hluthafi Kampa ehf er útgerðarfélagið Birni ehf. Aðrir hluthafar eru nokkrir af lykilstarfsmönnum fyrirtækisins, Byggðastofnun og síðan nokkrir einstaklingar

**Starfsemi:** Rekstur rækjuvinnslu á Ísafirði. Hráefnið er ferskrækja veidd á Íslandsmiðum af skipum útgerðarinnar Birni ehf og viðskiptabátum, innfjarðarrækja úr Ísafjarðardjúpi, frosin rækja af innlendum frystiskipum og frosin innflutt rækja frá Noregi, Kanada, Grænlandi og Færeyjum. Kampi framleiddi 3.500 tonn af afurðum árið 2011.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:**

Vöruþróun á rækjuskel unnin í mjölvinnslu sem nýbúið er að fjárfesta í.

**Starfsmenn:** Um 50 og að auki 35 hjá útgerðinni, Birni ehf

**Sparisjóður Bolungarvíkur**

Stofnaður 1908 af heimamönnum á Bolungarvík. Sameinaðist Sparisjóði Súgfirðinga 1994. **Starfsemi:** Banki í Bolungarvík og á Suðureyri. Yfirumsjón erlendra lána sparisjóðanna er hjá Sparisjóði Bolungarvíkur. **Starfsmenn:** 11.

- Helsti veikleikinn hjá Kampa snýr að skuldastöðu fyrirtækisins og fjármögnun auk þess sem flutningskostnaður er hár og rafmagn á svæðinu ótryggt.
- Áður fyrr voru þrjár togarar í Bolungarvík, en nú eru flestir bátar undir 15 tonnum, einn er yfir 200 tonn. Vonast er til þess að rækjuvinnslan geti hafið starfsemi á ný. Rækjuvinnslan hefur farið fimm sinnum á hausinn frá 1990, sem hefur slæm sálræn áhrif á samfélagið.
- Sjávarútvegur hefur lengi verið helsta atvinnugreinin í Bolungarvík og nálægð við fiskimið verið styrkur. Aðrar atvinnugreinar hafa byggst á sjávarútvegi, t.d. þjónusta og ef dregur úr útgerð þá dregur úr þjónustu. Kvótastaða er góð.

#### Ferðapjónusta:

Síðastliðin ár hefur verið mikill uppgangur í ferðapjónustu á Vestfjörðum. Það er skortur á gistirými á Vestfjörðum, sérstaklega yfir háönn. Þjónusta og framboð á afþreyingu er að aukast og batna. Á norðanverðum Vestfjörðum eru stór óbyggð svæði eins og Hornstrandir og Jökulfirðir. Gönguleiðum fjölga og aðsókn að þeim er mikil og að aukast. Sjóstangaveiði nýtur vinsælda og er boðið upp á hana víða um Vestfirði, enda á þessi grein ferðapjónustunnar upphaf sitt á svæðinu. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

#### Gisting og veitingar:

- Hótel Ísafjörður, sem starfar á ársgrundvelli, Edduhótel, þó nokkur gistiheimili á öllum þéttbýlisstöðunum, auk nokkurra staða í dreifbýlinu og tjaldsvæða. Í Bolungarvík eru einnig bústaðir fyrir ferðamenn í sjóstangaveiði.
- Á Ísafirði eru þó nokkrir veitingastaðir. Í Bolungarvík eru tveir auk söluskála og í Súðavík er veitingasala í sama húsnæði og verslunin.

#### Afþreying:

- Afþreying fyrir ferðamenn er margvísleg, fyrir utan gönguferðir og sjóstöng. Ýmis söfn og sjóminjasafnið Ósvör sem er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.
- Í Bolungarvík gera tvö fyrirtæki út á sjóstöng. Sumarbyggð er annað þeirra og er með nokkra báta í Bolungarvík. Sumarbyggð hóf starfsemi sína í Súðavík árið 2006 með leigu sumarhúsa, en er núna með sjóstangaveiði. Fyrirtækið tekur á móti 1000 manns árlega og hjá því starfa 4-6 á Súðavík, en starfsstöðvar eru líka í Bolungarvík og á Tálknafirði. Sjóstangaverkefnið hefur lengt ferðamannatímamann og árangur þess er mjög góður.
- Frá Bolungarvík er einnig boðið upp á Hornstrandaferðir með „sjótaxa“.
- Melrakkasetrið opnaði 2010 og hefur verið vel sótt. Sveitarfélagið á 50% í setrinu, lagði til húsið og kostaði endurbætur á því. Þetta er eina sýningin í Evrópu tileinkuð refnum.

#### Ýmis atriði:

#### HG, Hnífsdal

Hraðfrystihúsið – Gunnvör ehf varð til við sameiningu Hraðfrystihússins hf í Hnífsdal og Gunnvarar ehf á Ísafirði árið 1999. Hraðfrystihúsið hf var stofnað 1941 og er fyrirtækið því núna rúmlega 70 ára gamalt. Fyrirtækið er 99% í eigu fjögurra fjölskyldna upphaflegu stofnenda þess.

**Starfsemi:** Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf er vestfirskt sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar útgerð, fiskvinnslu og fiskeldi. Starfsstöðvar í Hnífsdal, Ísafirði, Súðavík og seiðaeldi á Nauteyri. Bolfiskvinnsla fyrirtækisins er á Hnífsdal og á Ísafirði þar sem aðallega er unninn þorskur, ýsa og ufsi en aðrar fisktegundir eru seldar á markaði. Unnið er úr 5000 tonnum árlega og fiskur fluttur út ferskur, saltaður og frosinn.

#### **Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:**

Fyrirtækið er með umsvifamikið eldi á þorski í Álftafirði og Seyðisfirði og á að auki stóran hlut í seiðaeldisstöðinni Háafelli ehf á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi. Fiskeldið og vinnslan vinnur vel saman en um 500 - 1000 tonnum af fiski er slátrað úr fiskeldinu árlega í fiskvinnslunni. Ein af hliðargreinum fiskeldisins er niðursuða á þorsklifur í Súðavík. Rannsóknir og þátttaka í þróunarstarfi hefur verið stór þáttur í fiskeldinu og farið vaxandi. Undanfarinn áratug hefur fyrirtækið lagt aukna áherslu á bætt meðferð hráefnis og unnið ýmis þróunarverkefni í því sviði með Matís og 3X Technology.

**Starfsmenn:** Starfsmenn eru um 200 í 140 stöðugildum.

**Kvóti:** Um 8.800 tonn í þorskígildum.



- Vestfirðir eru utan meginleiðar, ólíkt Suðurlandi. Það útskýrir m.a. stuttan ferðamannatíma.
- Ferðamenn frá skemmtiferðaskipum sem leggja að á Ísafirði stoppa einungis í Ósvör.

**Landbúnaður:** Vestfirðir eiga að sögn mikla möguleika í landbúnaði, til dæmis varðandi beitarnalund og hreinleika. Afréttur á svæðinu er mjög góður og lömbin þung. Þrátt fyrir þetta er Djúpið allt að fara í eyði, en hugsanlega vegur léleg afkoma bænda þar þungt. Ekkert sláturhús er á svæðinu.

#### **Þjónusta, iðnaður:**

Þessi atriði voru til umræðu:

- Sparisjóður Bolungarvíkur er grundvöllur atvinnulífs á svæðinu, því hann „lánar þegar aðrir lána ekki“. SB var með 60-70% atvinnufyrirtækja á svæðinu í viðskiptum. Að mati heimamanna er mikilvægt að þessi starfsemi sé fyrir hendi. SB er einnig með bakvinnslu fyrir alla sparisjóðina og eitt og hálf starf í póstinum, sem er samrekinn. Starfsmenn sparisjóðsins eru 12 og starfa í tveimur útibúum, í Bolungarvík og á Suðureyri. SB hefur einnig veitt styrki, t.d. til menningarmála.
- Frumkvöðlar í iðnaði og tækniþróun á Ísafirði hafa vakið athygli á liðnum árum, fyrirtækið Póls sem Marel keypti og flutti síðan starfsemina brott frá bænum, en einnig fyrirtækið 3xStál, sem nú heitir 3x Technology og starfar enn á Ísafirði. Þá er fyrirtækið Xerxis á Ísafirði með fiskroð, lyfjaframleiðslu, prótein og fyrirtæki sem framleiðir fluguveiðihjól og er að marka sér sess á alþjóðavísu.
- Nýsköpunarfyrirtækið Murr á Súðavík framleiðir katta- og hundafóður og hefur farið vel af stað.

#### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Á Ísafirði er Háskólasetur Vestfjarða, sem er fjarnámssetur í samstarfi við ýmsa háskóla. Þá eru rannsóknasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða er staðsett í Bolungarvík, sem og á Hólmavík og Bíldudal og Fornleifavernd ríkisins er með minjavörð staðsettan í Bolungarvík. Samkvæmt skýrslu um þekkingarsetur á Íslandi eru 10 þekkingarsetur með starfsstöðvar á Ísafirði, þrjár í Bolungarvík og ein á Súðavík, en stöðugildin eru samtals 63,1 (Áfangaskýrsla um þekkingarsetur, bls. 19). Á vegum sjávarútvegsfyrirtækjanna er einnig unnið þróunarstarf, eins og fram kemur í umfjöllun um sjávarútveg. Kampi á Ísafirði vinnur refa- og minkafóður úr rækjuskel og vinnur að þróun á tilbúnum fiskréttum. HG hefur tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum sem snerta fiskeldi.

## **Velferðarmál og samfélag**

#### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Málefni fatlaðra hafa færst til sveitarfélaganna. Þjónusta við fatlaða og uppbygging og umgjörð um fjölskyldur var sögð mjög góð í Ísafjarðarbæ. Súðavík og Bolungarvík hafa haft samstarf um félagsþjónustu og telja menn það hafa virkað vel. Í þjónustukönnuninni var spurt hvort til staðar sé lögregla, heilsugæsla, dvalarrými aldraðra, lækningar og tannlækningar. Allir þessir þjónustubættir eru til staðar á Ísafirði, en lögregla er eingöngu staðsett þar, ekki í hinum fjórum þéttbýliskjörnunum í sveitarfélaginu né í Bolungarvík eða Súðavík. Íbúar hinna staðanna sækja einnig tannlækningar til Ísafjarðar og íbúar Hnífsdals og Flateyrar sækja alla þessa þjónustu til Ísafjarðar. Hins vegar er heilsugæsla og dvalarrými fyrir aldraða staðsett bæði á Þingeyri og Suðureyri. Lækningar er á Þingeyri en ekki Suðureyri. Heilsugæsla er í Bolungarvík og Súðavík, en Súðvíkingar sækja þjónustu til Ísafjarðar og Bolvíkingar að einhverju leyti líka.

Sem fyrr segir var mikill hiti í Vestfirðingum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Áform stjórnvalda voru sögð auka miðstýringu og þótt meiningin væri að hagræða með niðurskurðinum, væri í raun verið að búa til byggðavandamál, þar sem íbúum myndi fækka og auk þess vafamál hvort eitthvað sparist, kostnaðurinn færir fremur til. Önnur atriði sem fram komu á fundunum:

- Ísafjarðarbæ var heilbrigðisþjónusta sögð bæði góð, trygg og aðgengileg.
- Heilsugæslan í Bolungarvík færir hugsanlega á Ísafjörð, bæði vegna skipulagsbreytinga og niðurskurðar. Þar hefur verið lækni í 100% starfi en hlutfallið skerðist í 50%. Óvissa er um framtíð hjúkrunarheimilisins (sem er sjúkrahús og öldrunarþjónusta). Hjúkrunarfræðingur hefur verið starfandi á staðnum, en nú átti koma hjúkrunarfræðingur frá Ísafirði nokkrum sinnum í viku og starfshlutfall heimahjúkrunar átti að minnka. Með þessu dregur úr þjónustu sem hefur hliðarverkanir eins og að draga úr starfsemi apóteksins og áhrif á fleiri störf.
- Á Súðavík er heilsugæslusel, lækni kemur vikulega og hjúkrunarfræðingur kemur sömuleiðis.
- Fram komu áhyggjur af niðurskurði í löggæslu og af fækkun sýslumannsembættis, m.a. að embætti sýslumannsembættisins í Bolungarvík verði lagt af. Lögreglan er farin af staðnum, sem og Ratsjárstofnun.

### Fjölmennning:

Hlutfall innflytjenda er hátt á Vestfjörðum, um 10% á móti 6,8% yfir landið allt. Hlutfallið er nokkuð misjafnt eftir svæðum, er næsthæst í Bolungarvík þar sem það er 16% (Erlendir ríkisborgarar, bls. 12, 17-18). Víða á Vestfjörðum er um 80% starfsfólks í fiskvinnslu útlendingar, eftir því sem fram kom á fundum með útgerðarfyrirtækjum. Fjölmennastir eru Pólverjar. Málefni innflytjenda voru meira til umræðu á sunnanverðum Vestfjörðum en norðanverðum. Bolungarvík var þó undantekning, enda hátt hlutfall innflytjenda þar. Þess má geta að Fjölmenningarstofa er staðsett á Ísafirði.

### Húsnæði:

Talsvert var rætt um húsnæðisskort og frístundabyggð. Í Bolungarvík er ekkert laust leiguhúsnæði, en um 15 íbúðir í tveimur blokkum eru ætlaðar ferðamönnum, m.a. vegna sjóstangaveiðarinnar og það var talið skýra húsnæðisskortinn að hluta til. Húsnæðisskortur var sagður ógn, m.a. vegna þess að byggðin verði hugsanlega bara sumarbyggð með örfáa þjónustuaðila. Í svörum við spurningum um framboð á íbúðarhúsnæði í þéttbýli kom fram að eitthvað er um framboð á húsnæði á þéttbýlisstöðum Ísafjarðarbæjar, ýmist sagt „nokkuð“ eða „lítið“. Sama má segja um hina þéttbýlisstaðina tvo.

## Umhverfi

### Öryggismál:

Verið er að byggja snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík. Sameiginleg almannavarnanefnd er með Súðavík og Ísafjarðarbæ. Snjóflóðahætta ógnar ekki lengur byggð í Súðavík, nýja byggðin er ekki á hættusvæði og ekki er lengur búið í gömlu húsunum að vetrinum.

### Orku- og sorpmál:

Norðanverðir Vestfirðir er kalt svæði að miklu leyti og lítið af heitu vatni hefur fundist til almennra nota. Því þarf rafmagn til kyndingar. Þessir punktar komu fram um orkumál:

- Húshitunarkostnaður er hár, enda kynt með rafmagni. Raforkuverð hefur hækkað og mikill verðmunur er milli þéttbýlis og dreifbýlis. Niðurgreiðslur til húshitunar hafa staðið í stað, jafnvel lækkað til dreifbýlis, en gjaldskráin hefur hækkað. Skekkja er í jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem og höfuðborgar-landsbyggðar.
- Í landi Ísafjarðarbæjar er heitt vatn á nokkrum stöðum, en lágt hitastig. Búið er að gera nokkrar boranir. Suðureyri eini staðurinn með hitaveitu og aðeins að hluta til.
- Leitað hefur verið að heitu vatni í landi Súðavíkurhrepps, en leitinn er erfið. Margir hafa fengið sér varmadælu sem dregur úr vilja til að leita að heitu vatni.
- Rafmagn er óstöðugt og það fælist frá varðandi rekstur fyrirtækja. Það er ekki næg raforka fyrir stórfyrirtæki. Það vantar eftirspurn eftir miklu rafmagni – en það er ekkert rafmagn og því engin eftirspurn. Afhendingaröryggi er ekki nægilegt. Það vantar hringtengingu.
- Sorpeyðingarstöð Ísafjarðarbæjar sér einnig um sorpeyðingu fyrir Bolvíkinga. Sorp er flokkað í brennan- og óbrennanlegt, en til stendur að flokka enn frekar.

### Samgöngur:

Samgöngur frá Ísafirði um Djúp og Strandir til Reykjavíkur eru nú á malbikuðum vegi. Einnig eru góðar flugsamgöngur á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Malbikun vegar um Djúp voru framfarir fyrir norðanvert svæðið, en ferðamenn sem og heimamenn vilja geta keyrt hringinn um firðina. Hrunið hefur þó ekki aukið bjartsýni manna á að sú ósk rætist í bráð.
- Dýrafjarðargöng eru komin aftarlega í röðina á samgönguáætlun, en voru áður á lista með Héðinsfjarðargöngum. Ef leiðin frá Ísafirði og á sunnanverða firðina og áfram suður yrði bætt myndu Ísfirðingar frekar fara þá leið.
- Göng milli Bolungarvíkur og Hnífsdals eru mikil samgöngubót. Áhrif slíkra framkvæmda eru bæði jákvæð og neikvæð. Neikvæð áhrif geta m.a. falist í niðurskurði í þjónustu vegna hagræðingar, eða að verslun og önnur þjónusta dregst saman í Bolungarvík. Hins vegar stækkar atvinnusvæðið frá 1000 manna byggðarlagi í 5000 manna. Fólk sótti að vísu vinnu frá Bolungarvík til Ísafjarðar áður en göngin komu til, en ekki í mjög miklum mæli, enda ekki alltaf fært á milli.
- Súðvíkingar þurfa að fara um hættulegan veg á leið til Ísafjarðar, sem hamlar bæði samstarfi og sameiningu, t.d. varðandi skólastarf. Vondir vegir draga úr vilja ferðaskrifstofanna til að ferðast um svæðið og þær auka álag á ferðirnar vegna þessa. Ný atvinnutækifæri stoppa vegna þess að grunnþættir bregðast.
- Útsendingar fyrir útvarp og sjónvarp eru lélegar og gsm-samband óstöðugt.
- Ljósleiðarinn þarf að vera einn strengur og öryggi að batna. Hringtenging ljósleiðara er mikilvægt mál fyrir atvinnuuppbyggingu, en notast hefur verið við örbylgjusamband.

### Verslun og þjónusta

Verslun og þjónusta er öflugust á Ísafirði, en þar hefur sérverslun dregist saman þótt hún sé enn öflug. Íbúar hinna þéttbýlisstaðanna versla á Ísafirði. Ef tenging við sunnanverða Vestfirði yrði bætt þá kæmi fólk þaðan á Ísafjörð að versla, sögðu viðmælendur á sunnanverðum fjörðunum en gagnrýndu opnunartíma verslana á Ísafirði og töldu henta illa aðkomufólki. Með bættum samgöngum og sameiningu hefur verslunum fækkað í þorpunum, en vöruverð er hagstæðara á Ísafirði. Bolvíkingar sækja væntanlega verslun og þjónustu til Ísafjarðar í auknum mæli eftir opnun ganganna, en það hafa þeir reyndar alltaf gert í einhverjum mæli. Hugsanlega munu göngin hafa neikvæð áhrif á verslun í bænum.

Í þjónustukönnuninni voru svör jákvæð fyrir alla þætti (sjá spurningalista í viðauka) hvað Ísafjörð varðar. Í Hnífsdal eru engir þessara þátta, öll verslun og þjónusta er sótt til Ísafjarðar. Hvað hina staðina varðar er dagvöruverslun á Þingeyri og Suðureyri, en stórmarkaður, lágvöruverðsverslun, áfengisverslun og bakarí er á Ísafirði. Veitingahús er ekki til staðar á Suðureyri, né heldur hárgreiðslustofa, hún er einungis á Þingeyri. Bókhalds- og tölvuþjónustu sækja allir til Ísafjarðar. Þjónusta iðnaðarmanna er einnig mikið til sótt til Ísafjarðar, nema á Þingeyri er vélsmiðja, trésmiðja og rafvirki. Bolvíkingar sækja einnig að einhverju leyti þjónustu til Ísafjarðar, en þó eru allir þjónustuþættir til staðar þar, nema lágvöruverðsverslun, áfengisverslun og tölvuþjónusta og svipaða sögu má segja um Súðavík, sem einnig vantar bakarí, bókhaldsþjónustu, vélsmiðju og trésmiðju.

Nokkrir punktar sem fram komu á fundunum:

- Á Ísafirði er stór heildsala á ípróttafatnaði. Barnafataverslunin flytur inn beint, líka málningarverslun og fataverslanir o.fl.
- Engar sérverslanir eru eftir í Bolungarvík, en þar eru tvær matvöruverslanir. Önnur er hluti af keðju, hin er meira ferðamannastaður og eins konar krambúð.
- Í Súðavík er sami rekstraraðili er með matvöruverslun og veitingar og þjónustar mötuneyti skólans.

## Menntun

Á Ísafirði er menntaskóli með bóknám og verknám. Það er einnig háskólasetur og góðir möguleikar til fjarnáms. Tölur um nemendafjölda miðast við skólaárið 2010-2011. Á fundunum kom fram eftirfarandi:

- Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla, fjórar sundlaugar, íþróttahús o.fl.
- Reynt var að breyta uppbyggingu skólanna með því að færa efri bekkina á Ísafjörð en hætt við vegna andstöðu íbúanna.
- Ísafjarðarbær á mikið af skólahúsnæði, en á í erfiðleikum með viðhald þess vegna kostnaðar.
- Í grunnskólanum í Bolungarvík eru 115 nemendur og allar bekkjardeildir. Þar hefur fækkað um 100 nemendur á 10-15 árum.
- Á Súðavík eru tæp 40 börn í grunnskólanum og 14-15 í leikskóla. Í dreifbýli eru tvö skólabörn.
- Menntaskólinn er góður skóli og mikilvægt að halda honum.
- Boðið er upp á akstur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar fyrir nemendur í framhaldsskóla og unglingar þaðan sækja almennt MÍ.

## Menning

Viðmændur á Vestfjörðum eru stoltir af blómstrandi menningu og sögðu til dæmis að Ísfirðingar hafi séð þjóðinni fyrir tónlistarfólki og stjórnámamönnum í áraraðir. Nefndir voru þættir eins og virkni íbúa, jarðvegur fyrir góðar hugmyndir, sterkur kjarni, samfélag sem stendur styrkum fótum þrátt fyrir fækkun íbúa, fjölbreytt menning, góð grunngerð, fjölskylduvænt umhverfi, íþróttir, tónlistarstarf o.fl. Það vekur athygli hve auðugt menningarlíf er í flestum þéttbýlisstöðunum í Ísafjarðarbæ, þrátt fyrir að þeir tilheyri allir sama sveitarfélagi og sækja mestalla þjónustu til Ísafjarðar, þar sem einnig er mjög öflugt menningarlíf og allir þættir til staðar. Á Suðureyri, Þingeyri og Flateyri eru t.d. starfandi leikfélög, kórar og öflugt félagsstarf aldrei svo dæmi sé nefnt. Leikfélag er einnig starfandi í Bolungarvík en ekki á Súðavík. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

- Á Ísafirði er tónlistarskóli, öflugt leikfélag og atvinnuleikhús sem býður upp á ókeypis sýningar á einleikjáhátíðinni Aktalón. Viðburðir eru vel sóttir. Tónlistarlegt uppeldi er mjög ríkt enda skólinn (reynar tveir skólar) á gömlum merg. Hátíðin Aldrei fór ég suður er haldin um páskana samhliða Skíðavíkunni. Aðrir menningarviðburðir eru t.d. Sólríshátíð menntaskólans, listasýningar og tónleikar og alla vega þrjár alþjóðlegar menningarhátíðir. Í karlakórnum eru þátttakendur úr öllum byggðakjörnum.
- Menningarstarf er einnig öflugt á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, þar eru t.d. Tankurinn á Flateyri, byggðasagan hjá Húsi og fólki. Íbúahátíðir eru haldnar í öllum þorpunum.
- Í Bolungarvík er verið að endurbyggja félagsheimilið. Vonast er til að bætt aðstaða gæti hleypt auknu lífi í menningarstarfið.
- Íþróttafélögin starfa saman á svæðisvísu. Knattspyrna er sameiginleg í meistaraflokki karla og kvenna.

## Sameining, samstarf

Vestfirskt samstarf fer m.a. fram í gegnum Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (AtVest), menningarráð, Fjórðungssamband, Háskólasetur Vestfjarða, náttúrustofu, markaðsstofu, Þróunarsetur á Hólmavík og Ísafirði og fræðasetur Háskóla Íslands á Patreksfirði og Ísafirði. Áður voru höfuðstöðvar AtVest á Ísafirði, en var breytt í starfsstöð. AtVest er nú með starfsstöðvar á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Að sögn atvinnuráðgjafanna er meira um að leitað sé ráðgjafar frá sunnanverðum Vestfjörðum en norðanverðum. Þó hefur talsvert verið unnið með Súðavíkurreppi og eitthvað í Dýrafirði og á Flateyri. Árið 2010 var skoðuð hagkvæmni við sameiningu Súðavíkur, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Niðurstaðan var sú að ekki væri mikil hagkvæmni í sameiningu. Þetta kom fram á fundunum, auk þess sem fjallað er um hér að framan:

- Úrbætur í samgöngum eru forsenda sameiningar og samstarfs á Vestfjörðum og það verður að rjúfa einangrun milli norðurs og suðurs. Það er af og frá að sameina Vestfirði í eitt sveitarfélag ef samgöngur batna ekki. Samgöngumál skapa sundrunu á svæðinu.
- Málefni fatlaðra og aldraðra hafa færst frá ríki til sveitarfélaga og verða í samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum öllum.
- Íbúarnir þurfa að hafa á tilfinningunni að þeir hafi um sín mál að segja. Fólk óttast að eitthvað miðlægt taki af þeim völdin, þjónusta verði lakari, það þurfi að sækja hana um lengri veg og stofnanir verði sameinaðar. Sú gagnrýni kom fram á fundunum að slík sameining sé hagkvæm fyrir stærsta sveitarfélagið en skuldir á íbúa myndu aukast. Jafnvel myndi fátt batna við sameiningu fyrir samfélögin utan Ísafjarðar, en þjónusta þar myndi eflast og á kostnað hinna. Á Súðavík kom fram sú skoðun að við slíka sameiningu myndi forsenda fyrir fyrirtækjarekstri breyta, því það þurfi stjórnslu á staðnum til að hlúa að atvinnulífinu. Öðru máli gegndi þó ef gerð yrðu göng þannig að Súðvíkingar þurfi ekki lengur að fara um hættulegan veg til Ísafjarðar.
- Ef eina markmiðið með sameiningu er að ná fram sparnaði þá getur það veikt byggðirnar, það þarf líka að huga að gæði þjónustu og að mannlífi.
- Sameinaða sveitarfélagið í Ísafjarðarbæ veitir minni byggðakjörnum þjónustu sem þeir þekktu ekki áður. Íbúar þorpanna telja hins vegar að allt snúist um stóra kjarnann. Vissulega ber stóra sveitarfélagið ábyrgðina en það þarf líka að vera kraftur og frumkvæði í minni samfélögunum.
- Endurvekja má hreppsnefndirnar með einhverju móti í stóra sameinaða sveitarfélaginu. Þetta á að gera í Ísafjarðarbæ með því að gefa kost á að setja á fót hverfaráð, íbúasamtök eru grunnurinn. Opnir íbúafundir verði haldnir í hverfunum.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Á fundunum komu fram þessi atriði:

- Með niðurskurði hins opinbera fækkar störfum og stofnunum, t.d. í heilbrigðisþjónustu og hjá embættum sýslumanna. Stundum er um að ræða lykilpersónur á staðnum og það getur orsakað svokallað „brain drain“ í viðkomandi samfélagi.
- Ríkisvaldið á að flytja stofnanir og starfsemi vestur. Það á að forgangsraða og dreifa fjármagni í ljósi styrkleika svæða.
- Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir stuðning við atvinnulíf en nú. Hefðbundnar leiðir í formi skammtímalausna duga ekki. Það kallar á samstöðu sveitarfélaga og svæðið sé skoðað í heild, ekki hvert sveitarfélag fyrir sig. Á endanum verður þetta ekki endilega eitt sveitarfélag, heldur eitt svæði með aukinni samkeyrslu og samtvinnun. Ef ekkert verður að gert gætu sunnanverðir Vestfirðir sameinast Vesturlandi og norðanverðir Vestfirðir gætu einangrast.
- Háskóli hafsins er megináherslan í sóknaráætlun fyrir Vestfirði. Vestfirðingar hafa lagt mikla vinnu í þetta, en skilaboð stjórnkerfisins eru óljós. Aðferð ríkisvaldsins að gera átak hér og þar og allt til skamms tíma sýnir skammsýni.
- Of margar áætlanir eru í gangi, eins og samgöngu-, byggða- og sóknaráætlun. Það er flókið að samþætta alla þessa vinnu og það skapar hættu á ekkert verði úr neinu. Nær væri að setja fram fáar hugmyndir og framkvæma þær.
- Byggðaaðgerðir byggja gjarnan á einhverju krísuástandi sem kemur upp. Dæmi um það var starf Vestfjarðanefndar árið 2007. Svo komu aðgerðir vegna þorskaflsamdráttar. Alltaf er verið að bregðast við tilteknu ástandi, t.d. þegar kvóti er seldur burt, engin áætlun er til staðar. Vinna Vestfjarðanefndar gekk vel en verkefnin voru skorin niður um helming, sum komu þó aftur með mótvægisáðgerðum vegna kvótaniðurskurðar.
- Alltaf er verið að skrifa skýrslur en útkoman strandar á vilja stjórnvalda að bakka upp með aðgerðum og fjármagni. Niðurstöður og tillögur eru oft litlausar. Ekki er nóg að velta upp

hugmyndum og tillögum heldur þarf að taka djarft á niðurstöðum, t.d. að fá hringveg um Vestfirði eða að styðja hugmynd um háskóla hafsins.

- Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur reynst vel. Þar mynduðust vinnuhópar sem komu hlutum í framkvæmd, t.d. sjávarútvegsklasi.
- Leggja á áherslu á aukna valddreifingu. Til staðar þarf að vera viðbragðs- eða aðgerðaáætlun sem vinna má markvisst eftir hvar sem er á landinu. Skattkerfið á að nota til jöfnunar tekjudreifingar, það er víða notað sem byggðastýringartæki, t.d. í Noregi. Í Noregi er tryggingakerfinu líka beitt hvað fyrirtækin varðar. Þessi umræða hefur staðið yfir áratugum saman hér á landi, en er alltaf kæfð.
- Margar byggðir hvíla á einu stóru fyrirtæki, t.d. sjávarútvegsfyrirtæki. Því fylgir áhætta, ef fyrirtækin verða gjaldþrota, eða kvótinn fer. Það hefur gerst og mun gerast í fleiri byggðum.

## Tækifæri til eflingar

Margar hugmyndir um framtíð Vestfjarða bar á góma á fundunum, hugmyndir um einstök svæðabundin verkefni, eða stærri verkefni eða áætlanir fyrir allt svæðið. Þar má fyrst telja hugmyndina um háskóla hafsins sem kom oftast en ekki til umræðu. Í tengslum við sóknaráætlun landshluta og vinnu að henni voru kynnt þrjú stefnumál fyrir Vestfirði; í fyrsta lagi háskóli hafsins, miðstöð menntunar og rannsókna í sjávarútvegi. Í öðru lagi að efla ferðaþjónustu með áherslu á það sem fyrir er; söguna, gömul hús, en ekki endilega nýja afþreyingu. Stórefling í fiskeldi er þriðja atriðið. Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Ísafjörður gæti orðið þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland, mögulegt væri t.d. að hafa flug frá Ísafirði og þangað, sem er stysta flugleið milli landanna. Verið er að byggja upp stóra námu á austurströnd Grænlands, það vantar höfn og það mætti byggja upp þjónustu í sambandi við menntun, vöruflutninga og heilbrigðisþjónustu og samhliða efla þjónustu á Ísafirði. Það þarf m.a. tollhlið. Í dag þarf undanþágu fyrir hvert einasta flug, öryggiskröfurnar eru svo miklar. Það eru fordæmi fyrir slíku flugi milli landa, t.d. frá Norður-Noregi til Rússlands. Þetta skapar líka möguleika fyrir ferðaþjónustu, en fyrir eru skútusiglingar frá Ísafirði.
- Háskóli hafsins er hugmynd sem gengur út á samnýtingu kosta, reynslu, þekkingar og tengsla sjávarútvegs við rannsóknir og háskóla. Háskóli Íslands, Matís, Hafró o.fl. aðilar eru grunnurinn og hugmyndin er að byggja ofan á hann. Háskóli hafsins yrði alþjóðleg miðstöð mennta og rannsókna í sjávarútvegi og gæti tekið 100 manns á ári næstu 10 árin. Fyrirmyndin er norsk, en Norðmenn ákváðu árið 1972 að byggja upp í Tromsø, flytja sjávarútvegsrannsóknir þangað og byggja upp háskóla á þessum grunni. Hægt væri að taka lungann af þeirri starfsemi og flytja vestur á firði í það umhverfi þar sem allt byggist á sjávarútvegi. Rannsóknarefnið og nálægð við það er á Vestfjörðum. Öllu fjármagni sem snertir sjávarútveg yrði beint á Vestfirði (í heild). Með því er litið á landið sem eitt fyrirtæki, Vestfirðir eru með sjávarútvegsdeildina.
- Strandsvæðaverkefnið er í samvinnu hagsmunaaðila og snýst um ferðamennsku, ósnortna náttúru, menningu, fiskeldi, fiskveiðar, kalkþörungur, þangslátt og björgin. Það er samstarf háskólaseturs og fleiri aðila, samkvæmt triple-helix hugmyndafræði, þ.e. samstarf hins opinbera, háskóla og atvinnulífs. Það er grundvallaratriði að sveitarfélögin hafi lágmarks umsagnarrétt og jafnvel lögsögu yfir fjarðasvæðinu. Taka þarf tillit til margvíslegra hagsmuna sem snerta t.d. fiskeldi, Kalkþörungaverksmiðjuna og ferðaþjónustu. Það þarf að skipta hafsvæðinu upp svo það nýtist sem best fyrir alla aðila.
- Sjávarútvegsklasi með siglingar og flutning á fiski. Það þarf að vera hvati hjá þeim sem kaupir vöru/þjónustu að geta valið um siglingu plús niðurgreiðslu eða aðra leið. Skipafélögin eiga ekki að fá niðurgreitt, heldur kaupandinn. Fólk vill ekki bíða eftir skipi og fá vikugamla vöru. Vestfirðir eru með neikvæðan flutningsjöfnuð, mikið flutt út en minna inn og þar er ákveðið gat sem strandsiglingar gætu tekið og þá fengist aukin hagkvæmni. Núna er siglt með

leiguskipti fyrir Kalkþörungaverksmiðjuna. Hugsanlega gætu hafist reglulegar siglingar þegar verksmiðjan er komin í fullan gang.

- Bæta má almenningssamgöngur, til dæmis mætti hafa akstur þegar beðið er um hann. Sums staðar þarf fastar ferðir milli staða. Stækka má þjónustu- og atvinnusvæði með þessu móti. Þetta er líka umhverfismál, því minni notkun einkabíla þýðir minni útblástur.
- Jöfnun orkuverðs og dreifingarkostnaðar er mikilvægt mál á Vestfjörðum. Fjármunir til niðurgreiðslna hafa í raun rýrnað. Raforkuöryggi á Vestfjörðum er ekki gott og svæðið er ekki sjálfbjarga með orkuframleiðslu. Þess vegna taka Vestfirðingar þátt í verkefni þar sem er horft til framtíðar með orkuframleiðslu með lífmassa, vindorku og sjávarorku.
- Halda mætti áfram að byggja upp aðstöðu fyrir skemmtisiglingar á Ísafirði. Höfnin hefur haft skútur við legufæri og það gefur mikla möguleika – t.d. á skemmtibátamiðstöð fyrir Ísland og jafnvel Evrópu. Aðstæður eru mjög góðar og þjónusta gæti byggst upp kringum þetta.
- Gamla vélsmiðjan á Þingeyri frá 1918 með gripi frá þeim tíma, er lifandi safn sem er einstakt og á eftir að trekkja að.
- Mætti selja aðgang inn í fiskvinnslu HG. Fólk vill koma og sjá.
- Átak þarf í að markaðssetja svæðið fyrir allt árið, t.d. varðandi skíði, enda er landleiðin nú fær allt árið. Hins vegar vantar snjó á skíðasvæðið og þyrfti helst að færa það ofar. Mikið dýralíf er á svæðinu og góð aðstaða til fuglaskoðunar. Pakkaferðir gætu verið tækifæri, eins og gert var á Akureyri.
- Með göngunum til Bolungarvíkur skapast vaxtarmöguleikar í ferðaþjónustu.
- Fiskeldi á eftir að verða öflugt á Vestfjörðum, þar eru gríðarleg tækifæri og vaxtarmöguleikar. Ísafjarðardjúp hentar vel til þess og 380 tonn af 500 sem ætluð eru í fiskeldi fara á Vestfirði. Verið er að byggja upp laxeldi.
- Nú þarf að flytja fóður til fiskeldis inn á svæðið, en það myndi spara mikinn flutningskostnað að hafa verksmiðju í Bolungarvík.
- Mikil áhersla er lögð á að koma rækjuverksmiðjunni í Bolungarvík aftur af stað, en til þess þarf fjármagn.
- Í Bolungarvík er mikið af bátum og sjómönnum sem stundað gætu strandveiðar. Þeir verða hins vegar að leggja bátunum þegar þeir eru búnir með kvótann, þótt þeir gætu notað þá í t.d. ferðaþjónustu. Þetta væru hentugir bátar í veiðar á t.d. beitukóngi eða krossfiski. Einnig mætti veiða marglyttu og þurrka. Svo mætti t.d. þurrka söl sem er nóg af á þessu svæði. Skip frá Snæfellsnesi stundar sæbjúgnaveiðar og landar í Bolungarvík, en engin vinnsla fer fram þar. Heimamenn gætu stundað þessar veiðar. Kalkþörungavinnsla væri möguleiki í Bolungarvík, hráefnið er fyrir hendi í Djúpinu.
- Í tengslum við landgengar sjókvíar gæti skapast eitt starf í Súðavík. Matís er tilbúið til samstarfs.
- Verið er að vinna að verkefni um vatnsútflutning í Ísafjarðarbæ, auðlindin er í fjallinu, með hreint sjálfrennandi vatn. Nýta má vatn sem kemur úr göngunum (til Bolungarvíkur).
- Í Bolungarvík er rannsóknaaðstaða, bæði hjá fræðasetrinu og Náttúrustofunni og það tengist vel inn í t.d. hugmyndir um háskóla hafsins.
- Melrakkasetrið skapar tækifæri, t.d. í sambandi rannsóknir á refnum sem eru af skorum skammti fyrir. Nálægðin við Hornstrandir skapar gott tækifæri til rannsókna.
- Nýta mætti Sorpeyðingastöðina á Ísafirði til kyndingar húsa.
- Súðavíkurhreppur leitaði leiða á árabílinu 2005-2007 til að halda íbúum og laða nýja að. Það var gert með því að veita byggingastyrki, gjaldfrían leikskóla, byggingu iðnaðarhúsnæðis (iðngarða), tveggja einbýlishúsa sem voru seld á byggingarstigi, endurgreiðslu fasteignagjalda til ferðaþjónustufyrirtækja, veitingu umhverfisstyrkja, úthlutun byggðakvóta, bændum var boðið framlag ef þeir stækkuðu við mjólkurvinnslu (kvóta), atvinnuáframlögum sem átti að fjölga störfum. Sveitarfélagið veitti einnig styrki til húsbygginga. Þótt ef til vill sé erfitt að mæla árangur slíkra aðgerða má líka spyrja hvornig samfélagið væri ef ekki hefði verið gripið til aðgerða. Það mætti skoða yfirfærslugildi þessarar tilraunar.

## Sunnanverðir Vestfirðir

### Helstu niðurstöður:

- Fólksfækkun á sunnanverðum Vestfjörðum, þ.e. Vesturbyggð og Tálknafirði, var 32% á árunum 1994-2011. Á sama tíma fækkaði um rúm 22% í Reykhólahreppi. Mun meiri fækkun er í dreifbýli en þéttbýli.
- Í þéttbýli fækkaði mest um 45% á Bíldudal á tímabilinu.
- Íbúum undir tvítugu fækkaði um meira en helming og í aldurshópnum 20-39 ára fækkaði um nær 40% á tímabilinu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.
- Karlar eru fleiri en konur, sérstaklega í aldurshópnum 20-39 ára.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er hærra á Vestfjörðum en landsmeðaltal eða 9% en á sunnanverðum Vestfjörðum er hlutfallið 13%.
- Atvinnulíf í Vesturbyggð og Tálknafirði byggir á sjávarútvegi og bæði á Patreksfirði og Tálknafirði er eitt stórt fyrirtæki burðarás í atvinnulífi.
- Gott samstarf er milli þessara fyrirtækja, Odda og Þórsbergs, m.a. varðandi fiskeldi.
- Á Reykhólum er Þörungaverksmiðjan burðarás í atvinnulífi, en annars er öflugur landbúnaður í sveitarfélaginu. Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal er mikilvægt fyrirtæki í þorpinu, en sjávarútvegur hefur látið undan síga þar.
- Mikill straumur ferðamanna liggur á Látrabjarg en mikið vantar á aðgengi og þar er einnig slyshætta.
- Ýmis afþreying í ferðaþjónustu, t.d. fuglaskoðun, bátasafn, siglingar um Breiðafjörð og Arnarfjörð og Sjóráningjasetrið á Patreksfirði.
- Nýsköpunarfyrirtækið Villimey á Tálknafirði hefur verið að hasla sér völl með vörur frá lífrænt vottuðu svæði.
- Mikil áhersla er á umhverfismál á Tálknafirði og skóli og leikskóli hafa verið með grænfána árum saman.
- Þekkingarsetrið Skor og sú starfsemi sem það hýsir er mjög mikilvægt fyrir svæðið.
- Mikil óánægja kom fram á fundum á svæðunum haustið 2010 vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hins opinbera, ekki síst í heilbrigðismálum.
- Samgöngumál voru einnig mikið til umræðu, m.a. umdeild leið B um Teigskóg. Bæði þarf að bæta samgöngur frá sunnanverðum Vestfjörðum og áleiðis til Reykjavíkur, sem og bæta vegtengingu milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða, eigi svæðið að geta starfað saman sem heild. Þá skortir líka á vegabætur á ferðamannaleiðum eins og út á Látrabjarg.
- Rafmagn er ótryggt og það kemur sér illa fyrir fyrirtækin.
- Mikil ánægja er með samstarf skólavers á Patreksfirði við framhaldsskólann á Grundarfirði og hefur það námsframboð mikil áhrif í samfélaginu.
- Samstarf á fjórðungsvísu mætti aukast, en vegabætur eru nauðsynleg forsenda.
- Reykhólahreppur á í raun betur heima í öðru samstarfi, t.d. við Vesturland og Strandir.
- Íbúar sunnanverðra Vestfjarða (Vesturbyggð og Tálknafirði) eru þreyttir á þeim málflutningi að landsbyggðin sé baggi á höfuðborginni og vill að skoðað verði hve miklu sjávarútvegurinn skilar í þjóðarbúið.
- Tækifæri felast t.d. í ferðaþjónustu og fiskeldi.

### Svæðið

Á sunnanverðum Vestfjörðum eru þrjú sveitarfélög, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð og Reykhólahreppur.



Til Vesturbyggðar heyra þéttbýlisstaðirnir Bíldudalur (fj. 168) og Patreksfjörður (fj. 636). Tálknafjarðarhreppur er nánast eingöngu þéttbýli, Tálknafjörður (fj. 258). Til Reykhólahrepps heyrir stórt svæði og m.a. einir 11 nafngreindir firðir, auk hluta Gilsfjarðar og Kjálkafjarðar sem eru á mótum sveitarfélaga. Flestir íbúar hreppsins búa á syðsta svæðinu á Reykjanesi og suður að Gilsfirði, svæði sem liggur að Vesturlandi og stendur því nær samgöngulega séð en Vestfjörðum, enda eru einungis 75 km í Búðardal, en 200 á Patreksfjörð. Í hreppnum er um 120 manna þorp á Reykhólum, en annars er byggð í dreifbýli.


Búið er að malbika góðan hluta leiðarinnar um firðina, en malarkaflarnir eru þó enn drjúgir og vegurinn ekki góður, auk þess sem nokkrir fjallvegir eru verulegur farartálmi. Vegalengd frá Patreksfirði til Reykjavíkur eru 400 km og þorpið Reykhólar liggur mitt á milli Patreksfjarðar og Reykjavíkur, en þaðan eru 200 km til Reykjavíkur og á bundnu slitlagi. Þörf er frekari vegabóta á sunnanverðum Vestfjörðum og bættrar tengingar milli norður- og suðursvæðis. Mikið var rætt um deilur um vegarstæði um Teigskóg og meðferð þess máls í kerfinu.

Fundað var með bæjarstjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og með forsvarsmönnum sjávarútvegsfyrirtækjanna Odda á Patreksfirði og Þórsbergs á Tálknafirði. Einnig var fundur með atvinnuráðgjöfum AtVest á Patreksfirði. Fundirnir fóru fram í október 2010.

## Íbúápróun


Umfjöllun um íbúápróun á svæðinu er skipt í tvennt. Fyrst er tekin fyrir þróunin í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi og síðan þróunin í Reykhólahreppi.

**Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.** Mikil fólksfækkun hefur orðið í sveitarfélögunum Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Árið 1994 voru íbúar í sveitarfélögunum tveimur samtals 1.740 en voru komnir niður í 1.184 þann 1. desember 2011. Fækkunin er tæp 32%. Nær stöðug fækkun var allt tímabilið ef frá eru talin árin fyrir 2000 og árin eftir hrun bankanna. Mest var fækkunin í dreifbýli en þar fækkaði um 52%. Á Bíldudal fækkaði um tæp 45%, á Patreksfirði um tæp 27% en minnst á Tálknafirði um tæp 17%.




Fjöldi karla og kvenna í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi árin 1994-2011

Ef fólksfækkunin er greind eftir aldri kemur í ljós að fólki innan við tvítugt hefur fækkað um meira en helming á tímabilinu og fólki á aldrinum 20-39 ára hefur fækkað um nær 40%. Fjöldi fólks yfir fertugt er lítið breyttur en það skýrist af stærstum hluta af fjölgun í hópnum 50-59 ára. Samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum er því að eldast mjög hratt.




**Skipting íbúa í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**

Þetta hefur leitt af sér verulega lækkaða fæðingartíðni á svæðinu. Að óbreyttri þróun aldurssamsetningar íbúa mun sú þróun halda áfram og mun leiða af sér, innan tiltölulegra fátta ára, náttúrulega fækkun íbúa, þ.e. að dauðsföll verði fleiri en fæðingar.




**Fæddir og dánir í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi á fjögurra ára tímabilum**

Brottflyttir umfram aðflutta hafa verið umtalsvert fleiri næstum allt tímabilið þó að heldur hafi dregið úr þessum mun á síðustu árum.




**Aðfluttir/brottflyttir í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi 1994-2011**

Hlutfall erlendra ríkisborgara er hátt á sunnanverðum Vestfjörðum og hefur hækkað verulega á tímabilinu og stóð í u.þ.b. 13% (152 íbúar) í upphafi árs 2011. Aldurssamsetning erlendra ríkisborgara er önnur en íslenskra ríkisborgara. Langstærstur hluti þeirra eða 58% eru á aldrinum 20-39 ára, 25% er innan við tvítugt, 16% á aldrinum 40-59 ára og aðeins 1 einstaklingur yfir sextugt. Erlendir ríkisborgarar skipta því samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum miklu máli en eru líklegri til að vera hreyfanlegri ef aðstæður í atvinnumálum breytast á svæðinu.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi 1998-2011


**Reykhólahreppur.** Íbúar í Reykhólahreppi voru 347 þann 1. desember 1994 en 270 þann 1. desember síðastliðinn. Þeim hafði því fækkað um 22,2%. Nær öll fólksfækkunin var meðal fólks innan við fertugt. Nokkuð stöðug fólksfækkun var fram af tímabilinu eða allt fram til árunna 2005/2007 þegar fólki tók að fjölga lítillega. Í þéttbýlinu á Reykhólum hefur fækkað um 15% á meðan að fækkunin í dreifbýlinu var um 27%. Konur eru nú örlítið fleiri en karlar.



Fjöldi karla og kvenna í Reykhólahreppi árin 1994-2011


Nær öll fólksfækkun árunna 1994-2011 var meðal fólks innan við fertugt á meðan íbúum yfir fertugu hefur fjölgað lítillega.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




**Skipting íbúa í Reykshólahrepp eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**

Fækkun fólks innan fertugs mun innan fárra ára, að öðru óbreyttu, leiða til fækkunar í yngstu aldurshópnum, en fæðingartíðni í hreppnum hefur heldur aukist á undanförunum árum.




**Fæddir og dánir í Reykshólahreppi á fjögurra ára tímabilum**

Flutningsjöfnuður var meira og minna neikvæður á fyrri hluta tímabilsins en var jákvæður árin 2006-2009, þrátt fyrir að sá munur hafi ekki náð að vinna upp fækkun árána þar á undan. Tvö síðustu ár hefur flutningsjöfnuðurinn verið neikvæður.



**Aðfluttir/brottfuttir í Reykshólahreppi 1994-2011**

Fáir erlendir ríkisborgarar voru í Reykhólahreppi á tímabilinu þó að fjöldi þeirra mælist í nokkrum prósentum. Áhrif þeirra á íbúafjölda hreppsins eru því takmörkuð.



### Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Rekstur Reykhólahrepps var árin 2009 og 2010 neikvæður um nokkrar milljónir hvort ár og seinna árið var veltufé frá rekstri ekkert en hafði verið 6 milljónir árið áður. Á móti kemur að skuldir voru í árslok rúmar 140 milljónir kr. eða 45% af tekjum. Rekstur hreppsins er því erfiður en á móti kemur að skuldir eru frekar litlar.

Rekstrarniðurstaða Tálknafjarðarhrepps batnaði umtalsvert milli ára 2009 og 2010 sem skýrist að mestum hluta af minni fjármagnskostnaði. Skuldir og skuldbindingar voru um 133 milljónir í árslok 2010 eða 59% af tekjum og því langt innan viðmiða sveitarstjórnarlaga.

Rekstur Vesturbyggðar hefur verið erfiðastur sveitarfélaganna þriggja. Árið 2009 var rekstrarhalli sveitarfélagsins rúmar 100 milljónir kr. og jókst í 230 milljónir árið 2010. Þess ber þó að geta að inni í þeirri tölu er niðurfærsla hlutabréfaeignar upp á 165 milljónir kr. Þrátt fyrir þennan hallarekstur var veltufé frá rekstri jákvætt bæði árin. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu 1.355 milljónum kr. í árslok 2010 sem voru þá 187% af tekjum og yfir viðmiði því sem kemur fram í sveitarstjórnarlögum. Því er við að bæta að í febrúar á þessu ári lækkuðu skuldir sveitarfélagsins um 82 milljónir kr. við að Landsbankinn felldi niður lán sem tekið var vegna stofnfjárkaupa.

### Atvinnulíf

Atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum er fremur einhæft og byggir mikið til á sjávarútvegi. Atvinnuleysi er lítið og frekar að vanti fólk til starfa en hitt. Sjávarútvegsfyrirtækin Þórsberg á Tálknafirði og Oddi í Vesturbyggð eru burðarásar í sínum byggðarlögum. Önnur fyrirtæki sem eru burðarásar í byggð eru Kalkþörungaverksmiðjan í Bíldudal og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Eftirfarandi kom fram á fundunum:

#### **Þórsberg, Tálknafirði**

Stofnað 1975 og er í meirihlutaeigu Guðjóns Indriðasonar og fjölskyldu.

**Starfsemi:** Bolfiskveiðar og vinnsla. Saltfiskur, ferskur og frystur fiskur. Vaxandi hlutdeild ferskfisks. Unnið úr um 2500 - 3000 tonnum árlega.

#### **Önnur starfsemi og/eða**

**rannsóknir:** Fiskeldi í Þóroddi ehf í samstarfi við Odda hf á Patreksfirði.

**Starfsmenn:** Um 65 við veiðar og vinnslu.

**Bátar:** Kópur BA 175, Indriði Kristins BA 751 og Sæli BA 333, auk tveggja handfærabáta.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildum og svipað magn leigt.

**Keypt á markaði til vinnslu:** 100 tonn

- Hjá Kalkþörungaverksmiðjunni í Bíldudal eru 14 starfsmenn. Hjá byggingarfyrirtækinu Lás eru þrjú starfsmenn, hjá sparisjóðnum starfa þrjú, tveir hjá veitingastaðnum Vegamótum, fjórir hjá grunnskólanum, tveir hjá Hafkalki og ferðapjónustufyrirtæki Jóns Þórðarsonar. Hjá Skrímslasetrinu eru starfsmenn að sumrinu.
- Á Patreksfirði skapar Þekkingarsetrið Skor atvinnutækifæri fyrir háskólamenntaða.
- Á Tálknafirði starfa 30 manns hjá sveitarfélaginu en Þórsberg er langstærsti vinnustaðurinn þar.
- Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í Reykhólahreppi og Þörungaverksmiðjan því næst með 25 stöðugildi, þ.m.t. þeir sem vinna við þangslátt. Vinnan þar er nokkuð árstíðabundin. Verksmiðjan er heldur að bæta í starfsemina. Þess utan er landbúnaður aðalvinnugreinin í Reykhólahreppi.

### Sjávarútvegur:

Sem fyrr segir eru sjávarútvegsfyrirtæki burðarásar atvinnulífs á Patreksfirði og Tálknafirði, en útvegur hefur beðið skipbrot í Bíldudal, sem áður var útgerðarbær. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

#### Fyrirtækin:

- Oddi og Þórsberg eru lykilfyrirtæki. Starfsemi þeirra kallar á þjónustu annarra fyrirtækja, auk hliðaráhrifa á verslun og þjónustu. Mikið samstarf er með þessum fyrirtækjum.
- Hjá Þórsbergi starfa 60-70 manns, að meðtöldum þeim sem eru á bátunum. Fyrirtækið er með bolfiskveiðar og vinnslu með saltfisk, ferskan og frystan fisk. Þórsberg er í eigu heimamanna og er mikill vilji fyrir því að svo verði áfram og sama má segja um Odda.
- Hjá Odda starfa 75 á sjó og landi. Starfsemin er mjög svipuð og hjá Þórsbergi. Oddi á einnig samstarf við Fjarðalax og við Perlufisk á Bíldudal
- Særöst á Tálknafirði var stofnað 2005 og var með harðfisk og skreið (hausu). Gerð var tilraun með veiðar á sæbjúgum sem átti að heilfrysta og flytja út til Kína. Þetta gekk því miður ekki upp (2011).
- Fiskvinnslan Perlufiskur á Bíldudal var með leigubátinn Þorstein sem var svo seldur með 200 tonna kvóta. Nú eru kvótaeigendurnir hættir útgerð og óvíst um framhaldið. Oddi á húsnæðið. Fiskvinnslan grundvallast á leigu- og byggðakvóta en þar er engin kvótæign.
- Ekki er mikill sjávarútvegur í Reykhólahreppi, en þó einn bátur á grásleppu og annar á strandveiðum. Líka tveir grásleppubátar annars staðar á veiðum.

#### Fiskeldi:

- Á Tálknafirði er Tungusilungur með regnbogasilung (elur fisk og reykir og býr til ýmsa matvöru). Eldisfyrirtækið Bæjarvík er með bleikjueldi. Stefnt að því að slátra 2-300 tonnum árlega. Fjarðalax er með leyfi fyrir 3000 tonna laxeldi og komið með kvár.
- Fyrirtækið Þóroddur er samstarf Þórsbergs og Odda um skelrækt. Nýskel með kræklingaeldið og þar eru miklir möguleikar.
- Í Arnarfirði hefur verið kræklingaeldi frá 1996. Vaxtarskilyrði í firðinum eru afar góð.
- Á Reykhólum er samstarfsverkefni um kræklingarækt (Nessel).

#### **Oddi hf, Patreksfirði**

Stofnað árið 1967.

**Starfsemi:** Bolfiskvinnsla sem framleiðir og flytur út frosinn og ferskan fisk og saltfisk. Unnið úr um 4000 tonnum árlega.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Þóroddur sem er fiskeldisfyrirtæki rekið í samstarfi við Þórsberg á Tálknafirði. Samstarf við Fjarðalax. Þóroddur ehf tekur einnig þátt í kræklingaeldi. Samstarf á ýmsum sviðum tengdum sjávarútvegi.

**Starfsmenn:** 75 starfsmenn á sjó og landi, þar af eru erlendir starfsmenn 40 sem manna fiskvinnsluna að mestu.

**Bátar:** Núpur BA – 69, Brimnes BA – 800 og Vestri BA – 63 sem er í eigu Vestra ehf móðurfélags Odda og leggur upp hjá fyrirtækinu og Birta BA – 72 sem er í eigu Odda að hluta.

**Kvóti:** 2200 tonna þorskígildi.

**Sala á afurðum fyrirtækisins:** Afurðir fyrirtækisins fara aðallega á markaði í Englandi, Ítalíu og Spáni, auk

*Staðan og framtíðarhorfur:*

- Gjöfulustu steinbítsveiðimið á landinu eru í Arnarfirði, en lítill kvóti. Nú sigla skip að austan til að veiða steinbítinn á svæðinu. Enginn makrílkvóti er heldur til staðar.
- Kvótamarkaður er frosinn vegna óvissu um fiskveiðistjórnunarkerfið. Löng flutningsleið og hár kostnaður eru líka neikvæðir þættir.

**Ferðapjónusta:**

Mikill straumur ferðamanna er um Vestfirði og mesta aukningin eru íslenskir ferðamenn, t.d. hefur orðið sprenging í heimsóknum á Rauðasand og Látrabjarg. Þetta kom m.a. fram á fundunum:

*Gisting og veitingar:*

- Á Tálknafirði er núna eitt gistiheimili en voru þrjú áður. Þar er gott tjaldsvæði, matvörubúð og veitingastaður.
- Í Reykhólahreppi er gistiheimili á Reykhólum og hótelið Bjarkarlundur. Aðeins hefur dregið úr aðsókn að Bjarkarlundi, lausaumferð sem áður fór yfir Þorskafjarðarheiði fer núna nýju leiðina. Bjarkarlundur reynir því frekar að ná til hópa. Unnið er að endurbótum, bætt var við sex smáhýsum og tjaldsvæðið var stækkað og verið er að stækka hótelið. Ekki er opið að vetrinum, en mögulegt að opna ef óskað er. Gistiheimilið Álftaland á Reykhólum er opið allt árið og bændagisting er á tveimur bæjum. Einnig er tjaldsvæði á Reykhólum.
- Enginn veitingastaður er á Reykhólum. Hjá N einum er rekin matvöruverslun og sjoppa. Sveitarfélagið á húsið en reksturinn er í höndum einkaaðila.

*Afþreying:*

- Sjóræningjasetrið á Patreksfirði á að verða safn um sjónræningja og „menningarbúlla“, með veitingasölu, tónleikahald o.fl.
- Sýning um tengsl byggðarinnar við franska sjómenn hefur verið sett upp á Patreksfirði og settur upp minnisvarði um breska og franska sjómenn.
- Sumarbyggð er líklega stærsti ferðapjónustuaðili á sunnanverðum Vestfjörðum. Á vegum fyrirtækisins er boðið upp á sjóstangaveiði. Sumarbyggð er með fimm sumarhús og 5-6 bátar allt sumarið, líka í Bolungarvík og Súðavík. Fimm bátar voru á Bíldudal tímabundið og þar voru einnig íbúðir, en þessi hluti starfseminnar flutti til Bolungarvíkur. Nú hefur verið keypt hús fyrir bátana á Tálknafirði þar sem hægt er að sinna viðhaldi á þeim. Viðskiptavinirnir eru mestmegnis Þjóðverjar. Verið að reyna að markaðssetja fyrir Bandaríkin.
- Boðið er upp á gönguferðir á Látrabjarg og Rauðasandssvæðið. Jón Þórðarson á Bíldudal er með siglingar um Arnarfjörð, skoðunarferð og veiði.
- Boðið er upp á siglingar í Flatey með Eyjasiglingu, sem er fremur nýtt fyrirtæki. Báturinn kemur við á fleiri stöðum. Vaxandi áhugi er á fuglaskoðunarferðum frá Reykhólum, en fuglaskoðunarferðirnar tengjast Eyjasiglingu.
- Bátasafnið á Reykhólum er opið eftir samkomulagi. Á verkstæði er gert við bátar og haldin námskeið. Nokkrir bátar eru inni uppstilltir. Efri hæð var breytt í sýningarsal og tengja á hana við hlunnindasýningu í sama húsi. Hlunnindasýningin er sýning á hlunnindum af landi og sjó, æðarvarp, selveiði, fiskveiði o.fl.
- Þaraböðin eru heilsutengd ferðapjónusta á Reykhólum. Þaraböð eru talin heilsusamleg, t.d. góð fyrir húðina. Verkefnið tengist vestfirska verkefninu Vatnavinum.

*Ýmis atriði:*

- Mikil samvinna er milli þéttbýlisstaða, t.d. um markaðssetningu. Sá sem kemur á einn stað fer mjög líklega á hina staðina.
- Slóðinn út á Látrabjarg og fleiri vegir eru vondir. Slysahætta er á Látrabjargi, m.a. vegna þess að lundinn grefur holur. Þar þarf að setja merkingar.

### **Landbúnaður.**

Í Reykhólahreppi er ekki mikill samdráttur í landbúnaði og færri bú en stærri og talsvert um yngri bændur. Heimavinnsla er í þróun og nokkrir bændur eru að prófa sig áfram. Einnig er rekin lítill gróðrarstöð á Reykhólum, með ræktun á gúrkum og tómötum. Í Tálknafirði eru fjórar-fimm skógræktarjarðir. Í Vesturbyggð og Reykhólahreppi eru blómlegar sveitir með myndarleg bú í bæði sauðfjárrækt og mjólkurbúskap. Einnig eru nokkrir skógræktarbændur.

### **Þjónusta, iðnaður:**

Tvær verksmiðjur eru á því svæði sem hér er til umfjöllunar, Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal og starfsemi tengd henni og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Þá má nefna fyrirtækið Villimey á Tálknafirði sem framleiðir vörur úr jurtum. Þess utan er önnur hefðbundin iðnaðarstarfsemi. Þetta kom fram á fundunum:

- Á Tálknafirði er trésmiðja með 4-5 starfsmenn. Svo er bókhaldsstofa og þar starfa tvær konur. Hjá Villimey starfa þrír. Fyrirtækið er að reyna að hasla sér völl erlendis. Jurtirnar eru tíndar í landi sveitarfélagsins, á lífrænt vottuðu svæði.
- Stoðin á Bíldudal er Kalkþörungaverksmiðjan, þar starfa hátt í 20 manns. Hliðarstarfsemi verksmiðjunnar er fyrirtækið Hafkalk með tvo starfsmenn. Hafkalk framleiðir fæðubótarefni og garðáburð.

### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru staðsett í Bolungarvík og á Patreksfirði, í þekkingarsetrinu Skor sem hýsir einnig aðra starfsemi, t.d. atvinnuþróunarfélagið. Náttúrustofa Vestfjarða er staðsett í Bolungarvík, sem og í Hólmavík og á Bíldudal. Þetta kom fram á fundunum:

- Þekkingarsetrið Skor hefur sinnt rannsóknum t.d. varðandi kræklingaeldi. Auk háskólaseturs er eitt stöðugildi hjá Náttúrustofu, tvö stöðugildi hjá AtVest, eitt hjá Hafró, eitt hjá fræðslumiðstöð Vestfjarða og tvö hjá framhaldsskólanum.
- Breiðafjarðarfléttan er samstarf 17 ferðaþjónustufyrirtækja af sunnanverðum Vestfjörðum og 15 aðila af Snæfellsnesi. Vatnavinir er einnig samstarfsverkefni.

## **Velferðarmál og samfélag**

### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta:**

Mikill hiti var í heimamönnum vegna niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu og annarri opinberri þjónustu haustið 2010. Bent var á að sunnanverðir Vestfirðir séu eyland samgöngulega séð, en njóti engra fríðinda sem slíkt. Það bjóði hættunni heim að skera niður heilbrigðisþjónustu á svæði sem er einangrað vegna samgangna og veðurs. Í þjónustukönnun okkar (sjá spurningalista í viðauka) var spurt um hvort til staðar sé lögregla, heilsugæsla, dvalarrými aldraðra, lækni og tannlækni. Lögregla er staðsett á Patreksfirði og þangað sækja íbúar annarra þéttbýlisstaða þá þjónustu, nema frá Reykhólum, en Hólmavík er sinnir löggæslu fyrir Reykhólahrepp. Heilsugæslan á Patreksfirði sinnir hinum stöðunum, en íbúar Reykhóla fá þjónustu frá Búðardal. Á Patreksfirði er sjúkrahús og rými fyrir aldraða, þar er lækni og tannlækni. Íbúar Tálknafjarðar og Bíldudals sækja þessa þjónustu þangað, en íbúar Reykhóla sækja hana í Búðardal. Þetta undirstrikar enn frekar það sem víðar kemur fram hér, að Reykhólahreppur á að mörgu leyti fremur heima í samstarfi við Vesturland og Strandir, en við sunnanverða Vestfirði.

Eins og fram hefur komið var mikill hiti á sunnanverðum Vestfjörðum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu og almennt hjá hinu opinbera. Þetta kom fram á fundunum:

- Með niðurskurði í heilbrigðisþjónustu er höggvið í sjálfstæði samfélagsins, menn eru ekki lengur sjálfbjarga ef t.d. verður stórslys. Á Patreksfirði er einn lækni á heilsugæslu og



sjúkradeild og nokkrir hjúkrunarfræðingar. Sjúkrahúsið er legudeild og bráðatilvik með innlögn, sjúklingar sem fara í aðgerð í Reykjavík geta legið þar eftir á, sem er margfalt ódýrara. Þjónustan hefur verið mjög góð, sem er nauðsynlegt vegna erfiðra samgangna. Það er búið að skera að þolmörkum með fyrri niðurskurði, t.d. næst mesti niðurskurðurinn á landinu hér í fyrra 2009.

- Tvö ár eru frá því síðast starfaði ljósmóðir á Patreksfirði, hjúkrunarfræðingar hafa sinnt þessari þjónustu. Þetta skapar mikið óöryggi.
- Læknir kemur einu sinni í viku á Tálknafjörð. Einnig þar eru miklar áhyggjur vegna niðurskurðar.
- Hætt var við að setja Reykhóla með Vestfjörðum í heilbrigðisumdæmi vegna mótmæla og hreppurinn tilheyrir því Vesturlandi. Læknir kemur vikulega frá Búðardal.
- Stofna á byggðasamlag á Vestfjörðum um málefni fatlaðra. Á Patreksfirði er félagsmálafulltrúi og starfsemi fyrir eldri borgara þar og á Bíldudal. Á Patreksfirði eru íbúðir fyrir aldraða en ekki þjónustuíbúðir og ekki dvalarheimili. Áherslan er á heimaþjónustu og heimahjúkrun og að fólk geti verið sem lengst heima. Útsending máltíða hefur verið svolítið vandamál, en þessi möguleiki er þó fyrir hendi.
- Á Tálknafirði er ekki dvalarheimili, en eftirspurn eftir húsnæði er að aukast. Hjúkrunarheimili er á Patreksfirði. Þjónustuíbúðir eru þar líka, en er alltaf fullt og biðlisti.
- Á Reykhólum er hjúkrunarheimili í eigu sveitarfélagsins, með 15 hjúkrunarrými og eitt dvalarrými og hvíldarinnlögn. Það gengur illa að fá það metið sem „rekstrarhæfa einingu“ skv. skilgreiningu ríkisins. Það vantar upp á fjölda rýma til að stofnunin teljist sjálfbær. Vel væri hægt með litlum tilkostnaði að fara upp fyrir þessa ca. 22ja rýma lágmarkseiningu. Á heimilinu hefur dvalið fólk alls staðar að af landinu. Dvalarheimilið er einn stærsti vinnustaðurinn á Reykhólum.

### Fjölmennning:

Hlutfall innflytjenda er hátt á Vestfjörðum, um 10% og hæst á Tálknafirði (Erlendir ríkisborgarar, bls. 17-18). Á þessu svæði er um 80% starfsfólks í fiskvinnslu útlendingar. Fjölmennastir eru Pólverjar. Fram kom sú skoðun að Pólverjar taki ekki þátt í samfélaginu, þrátt fyrir að mikið sé reynt til að virkja þá. Þeir skeri sig úr öðrum erlendum hópum hvað þetta varðar. Undir þessi viðhorf var tekið víðar á landinu.

### Húsnæði:

Í þjónustukönnuninni er yfirleitt sagt lítið framboð á húsnæði á þessu svæði og þá kannski frekar til sölu en leigu. Patreksfjörður sker sig úr, en sagt er að mikið framboð sé á leiguhúsnæði þar. Eftirfarandi kom fram á fundunum:

- Lítið er um að utanaðkomandi fólk kaupi hús sem frístundahús á Tálknafirði. Íbúðir hreppsins voru tómar, en núna eru bara tvær lausar. Sveitarfélagið á 10-11 íbúðir.
- Húsnæðisskortur er stórt vandamál á Reykhólum, sérstaklega vantar íbúðarhúsnæði. Verksmiðjan á þrjú einbýlishús fyrir starfsmenn sína. Á áttunda áratugnum byggði sveitarfélagið nokkur íbúðarhús og fór illa út úr því og tók því ekki þátt í félagslega kerfinu. Þörungaverksmiðjan fékk þessi hús. Sveitarfélagið á samt fjórar íbúðir, eitt nýlegt parhús og einbýlishús.

### Umhverfi

Tálknafjarðarhreppur leggur áherslu á umhverfismál. Grunnskólinn hefur verið með grænfána í sex ár og leikskólinn í fjögur ár. Tálknafjarðarhreppur var fyrsta sveitarfélagið á Vestfjörðum til að samþykkja samstarf um að fara í umhverfisvottun, við Vesturbyggð. Fyrirtækið Fjarðalax vinnur í samræmi við umhverfisstefnuna, t.d. með því að skjóta út fóðrinu frá landi svo ekki verði mengun frá bátunum.

### Orku- og sormál:

Á öllu svæðinu eru hús kynt með rafmagni, nema í þéttbýli á Reykhólum og eilítið af heitu vatni hefur fundist á Tálknafirði. Þetta kom fram á fundunum:

- Það er ekki hitaveita á Tálknafirði, en þó ein borhola sem gefur heitt vatn fyrir sundlaug og íþróttahús. Ef heitt vatn finnst og hægt er að leggja hitaveitu, þá er hægt að fara í fleiri framkvæmdir. Til stendur að leita betur og bora eftir vatni. Styrkur fékkst frá Orkusjóði.
- Niðurgreiðsla vegna húshitunar er föst krónutala og verðgildið fer því lækandi. Varmadæurnar eru „galnar“, því niðurgreiðslur eru teknar af viðkomandi húseign, sama þótt skipti um eigendur.
- Orkubúið er að stækka Mjólkárviðkjun. Ríkið sér um afhendingu rafmagns og öryggið er lítið. Með tilkomu Landsnets hækkaði raforkuverð. Það kemur sér illa á köldum svæðum.
- Orkubúið er með dísilvélar sem getur knúið allt innra starf áfram án utanaðkomandi aðstoðar og svæðið gæti í raun verið sjálfbært með raforku. Ef rafkerfið á Vestfjörðum gefur sig þarf fyrst að keyra þessar vélar fyrir rafmagn á Ísafirði samkvæmt ákvörðun Landsnets.

### Samgöngur:

Samgöngur voru mjög mikið til umræðu á fundunum. Bæði vöndur malarvegir, léleg tenging milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða og hættulegir fjallvegir, sem og vegstæði á leið B um Teigskóg. Þetta kom m.a. fram á fundum okkar:

- Þarf að bæta leiðina suður, en líka ferðamannaleiðir og þá ekki síst á Látrabjarg. Verið er að byggja upp ferðaþjónustu, en innviðirnir verða að fylgja þeirri þróun. Svo þarf að bæta tengingu milli svæða.
- Flutningskostnaður er alltof hár. Það er 20% dýrara að flytja vöru á Patreksfjörð en á Ísafjörð.
- Fjarskipti hafa lagast en sambandið mætti samt vera betra.
- Áður fyrr var hægt að fara sjóleiðina milli staða á Vestfjörðum, þá var líka pósthugi, en þetta hefur allt lagst af. Frá Bíldudal á Ísafjörð er 12 mínútna flug. Þess í stað er þetta eins og hálf sólarhrings ferðalag.
- Ótryggt rafmagn spillir t.d. fyrir hátækni fyrirtækjum, tölvuvinnslu, skemmir fyrir tækniþróun.
- Á laugardögum að vetrinum er enginn Baldur, ekki flug og ekki mokað. Þetta eru sérstakar aðstæður. Íbúar sunnanverðra Vestfjarða aka á 50 ára bráðabirgðavegi.
- Reiði í samfélaginu yfir því að Djúp-leiðin skyldi verða fyrir valinu sem meginleið suður. Vestfjarðavegur 60 væri búinn ef farið hefði verið í gegn á þessu svæði og það hefði verið stysta og snjóléttasta leiðin (suður).
- Kletthálsinn er malbikaður en veðravíti. Hjallahálsinn er „algjört skaðræði“ og batnar ekkert þótt hann verði malbikaður. Vissulega hefur farið stórfé til vegagerðar á Vestfjörðum, en á hinn bóginn þarf að huga að því að menn þurfa að keyra alla leið.
- Það er misjafnt hvort fólk notar ferjuna, en það lagast ef ferjan býður upp á afslátt fyrir íbúana. Það mátti ekki vegna mismununar og verðskráin var hækkuð. Baldur er niðurgreiddur tæpa 9 mánuði á ári og því er ekki hægt að hafa sama gjaldið allt árið. Vestmannaeyja- og Grímseyjarferjur eru niðurgreiddar allt árið, enda eina samgönguleiðin fyrir utan flugið. Hér hafa menn valkost, alla vega að sumrinu. Sumarferðir með ferjunni eru seinfarnar vegna viðkomu í Flatey. Atvinnulífið væri hins vegar búið hér ef ferjan væri ekki. T.d. væri ekki hægt að koma fiski suður í vöndum veðrum.
- Það væri möguleiki að lengja flugvöllinn í Bíldudal. Þetta er besti völlumurinn á Vestfjörðum.
- Vegalengdir eru miklar í Reykhólahreppi og því tímafrekt að opna alla vegi, sem skiptir máli fyrir skólaakstur. Á Reykhólum er einn bíll frá Vegagerðinni, en svo kemur bíll úr Búðardal ef veðrið er mjög slæmt. Það getur verið of seint fyrir skólabílinn. Undanfarnir vetur hafa hinsvegar verið snjóléttir.
- Vegur frá Þorskaafirði að Skálanesi er ekki fólki bjóðandi. Það er pattstaða með vegstæði um Teigskóg (leið-B). Vegstæðið er á landsvæði Reykhólahrepps. Það eru raunverulega fjórar aðrar leiðir færar. T.d. hægt að laga núverandi veg, sem er ódýrari kostur.

- Vegir um Gufudal eru líklega með verstu vegum á landinu. Þangað er samt daglegur skólaakstur. Það þarf að fara yfir erfiðan fjallaháls.

## Verslun og þjónusta

Í þjónustukönnuninni var spurt um 15 þjónustubætti (sjá spurningalista í viðauka). Dagvöruverslun var sögð vera á öllum þéttbýlisstöðunum nema Bíldudal, en þó er seld matvara hjá veitingahúsinu Vegamótum. Lágvöruverðsverslun virðast íbúar svæðisins ekkert endilega sækja á Ísafjörð, þótt hann sé nefndur ásamt Stykkishólmi og Borgarnesi. Íbúar Reykhóla sækja ekki verslun á Ísafjörð. Á Patreksfirði er vínbúð og bakarí og íbúar hinna bæjanna sækja þá þjónustu þangað. Frá Reykhólum er þessi þjónusta tilgreind í Borgarnesi, Hólmavík og Búðardal, en reyndar er Ísafjörður einnig tilgreindur að þessu sinni. Allir þjónustubættir eru til staðar á Patreksfirði nema trésmiðja, hún er á Tálknafirði. Sumir þáttanna fyrirfinnast einnig á Bíldudal og Tálknafirði, en annars sækja íbúar þar þjónustuna til Patreksfjarðar. Íbúar Reykhóla sækja hana hins vegar mestmegnis til Hólmavíkur eða í Búðardal, sem sýnir að hreppurinn á um margt betur heima með Vesturlandi en sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta kom m.a. fram á fundunum:

- Þjónustustig í Vesturbyggð er gott.
- Verslun á Tálknafirði er rekin af einstaklingum sem eru líka með umboð fyrir N1 og verslunin er í sama húsnæði. Þau eru einnig með veitingastaðinn Tígul og skólamáltíðirnar.
- Opnunartími verslana á Ísafirði er ekki hagstæður fyrir utanaðkomandi, t.d. fyrir þá sem vilja fara þangað á laugardögum á sumrin. Bónus er eina verslunin með lengri opnunartíma. Vegalengdin er bara 162 km og þetta er sá þjónustukjarni sem næst liggur.

## Menntun

Mikil ánægja er með samstarf við framhaldsskólann á Grundarfirði og skólaver á Patreksfirði. Þetta er sögð afar áhrifarík byggðaaðgerð sem hafi mikil áhrif á búsetuþróun. Einnig var rætt um grunnskólana. Tölur um nemendafjölda eru fyrir skólaárið 2010-2011. Þetta kom fram á fundunum:

- Í Vesturbyggð eru þrjú grunnskólar undir einum hatti, þ.e. á Birkimel á Barðaströnd, á Bíldudal og Patreksfirði. Á Birkimel eru 7 nemendur, 18 á Bíldudal og 80 á Patreksfirði.
- Fjöldi barna í grunnskóla á Tálknafirði eru 45 og 20 börn eru á leikskóla. Ungum börnum hefur fjölgað.
- Skóli og leikskóli eru staðsett á Reykhólum, 30 nemendur í grunnskóla og 20 börn í leikskóla. Umdæmi Reykhólahrepps er mjög stórt, en ekki svo ýkja langt að sækja skóla, lengst 50 km frá Gufudal og daglegur skólaakstur. Verið var að prófa að flytja leikskólabörn með skólabílnum og gekk ágætlega.
- Sérfræðiþjónusta við skólana var ekki skorin niður á Tálknafirði. Stefnan hjá sveitarfélaginu er að skera ekki niður skólamáltíðir eða sérfræðiþjónustu.
- Framhaldsskóladeildin á Patreksfirði er í samstarfi (frá 2006) við FSN (framhaldsskólann) á Snæfellsnesi (Grundarfirði). Kennar gegnum dreifmenntabúnað og alltaf aðgangur að kennara og nemendur fara einu sinni í mánuði í skólann og taka þátt í félagslífi þar, þau geta líka verið í skólanum eins og þau vilja. Rúta gengur frá Bíldudal og Tálknafirði á Patreksfjörð daglega og skólann sækja 11 börn af báðum stöðum (2010-2011). Eitthvað er líka um að fullorðnir nýti sér þennan möguleika. Að hafa skóla á svæðinu hefur mikil áhrif á búsetuna. Það breytir miklu að geta haldið börnunum heima til 18-19 ára aldurs. Til dæmis er líklegra að þau komi aftur heim að námi loknu.
- Strandir og Reykhólahreppur vinna að því að fá framhaldsskóladeild til Hólmavíkur með svipuðu sniði og á Patreksfirði.
- Unglingar úr Reykhólahreppi fara mest til Akraness í framhaldsskóla en annars hingað og þangað, bæði Reykjavík og Akureyri. Menntaskólinn á Ísafirði á að vera skóli svæðisins, en unglingar úr Reykhólahreppi sækja ekki þangað vegna þess að Ísafjörður er svo „afskekktur“.

## Menning

Á sunnanverðum Vestfjörðum var talað um öflugt menningarlíf, tónlist, félagsstarf og íbúahátíðir. Í þjónustukönnuninni kom fram að flestir þeir þættir sem um var spurt eru til staðar á Patreksfirði og íbúar hinna staðanna sækja félagslíf að einhverju leyti þangað. Þetta kom fram m.a. á fundunum:

- Tálknfirðingar standa kannski lakar að vígi í menningarmálum en nágrennabyggðir. T.d. kom engin umsókn um styrki til menningarráðsins frá Tálknafirði. Hér eru mörg verk á fáum herðum. Kannski nokkrir einstaklingar sem eru í öllu, alltaf erfitt að fá fólk í félagsstarf.
- Samstarf er milli kóra á Tálknafirði og á Patreksfirði með sama organista. Svo er kvennakórinn Bjarkirnar og einnig karlakór. Þessir kórar eru fyrir stærra svæði.
- Tálknafjör er íbúahátíð Tálknfirðinga í júlí og er fyrst og fremst hugsuð fyrir heimamenn og brottflutta, en ekki verið mikið auglýst.
- Kvikmyndahátíðin Skjaldborg haldin er haldin á Patreksfirði á Hvítasunnu, mjög vel sótt og m.a. af kvikmyndagerðarfólki. Í bænum er gott kvikmyndahús sem sýnir myndir vikulega. Svo hafa flust þangað „listaspírur“, t.d. arkitekt og listakona (fatahönnuður) sem hafa sest að og opnað Hótel Ráðagerði.

## Sameining, samstarf

Þetta kom fram á fundunum:

- Það veikir samfélagið á Tálknafirði að hafa ekki sameinast, en góð samvinna styrkir þó á móti. Svæðið væri sterkara sameinað og framtíðarsýnin er eitt sveitarfélag. Samstarf á að koma fyrst og síðan getur það þróast yfir í sameiningu. Of algengt að farið sé fram af offorsi og fólk finnst það vera að missa svo mikið. Markmiðin verða að vera skýr. Og þarf að gæta jafnræðis milli staða.
- Samstarf mun aukast á fjórðungsvísu en sameining Vestfjarða gengur ekki upp meðan samgöngur virka ekki. Það er hægt að sameina í þrjú svæði eins og þetta er núna.
- Verið er að sameina félagsþjónustu, barnaverndarnefnd er sameiginleg, sameiginlegur slökkviliðsstjóri og ráðinn forstöðumaður tæknisviðs fyrir bæði sveitarfélög.
- Sunnanverðir Vestfirðir er eyja samgöngulega séð. Til að komast á fundi til Ísafjarðar þarf stundum að fara fyrst til Reykjavíkur. Fólk hugsar því frekar um samstarf suður á bóginn, yfir Breiðafjörð. Framhaldsskólinn er á Snæfellsnesi, sem sýnir hvert auðveldast er að hafa samstarf. Ef samgöngurnar bötnuðu yrði samfélagið allt annað. Vestfirðir yrðu sterkara samfélag.
- AtVest á líka að sinna Reykhólum, en atvinnuráðgjafi á Hólmavík sér meira um það með tilkomu vegar um Arnkötludal. Ráðgjafarnir eiga að starfa á öllu svæðinu, en vegna samgangna hittast starfsmenn mjög sjaldan.
- Samstarf Reykhólahrepps við Strandir hefur aukist, ekki síst með tilkomu Arnkötluvegar. Byggðasamlag er við Strandir um málefni fatlaðra. Ein félagsmálanefnd fyrir svæðið – félagsþjónusta og málefni fatlaðra. Það er sameiginlegur byggingarfulltrúi með Dalabyggð. Líka samstarf milli skólanna og menningarsamstarf.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Fram komu á fundunum fjölmargar ábendingar til ríkisvaldsins um hvað betur má fara fyrir sunnanverða Vestfirði. M.a. eftirfarandi punktar:

- Vestfjarðaskýrslan 2007 varð til þess að settur var atvinnuráðgjafi AtVest á Patró. Þangað áttu að koma 4-5 störf á vegum sýslumannsembættisins, en gerðist ekki og ekkert af þeim störfum sem áttu að koma á suðursvæðið skilaði sér. Sum verkefni fóru á norðanverða Vestfirði. Bifreiðaskráning fór í Bolungarvík. Hins vegar voru lögð niður störf, t.d. lögreglu. Líklega verður sýslumannsembættið alfarið flutt á Ísafjörð, þótt sýslumaður sé einnig í

Bolungarvík. Sýslumaðurinn tekur verkefni með sér, uppgjör dánarbúa, leyfisveitingar o.fl., störf og verkefni hverfa. Þetta eru kvennastörf.

- Alltaf er verið að gera skýrslur, alls konar aðgerðir sem á að ráðast í. Það þarf ekki skýrslur, heldur aðgerðir.
- Hvernig á að ná eyrum stjórnvalda? Hver er greiðslujöfnuður landsbyggðarinnar? Hvert er okkar framlag? Hvað fáum við í staðinn?
- Það ætti í raun að kenna fiskeldi á Vestfjörðum en ekki inni í landi. Háskóli hafsins mun efla það sem fyrir er.
- Niðurskurður etur byggðum saman. Samhliða er talað um sameiningu sveitarfélaga. Þegar ríkisvaldið talar um aðgerðir á Vestfjörðum, þá fær suðursvæðið ekki neitt.
- Svæðið hefur illt orð á sér út af vöndum vegum. Erfitt er að byggja upp tækifæri í ferðaþjónustu þegar svona er. Fargjöld í ferjunni Baldri eru há, önnur leiðin með bíl kostar 18.000 sem er miklu hærra en með Herjólfu. Flutningskostnaður er líka hár.
- Mögulega vann hugmyndin um olíuhreinsunarstöð gegn þessu svæði, það var mjög umdeilt mál og kannski eyðilagði það frekar en hjálpa til.
- Fólk er duglegt að nota þjónustu AtVest, bæði starfandi fyrirtæki og fólk með nýjar hugmyndir. Mörg klasaverkefni eru í gangi, t.d. í ferðaþjónustu, þá er hægt að sinna mörgum fyrirtækjum í einu og hægt að vinna með hverju og einu. Konur eru duglegar að leita ráðgjafar.
- Nýsköpunarmiðstöð býður upp á ýmis námskeið. Í tengslum við þau verða til ný verkefni. Svo er Fræðslumiðstöðin með námskeið, t.d. fyrir leiðsögumenn. AtVest var með námskeið en ekki lengur, enda sér Impra um þetta. Það eru svo margar stofnanir í stoðkerfinu og mætti vera meiri samvinna. Verkefnið skarast að sumu leyti. Styrkjakerfið er ekki nógu vel skipulagt – AtVest aðstoðar kannski við umsókn sem síðan einhver annar metur. Áherslurnar eru svo mikið á eitthvað nýtt, ekki á neitt starfandi. T.d. starfandi klasa. Mætti t.d. styrkja áfram Breiðafjarðarfléttuna.
- Ef t.d. yfirlæknirinn og fjölskylda hans fer úr Vesturbyggð þýðir það 1,5% tap af útsvarstekjum sveitarfélagsins. Það þarf svo lítið í svona litlu samfélagi.
- Ódrjúgsháls er hræðilegur, ekki síst að vetrinum fyrir flutningabílana. Vegarstæðið sem Vegagerðin valdi var vont og dæmigert fyrir stjórnvöld, að taka ákvarðanir án samráðs.
- Borgarstjórn vill afleggja flugvöllinn í Vatnsmýri sem er grundvöllur fyrir samgöngur þessa svæðis til höfuðborgarinnar. Það tekur 5 tíma að keyra til Reykjavíkur. En ef flugvöllurinn fer til Keflavíkur þá er eins gott að keyra. Það verður þá að flytja hátækniúkrahusið líka til Keflavíkur.
- Það eru mannréttindi fyrir sjúklinga að fá að deyja í heimabyggð og dvelja þar. Dvöl í borginni er kostnaðarsöm fyrir aðstandendur. Skortur á úrræðum, t.d. fyrir konur með nýfædd börn.
- Fá kvennastörf eru hætta fyrir búsetu. Í Vesturbyggð var fólksfjölgun á árinu 2009. Sveitarfélagið á fullt af húsnæði sem er í útleigu og mikil eftirspurn.
- Bíldudalur er klassískt dæmi um lítinn bæ sem sameinast öðrum. Fólki þar fannst á sig hallað og það dró kannski úr baráttuþreki þess. Eitt fiskvinnslufyrirtæki var grunnstoðin og fjaraði út, aflaheimildir fóru o.s.frv. Það vantar atvinnutækifæri, ekki síst fyrir konurnar. Margir karlanna fara burt til starfa.
- Ef ríkisvaldið vill halda landinu í byggð þá þarf að breyta stefnunni. Hætta að skattleggja landsbyggðina umfram höfuðborg, láta íbúana á landsbyggðinni njóta vafans. Þegar t.d. raforkulögum var breytt þá hækkaði raforkan hjá Þörungaverksmiðjunni um yfir milljón á ári vegna þess að Reykhólar voru skilgreindir sem dreifbýli.

## Tækifæri til eflingar

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Tækifæri eru t.d. í sambandi við matvælaframleiðslu. Firðirnir gefa mikla möguleika varðandi eldi. Vestfirðir eru svæði fiskveiða- og landbúnaðar. En góðar samgöngur eru lykilforsenda.

- Þverun Þorskafjarðar með virkjun hefur fengið bæði með- og mótbýr. Sveitarstjórnarmenn fóru á fund ráðherra og vilja skoða hvort svona verkefni er umhverfisvænt, að hægt sé að tvinna saman virkjun (sjávarfalla) og vegaframkvæmdir. Ný lausn í stað leiðar um Teigskóg.
- Hugmynd um skólabúðir sem kom upp á íbúabíngi á Tálknafirði fékk góðar undirtektir, en á móti mæla samgöngur og ímynd svæðisins, fólk vill ekki senda börnin sín þangað. Hægt væri að kenna krökkum sjávarútveg, skipið María Júlía verði klárað og gert að skólaskipi. Að ungmenni fái að kynnast sjávarútveginum.
- Það er mikill áhugi á fiskeldi og framtíðartækifæri í því.
- Það vantar afþreyingu fyrir ferðamenn á Tálknafirði. Það mætti byggja safn tengt hvalstöðinni. Fátt tækja eða búnaðar er eftir í stöðinni, en skorsteinninn er uppstandandi og veggirnir.
- Dvalarheimili með eitthvað tengt heilsu gæti verið möguleiki (á Tálknafirði), sbr. Hveragerði, eitthvað miðað við eldri borgara og eitthvað heilsutengt. Verið er að vinna að þessari hugmynd.
- Tækifæri felast kannski flest í ferðapjónustu, þar er mesti vöxturinn. Frekari heimavinnsla afurða gæti verið tækifæri. Það mætti nýta afurðir náttúrunnar enn frekar, t.d. ber, fjallagrös og birkilauf. Framleiða heilsuvörur úr t.d. birki, söl, fjallagrös. Það eru stór og flott aðalbláber á sunnanverðum Vestfjörðum. Repjurækt og olíuframleiðsla er einnig möguleiki, svo og rabbarbari, vín- og önnur matvælaframleiðsla. Laxeldi í Arnarfirði.
- Á Reykhólum hafa verið gerðar tilraunir með sápugeti, þaramjöl sem er blandað í sápu í Frakklandi í body-scrub. Einnig unninn garðaáburður (Gullsteinn og Glæðir).

## Strandir



Gangnadagur í Árneshreppi haustið 2010.

Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum á Ströndum fækkaði frá 20-50% á tímabilinu 1994-2011, mest í Árneshreppi.
- Mest er fækkunin í yngstu aldurshópunum, eða 40 ára og yngri.
- Karlar eru fleiri en konur og sérstaklega í eldri aldurshópunum, sem er öfugt við önnur svæði.
- Fólki hefur þó ekki fækkað og jafnvel heldur fjölgað á allra síðustu árum, eða frá 2005.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er lágt, eða um 1%.
- Sjávarútvegur og landbúnaður eru mikilvægustu atvinnugreinarnar, en ferðaþjónusta er einnig mikilvæg og vaxandi atvinnugrein.
- Hólmadrangur er burðarás í atvinnulífi á Hólmavík.
- Þekkingarsetur á Hólmavík er mjög mikilvægt fyrir svæðið.
- Galdrasýningin hefur dregið að gesti og vakið athygli á svæðinu.
- Vegurinn um Arnkötuldal (Þröskulda) breytir miklu fyrir svæðið, bæði fyrir íbúa á Ströndum, atvinnustarfsemi á Hólmavík og samstarf á Vestfjörðum.
- Hátt hlutfall frístundahúsa (húsa í eigu fólks sem ekki hefur fasta búsetu) er á Drangnesi, allt að fjórðungur allra húsa í þorpinu.
- Heitt vatn í Hveravík gæti skapað tækifæri. Hitaveita er á Drangnesi en ekki á Hólmavík.
- Samgöngumál hvíla þungt á íbúum Árneshreppsbyggðar, en ástand samgangna er lítið breytt frá síðustu skýrslu Byggðastofnunar. Íbúar eru einangraðir að vetrinum og helsta samgönguæð þeirra er flug til Reykjavíkur.
- Kaupfélag Steingrímsfjarðar er öflugt og hefur stækkað við sig og bætt þjónustuna.

## Svæðið

Á Ströndum voru fjögur sveitarfélög þegar skýrsluhöfundar ferðuðust um svæðið haustið 2010, eða Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur, sem í ársbyrjun 2012 sameinaðist Húnaþingi vestra og því er fjallað um hann í kafla um Norðurland vestra. Á svæðinu eru tveir þéttbýlisstaðir. Það eru Hólmavík (fj. 380) og Drangsnæs (fj. 72), en auk þess Norðurfjörður og Gjögur sem eru of fámennir staðir til að teljast þéttbýli.

Leiðin frá Hólmavík til Reykjavíkur er nú öll malbikuð eftir að vegur um Arnkötludal (Þröskuldur) var opnaður. Vegalengdin er 233 km. Milli Hólmavíkur og Norðurfjarðar eru 106 km, 34 km frá Hólmavík á Drangsnæs og frá Hólmavík til Ísafjarðar eru 225 km.


Miklar breytingar hafa orðið með veginum um Arnkötludal, bæði fyrir Strandir og jafnvel Vestfirði alla. Það kom fram á fundunum að umferð um höfnina á Hólmavík hafi aukist og sama má segja um umferð ferðamanna um svæðið. Það er þó ef til vill full snemmt að segja til um áhrif þessara vegabóta. Hólmvíkingar hafa undirbúið sig með stækkun verslunarhúsnæðis, breytt fyrirkomulag um veitingar o.fl. og auknum opnunartíma. Slíkt er til hagsbóta fyrir bæði íbúa og ferðamenn.

Fátt hefur breyst í Árneshreppi frá ritun síðustu skýrslu. Íbúum hefur að vísu fremur fjölgað en fækkað, en tvær fjölskyldur hafa sest að í sveitarfélaginu. Þar á meðal eru sjö börn undir fermingu, þar af þrjú á leikskólaaldri. Það er 100% aukning í skólanum sem er ekki lengur minnsti skóli á landinu, en fjölgunin tengist líka starfi skólans. Engu að síður eru íbúar mjög fáir. Svæðið er jafn einangrað sem fyrr, því fátt hefur gerst í samgöngumálum og jafnvel færst til verri vegar, með því að dregið hefur úr snjómokstri og flugferðum fækkað. En það er mikil samstaða meðal íbúa og á því byggir búsetan, að mati viðmælenda okkar í Árneshreppi.

Fundað var með sveitarstjórnunum Strandabyggðar, Árneshrepps og Kaldrananesshrepps og kaupfélagsstjóra Kaupfélags Steingrímsfjarðar og atvinnuráðgjafa AtVest á Hólmavík. Fóru þeir fundir fram í september 2010. Þá var fundað með framkvæmdastjóra Hólmadrangs í júní 2011.


## Íbúapróun

Íbúum á Ströndum fækkaði um 30% á árabílinu 1994-2005. Frá þeim tíma hefur íbúum á svæðinu fjölgað lítillega. Hlutfallslega hefur fækkað mest í Árneshreppi eða um 50%, á Drangsnæsi um 35%, í dreifbýli öðru en Árneshreppi um 35% en minnst á Hólmavík um 20%.






Fækkun er í nær öllum aldurshópum á Ströndum. Langmest er hún í yngstu aldurshópunum þ.e. 40 ára og yngri en þar hefur fækkað um yfir 250 manns. Það leiðir af sér að aldurskiptingin er orðin skekkt.



**Skipting íbúa á Ströndum eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**


Fæddum börnum fækkaði á tímabilinu um tæpan helming og með sama áframhaldi mun það leiða til þess að um náttúrulega fækkun verður að ræða innan ekki mjög margra ára. Hafa skal þó í huga að fólki hefur ekki fækkað á Ströndum allra síðustu ár og haldi sú þróun áfram með aðflutningi fólks á barnseignaldri má vera að þróunin snúist að einhverju leyti við.



**Fæddir og dánir á Ströndum á fjögurra ára tímabilum**


Brotfluttir voru 40-50 fleiri en aðfluttir árin 1995-1998. Árin þar á eftir dró verulega úr þessum neikvæða flutningsjöfnuði og hefur íbúafjöldi staðið nokkuð í stað undanfarin ár.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Aðfluttur/brotfluttur á Ströndum 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur verið lágt á Ströndum eða um og yfir 1%. Ekki hafa orðið umtalsverðar breytingar á fjölda þeirra en um fáa einstaklinga er að ræða.



Hlutfall erlendra ríkisborgara á Ströndum 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Sveitarfélögin Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð eru öll með frekar þröngan rekstur en á móti kemur að á þeim hvíla ekki miklar skuldir.

Tap var á rekstri Strandabyggðar bæði árin 2009 og 2010 en veltufé frá rekstri lítilla jákvætt. Rekstur sveitarfélagsins er því nokkuð þungur. Skuldir og skuldbindingar eru hins vegar um 85% af tekjum og því langt undir viðmiði sveitarstjórnarlaga.

Í Kaldrananeshreppi var rekstur sveitarfélagsins lítilla neikvæður á árinu 2010 og veltufé frá rekstri sömuleiðis, skuldir eru 36% af tekjum. Árneshreppur er einn minnsti sveitarsjóður landsins og velti um 34,5 milljónum kr. á árinu 2010 en á móti kemur að hann er einn skuldlettasti sveitarsjóður landsins hvort sem reiknað er í krónum eða hlutfall af tekjum.

## Atvinnulíf

Atvinnulíf á Ströndum ber mörg sömu einkenni og annars staðar á Vestfjörðum. Einhæfni atvinnulífs, mikilvægi sjávarútvegs og landbúnaðar. Vöxtur er í ferðaþjónustu, m.a. tengt samgöngubótum, en einnig er galdrasýningin og starfsemi henni tengd mikilvægt aðdráttarafl. Þekkingarsetur á Hólmavík er lyftistöng á margan hátt. Hólmadrangur er lykilyfirtæki á Hólmavík og starfsemi kaupfélagsins öflug. Drangur er stærsti vinnustaðurinn á Drangsnesi, ef metið er í stöðugildum. Margir starfa í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu sem aukastarf. Í þorpinu er kaupfélag og skóli með nokkur störf. Í Árneshreppi er skólinn stærsti vinnustaðurinn. Þar er einnig kaupfélag og útibú sparisjóðsins.

### Sjávarútvegur:

Strandamenn, ekki síður en aðrir Vestfirðingar, byggja afkomu sína mjög á sjávarútvegi. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

#### Fyrirtækin:

- Rækjuvinnslan Hólmadrangur er stærsta fyrirtækið á Hólmavík fyrir utan sveitarfélagið. Starfsmenn eru 24 talsins. Mestallt hráefni er keypt erlendis frá.
- Smábátaútgerð á Hólmavík hefur staðið í stað, en hugsanlega verður breyting á með strandveiðunum.
- Verið er að koma upp fiskvinnsluhúsi á Hólmavík. Svo er fiskmarkaður í nýju húsi.
- Hjá fiskvinnslunni Drangi starfa um 10 manns. Sveitarfélagið á rúm 30% í Drangi. Drangur er mjög mikilvægt fyrirtæki fyrir samfélagið.
- Það gengur vel með grásleppuna á Drangsnesi á vorin. Hún hefur verið flutt til Húsavíkur og er notuð í hrognavinnslu, en holdið (kjötið) selt til Kína. Spurning hvort það er vinnsla sem borgar sig.
- Saltfiskvinnsla á Drangsnesi stóð frammi fyrir vanda vegna Evrópureglna um íblöndunarefni til að hvíta fiskinn, en þetta mál er ógnun víðar.
- Aukning er í grásleppuveiðum í Árneshreppi, þaðan er stutt á miðin og heimamenn verka grásleppuna.

#### Fiskeldi:

- Kræklingarækt frá Drangsnesi lofar góðu, en það þarf að vinna meira í markaðsmálum. Því fylgja rannsóknir sem nýtast fleirum. Slík vinnsla er ekki farin almennilega af stað á landinu, kræklingurinn hefur mest verið fluttur úr ferskur. Það eru samt möguleikar fyrir hendi, t.d. í vinnsluhúsinu, og hætta á að missa frumkvæðið með vinnsluna til annarra ef ekki verður eitthvað að gert.

#### Staðan og framtíðarhorfur:

### Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík

Stofnað árið 1898 og er með elstu kaupfélögum á landinu.

**Starfsemi:** Verslun á Hólmavík sem var endurskipulögð árið 2011 þegar söluskáli var sameinaður verslunarrekstrinum og eru þar líka seldar veitingar. Rekur einnig dagvöruverslanir á Drangsnesi og í Norðurfirði auk byggingavöruverslunar á Hólmavík.

**Starfsmenn:** um 18, fer eftir árstíma.

### Hólmadrangur Hólmavík

Fyrirtækið Hólmadrangur ehf. var stofnað árið 1978 og rekur fullkomna rækjuvinnslu á Hólmavík sem hefur verið mikið endurnýjuð og byggð upp á undanförunum árum. Rækjuvinnsla hefur verið rekin samfelt á Hólmavík frá árinu 1965 eða í yfir 40 ár.

**Starfsemi:** Rækjuvinnsla. Unnið úr 7-8000 tonnum árlega.

**Starfsmenn:** alls 24, fáir erlendir starfsmenn.

#### **Keypt á markaði til vinnslu:**

Upphaflega byggðist rækjuvinnslan upp í kringum veiðar á innfjarðarrækju úr Húnaflóa, en seinni ár hefur innflutt frosið hráefni verið uppistaðan í vinnslunni. Mestöll rækjan er keypt erlendis frá, frá Noregi og Kanada en eitthvað innanlands og hefur verið að aukast með auknum rækjuveiðum í Djúpi.

- Nýtt líf færðist í höfnina í Norðurfirði með strandveiðunum og gott fyrir höfnina að fá meiri hafnargjöld og það er verslað í búðinni o.fl.
- Rekstur Hólmadrangs gengur vel, en hugsanlega er það áhættuþáttur að fyrirtækið sé svo háð markaði með hráefni.
- Á Drangnesi hefur frá því fundir voru haldnir verið stofnað fyrirtækið Strandaskel sem selur ferska bláskel.

### **Ferðabjónusta:**

Strandir draga að sér þúsundir ferðamanna árlega. Afþreyingarmöguleikar vaxa ár frá ári sem og framboð á veitingum, ekki síst á Hólmavík þar sem eru t.d. nokkur veitinga- og kaffihús. Talsverður straumur ferðamanna er til Hólmavíkur, en skilar sér ekki á svæðin í kring, t.d. á Drangnes, fólk virðist fremur halda áfram á Ísafjörð. Það vantar aukið framboð á þjónustu fyrir hópa, t.d. fuglaskoðun, eða heilsutengda ferðabjónustu og aukna gistimöguleika og hótél. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

#### *Gisting og veitingar:*

- Ferðamönnum hefur fjölgað mikið í Árneshreppi. Handverkshúsið er vel sótt, sem og sundlaugin í Krossnesi. Kaffi Norðurfjörður er nýr veitingastaður. Gistirými hefur aukist, byggð voru tvö smáhýsi og gamla frystihúsinu var breytt í skálagistingu. Heimagisting er á tveimur stöðum og í húsi Ferðafélagsins.
- Gistihúsið og veitingasalan í fjörunni á Drangnesi var opnað fyrir fáeinum árum. Það er lokað að vetrinum en mögulegt að opna fyrir hópa. Svo er heimagisting.

#### *Afþreying:*

- Boðið hefur verið upp á siglingar frá Norðurfirði á Hornstrandir í nokkur ár. Hótél Djúpvavík býður upp á gönguferðir, kajakleigu, sjóstöng og skoðunarferð um verksmiðjuna.
- Miklir möguleikar eru á fuglaskoðun í Strandabyggð. Búið er að byggja fuglaskoðunarhús. Einnig er siglt út í Grímsey (á Steingrímsfirði) til að skoða lunda o.fl. og verið er að markaðssetja hvalaskoðun.
- Pottarnir þrír í fjöruborðinu á Drangnesi eru mjög mikið notaðir bæði af bæjarbúum og ferðamönnum. Sveitarfélagið sér um reksturinn og byggð hefur verið upp hreinlætisaðstaða.
- Á Drangnesi er hugmynd um hrognkelsasafn í þróun, það er komið húsnæði en vantar sýningaraðstöðu.
- Verið er að lagfæra sundlaug í Bjarnarfirði, nýr rekstraraðili á Laugarhóli, á Bakka er fyrirtæki að skipuleggja ferðir, einnig er verið að byggja upp á Svanshóli.

#### *Ýmis atriði:*

- Ferðamannastraumur til Strandabyggðar jókst mikið með galdrasýningunni og hefur verið vaxandi s.l. 10 ár. Galdrarnir gefa ótal möguleika, t.d. hefur verið rætt um að setja upp eitthvað í Trékyllisvík.

### **Landbúnaður:**

Talsverður landbúnaður er á Ströndum. Rætt var um þörf á frekari þróun matvælaframleiðslu bænda og sölu beint frá býli. Þá var einnig rætt um þá tilhneigingu að verktakar skrái starfsemi sína sem ehf sem aftur þýðir minni tekjur sveitarfélagsins vegna skattafríðinda. Slík starfsemi getur t.d. verið aukabúgrein bænda. Umræðan um ehf. kom upp víðar en á Ströndum, sérstaklega í tengslum við tekjur sveitarfélaga af atvinnustarfsemi. Eftirfarandi kom fram á fundunum:

- Það þarf rýmri reglur um heimavinnslu. Bændur framleiða hin ýmsu matvæli, í Árneshreppi eru t.d. matvinnslu hefðir sem finnast ekki annars staðar. Í Strandabyggð eru tveir aðilar sem selja beint frá býli. Beint frá býli hjálpar fólki til að fara löglegar leiðir með eigin framleiðslu, en það eru dýrar leiðir. Hér á landi eru í raun miklu meiri hömlur en annars staðar, t.d. í ESB-löndum þar sem gefnar eru undanþágur fyrir svona heimaframleiðslu.
- Það vantar sláturhús á svæðið, nú þarf að flytja skepnur til slátrunar á Norðurland eða á Selfoss, sem er of langt.

- Þetta er hreint svæði, engir sauðfjársjúkdómar og t.d. selt fé á fæti þaðan til annarra landshluta. Á því mætti byggja, bæði varðandi sölu beint frá býli og ferðapjónustu. Yfirleitt er lítil nýliðun í landbúnaði.



Gangnamenn í Árneshreppi haustið 2010

Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

#### **Þjónusta, iðnaður:**

Á Hólmavík er trésmiðja, en hvorki bílaverkstæði né vélsmiðja. Þar er hárgreiðslustofa, snyrtistofa, veitingastaður og kaffihús, en sumt bara opið að sumrinu.

#### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Opnun þróunarsetursins á Hólmavík breytti miklu fyrir samfélagið. Í húsnæðinu sem sveitarfélagið lagði til er til húsa Fræðslumiðstöð Vestfjarða, náttúrustofa, menningarráð, Þjóðfræðistofa, AtVest og fleiri aðilar með eina 12 starfsmenn samtals. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Starfsemi þróunarseturs á Hólmavík hefur jákvæð áhrif og má byggja frekar á því.
- Vatnavinir er klasaverkefni sem m.a. varðar heitar laugar og það tengist líka hafinu. Veisla að vestan er annar klasi með mikla áherslu á sjávarfang. Þessir klasar tengjast vaxtarsamningnum.
- Sérþekking, hefðir, menntun og reynsla íbúa á Vestfjörðum tengist hafinu eða sjávarútvegi.

## **Velferðarmál og samfélag**

#### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Í þjónustukönnuninni var spurt um löggæslu, heilsugæslu, dvalarrými fyrir aldraða, lækni og tannlækni. Löggæsla er á Hólmavík og fyrir allt svæðið. Heilbrigðisþjónusta fyrir Strandabyggð var sameinuð við heilbrigðisþjónustu Vesturlands. Heilsugæslustöð er á Hólmavík og lækni búsettur þar. Sérfræðingar koma á staðinn, tannlæknar líka. Það eru engar fæðingar þar, en það er ungbarnaeftirlit. Með því að málefni fatlaðra hafa komið yfir til sveitarfélaganna eykst mögulega aðgengi að sérfræðingum. Samlag verður um málefni fatlaðra við Reykhólahrepp og önnur sveitarfélög í Strandasýslu. Stofnuð hefur verið félagsþjónusta Stranda og Reykhóla með sameiginlegan félagsmálastjóra (gerðist 2011). Íbúar í Kaldrananeshreppi sækja lækniþjónustu á

Hólmavík. Árneshreppur hefur algjöra sérstöðu varðandi þennan þjónustuþátt vegna samgangna, alla vega að vetrinum. Heilbrigðisþjónusta hefur verið skopin niður, einnig við Árneshrepp. Þangað er nú komið einu sinni í mánuði (var tvisvar í síðustu skýrslu). Eftir að vegir lokast kemur læknir á vélsleðum, jafnvel gönguskíðum. Ef eitthvað er að þá er sjúkraflug.

#### **Húsnæði:**

Talsvert var rætt um húsnæðisskort og frístundabyggð á fundunum á Ströndum eins og víðar. Hlutfall svokallaðrar frístundabyggðar er mjög hátt t.d. á Drangsnesi. Hins vegar skortir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði á öllu svæðinu og húsnæðisskortur er mikill í Strandabyggð. Þessi atriði voru m.a. rædd á fundunum:

- Á Drangsnesi eru öll hús sem losna keypt af utanaðkomandi, líklega þegar um 10 hús, eða a.m.k. fjórðungur íbúðarhúsanna. Eigendurnir eru yfirleitt lítt virkir í samfélaginu. Það eru samt undantekningar. Hættan er sú að þessi hús séu þá alveg farin í slíka eigu og t.d. ekki hægt að fá þau leigð, enda er leiga lág og gefur ekki miklar tekjur. Þá getur fólk sem vill koma til að setjast að ekki fengið húsnæði. Sveitarfélagið getur ekki keypt hús sem losna.
- Drangur á fjórar íbúðir sem í raun er eina leiguhúsnæðið í hreppnum og starfsmenn Drangs eru þar. Kaldrananeshreppur á eitt hús í Bjarnarfirði og eitt hús fyrir skólastjórnann og íbúð í skólanum. Ekkert félagslegt húsnæði.

#### **Fjölmening:**

Eitthvað er um að Pólverjar búi á svæðinu. Svipað og á öðrum svæðum Vestfjarða var talað um hve erfitt sé að virkja þá í samfélagið. Þeir eru samt sagðir duglegir, jákvæðir og hressir.

## **Umhverfi**

#### **Orku- og sorpmál:**

Á Ströndum hefur fundist heitt vatn í Hveravík, skammt frá Drangsnesi og það gefur ýmsa möguleika. Þessir punktar komu fram um orkumál:

- Í Árneshreppi var rætt um möguleika á virkjun Hvalár og að það fái 3ja fasa rafmagn. Mörg tæki krefjast 3ja fasa rafmagns og það háir atvinnustarfsemi að hafa það ekki. Nóg heitt vatn í Krossnesi, en þyrfti að dæla því yfir og það krefst 3ja fasa rafmagns. Raforkuverð er alltof hátt.
- Ótryggt rafmagn er á öllum Vestfjörðum og 3-fösun í sveitirnar er forgangsmál. Það hamlar framleiðslu t.d. í landbúnaði að hafa það ekki. Orkubúið gæti lagfært þetta, en kostnaður er svo mikill að það borgar sig ekki. Það er dýrt að setja í jörð – þó má hafa í huga að viðgerðirnar kosta líka. Svo er rafmagnið líka dýrt, en átti ekki að vera dýrara í dreifbýlinu, en annað varð raunin. Dreifingarkostnaðinum var bætt á notendur. Það þarf að hækka niðurgreiðslur til húshitunar þar sem er rafmagnskynding.
- Engin hitaveita er í Strandabyggð. Heitt vatn er á Drangsnesi og Hveravík og jarðhiti í Tungusveit, en ekki búið að finna vatnið þar. Hitaveita myndi skapa tækifæri.
- Hitaveita er í öllum húsum á Drangsnesi. Það eru 13 ár síðan fyrsta húsið var tengt.
- Vatnið er ekki nógu öruggt á Hólmavík, það þarf að efla vatnsveituna með kostnaðarsömum framkvæmdum. Hólmadrangur notar stærstan hluta af vatninu.

#### **Samgöngur:**

Eins og víðar á Vestfjörðum voru samgöngumál mjög til umræðu á fundunum. Annars vegar er bjartsýni í Strandabyggð vegna hins nýja vegar um Arnkötludal sem er mikil samgöngubót, auk þess sem samstarf á Vestfjörðum og Vesturlandi kann að breytast vegna þessa. Hins vegar eru neikvæðu

hliðarnar, vondir malarvegir norður eftir og einangrun Árneshrepps að vetrinum þegar færð þyngist. Flug á Gjögur er mjög mikilvægt fyrir íbúana á svæðinu. Þessi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Snjómokstur í Árneshrepp og flug á Gjögur hefur dregist saman. Þetta kemur m.a. niður á ferðapjónustunni. Flug á Gjögur hefur verið tvisvar í viku allt árið, en 2010 var ferðum fækkað um helming. Flutningabíll kemur einu sinni í viku yfir sumarið. Ernir sjá um flugið, en Vegagerðin ákveður þjónustuna. Aksturstími flutningabílsins er frá byrjun júní til lok október.
- Völlurinn á Gjögri er í vondu ásigkomulagi og Ernir vilja ekki nota hvaða vél sem er í flug þangað og senda einshreyfilsvél sem er bannað að nota í farþegaflutningi. Ef flugið væri betra þá myndi það betur þjóna ferðapjónustunni og nýting flugsins yrði ekki slæm. Ef fólk keyrir ekki bíl, þá kemst það ekki suður fyrir minna en viku á þessu tímabili, t.d. fólk sem þarf lækni meðferð. Allt þarf að panta fyrir lokun vegarins yfir veturinn, ekki síst alla stóra hluti.
- Vegalengdin sem einangrar Norðurfjörð eru bara 36 km. Það er mokað frá Gjögri í Norðurfjörð. Ef vegurinn yrði færður upp um eina snjómokstursreglu (lægsta þjónustustig), þá ætti að moka af og til.
- Vegurinn er fær öllum bílum en ekki öllum bílstjórum. Vörubílstjórnir lenda oft í vandræðum ef þeir mæta bíl.
- Vegurinn um Arnkötludal breytir augljóslega mjög miklu. Fyrir íbúana hafa lífsgæðin aukist mjög mikið. Áhrifin verða bæði jákvæð og neikvæð, t.d. spurning með áhrif á verslunina. Kaupfélag Steingrímsfjarðar hefur brugðist við með uppbyggingu og sameiningu verslunar og veitingaskála í eitt hús.
- Hafnir eru í niðurníðslu og það hamlar t.d. ferðapjónustu. Það er mikil aukning ferðamanna á sjó, t.d. á sjóstöng, en lítið fé lagt til hafnanna, það er t.d. ekki klósettaðstaða við bryggjurnar.
- Gsm-samband er tryggt, en ekki alveg í sveitirnar. Tölvusamband er komið, en full hægfara. Hins vegar er ekki ljósleiðari. Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum er mikilvæg.
- Eftir að vegurinn um Arnkötludal kom hefur meira verið landað í höfninni á Hólmavík. Það hefur í för með sér aukin hafnargjöld sem og afleidd störf.
- Snjómokstur er sex daga vikunnar á Drangnes. Vegir í Bjarnarfirði eru mokaðir tvisvar í viku. Vegirnir þangað eru hálfgerðir troðningar. Það eru þungatakmarkanir á Bjarnarfjarðarhálsi haust og vor. Það átti að fara að laga veginn og setja nýja brú þegar hrúnið varð. Það þarf skólaakstur yfir á Kaldrananes og sá vegur er líka gamall moldarvegur. Þar eru tvö börn sem sækja skóla. Íbúar úr Bjarnarfirði sækja einnig vinnu á Drangnes. Þessi vegarkafli stoppar líka flutninga í Árneshrepp.
- Mikið er ógert í samgöngumálum. Heilsársvegur í Árneshrepp (Strandavegur nr. 643) myndi styrkja byggð á svæðinu öllu. Enn eru 39 km af Innstrandavegi nr. 68 með malarslitlagi, þetta er sá vegur sem íbúar fara á degi hverjum. Ónýtt einbreitt slitlag og hættulegt er á kafla í Bitrufirði. Víða á svæðinu er slyshætta, hættulegar beygjur, einbreiðar brýr og vegrið vantar víða.
- Þjónusta við vegi um vetrartímann skiptir miklu máli, mokstur og háلكuvarnir. Nauðsynlegt er að taka upp heilsársþjónustu við veginn norður í Árneshrepp og efla þarf háلكuvarnir í sýslunni allri.
- Engar almenningsamgöngur eru milli Strandabyggðar og Árneshrepps eða um sunnanverðar Strandir.

## Verslun og þjónusta

Hólmavík er stærsti þéttbýliskjarninn á Ströndum. Þar starfar Kaupfélag Steingrímsfjarðar og er með útibú á Drangnesi og Norðurfirði. Verslunin á Hólmavík hefur verið endurbætt, bæði varðandi opnunartíma og verslun og veitingar. Í þjónustukönnuninni var spurt um 15 þjónustuþætti (sjá spurningalista í viðauka). Ekki eru allir þessir þjónustuþættir til staðar á Hólmavík. Þar er t.d. ekki lágvöruverðsverslun sem er þá sótt í Borgarnes eða á Ísafjörð (sama gildir um hina staðina), ekki bakarí, bókhaldsþjónusta, vélsmiðja, múrari eða bifreiðaverkstæði. Sú þjónusta iðnaðarmanna sem á

skortir er sótt á Borðeyri eða í Búðardal. Reykjavík er einnig nefnd sem þjónustustaður. Nokkrir punktar sem fram komu á fundunum:

- Íbúar Árneshrepps sækja eitthvað þjónustu til Hólmavíkur, en í raun miklu meira til Reykjavíkur, leiðin þangað er greiðari. Flugíð tekur 40 mínútur.
- Verslunin á Drangnesi er minna opin að vetrinum sem getur verið bagalegt fyrir sumarhúsa eigendur, en venjulegur opnunartími er á sumrin.
- Hjá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar starfa 15 manns og það er með tvö útibú auk verslunar og veitingasölu á Hólmavík. Kaupfélagið á 50% hlut í Hólmadrangi og hlut í fiskmarkaði og fiskvinnslunni Drangi á Drangnesi. Það stendur vel og vegabætur og endurbætur á fyrirtækinu munu mjög líklega skila sér í aukinni verslun.

## Menntun

Á fundunum kom fram eftirfarandi (tölur um nemendafjölda eru fyrir skólaárið 2010-2011):

- Í skólanum á Drangnesi eru 13 eða 14 börn og þar starfa þrír við kennslu. Í skólanum á Hólmavík eru 90 börn.
- Íbúar á Ströndum vilja fá framhaldsdeild eins og t.d. á Patreksfirði. Ef ekkert slíkt er í boði á svæðinu verður brottfall úr námi. Framhaldsdeild mætti stofna í samstarfi við önnur sveitarfélög, t.d. Kaldrananeshrepp, Dalabyggð og Reykhólasveit. Það er erfitt bæði félagslega og fjárhagslega fyrir fjölskyldur að þurfa að senda börn 16 ára gömul burt í framhaldsskóla. Dreifbýlis- eða jöfnunarstyrkur er allt of lágur og því fer víðs fjarri að hann jafni aðstöðumun fólks eftir búsetu. Það getur verið fjölskyldum ofviða fjárhagslega að senda börn sín í framhaldsskóla burt af svæðinu.
- Ekki er 10. bekkur í Árneshreppi, börnin geta ekki valið hvort þau fara að heiman og þess vegna fara þau öll í framhaldsskóla og ganga nánast öll menntavegin. Börnin fara þangað sem ættingjarnir eru, ekki endilega á Hólmavík. Þar er engin heimavist.
- Unglingar úr Strandabyggð fara víða í framhaldsskóla, en þó ekki á Ísafjörð. Mikið til Akureyrar, annars á Akranes, Selfoss og til Reykjavíkur. Á tímabili fóru krakkar á Sauðárkrók en ekki núna. Almenningsamgöngur heim skipta miklu máli.
- Á Drangnesi er 10. bekkur og það skiptir máli. Sumir unglingar fara í MA, aðrir í VMA, Akranes, annars misjafnt. Ef það kæmi framhaldsdeild á Hólmavík myndu krakkarnir nýta það og jafnvel fullorðið fólk.
- Ef hægt væri að nýta hús Þróunarsetursins á Hólmavík undir Fræðslumiðstöðina væri hægt að byggja upp fjarnám.

## Menning

Samkvæmt svörum við þjónustukönnuninni er menningarlíf fjölbreyttast á Hólmavík af þessum þremur svæðum. Þar er m.a. starfandi leikfélag og mikið um aðkomna menningarviðburði. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

- Íbúum fjölgar í Árneshreppi á sumrin, öll hús eru setin (gjarnan brottfluttir sem eiga hús). Hins vegar er sá galli á að fólk sem vill setjast að fær ekki húsnæði. Sumarbyggðin styrkir samt vetrarbyggðina. Tónleikar og sýningar hafa verið t.d. í handverkshúsinu Kört. Að vetrinum sér heimafólk sjálft um að skemmta sér. Þorrablót er annað hvert ár, en nánast allir hittast aðra hverja viku yfir veturinn.
- Það er öflug menningarstarfsemi í Strandabyggð, kórastarf, árleg leiksýning (leikfélag), tónleikahald. Líka kvenfélag, Lions o.fl. félög. Íbúahátíðin Hamingjudagar er haldin á Hólmavík í júlí. Mest heimafólk og brottfluttir sem sækja hátíðina.
- Bryggjuhátíðina á Drangnesi sækja nálægt 1000 manns, bæði heimamenn og utanaðkomandi. Hátíðin hefur breytt ásýnd staðarins. Það er boðið upp á sjávarréttahlaðborð við frystihúsið, fólk fær að smakka ýmislegt tengt sjónum. Svo eru sýningar, fótbolti, markaðstjald, ball og varðeldur og sjósund.



## Sameining, samstarf

Þetta kom fram á fundunum:

- Mynda á þjónustusvæði vegna málefna fatlaðra í samstarfi Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar og væntanlega verður Reykhólahreppur með í því samstarfi.
- Með veginum um Arnkötludal opnast auknir möguleikar á samstarfi vestur á við, sérstaklega við Reykhólahrepp. Samstarf er um félagsþjónustu og barnavernd á Ströndum; og líklegra að það samstarf verði skoðað vestur á við eftir samgöngubæturnar. Landslagið á Vestfjörðum breyttist með veginum um Arnkötludal. Menn eiga eftir að átta sig á því að nú er best að hafa fundi í vestfirsku samstarfi á t.d. Hólmavík, ekki Ísafirði.
- Það er meiri umræða um samstarf en sameiningu. Á að þröngva sveitarfélögum til sameiningar gegnum framlög Jöfnunarsjóðs? Hann borgar allt að helmingi allra tekna lítilla sveitarfélaga. Það er miklu betra að láta sveitarfélög sameinast með lögum en að svelta þau til hlýðni.
- Hugmyndir um Háskóla hafsins tengist ekki svo mjög Ströndum, því svæðið er svolítið einangrað frá öðrum hluta Vestfjarða. Háskóli hafsins er of þröng skilgreint verkefni, frekar ætti að tala um svæði uppbyggingar á sviði menntunar, menningar og ferðaþjónustu.
- Það mætti bæta og auka samstarf á Vestfjörðum, en kannski eru landfræðilegar ástæður fyrir því að hvert svæði vinnur mest fyrir sig. Vestfirðir væru sterkari rödd gagnvart ríkisvaldinu sem ein heild.
- Það er að mörgu leyti kostur að búa í fámennu samfélagi, boðleiðir eru stuttar og flestir geta skipt sér beint af málum. En sum mál, t.d. barnaverndarmál, eru í samstarfi við aðra. Félagþjónusta í fámennum sveitarfélögum snýst fyrst og fremst um heimaþjónustu.
- Nokkrir íbúar Drangsness sækja vinnu til Hólmavíkur, t.d. á sjúkrahúsið. Svo er samstarf varðandi íþróttir og tónlistarkennslu. Sveitarfélagið styrkir börn til að þau geti sótt þetta starf til Hólmavíkur.
- Lítil áhugi er á sameiningu við önnur sveitarfélög í Kaldrananeshreppi. Búið að kjósa tvisvarþrisvar og alltaf fellt með miklum meirihluta. En samvinnan er góð engu að síður.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Á fundunum komu fram þessi atriði:

- Í Árneshreppi er gott mannlíf, en þjónustustig þarf að hækka. Fólk vill ekki búa við þessar aðstæður.
- Það er grundvöllur fyrir fraktflutningum í Árneshrepp. Það fer mikið þúður fyrir verslunina í Norðurfirði og hótelið í að redda hlutunum, sendingar bregðast og þá þarf að bíða í viku.
- Staða mála t.d. með sýslumannsembættið er í óvissu. Hugsanlega verður lokað, þar eru tvö og hálf stöðugildi sem fer niður í hálf. Og þá þarf að sækja þjónustuna um langan veg, það eru ekki bara stöðugildi sem tapast. Stærstu byggðakjarnarnir mega ekki alltaf fá opinberu störf. Það þarf að auka tækifæri fyrir menntað fólk og sú starfsemi sem er þegar til staðar skapar tækifæri. Flutningur á einu fámennu ríkisfyrirtæki eða verkefni ríkisins til Hólmavíkur væri leið til að mæta þessu.
- Áætlanir séu gerðar til langs tíma, ekki 2ja-3ja ára og svo taki óvissan við. Stuðningur ríkisvaldsins þarf að vera til staðar og heildstæð sýn í atvinnuuppbyggingu.
- Ríkið er að gera hlutina erfiða fyrir sveitarfélögin með því að lækka skatta og útsvar. Allir fara yfir í ehf og borga minni skatt, því ehf borgar ekki útsvar. Ríkið ætlaði að efla atvinnulífið með þessu, en útsvarstekjur lækka.
- Helsta tekjulindin í litlu sveitarfélagi eru framlög Jöfnunarsjóðs og svo útsvarið. Menn vilja ekki láta breyta Jöfnunarsjóði og óttast að það komi niður á litlu sveitarfélögum.

- Refa- og minkaveiðar eru erfiður baggi fyrir landstór, dreifbýl og fámenn sveitarfélög. Mjög mikilvægt er fyrir þessi sveitarfélög að veiðar og greiðslur verði samræmdar undir stjórn ríkisvaldsins, t.d. Umhverfisstofnunar. Óheppilegt er þegar mismunur er milli nágrannasveitarfélaga um reglur og veiði. Á Ströndum fellur sérstaklega til kostnaður vegna nágrennis við friðlandið á Hornströndum og ríkisvaldið þarf að jafna þann aðstöðumun.
- Afar mikilvægt er að ríkisvaldið styðji áfram við uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu. Ríkið hefur stutt við uppbyggingu Galdrasýningar og Sauðfjárseturs á Ströndum og mikilvægt er að ljúka þeirri uppbyggingu til að verkefni hafi öll þau samfélagslegu áhrif sem stefnt var að í upphafi.
- Sparisjóður Strandamanna er með höfuðstöðvar á Hólmavík og útibú í Árneshreppi. Afar mikilvægt er að litlum sparisjóðum sem hafa staðið sig vel verði gert kleift að starfa áfram, en ekki sé þrengt að þeim við björgunaraðgerðir hinna sem óvarlega fóru. Á Hólmavík er einnig útibú frá Arion banka.
- Það þarf að auka tækifæri fyrir menntað fólk á Ströndum, stofna og efla rannsóknar- og fræðasetur og tryggja rekstur þeirra.
- Það þarf að efla frumkvöðlastarfsemi áfram. Það skortir fleiri atvinnutækifæri, þau eru að aukast í ferðaþjónustu, en ferðaþjónustan er fjársvelt. Það mætti taka Finna til fyrirmyndar sem hafa náð miklum árangri varðandi vetrarferðaþjónustu.



**Þróunarsetrið á Hólmavík** Ljósmynd: Sigurður Árnason

- Skattlagning á olíu er eitt stærsta vandamálið og mun stærra en kyndingarkostnaður. Flutningskostnaður er mjög stór liður, t.d. fyrir fyrirtækin. Of miklar vegalengdir, t.d. til að sækja vinnu. Olúgjald er landsbyggðaskattur. Allt sem við kaupum að ber þennan skatt og er gríðarlegur kostnaður. Innbyggður kostnaður fyrir landsbyggðina, fyrirtækin þurfa þá að borga lægri laun ef þau eiga að hafa svipaða afkomu og fyrir sunnan. Þetta er láglaunasvæði og betra að vera á bótum en að sækja vinnu langa leið. Eða t.d. læknisþjónustu sem menn geta þurft að sækja í allt að 500 km leið!

## Tækifæri til eflingar

Margar hugmyndir um framtíð Vestfjarða bar á góma á fundunum, hvort heldur var á norðan- eða sunnanverðum, eða á Ströndum. Það voru bæði hugmyndir um einstök svæðabundin verkefni, eða stærri verkefni eða áætlanir fyrir allt svæðið. Á fundunum komu m.a. fram eftirtaldar hugmyndir:

- Í Árneshreppi kom fram hugmynd um að nýta rekavið í kurl fyrir hesta eða eitthvað annað, þótt verið sé að nýta rekaviðinn mætti nýta hann betur.
- Betra er að fá mörg og smærri fyrirtæki, viðbót við það sem fyrir er, t.d. þróunarsetrið, fleiri fræðistörf, eitthvað menningartengt, eitthvað í ferðaþjónustu. Þetta er jaðarsvæði en með sérstöðu og nú í alfaraleið vestur á firði. Hólmavík er komin í miðjuna á Vestfjörðum og það skapar tækifæri, t.d varðandi gistingu, ráðstefnur o.fl.
- Tillaga Strandabyggðar á fjórðungsþinginu 2010 var að stefna að því að Vestfirðir sem heild verði umhverfisvottað svæði, það skapar tækifæri varðandi ímynd í ferðaþjónustu, en myndi líka nýtast fyrirtækjunum, t.d. í matvinnslufyrirtækjum. Umhverfisvottun á Snæfellsnesi hafði góð áhrif þar.
- Það vantar aukna gistimöguleika, t.d. hótél á Hólmavík.
- Á Drangsnesi eru miklir möguleikar í kræklingarækt.
- Ferðaþjónusta á mikla möguleika, það mætti líka ná aukinni vetrarferðamennsku og fá hópa, t.d. fundi og ráðstefnur. Þá mætti gera út á fuglaskoðun í samstarfi við Reykhólahrepp.
- Fiskvinnslan á Drangsnesi býr við ýmsir kosti; það er stutt á miðin, góð þekking til staðar, lítil starfsmannavelta, góð framleiðsla.
- Heita vatnið í Hveravík skapar tækifæri. Hugsanlega finnst meira heitt vatn. Hugsanlega væri hægt að leiða hitaveitu út fyrir þorpið.
- Það mætti koma upp aðstöðu fyrir sjóböð í fjörunni í Norðurfirði. Sagt er að það sé frábært að synda þar.
- Það er mikil og merkileg jarðfræðisaga á Vestfjörðum, þótt margir kunni að halda annað. Jarðfræðisafn væri möguleiki. Hornstrandir eru vannýtt svæði, en erfitt um skipulag og nýtingu vegna eignarhalds.
- Hægt væri að byggja upp og efla fjarnám gegnum fræðslumiðstöðina á Hólmavík.
- Leggja mætti aukna áherslu á galdrabemað í uppbyggingu ferðaþjónustu og markaðssetningu á svæðinu, þar eru ótal möguleikar. Mikilvægast af öllu er þó að Galdrasýningu á Ströndum verði gert kleift að ljúka þeirri uppbyggingu sem stefnt var að í upphafi.

## NORÐURLAND VESTRA

Norðurland vestra nær frá Hrutafirði að vestan og inn á Tröllaskaga í austri. Sveitarfélög í landshlutanum eru sjö, en hér eru fjögur þeirra til umfjöllunar. Landsvæði þessara sjö sveitarfélaga nær yfir 13.105 km<sup>2</sup>. Þau fjögur sem hér er fjallað um eru Húnaþing vestra og þar með talinn Bæjarhreppur sem sameinaðist Húnaþingi vestra í janúar 2012, Húnavatnshreppur, Blönduóssbær og Sveitarfélagið Skagaströnd. Þessi fjögur (fyrrum fimm) sveitarfélög ná yfir alls 7.072 km<sup>2</sup>. Á Norðurlandi vestra búa ríflega sjö þúsund manns, þar af 2.885 í þessum fjórum sveitarfélögum. Í Húnaþingi vestra eru tveir þéttbýliskjarnar, Hvammstangi og minni kjarni á Laugarbakka. Tveir þéttbýliskjarnar eru í hinum sveitarfélögum, Blönduós og Skagaströnd.

Bæjarhreppur sameinaðist Húnaþingi vestra í janúar 2012, en þegar skýrsluhöfundar voru í gagnaöflun og heimsóttu svæðið var fundað með þáverandi sveitarstjórn og liggur sá fundur m.a. til grundvallar þessari umfjöllun. Því er víða fjallað um Bæjarhrepp sem slíkan, þótt hann sé ekki lengur til sem sjálfstætt sveitarfélag.

Þóroddur Bjarnason telur í greiningu sinni eðlilegt að fjalla um Húnavatnssýslur og Skagafjörð sem tvö aðskilin svæði. Hann flokkar Húnavatnssýslurnar sem varnarsvæði, en Skagafjörður fellur hins vegar undir vaxtarsvæði ásamt m.a. Eyjafjarðarsvæðinu (Þóroddur Bjarnason, bls. 9-12). Það hefði því mátt fjalla um öll sveitarfélög í Húnavatnssýslu, bæði austur og vestur, sem eitt svæði í stað þess að skipta í vestur- og austursvæði eins og hér er gert. Það er í samræmi við gömlu sýslumörkin, nema hvað tilkoma Bæjarhrepps í Strandasýslu breytir myndinni. Það er af ýmsum ástæðum eðlilegt að skipta þessu svona, t.d. eru þetta tvö vinnusóknarsvæði, annars vegar svæðið út frá Hvammstanga, sem er frá Borðeyri og að Vatnsdal, en hins vegar nágrenni Blönduóss sem nær líka yfir Skagaströnd og dalina í Austur-Húnavatnssýslu. Austursvæðið skarast svo við vinnusóknarsvæði Sauðárkróks (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011). Hvammstangi er mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur og íbúar Húnaþings vestra sækja mikið þjónustu suður yfir Holtavörðuheidi. Austur-Húnavatnssýsla liggur mun nær Skagafirði og Akureyri og því eðlilegt að þaðan sé leitað þjónustu austur á við.

Mikið samstarf var milli Húnaþings vestra og Bæjarhrepps fyrir sameiningu. Bæjarhreppur hafði (ári fyrir sameiningu) gengið úr Fjórðungssambandi Vestfjarða og fengið aðild að SSNV, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Eflaust spila margir þættir inn í þessa þróun mála. Með vegi um Arnkötuldal töldu ýmsir að útséð væri um vegabætur gegnum Bæjarhrepp og norður Strandir og því vandséð að íbúar hreppsins gætu átt samstarf við sveitarfélög á Ströndum með góðu móti. Meginhluti byggðarinnar liggur nær Húnaþingi vestra og samgöngur þangað eru ágætlega greiðar. Byggðin við Hrutafjörð er einnig eitt vinnusóknarsvæði.

Samgöngur eru í allgóðu horfi á svæðinu, enda liggur þjóðvegur eitt í gegn og ýmsir tengivegir eru malbikaðir. Vegir í Bæjarhreppi eru að mestu malarvegir og ekki alltof góðir. Einnig eru slæmir malarvegir víða í Húnavatnssýslum. Eftir að vegurinn yfir Þverárfjall var opnaður hefur samstarf austur á við aukist og dæmi um að fólk úr Austur-Húnavatnssýslu sækji vinnu á Sauðárkrók, og öfugt. Landshlutinn er sá eini utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar þar sem ekki eru flugsamgöngur. Eina vegaverkefnið á samgönguáætlun fyrir þetta svæði er lagning nýs vegar milli Skagastrandar og Blönduóss (Samgönguáætlun bls. 179). Vegalengdir eru sýndar í eftirfarandi töflu:


Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Akureyri	Hvammstangi	203
	Blönduós	144
Reykjavík	Hvammstangi	197
	Borðeyri	171
	Skagaströnd	267
	Blönduós	244
Hvammstangi	Borðeyri	42
	Laugarbakki	9
Sauðárkrókur	Skagaströnd	52
	Blönduós	47
Blönduós	Skagaströnd	23
	Húnavellir	19

www.vegagerdin.is

Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustuþætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Svör bárust ekki úr Húnaþingi vestra. Þá var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörum, en þau gefa engu að síður vísbandingu um viðhorf þessa hóps. Svarendur á Norðurlandi vestra voru 30 af 286 alls. Greinargerð um viðhorfskönnuna er að finna í viðauka með þessari skýrslu.

#### Nokkrar niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í fjórum (fimm) sveitarfélögum á Norðurlandi vestra:


- Svipað hlutfall sagðist ætla að flytja á næstu fimm árum á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Austurlandi, eða um 40% svarenda. Hafa þeir í huga að svarhlutfall var lágt og svarendur af þessu svæði einungis tæplega 30. Engu að síður gefa svörin nokkra vísbandingu.



Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?


- Um 27% svarenda á svæðinu sögðu atvinnulíf mjög eða frekar fjölbreytt, sem er hærra hlutfall en í öðrum landshlutum. Engu að síður telur meirihluti að atvinnulíf sé frekar eða

mjög einhæft, svipað og í öðrum landshlutum. Fjölbreytni í atvinnulífi á Skagaströnd hefur aukist, sem kann að einhverju leyti að skýra svörin. Atvinnutækifæri voru talin í meðallagi eða slæm, í við verri fyrir karla en konur.



Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft?

- Um 80% svarenda þótti verðlag á matvöru hátt í sinni heimabyggð og skorar einungis Austurland hærra í þessari spurningu. Svarendur á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra versla oftast einu sinni til þrisvar í mánuði utan heimabyggðar.



Hvernig finnst þér verðlag í dagvöruverslun/um í þínu byggðarlagi?

- Um 70% svarenda í könnuninni sögðu að það væri frekar eða mjög mikill skortur á íbúðum til leigu. Á Norðurlandi eystra sögðu 17% framboðið vera mjög eða frekar gott en í öðrum landshlutum var þetta sama hlutfall innan við 5%. Almennt virðist vera bæði skortur á leiguhúsnæði og húsnæði til sölu heimabyggðum þátttakenda.
- Rúmlega helmingur þátttakenda sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða, eða 56%. Þátttakendur á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Suðausturlandi

voru hlutfallslega flestir á þeirri skoðun að vegir til og frá byggðarlaginu væru mjög eða frekar góðir.

- Þættir sem snerta málefni fjölskyldunnar, eins og skólamál og öruggt umhverfi vega þyngst í hugum svarenda, þegar þeir gefa búsetuþáttum umsögn.

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfra, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.



Fótboltaleikur á Blönduósvelli

Ljósmynd: Sigurður Árnason

## Húnaþing vestra

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum í Húnaþingi vestra fækkaði um 23% á árunum 1994-2011.
- Eldra fólki fjölgaði en mikil fækkun varð í aldurshópnum 0-39 ára.
- Þetta er landbúnaðarsvæði. Sjávarútvegur (rækjuvinnsla) á Hvammstanga hefur dregist mjög saman og störfum í iðnaði hefur einnig fækkað, en fjölgað í þjónustu.
- Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga er mikilvægur vinnustaður með störf fyrir háskólamenntaða.
- Staðarskáli er mikilvægur vinnustaður fyrir íbúa dreifbýlis, en bændur og búalið þurfa gjarnan að hafa önnur störf með búskapnum.
- Ferðaþjónusta er að byggjast upp á svæðinu eins og víðar á landinu.
- Starfsemi Selaseturs er mjög mikilvæg og á vegum þess eru bæði rannsóknir og ferðaþjónusta.
- Sparisjóðsmálið var ógnun við samfélagið, eftir að íbúar tóku þátt í stofnfjárukningu úr 19 m.kr. í 1,9 milljarð. Af 200 stofnfjáreigendum voru flestir búsettir á þessu svæði.

### Svæðið

Bæjarhreppur sameinaðist Húnaþingi vestra í ársbyrjun 2012 og var því ennþá sérstakt sveitarfélag þegar unnið var að þessari skýrslu. Skýrsluhöfundar funduðu með hreppsnefndinni og sá fundur liggur að hluta til til grundvallar umfjöllun þessa kafla. Því er stundum fjallað um hann hér sem sérstakt svæði. Fundir fóru fram í febrúar 2011. Umfjöllun þessa kafla byggir einnig á fundi með atvinnuráðgjafa og framkvæmdastjóra SSNV (Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra) í júní 2011.


Á því svæði sem hér er til umfjöllunar eru tveir þéttbýliskjarnar, Hvammstangi (fj. 550) og minni kjarni á Laugarbakka (fj. 45) og þess utan er fámennur kjarni á Borðeyri (mannfjöldi ekki skráður á vef Hagstofu).

### Íbúáþróun

Íbúum í Húnaþingi vestra (og Bæjarhreppi) fækkaði úr 1.545 í 1.186 á tímabilinu sem hér um ræðir. Það er fækkun upp á 23%. Fækkunin var nokkuð stöðug fram yfir aldamótin 2000 en eftir það var íbúatalan stöðug í nokkur ár en síðan tók aftur að fækka síðustu ár. Ef litið er til einstakra svæða hefur fækkað mest á Laugarbakka um 47%, í dreifbýlinu um tæplega 25% en minnst á Hvammstanga, ríflega 18%. Konur er fleiri en karlar og hafa verið frá 2006.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fjöldi karla og kvenna í Húnaþingi vestra árin 1994-2011

Fólksfækkun er í öllum aldurshópum undir fimmtugu, en nokkur fjölgun er í aldurshópnum milli fimmtugs og sjötugs. Yfir 40% fækkun hefur orðið í aldurshópnum 0-20 ára og um þriðjungur fækkun í aldurshópnum 20-39 ára.




Skipting íbúa í Húnaþingi vestra eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011

Veruleg fækkun ungs fólks í Húnaþingi vestra hefur leitt til nokkurrar fækkunar fæddra barna sem kom fram á tímabilinu 2007-2010.




Fæddir og dánir í Húnaþingi vestra á fjögurra ára tímabilum

Brottflyttir voru fleiri en aðflyttir næstum öll árin sem skoðuð voru. Mestur var munurinn árin 1994 og 1995 en þá voru brottflyttir umfram aðflytta um og 60 manns hvort ár.



Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu og skýrist það af sveiflum á fjölda kvenna en hlutfall karla hefur verið nokkuð stöðugt um 3-4%. Konur voru framan af mun færri eða um 1% en fjölgaði verulega upp úr aldamótum og urðu yfir 4% en hefur síðan fækkað aftur niður undir 1%.



## Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

Fjárhagsstaða Húnaþings vestra hefur verið þokkaleg. Mikill taprekstur var á árinu 2009 en hann skýrðist að mestu af niðurfærslu eignarhluta í Sparisjóði Keflavíkur. Tap varð einnig á árinu 2010 en bæði árin var veltufé frá rekstri jákvætt. Skuldir sveitarfélagsins námu rúmum 830 milljónum kr. í árslok 2010 sem var um 90% af reglulegum tekjum. Bæjarhreppur var skuldlítið sveitarfélag í árslok 2010 en skuldir þess námu um 23,5 milljón kr. en sveitarfélögin sameinuðust um síðastliðin áramót.

## Atvinnulíf

Atvinnulíf hefur breyst í Húnaþingi vestra. Þar var mikil rækjuvinnsla og útgerð því tengd, en dróst saman. Störfum í hefðbundnum greinum og iðnaði hefur fækkað, en fjölgað í opinberum geira og í þjónustu, t.d. verslun. Heilbrigðisstofnunin á Hvammstanga er einn stærsti vinnustaðurinn í Húnaþingi vestra með 50-70 starfsmenn. Flestir starfa þó hjá sveitarfélaginu, eða um 100 starfsmenn

í um 70 stöðugildum. Fyrrum Bæjarhreppur er dreifbýli og byggir mest á landbúnaði. Fyrir utan landbúnaðinn og skólann er gistiheimili á Borðeyri, en engin verslun lengur né sjoppa þar. Staðarskáli er mikilvægur vinnustaður fyrir íbúana. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Í Húnaþingi vestra er rekið sláturhús á vegum Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og Kaupfélags Skagfirðinga (KS), eitt þeirra fimm stærstu á landinu.
- Vöxtur á Hvammstanga er mestur í opinberri þjónustu.
- Saumastofan á Hvammstanga hætti starfsemi, en þrjóna- og saumastofan Kidka tók við og þrjónar voðir og rekur verslun.
- Ný fyrirtæki eru í ferðaþjónustu.
- Í Bæjarhreppi er sauðfjárrækt og tvö kúabú. Fyrir sameiningu var sveitarfélagið stærsti vinnuveitandinn, en nokkrir starfa í Staðarskála. Auk þessa er bifreiðaverkstæði og smá ferðaþjónusta á Borðeyri.

#### **Sjávarútvegur:**

Lítill útgerð er eftir á Hvammstanga, en þó eru tvær útgerðir með neta- og línubát og einn dragnótabát. Rækjuvinnslan Meleyri er enn starfandi en er miklu minna fyrirtæki en áður var. Vinnslan er stopul og byggir á aðkeyptu hráefni. Um 90% starfsmanna eru erlendir. Hafnarmannvirki og starfsemi hafnarinnar er þungur baggi á sveitarfélaginu eins og víðar.

#### **Ferðaþjónusta:**

Eftirfarandi kom fram á fundunum:

##### *Gisting og veitingar:*

- Bændur hafa byggt upp ferðaþjónustu með farfuglaheimilum og á vettvangi ferðaþjónustu bænda. Jafnvel hætt með hefðbundinn búskap, eins og t.d. á Gauksmýri, Ósum á Vatnsnesi, Brekkulæk og Dæli.
- Það skortir gistimöguleika og það háir uppbyggingu í ferðaþjónustu. Gisting er eingöngu í dreifbýli, en á Hvammstanga er gistiheimili í heimahúsi. Í Laugabakkaskóla er Edduhótel á sumrin. Gistihúsið að Staðarflöt í Hrutafirði er opið allt árið. Tjaldsvæði eru á Hvammstanga og Laugarbakka. Í Tangahúsi á Borðeyri er farfuglaheimili.
- Í Víðigerði er boðið upp á veitingar og gistingu. Á Reykjum eru skólalúðir reknar af sveitarfélagi og rekstraraðila. Þar er einnig ferðaþjónusta, sem og byggðasafn.

##### *Afbreyting:*

- Á Brekkulæk er boðið upp á hestaferðir og gönguferðir.
- Ný fyrirtæki í ferðaþjónustu, m.a. Selasetur Íslands, Sveitasetrið á Gauksmýri, Ferðaþjónustan á Ósum, Ferðaþjónustan í Dæli, Brekkulækur, Selasigling ehf.
- Selasetrið á Hvammstanga hefur skapað mikla starfsemi og miklar væntingar tengjast því. Á vegum þess er safn og sýning um selinn, auk rannsóknastarfsemi. Þar eru þrjú heilsárs stöðugildi og allt að átta starfsmenn á sumrin. Selasetrið á samstarf við Hólaskóla, Veiðimálastofnun o.fl. Fyrirtækið Brimill gerir út á selaskoðun og býður upp á sjóstangaveiði. Kaffihúsið Hlaðan er við hliðina á Selasetrinu.
- Grettistak var menningartengd ferðaþjónusta, þar sem átti að byggja upp þematengda sýningu, tengda Grettissögu. Til staðar er sýning, húsnæði og leiksvæði fyrir víkingaleika á Laugarbakka, sem er árviss víkingahátíð í ágúst. Svo er líka sveitamarkaður í sama húsnæði, t.d. beint frá býli og handverk. Markaðurinn er vel sóttur.
- Á Borðeyri er verið að skoða tækifæri í ferðaþjónustu, t.d. endurbætur á Riis-húsi. Ýmsar hugmyndir eru um nýtingu þess.

#### **Landbúnaður:**

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Það er vöxtur í hestamennsku og mikill árangur í ræktun.

- Starfsemi sláturhússins á Hvammstanga hefur aukist. Þar er stærsta nautgripaslátrun á landinu. Samstarf er við KS og verkaskipting þannig að meiri hrossaslátrun er á Hvammstanga og meiri úrvinnsla. Þar er vottuð aðstaða til matvælavinnslu.
- Nýliðun hefur orðið í landbúnaði á nokkrum búum á Vatnsnesi og í fyrrum Bæjarhreppi einnig. Býli í fyrrum Bæjarhreppi eru 15 talsins. Bændur þurfa að sækja vinnu annað og algengt að konurnar vinni t.d. í Staðarskála eða í skólanum.

#### **Þjónusta, iðnaður:**

Í Húnaþingi vestra er talsvert fjölbreytt þjónusta. Þessi atriði komu fram á fundum okkar:

- Í Húnaþingi vestra eru tvö véla- og bifreiðaverkstæði, bílasala, tannlæknir, gullsmiður, hárgreiðslustofa, fjármálaþjónusta og hefðbundin þjónusta iðnaðarmanna svo sem pípara, málara, vélaverktaka, jarðvegsverktaka, rafvirkja og fleira. Á þjónustofunni starfa 5-6 manns.
- Fæðingarorlofssjóður hóf starfsemi á Hvammstanga árið 2007 og þar starfa 12 manns, flest konur. Ýmis störf við Fæðingarorlofssjóð krefjast háskólamenntunar og fjórir starfsmenn fluttu á staðinn til að starfa þar. Forsvar er einkarekið fyrirtæki sem sinnir bókhaldsþjónustu.

## **Velferðarmál og samfélag**

#### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta:**

Hjá heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga (Heilbrigðisstofnun Vesturlands) er heilsugæsla og öldrunarþjónusta, dvalarheimili eða öldrunardeild, sem og sjúkrarými. Við stofnunina eru tvö stöðugildi lækna og 3-5 hjúkrunarfræðingar. Illa hefur gengið að fá lækna til starfa þarna. Heilbrigðisstofnunin sameinaðist Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi þegar stofnunum var fækkað og sameinaðar árið 2010. Tannlæknirinn á Hvammstanga sinnir einnig Búðardal og Hólmavík. Löggæsla hefur dregist saman.

#### **Húsnæði:**

Það var líf í fasteignamarkaði á Hvammstanga fyrir hrún og verð fór hækkandi, enda flutti fólk á staðinn á þessum tíma. Eftir það hefur ríkt stöðnun. Framboð húsnæðis er þó nokkurt, en lítil eftirspurn. Lítið af leiguhúsnæði en næg eftirspurn, fólk vill síður kaupa. Sveitarfélagið á 20 íbúðir, félagslegar og almennar leigubúðir, t.d. tengt skólunum og þá sameign með ríkinu. Kennaraíbúðir eru á Hvammstanga, Laugarbakka og á Reykjum. Sveitarfélagið hefur selt húsnæði, en ekki allt, því það er alltaf eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Íbúðir standa aldrei auðar í langan tíma. Á Borðeyri er nokkuð af húsum í frístundaeign.

## **Umhverfi**

#### **Orku- og sorpmál:**

Haustið 2010 var verið að leggja hitaveitu á Borðeyri og átti að leiða í hús sumarið 2011, en þó eingöngu á Borðeyri, ekki í sveitum.

#### **Samgöngur:**

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Það mætti lækka veginn um Holtavörðuheidi og það, ásamt Sundabraut, væri besta samgöngubótin.
- Það er mikil atvinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli. Vegir innan Húnaþings vestra eru víða vendir malarvegir og eru t.d. hindrun fyrir ferðaþjónustu og skólaakstur. Það mætti setja á þá klæðningu eins og þeir eru til að spara kostnað.
- Umferð hefur minnkað norður Strandir með vegi um Arnkötludal, sérstaklega að vetrinum. Þungaflutningar eru farnir af þessari leið og þessi minnkandi umferð gerir að verkum að veginum er ekki haldið við, en þetta eru malarvegir og stundum mjög slæmir.

## Verslun og þjónusta

Á Hvammstanga er verslun, byggingavörudeild o.fl. á vegum kaupfélagsins og þjónustustig er þokkalegt. Verslun á Hvammstanga stendur ágætlega varðandi matvöru, byggingarvöru og vefnaðarvöru. Verslunin Hlín selur gjafavöru o.fl. og svo er rekin verslun tengd þjónustofunni og söluskáli. Ekki er verslun á Laugarbakka. Verslun og þjónusta er meira sótt suður en austur á við. Það skiptir um milli austur- og vestur Húnavatnssýslu, íbúar Blönduóss sækja t.d. þjónustu til Skagafjarðar og Akureyrar. Engin verslun er lengur á Borðeyri. Ekki er hefð fyrir að sækja þjónustu í Búðardal þótt þangað sé ekki langt. Malarvegur yfir Laxárdalsheiði kann að spila þar inn í.

## Menntun

Í Húnaþingi vestra er einn grunnskóli en þrjár deildir, eða kennslustaðir. Á Hvammstanga er 1.-4. bekkur, en 5.-10. bekkur á Laugarbakka. Á Borðeyri eru nemendur 1.-7. bekkja. Tölur um fjölda nemenda miðast við skólaárið 2010-2011. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

- Nemendur grunnskólans eru um 170 og hefur fjölgað og eins í leikskóla. Skólinn á Borðeyri er fyrir 1.-7. bekk og voru 12 börn þar. Átta nemendur úr Bæjarhreppi voru í 8.-10. bekk á Laugarbakka haustið 2010 og foreldrar skiptust á að keyra þau. Í Húnaþingi vestra er flókið net skólaaksturs með einar 10 leiðir. Lengsti akstur aðra leið er um 65-70 km í fyrrum Bæjarhreppi.
- Leikskóli er á Hvammstanga. Nýbúið að byggja við leikskólann og eru rúmlega 70 börn. Sjö börn eru í dagvistun sem er í skólahúsinu á Borðeyri. Engar dagmæður starfa í sveitarfélaginu. Akstursstyrkir eru greiddir til foreldra úr dreifbýli.
- Húnaþing vestra á aðild að FNV (Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra) og unglingar hafa sótt skóla þangað, en einnig til Akureyrar og víðar. Áhugi er fyrir því að fá framhaldsskóladeild fyrir fyrstu tvö skólaárin sem útibú frá FNV og verið er að undirbúa það sem hluta að sóknaráætlun landshluta. Húsnæði og búnaður er til staðar. Þetta er mál sem snertir byggðáþróun, fólk fer með börnunum og það er dýrt að senda krakkana burt.

## Menning

Í Húnaþingi vestra er gott framboð menningarstarfs og viðburða. T.d. kórastarf, unglitahátíð síðustu helgi í júlí, þjónaklúbburinn Langafit, sviðamessa í október, fjöruhlaðborð á vorin. Þessir viðburðir eru vel sóttir. Þorablót er haldið í fyrrum Bæjarhreppi, svo er þar búnaðarfélag, ungmennafélag og kvenfélag. Íbúar svæðisins sækja talsvert til höfuðborgarinnar, enda samgöngur þangað greiðar.

## Sameining, samstarf

Fyrir sameiningu sóttu íbúar Bæjarhrepps mikið þjónustu í Húnaþingi vestra. Víðtækt samstarf var fyrir hendi og Bæjarhreppur keypti margvíslega þjónustu af Húnaþingi vestra. Bæjarhreppur var líka kominn inn í samstarf SSNV, í stað Fjórðungssambands Vestfjarða. Börn úr efri bekkjum grunnskóla sóttu skóla í Húnaþingi vestra. Það var samstarf um íbúðir fyrir aldraða, um skóla og félagsmál.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Mikið var fjallað um sparisjóðsmálið svokallaða á fundunum. Forsaga þess var sú að sparisjóðir Bæjarþings, Húnaþings og Stranda sameinuðust 1998 og sá sparisjóður sameinaðist Sparisjóði Keflavíkur árið 2007. Stofnfé var aukið í tveimur áföngum, úr 19 mkr. í 1,9 milljarð. Um 200 stofnfjáreigendur, þar af um 140 í Húnaþingi vestra og Bæjarhreppi tóku þátt í þessu og tóku lán fyrir aukningunni. Af þessu höfðu margir þungar áhyggjur og ástandið hafði mikil áhrif á íbúana, enda beinlínis fjárhagsleg ógnun við marga á svæðinu. Í desember 2011 urðu þau tíðindi að Landsbankinn

felldi niður hluta þessara skulda og staðan því breytt. Þetta mál var mikið rætt á fundunum og er í raun ekki alveg til lykta leitt og því eðlilegt að gera grein fyrir því hér. Þessi atriði voru rædd:

- Á Norðurlandi vestra eru hlutfallslega mörg opinber störf, þótt þeim hafi reyndar fækkað þvert á loforð. Með flutningi Fæðingarorlofssjóðs til Hvammstanga flutti menntað fólk heim aftur. Slíkar aðgerðir skila árangri, t.d. hækkar menntunarstig.
- Það átti að standa vörð um lánastofnun í héraði sem hefði skilning á þörfum í héraði. Menn voru nánast skyldugir til þess að hjálpa, en auðvitað var líka gróðahyggja. Jafnvel vanskilafólk fékk að kaupa fyrir tugi milljóna. Bréfið var trygging – sem fólk taldi ekki það sama og veð. En þetta var allsherjar sjálfskuldaábyrgð. Menn héldu að sparisjóðurinn væri skyldugur til að kaupa bréfin aftur, menn þyrftu í mesta lagi að borga einhverja vexti. Þannig var málið sett upp. Fólk hafði engar forsendur til að skilja þetta. Nokkrir aðilar hefðu beinlínis orðið gjaldþrota ef gengið hefði verið að þeim. Það var mikil óvissa.
- Skattlagning á olíu er eitt stærsta vandamálið og mun stærra en kyndingarkostnaður. Flutningskostnaður er mjög stór liður, t.d. fyrir fyrirtækin. Olíugjald er landsbyggðaskattur. Innbyggður kostnaður fyrir landsbyggðina, fyrirtækin þurfa þá að borga lægri laun ef þau eiga að hafa svipaða afkomu og fyrir sunnan.

### **Stoðkerfið:**

Höfuðstöðvar SSNV eru á Hvammstanga, en starfsstöðvar atvinnuráðgjafar eru víðar á Norðurlandi vestra. Þessi atriði komu fram á fundunum (og eiga við svæðið allt):

- Þjónusta atvinnuráðgjafarinnar er þó nokkuð notuð á svæðinu. Atvinnuráðgjafarnir hafa gjarnan samband við fyrirtækin af fyrra bragði, benda þeim á tækifæri og þvílíkt. Konur sækja þjónustu SSNV ekki síður en karlar.
- Á Skagaströnd var atvinnuráðgjafi á vegum sveitarfélagsins og líka í Húnaþingi vestra og Skagafirði. Auk þess er Nýsköpunarmiðstöð með starfsstöð á Sauðárkróki. Fólk veit ekki hvert það á að leita, þetta fyrirkomulag er of flókið. Það væri skynsamlegt að vera með „one-stop-shop“, einn stað þangað sem þeir sem ætla að starta fyrirtæki geta leitað.
- SSNV er tilbúið að koma að endurskipulagningu stoðkerfisins. Viðkomandi aðilar, þ.e. Byggðastofnun, SSNV, Nýsköpunarmiðstöð o.fl. gætu búið til sameiginlega aðgerðaáætlun. Stuðningskerfi bænda þarf líka að vera með. Mynda mætti sameiginlegan vettvang, tilraunaverkefni, stilla saman strengi allra aðila. Oft verið að gera sömu hlutina án þess að menn tali saman. Fámennir stýrihópar í verkefnum og stofnanir leiði til skiptis. t.d. SSNV leiði eitt, Imprá annað o.s.frv. Þetta verður rætt við gerð landshlutaáætlunar.

### **Tækifæri til eflingar**

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Það mætti fylgjast með Starfatorgi.is. Mörg störf gætu verið utan Reykjavíkur og það mætti bjóðast til að vista þau. „Störf án staðsetningar“. Það mætti t.d. vista störf sem snerta menntamál, það er engin ástæða til að staðsetja þau í Reykjavík ef um er að ræða störf á landsvísu. Þessi hugmynd er í raun fyrir allt svæðið og þess vegna þótt víðar væri leitað.

## Austur-Húnavatnssýsla

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum á svæðinu fækkaði um rúm 22% á tímabilinu 1994-2011.
- Fólki undir fimmtugu fækkaði um 30-40% en fjölgaði í aldurshópnum yfir fimmtugu.
- Yngri konur eru færri en karlar.
- Erlendum ríkisborgurum fjölgaði úr 1% í 6%.
- Sjávarútvegur var aðal atvinnuvegur á Skagaströnd, en nú hefur dregið úr mikilvægi hans og atvinnulíf orðið mun fjölbreyttara. Nefna má starfsemi Biopol, fræðasetur Háskóla Íslands og háskólasetur frá Hólum, Nes listamiðstöð og ekki síst Vinnumálastofnun þar sem starfa um 25 manns.
- Blönduós er þjónustubær, m.a. við landbúnað. Þar er talsverð iðnaðarstarfsemi með framleiðsluiðnað eins og t.d. Vilko, Ísgel og ullarþvottastöðin Ístex.
- Blönduvirkjun skapar tekjur fyrir Húnavatnshrepp og einnig störf fyrir íbúana.
- Miklar væntingar hafa verið um byggingu gagnavers rétt við Blönduós sem gæti skapað fjölda starfa ef af yrði.
- Ferðaþjónusta er í vexti og margt í uppbyggingu, t.d. tengt Vatnsdal og sögu hans, söfn og setur, nýir veitingastaðir o.fl.
- Hveravellir tilheyra Húnavatnshreppi og þangað er mikill straumur ferðamanna, en vantar talsvert á grunngerðina.
- Margar góðar laxveiðiár eru á þessu svæði.
- Listamiðstöðin Nes skapar Skagaströnd sérstöðu og dregur að sér bæði listamenn og gesti.
- Opinberum störfum hefur fjölgað undanfarin ár með starfsemi Vinnumálastofnunar á Skagaströnd og innheimtu sektargreiðslna á Blönduósi.
- Þetta er kalt svæði að hluta, en nú stendur til að leggja hitaveitu frá Húnavöllum til Skagastrandar.
- Svæðið er eitt atvinnusvæði og íbúar sækja einnig vinnu yfir Þverárfjall, á Sauðárkrók, þótt það sé ekki í miklum mæli.

### Svæðið


Í þessum kafla er fjallað um þann hluta Austur-Húnavatnssýslu sem fellur undir skilgreiningu skýrslunnar. Það eru þrjú sveitarfélög, eða Húnavatnshreppur, Blönduóssbær og Sveitarfélagið Skagaströnd. Húnavatnshreppur er dreifbýli og byggir afkomu mest á landbúnaði. Tveir þéttbýliskjarnar eru í hinum sveitarfélagunum, Blönduós (fj. 812) og Skagaströnd (fj. 499).

Fundað var með sveitarstjórnnum allra sveitarfélaganna og fóru þeir fundir fram í mars 2011. Ekki var fundað með fyrirtækjum á svæðinu. Umfjöllunin byggir einnig á fundi með atvinnuráðgjafa og framkvæmdastjóra SSSNV í júní 2011.

### Íbúápróun


Þrátt fyrir að fjórða sveitarfélagið í Austur Húnavatnssýslu, Skagabyggð, sé ekki til umfjöllunar í skýrslunni er það tekið með hér í tölfræði um íbúápróun í sýslunni.

Frá árinu 1994 til 2011 fækkaði íbúum í Austur Húnavatnssýslu úr 2.444 í 1.903 eða um 541. Það gerir ríflega 22% fækkun. Fækkunin var stöðug allt tímabilið ef undan er skilið árið 2010 er íbúum fjölgaði lítillega. Ef horft er á þróunina eftir sveitarfélögum þá fjölgaði um fjóra í Skagabyggð en fækkaði verulega í hinum sveitarfélögum þremur. Fækkunin var um 27% á Skagaströnd, 24% í Húnavatnshreppi og 21% á Blönduósi.



Fjöldi karla og kvenna í Austur Húnavatnssýslu árin 1994-2011

Mikil fækkun var í öllum aldurshópum undir fimmtugu eða 30-40%. Aftur á móti var fjölgun í aldurshópnum 50-59 ára en aðallega meðal karla. Þá fjölgaði sextugum og eldri lítillega.




Skipting íbúa í Austur Húnavatnssýslu eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011

Afleiðing af fækkun ungs fólks á barnseignaraldri og hækkandi meðalaldur kemur skýrt fram í fækkun fæddra barna á tímabilinu, en þeim fækkaði um 40% milli tímabilanna 1995-1998 og 2007-2010. Að óbreyttu er ekki efni til að gera ráð fyrir öðru en að fæddum börnum á svæðinu haldi áfram fækka.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Austur Húnavatnssýslu á fjögurra ára tímabilum

Brottfluttir af svæðinu hafa verið umtalsvert fleiri en aðfluttir næstum öll árin frá 1994. Mestur var munurinn árið 1995 þegar hann var yfir 80 manns eða yfir 3%. Einnig var hann um og yfir 60 manns árin 1996, 1999, 2004 og 2011.



Aðfluttir/brottfluttir í Austur Húnavatnssýslu 1994-2011

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað hlutfallslega í Austur Húnavatnssýslu á meðan að íbúum þar í heild hefur fækkað. Í upphafi tímabilsins voru þeir um 1% íbúa en eru nú um 6%. Konur með erlent ríkisfang eru umtalsvert fleiri en karlar.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Austur Húnavatnssýslu 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Blönduósbær var rekinn með tapi árin 2009 og 2010 en var hins vegar með jákvætt handbært fé frá rekstri. Veruleg skuldaaukning varð á árinu 2010 aðallega vegna framkvæmda við nýja sundlaug og stóðu skuldir sveitarfélagsins í 1.180 milljónum kr. í árslok 2010 sem voru um 190% af tekjum, en skuldahámark samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum eru 150%.

Sveitarfélagið Skagaströnd stendur sterkt peningalega. Rekstarafkoma þess hefur verið jákvæð og veltufé frá rekstri verulegt sé miðað við tekjur. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins voru í árslok 2010 upp á 411 milljónir kr. Á móti því kom veltufé upp á 828 milljónir kr. Það þýðir að sveitarfélagið gæti greitt upp allar skuldir sínar og samt átt eftir 400 milljónir kr. í handbæru fé sem er nálægt ársveltu þess.

Húnavatnshreppur stendur einnig ágætlega. Lítilsháttar halli varð á rekstri hreppsins á árinu 2010 en veltufé frá rekstri var jákvætt. Skuldir námu í árslok 2010 um 125 milljónum kr. sem eru um 40% af tekjum en peningalegar eignir eru til fyrir meira en þeirri upphæð.

## Atvinnulíf

Sveitarfélögin þrjú eru um margt ólík. Margskonar iðnaðarstarfsemi er á Blönduósi sem einnig er þjónustubær fyrir svæðið. Skagaströnd er fyrrum útgerðarbær, þótt þar sé enn einhver sjávarútvegur, hefur mikilvægi hans minnkað en ýmislegt annað komið í staðinn, t.d. rannsóknarstarfsemi og vísir að ferðaþjónustu, auk þess sem störfum hefur fjölgað tímabundið á vegum Vinnuálastofnunar. Það er ekki mikið atvinnuleysi á Norðurland vestra m.v. aðra landshluta. Það eru þó hlutfallslega margir atvinnulausir á Blönduósi m.v. svæðið í heild. Það gæti m.a. skýrst af verkefnaleysi iðnaðarmanna. Húnavatnshreppur er landbúnaðarsveitarfélag, en flestir hafa aðra vinnu með og sækja vinnu á Blönduós, Skagaströnd, jafnvel í Skagafjörð. Fyrir utan landbúnaðinn sem er aðal atvinnugreinin, er ferðaþjónusta og vöxtur í henni. Undirbúningur að gagnaveri við Blönduós hefur staðið s.l. tvö ár og miklar væntingar á öllu svæðinu í tengslum við það verkefni. Á fundunum komu einnig fram eftirfarandi atriði:

- Á Blönduósi er Fiskverkunin Norðurströnd, þar er kjötafurðastöð og þó nokkuð fjölbreytt framleiðslu- og þjónustustarfsemi, fyrirtæki eins og Léttitækni, Stígandi, Ísgel og Vilko. Verktakafyrirtækið Krákur er með sumarhús og tjaldsvæði, sumarhótel er á Húnavöllum, Eyvindarstofa (opnaði 2011) og margt fleira. Á Blönduósi er heilbrigðisstofnunin stærsti vinnustaðurinn með 60-70 manns og svo bæjarfélagið með 60. Hjá sýslumanni og lögreglu eru 14 störf. Hjá Vilko starfa 4-6 manns. Tvö störf eru á vegum háskólaþess við Kvennaskólann.
- Hjá Vinnuálastofnun starfa um 25 manns. Hjá fyrirtækinu Biopol starfa um 5 manns. Háskóli Íslands opnaði nýlega fræðasetur þar. Menningarfulltrúi Norðurlands vestra er staðsettur á Skagaströnd. Svo er Nes listamiðstöð, Spákonuhof og Kántrýbær og þó nokkur þjónustuiðnaður. Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn, með nálægt 50 manns. Hjá Fisk Seafood starfa álíka margir að meðtöldum sjómönnum á togurum félagsins og um 5 starfsmenn keyra á Krókinn.
- Sveitarfélagið hefur komið að ýmsum verkefnum, t.d. Kaffi Bjarmanesi, Kántrýbæ og setrinu sem er í smíðum þar, Árnes við Bjarmanes og Spákonuhofi.
- Nes listamiðstöð á Skagaströnd er mjög áhugavert verkefni og áhrifin eiga eftir að skila sér til framtíðar. Verkefnið skilar miklu til samfélagsins, t.d. hafa listamennirnir komið inn í grunnskólann og auðgað starf þar. Gestirnir sækja þjónustu á staðnum. Árlega dvelja um 100 gestir við listamiðstöðina, hver að meðaltali í tvær vikur.

- Blönduvirkjun er í Húnavatnshreppi og sveitarfélagið fær fasteignagjöld af henni. Tekjurnar skipta mjög miklu máli í fjárhag hreppsins. Nokkrir íbúar hans starfa við virkjunina.
- Sú breyting hefur orðið s.l. 20 ár að fyrirtæki eru gjarnan hluti af stærri einingu, til dæmis varðandi flutninga, matvöruverslun o.fl. Rafmagnsverkstæðið á Blönduósi er t.d. hluti af Tengli á Sauðárkróki og matvöruverslunin er hluti af verslunarkeðjunni Samkaupum. Fyrirtækin hverfa úr eignarhaldi heimamanna, annað hvort á önnur svæði eða verða hluti af keðju. Þó svo þjónustan batni fylgir þessari þróun samt óvissa.
- Gagnaver er tækniiðnaður og mörg sprotafyrirtæki gætu sprottið í kringum það. Búið er að taka frá 270 hektara svæði rétt við Blönduós og skipuleggja fyrir þessa starfsemi, sem er geymsla á rafrænum gögnum fyrir Morgan-Stanley bankann. Í fyrstu er áætlað að til verði 20 störf við fyrirtækið og yrði kannski allt að 100 störf með tímanum.
- Á Blönduósi er hátt hlutfall opinberra starfa. Hjá lögreglunni starfa sex manns og þjóna allri sýslunni.
- Á Skagaströnd eru rúm 30 opinber störf, sem er óvenjulegt fyrir svo lítinn stað. Atvinnuleysistryggingasjóður (Vinnumálastofnun) er stærsti vinnustaðurinn og kom á staðinn vegna áhrifa frá hruninu. Þar eru 25 störf en var ætlað um 10 upphaflega.
- Austur-Húnavatnssýsl er eitt atvinnusvæði, t.d. sækja 10 manns frá Blönduósi og nágrenni vinnu á Skagaströnd, t.d. á Vinnumálastofnun, þar sem starfa næstum eingöngu konur. Eitthvað er um að fólk flytji á staðinn til að sinna þessum opinberu störfum. Annars vantar yfirleitt störf fyrir menntaða.

#### **Sjávarútvegur:**

Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

- Skagaströnd lifði á sjávarútvegi, flestir unnu í Hólanesi, í rækjunni eða voru á sjó. Vissulega er sjávarútvegur enn fyrirferðarmikill, því togari landar á staðnum og mikill hluti áhafnar búsettur þar. Engin vinnsla er á staðnum lengur. Þar er fiskmarkaður með talsverð umsvif. Örvar landar á Króknum en Arnar á Skagaströnd, en eignarhald og umsýsla er á Króknum. Svo eru grásleppuveiðar og smábátar í strandveiði.
- Fiskverkunin Norðurströnd á Blönduósi hefur átt í erfiðleikum með hráefnisöflun, margir dagar féllu niður í vinnslu í vetur (2010-2011). Vinnslan byggir á byggðakvóta og leigukvóta.

#### **Ferðaþjónusta:**

Margt hefur gerst í ferðaþjónustu á þessu svæði á undangengnum árum. Nefna má uppbyggingu á Þingeyrum, Vatnsdælverkefni, söfn og setur. Aðsókn að söfnunum á svæðinu eru um 4000 manns árlega. Eftirfarandi atriði voru einnig rædd á fundunum:

*Gisting og veitingar:*

- Húnaver er félagsheimili og ferðaþjónusta á sumrin, þar er tjaldsvæði og gisting. Gisting er einnig í félagsheimilinu Dalsmynni (við Auðkúlurétt).
- Á Blönduósi er vöxtur í ferðaþjónustu, t.d. með tilkomu veitingastaðarins Pottsins og pönnunnar, starfsemi sem gengur vel. Gott tjaldsvæði í eigu sveitarfélagsins, en einkaaðili með reksturinn. Sumarhúsum á tjaldsvæðinu hefur fjölgað og eru nú 21 talsins, sum í fastri leigu. Hóтелиð er lokað að vetrinum og það veikir ferðaþjónustu á svæðinu. Á Blönduósi er líka gistiheimili í gamla pósthúsinu, sem hóтелиð á. Potturinn sér um skólamáltíðir og er með veitingasölu opna allt árið. Fyrirtækið er að færa út kvíar með Eyvindarstofu á efri hæð, tengt sögum af Fjalla-Eyvindi. Þar er nú sýning og veitingarými.
- Það er lítið framboð á gistingu á Skagaströnd. Þó er heimagisting, eitt sumarhús, fjallakofi og skíðaskáli, gott tjaldsvæði, en ekkert hótel. Á Skagaströnd er Kántrýbær og veitingastaðurinn Bjarmanes sem bæði eru kaffi- og menningarhús, en Bjarmanes er lokað að vetrinum. Sveitarfélagið á húsið og leigir út til rekstrar. Einnig er boðið upp á veitingar í Kántríbæ og söluskálanum allt árið. Að vetrinum er opið virka daga vegna skólamötuneytis, svo á kvöldin um helgar og alltaf opið að sumrinu.

#### Afþreying:

- Til Húnavatnshrepps heyra margar perlur; Hveravellir, Vatnsdalur og Þingeyrar. Á Þingeyrum er kirkjan, klausturstofa og boðið upp á leiðsögn um staðinn. Sveitarfélagið ber ábyrgð á Hveravöllum og uppbyggingu þar og þangað koma tugir þúsunda ferðamanna á ári og Hveravellir eru líka vinsæll áfangastaður að vetrinum. Aðstaðan annar ekki aðsókn. Náttúran er viðkvæm og svæðið er friðað. Nokkrir fjölsóttir ferðamannastaðir landsins eru á valista, þ.á m. Hveravellir. Hveravallafélagið rekur þá þjónustu sem þar er og sveitarfélagið kemur að því. Ríkið á ekki aðild að þessu, en ætti að kosta það að hluta. Menn hafa velt fyrir sér gjaldtöku og ýmsum öðrum leiðum til að mæta kostnaði.
- Sundlaugin nýja á Blönduósi hefur trekkst að og ferðamenn staldra frekar við. Svo koma líka íþróttafélög til að æfa í lauginni.
- Golfvöllurinn er mikið aðdráttarafl á Skagaströnd. Hægt er að spila á þremur völlum sama daginn, á Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Í vinnslu er að hafa kort fyrir alla velli í samstarfi félaganna sem að þeim standa.
- Listamiðstöðin Nes er aðdráttarafl, þótt hún sé ekki opin sem ferðaþjónusta. Hjá Spákonuhofi er spáð fyrir fólki. Þar verður líka Þórdísarstofa þar sem saga Þórdísar spákonu er rakin í máli og myndum. Svipuð sýning er hjá Sögusetrinu í Öskjuhlíð. Þá hefur Kántrisetur verið opnað í Kántríbæ. Árnes, elsta húsið á staðnum var gert upp og er opið yfir sumarið.

#### Ýmis atriði:

- Á þessu svæði eru nokkur öflugustu laxveiðisvæði landsins. Laxveiðifélög leigja árnar. Leigan gefur tekjur til bænda, en annars koma veiðimennirnir oftast með allt með sér. Skilur vissulega lítið eftir af tekjum á svæðinu. Einn vannýttur möguleiki eru veiðihúsin. Vantar markaðssetningu og að einhver nýti þau tækifæri.
- Gestir Listamiðstöðvarinnar setja mark sitt á samfélagið. Þeir eru íbúar tímabundið, ekki ferðamenn. Samt engin þjónusta sem tengist þessu eins og vonast var til, t.d. engar ferðir, en unnið er að því að auka þjónustu við þá. Viðburðir í tengslum við miðstöðina hafa hins vegar dregið að gesti úr nágrenninu og víðar að.
- Það eru tvær stjórnir yfir Textílsafni og Heimilisiðnaðarsafni og tveir starfsmenn, en ætti kannski að samreka þetta. Kvennaskólinn er mjög fallett hús og þar gæti verið uppbygging.

#### Landbúnaður:

Auk hefðbundins landbúnaðar í Austur-Húnavatnssýslu eru þar margar af bestu laxveiðiám á landinu. Þessi atriði m.a. fram á fundunum:

- Landbúnaður í Húnavatnshreppi er blandaður, kýr, sauðfé og mikið af hrossum. Miklir möguleikar eru í sauðfjárrækt, t.d. er mikið landrymi. Töluvert er um að utanaðkomandi aðilar kaupi jarðir.
- Nokkrar laxveiðár á þessu svæði gefa tekjur. Nokkrar jarðir sem eiga veiðirétt hafa farið úr ábúð, en þessar jarðir eru eftirsóttar.
- Jarðir í Húnavatnshreppi eru um 100 talsins en ekki vitað um fjölda jarða í eigu utanaðkomandi, þ.e. ekki í fastri ábúð. Jarðir í utanaðkomandi eigu veikja samfélagið, þær skila líka litlu í tekjum.
- Í Blönduósbæ eru 20 jarðir í ábúð, þó er ekki búskapur á þeim öllum.
- Í Sveitarfélaginu Skagaströnd er ekki kúabúskapur en búið er með sauðfé og hross.
- Á svæðinu eru veiðivötn, en vantar upp á grunngerð og erfitt að vita t.d. hver á veiðirétt o.s.frv. Þó eru dæmi um að bændur bjóði upp á gistingu og veiði. Þessa þjónustu þyrfti að skipuleggja betur, kortleggja veiðina og skipuleggja þjónustuna í tengslum við aðra þjónustu á svæðinu.
- Mjólkurstöðin á Blönduósi hætti nýverið starfsemi.

#### Þjónusta, iðnaður:

Blönduós er þjónustubær, t.d. fyrir landbúnað, en þar er einnig framleiðsla. Miklar væntingar eru tengdar hugmyndum um gagnaver, en engin ákvörðun liggur fyrir enn. Nánari grein er gerð fyrir

hugmynd um gagnaver aftast í kaflanum, í umfjöllun um tækifæri. Þessi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Á Blönduósi eru nokkur framleiðslufyrirtæki, matvælaframleiðslufyrirtækið Vilko, trésmiðjan Stígandi sem gengur mjög vel á innréttingamarkaði. Léttitækni sinnir framleiðslu og þjónustu og rekur verslun í Reykjavík. Ísgel framleiðir gelpoka, kælipoka, annars vegar er matvælalína sem hefur verið nýtt í sjávarútvegi, hins vegar heilsulína sem nýtist sem bakstrr fyrir íþróttamenn. Ullarþvottastöð Ístex var flutt frá Hveragerði til Blönduóss fyrir um 10 árum og hefur gengið mjög vel, helst að vanti ull til að þvo. Þar vinna 10-12 manns á vöktum allan sólarhringinn.
- Á Blönduósi er tölvuþjónusta, pípulagningaþjónusta, verktakar á ýmsum sviðum, bifreiða- og dekkjaverkstæði, tvær hárgreiðslustofur, bókhaldsstofur og innheimtufyrirtækið Mótus með fimm stöðugildi.
- Á vélaverkstæðinu á Skagaströnd starfa um sex starfsmenn, tveir starfa á rafmagnsverkstæði og þessi verkstæði hafa sérhæft sig í þjónustu við sjávarútveg. Svo er þar trésmiðja með nokkra starfsmenn.
- Gámaþjónusta (sorphreinsun) fyrir Húnavatnssýslur er staðsett á Skagaströnd, endurvinnsla er í þróun í nýju húsi, þar starfa fimm manns. Þjónusta þeirra nær víðar um Norðurland. Sorpvinnsluvæði fyrir Norðurland vestra er staðsett í Austur-Húnavatnssýslu.

#### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Tvö háskólasetur eru á þessu svæði: Háskólasetur frá háskólanum á Hólum sinnir textílfraeði og hafísfræðum og er staðsett við Kvennaskólann á Blönduósi, húsnaði sem hefur verið endurnýjað að hluta. Á Skagaströnd er fræðasetur Háskóla Íslands, tengt sagnfræði. Á Skagaströnd er einnig sjávarlíftækniatriði Biopol með rannsóknir tengdar hafinu, en hjá Biopol eru fimm starfsmenn.

## **Velferðarmál og samfélag**

#### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Lögregla á Blönduósi þjónar allri Húnavatnssýslu. Heilbrigðisþjónusta er á Blönduósi og þjónar einnig Skagaströnd með lækniþjónustu, en hjúkrunarfræðingur er til staðar á heilsugæslustöðinni á Skagaströnd. Flestir íbúar Austur-Húnavatnssýslu sækja tannlæknaþjónustu á Sauðárkrók, þar sem enginn tannlæknir er á svæðinu. Dvalarrými fyrir aldraða eru bæði á Blönduósi og Skagaströnd. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Samdráttur hefur orðið á fjárframlögum til heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi sem veikir starfsemi hennar.
- Í tengslum við innheimtumíðstöð sektargreiðslna eru 12 störf á Blönduósi.
- Hnitbjörg er kjarni átta íbúða í eigu Blönduóssbæjar. Það eru íbúðir fyrir aldraða með sjálfstæða búsetu, án stuðnings. Sveitarfélögin í A-Hún. og Skagaströnd eiga þessar íbúðir saman. Svo er öldrunardeild við heilbrigðisstofnunina á Blönduósi. Sveitarfélögin veita heimilishjálp og heimsendingu á mat og styðja við félagsstarf aldraðra, en þessi þjónusta er að tilstuðlan byggðasamlagsins.
- Heilsugæslustöð á Skagaströnd er nýbyggð, þar er hjúkrunarfræðingur með fasta viðveru og læknir kemur reglulega frá Blönduósi. Dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra, Sæborg, er starfrækt á Skagaströnd. Þar eru níu búseturými og allt að 10 starfsmenn. Óttast er að rýmum verði fækkað vegna niðurskurðar.

#### **Húsnaði:**

Á Blönduósi er hluti íbúðarhúsnaðis nýttur undir frístundabyggð, þ.e. í einkaeigu og ekki í heilsársbúsetu. Bærinn á 35 leiguíbúðir og þær eru allar í leigu. Erfitt er að fá leigt. Húsnaðismál hafa verið í jafnvægi á Skagaströnd. Nes listamiðstöð leigir félagslegar íbúðir af sveitarfélaginu en leigir einnig íbúðir á almennum markaði.

## Umhverfi

### Orku- og sorpmál:

Hitaveita er á Húnavöllum og á Blönduósi, að öðru leyti er rafmagn nýtt til húshitunar í Húnavatnssýslum. Nú hefur verið ákveðið að leggja hitaveitulögn frá Reykjum á Húnavöllum og til Skagastrandar og er það eitt af 11 samþykktum verkefnum sóknaráætlunar landshluta (fjárlög 2012). Á fundunum kom einnig fram að hugsanlega verði Blönduvirkjun stækkuð á næstu árum og tengist það mögulegri uppbyggingu gagnavers. Þá yrðu byggðar þrjár nýjar byggingar, sem m.a. myndi þýða aukin fasteignagjöld fyrir Húnavatnshrepp.

### Samgöngur:

Samgöngur voru mest ræddar í Húnavatnshreppi. Þar þarf að bæta vegi sem eru mikið til malarvegir. Umræða um Svínavatnsleið heyrir af og til en samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra stendur ekki til að fara þá leið í bráð með þjóðveg eitt. Atriði sem rædd voru á fundunum:

- Svínavatnsleið (Húnavallaleið) skiptir litlu fyrir Húnavatnshrepp, en gæti þó einfaldað skipulag skólaaksturs. Ef þessi leiðin verður farin hefur það að ýmsu leyti neikvæð áhrif. Trúlega yrði farið yfir nokkrar jarðir með tilheyrandi spjöllum. Mögulega er þetta verri leið veðurfarslega séð. Hins vegar er líklegt að þessi vegur komi, en um hann eru skiptar skoðanir. Meðan vegakerfið er í lélegu ástandi er þó skrítið að eigi að setja fleiri milljarða í þessa leið sem er ekkert forgangsmál. Þetta eru ekki hagsmunir íbúa á svæðinu.
- Helsta baráttumál í Húnavatnshreppi er að fá vegina innan sveitarfélagsins bætt, m.a. fyrir vinnusókn út fyrir hreppinn. Vegur að Þingeyrum er varla akfær, en þangað fara margir ferðamenn. Malbika á Reykjabraut frá þjóðvegi eitt og að Húnavöllum, því verki var frestað en hófst að nýju á árinu 2011. Mokað er tvisvar í viku en yfirleitt er ekki mikill snjór.
- Á Blönduósi er hörð barátta að halda þjóðvegi eitt í gegnum bæinn. Það er hagsmunamál, t.d. varðandi ferðaþjónustu.
- Það er of dýrt að ferðast með rútu og það dregur úr nýtingu slíkra samgangna. Hins vegar er hækkun á eldsneyti líka skattur á landsbyggðina.
- Hækkun bílprófsaldurs er ógnun við landsbyggðina. Ungmenni eru þá lengur háð foreldrum um akstur.
- Verið er að vinna að verkefni um almenningssamgöngur tengt sóknaráætlun, en þrýstingur er á slíka lausn vegna skólaaksturs fyrir framhaldsskóla á Sauðárkrók, svo nemendur geti farið daglega á milli. Hins vegar þarf að bæta Skagastrandarveg frá Þverárfjallsafleggjara að Blönduósi, enda hefur orðið gífurleg aukning á umferð þar (það verkefni er á samgönguáætlun, sjá framar).
- Skagavegur hefur lengi verið á áætlun og verður samt aldrei af. Hann hefur verið bættur en er alls ekki nógu góður. Margt er að sjá á þeirri leið sem er í raun ónumin, t.d. Kálfshamarsvík. Vegabætur þarna eru hagsmunir fyrir bændur og ferðaþjónustu á öllu svæðinu.

## Verslun og þjónusta

Íbúar Húnavatnshrepps sækja mest verslun á Blönduós, en einnig víðar. Þeir sækja t.d. tannlæknaþjónustu á Sauðárkrók eða til Reykjavíkur. Ýmis þjónustufyrirtæki eru á Blönduósi, eins og fyrr er nefnt. Í svörum við þjónustukönnuninni kom fram að bæði á Skagaströnd og Blönduósi eru dagvöruverslanir, en íbúar Húnavatnshrepps sækja gjarnan verslun og aðra þjónustu á Blönduós. Þeir fá þó þjónustu hárgreiðslukonu í Húnaver og yfir sumartímann er boðið upp á veitingar í skólanum á Húnavöllum þar sem rekin er gistiþjónusta. Á Blönduósi eru tvær hárgreiðslustofur, bókhaldsþjónusta, tölvuþjónusta, fleira en eitt veitingahús, áfengisverslun og á Skagaströnd eru allir þessir þjónustuþættir nema áfengisverslun. Öll þjónusta iðnaðarmanna er til staðar á Blönduósi og Skagaströnd, en íbúar Húnavatnshrepps sækja þjónustu á Blönduós, nema trésmiðja er í sveitarfélaginu. Smárabær á Blönduósi selur raftæki, byggingarvörur og fleira. Tölvuþjónusta er sótt á

Sauðárkrók. Matvöruverslun (Samkaup Úrval) á Skagaströnd er með svipað verð og í nágrennabyggðum, auk þess er í bænum netverslun og lyfjaverslun.

## Menntun

Fjarnámsver eru bæði á Skagaströnd og Blönduósi. Allar bekkjardeildir eru í grunnskólanum á Húnavöllum. Tónlistarskóli er einn fyrir alla Austur-Húnavatnssýslu. Sundlaug er í öllum sveitarfélögum, en sundlaugin á Skagaströnd þó einungis opin á sumrin, annars er sótt á Blönduósi. Tölur um fjölda nemenda eru fyrir skólaárið 2010-2011. Þessi atriði komu fram:

- Á Húnavöllum er grunn- og leikskóli, þar er einnig skrifstofa sveitarfélagsins og sumarhótel í húsnæði skólans. Í grunnskólanum eru 63 börn og 12 í leikskóla. Skólinn er fyrir alla bekki. Börnum fer fækkandi og þannig verður það áfram m.v. mannfjöldatölur. Lengsta fjarlægð í skólaakstri er 50-60 km aðra leið. Nota þarf sjö skólabíla því það er búið innst í dölum, í Svartárdal, Vatnsdal og víðar. Í grunnskólanum á Blönduósi eru 125 börn og tæplega 70 í leikskóla, einnig börn úr dreifbýli. Leikskólinn tekur inn börn frá sex mánaða aldri. Hjá skólanum starfa um 20 manns og svipað á leikskólanum. Svo er samstarf í íþróttum og um félagsstarf af ýmsu tagi. Á Skagaströnd eru rúmlega 100 börn í grunnskóla og 35-40 í leikskóla. Börn úr Skagabyggð eru bæði í skólanum á Skagaströnd og á Blönduósi.
- Unglingar úr Húnavatnshreppi sækja sum hver framhaldsskóla á Sauðárkróki, en flest fara þó til Akureyrar. Unglingar frá Blönduósi sækja einnig framhaldsskólann á Sauðárkróki, en fara þó að meirihluta til Akureyrar. Um helmingur unglunga frá Skagaströnd sækja framhaldsskóla á Sauðárkróki, aðrir fara á Akureyri eða annað. Skólaakstur myndi líklega auka sókn í Fjölbrotaskólann á Sauðárkróki.

## Menning

Í svörum við þjónustukönnuninni kom fram að aðkomnir menningarviðburðir séu nokkuð algengir á svæðinu. Kvikmyndasýningar eru á Blönduósi og þar starfar leikfélag. Íbúar Húnavatnshrepps sækja félagsstarf aldrei til Blönduóss. Þessi atriði voru m.a. nefnd á fundunum:

- Menningarsjóður Lárusar Ægis á Skagaströnd veitir styrki til menningarviðburða og það hefur mikið að segja fyrir menningarlíf á svæðinu.
- Mörg félög eru starfandi og félagsstarf einnig sótt út fyrir svæðið, t.d. á Sauðárkrók. Skíðasvæðið í Tindastóli er vel sótt.
- Margir viðburðir á Skagaströnd tengjast Nes listamiðstöð sem gefur bænum menningarlegt yfirbragð.
- Kántrídagur er íbúahátíð á Skagaströnd, haldin um miðjan ágúst. Í tengslum við þá er skipulögð gönguferð á Spákonufell, Þórdísarganga, sem er tvisvar á sumri.
- Tvö ungmennafélög starfa í Húnavatnshreppi, íþróttafélög eru á Skagaströnd og Blönduósi.
- Karlakór Bólstaðahlíðarhrepps er skipaður félögum af svæðinu öllu (og úr Skagafirði) og aðrir kórar eru einnig starfandi.

## Sameining, samstarf

Eins og annars staðar á landinu er samstarf um ýmsa þætti milli sveitarfélaga á svæðinu, en einnig víðar um Norðurland vestra. Samstarf við Skagafirðinga hefur vaxið með tilkomu vegar yfir Þverárfjall. Þessi atriði voru rædd á fundum okkar:

- Samstarf er mikið, byggðasamlög um margt og fer eftir málaflokkum. Svo er víðara samstarf eins og SSSV. Málafni fatlaðra er á grunni NV. Félags- og skólaþjónusta er í A-Hún, byggðasamlag er um menningu og atvinnumál og tónlistarskóli er starfræktur í gegnum annað byggðasamlag. Á Blönduósi eru sorpmál á vegum gámaþjónustu úr Reykjavík. Húnavatnshreppur er í byggðasamlagi með Blönduósi, Skagaströnd og Skagafirði, allt eftir

málefnum. Samstarf er um tónlistarskóla, félags- og skólaþjónustu, brunamál með Blönduósi, sormálin eru á sér samningi. Samlag er um menningarmál og atvinnumál, héraðsskjalasafn, safn á Reykjum í samstarfi alls svæðisins og Stranda. Að Heimilisiðnaðarsafni standa öll sveitarfélög í A-Hún. o.fl. aðilar.

- Stór sameining varð á árunum 2005-2006. Það er mikið samstarf á Norðurlandi vestra og kannski nóg eitt og sér. Það er ekki nóg að horfa á íbúafjölda, það þarf líka að horfa á landsvæði og stærð þess. Það þarf að tryggja aðkomu jaðarbyggða að stjórnsýslu, að valdið safnist ekki allt í miðstöðina. Smæðin getur líka verið þröskuldur í fámennu samfélagi. Svo virðist sem endastöðvar eða jaðarsvæði eigi erfitt uppdráttar. Það aukast ekki tekjur við sameiningu, hugsanlega má spara eitthvað, en þjónustubörfin minnkar ekki. Þjónustustig breytist, skilvirkni eykst kannski líka
- Byggðasamlögin geta verið þung í vöfum. Það er annað samhengi í stærri einingum og oft auðveldara að vinna að markmiðum í stærra samhengi.
- Það er hálfpartinn verið að þvinga fólk til sameiningar gegnum framlög Jöfnunarsjóðs. En fjármunir verða að fylgja auknum verkefnum. Það er sífellt verið að færa fleiri málaflokka til sveitarfélaga, skóla, málefni aldra, fatlaðra o.fl. – það þarf stærri einingar til að taka við því. Það koma kannski upp einskonar hverfasamtök, að svæðin myndi hópa til að hafa aukin áhrif á stjórnsýsluna.
- Það skiptir að frumkvæðið sé hjá sveitarfélögunum sjálfum, ekki stjórnvöldum. Þau sveitarfélög sem eiga mest saman og starfa saman ættu að sameinast.
- Skagaströnd-Blönduós-Húnavatnshreppur-Skagabyggð er eitt vinnusóknarsvæði. T.d. starfa margir af þessu svæði á Vinnumálastofnun. Sjómenn koma líka víða að. Fólk úr Húnavatnshreppi sækir vinnu á Blönduós. Hins vegar sækir fólk lítið vinnu í Skagafjörð. Fjallið er hindrun, en samt vegur ferðakostnaður kannski þyngst. Eitthvað er þó um að fólk af Skagaströnd sækir vinnu þangað.
- Það þarf að skoða frekari sameiningu og kannski ætti að sameina Norðurland vestra í eitt sveitarfélag.
- Það ber að virða vilja íbúanna, það er lýðræði. Það er tilhneiging til miðstýringar, þ.e. tilhneiging stærsta kjarnans að hygla sér. Stjórnsýslan er flókin og erfitt að hafa mannafla til að sinna henni. Samt er kannski ekkert flókið að afgreiða mál þegar þau fara fyrst í gegnum nefndir, eins og hjá stærri sveitarfélögum, eða hjá byggðasamlögum.
- Mörg verkefni hafa notið stuðnings frá vaxtarsamningi. Mikið er reynt að fá söfn, setur og handverksfólk til að vinna saman, en það getur tekið mjög langan tíma. Setrin fá smá aura frá ríkinu; það eru alltof mörg setur og vantar stefnu og skipulag.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Eftirfarandi atriði komu fram á fundunum:

- Með hækkandi eldsneytisverði verður staða dreifðra byggða erfiðari. Auknar álögur stjórnvalda hafa mikið að segja.
- Stærsta ógnunin er að öll stjórnsýsla og jafnvel grunnþjónusta er að færast til Reykjavíkur. Niðurskurður hins opinbera sem snertir sjúkrahús, sýslumannsembætti og lögreglu og heimamenn hafa ekkert um það að segja. Aukning er aldrei á útstöð, heldur hjá miðstöð.
- Menn horfa framhjá sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga, það er t.d. tónninn varðandi nýtingu auðlinda. Allur fréttáflutningur er á forsendum höfuðborgarsvæðisins. Það skortir þekkingu og skilning, t.d. hjá fjölmiðlum.
- Breytingar í sjávarútvegi eru áhyggjuefni og fyrirhugaðar breytingar á kvótakerfi eru ógnun við landsbyggðina. Þessir fjármunir færu allir suður á höfuðborgarsvæðið.



- Á Skagaströnd eru áhyggjur af þeim opinberu störfum sem til staðar eru. Starfsemi Vinnuálastofnunar eru tímabundin vegna atvinnuástandsins. En mögulega verður hægt að halda ákveðnum fjölda starfa á staðnum.

#### **Stoðkerfið:**

Einnig er fjallað um stoðkerfið í kafla um Húnaþing vestra og sú umfjöllun á einnig við hér. Þessar skoðanir komu m.a. fram á fundunum:

- Það vantar sýn í stoðkerfinu, verkefni skarast, það er sambandsleysi milli aðila. Það ætti að efla t.d. atvinnuþróunarstarfið og gera meira staðbundið. Nýsköpunarmiðstöð hefur t.d. ekki verið sýnileg á þessu svæði og engin kynning á starfseminni. Vaxtarsamningurinn var ekki að „harmonera“, en nú fer hann undir SSNV sem er gott. SSNV og atvinnuráðgjöfin hafa reynst vel.

#### **Tækifæri til eflingar**

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Gagnaver er áhugavert tækifæri fyrir svæðið. Enn eru margir óvissuþættir og erfitt að segja hvenær niðurstaða liggur fyrir. Gagnaver er tækniiðnaður og mögulegt að sprotafyrirtæki myndu spretta í kringum það. Búið er að taka frá 270 hektara svæði rétt við Blönduós, skipulagt fyrir þessa starfsemi. Húsið sem byggt yrði er upp á 160 þúsund fermetra. Í fyrstu yrðu til 20 störf við fyrirtækið og yrði kannski allt að 100 störf, en það tæki samt 10-15 ár. Þetta er 200 milljarða fjárfesting. Um er að ræða geymslu á rafrænum gögnum fyrir Morgan-Stanley bankann sem er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum og útibú um allan heim. Þeir ætla að loka og fækka gagnaverum og búa til stærra ver. Ísland er vel staðsett milli Bandaríkjanna, Evrópu og Asíu og það er ástæðan fyrir því að það er horft hingað til lands. Staðsetningin hér sparar tíma og svo er græn orka. Orkan er ekki vandamál til að byrja með, en þarf að athuga í framtíðinni þegar á að stækka. Störfin eru sérhæfð. Störf yrðu fyrir smiði, rafvirkja, húsverði, vaktmenn, fólk sem hefur eftirlit með tölvubúnaði o.fl. og svo afleidd störf. Erfitt að segja hvenær þetta liggur fyrir. Sæstrengur til Bandaríkjanna yrði möguleiki ef af þessu verður.
- Það er vaxtarbroddur í ferðaþjónustu. Það eru miklir hagsmunir fólgnir í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu, t.d. á Hveravöllum (t.d. heilsutengd ferðaþjónusta) og svo skíðasvæðisins í Tindastóli. Þarna er sóknarfæri fyrir t.d. sumarhúsin á Blönduósi og hægt að lengja ferðamannatímabilið. Veiði í rjúpu o.fl. gæti líka lengt ferðamannatímamann.
- Það væri hægt að búa til verkefni með samstarfi við kvennaskólann og Spákonuhof.

## NORÐURLAND EYSTRA

Svæðið sem hér er fjallað um nær frá Eyjafirði til Bakkafjarðar. Innan þessa stóra svæðis eru 12 sveitarfélög, auk Akureyrarkaupstaðar sem ná yfir 22.735 km<sup>2</sup> og íbúafjöldi í þessum 13 sveitarfélögum er rúmlega 29 þúsund manns. Hér verður fjallað um níu sveitarfélög af 13. Stærð þeirra eru 19.264 km<sup>2</sup> og eru Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit einhver landmestu sveitarfélög á Íslandi og eiga land langt upp á hálendi.

Svæðinu er skipt í þrennt og farið eftir starfssvæðum tveggja atvinnuþróunarfélaga, Eyjafjarðar og Þingeyinga. Til Eyjafjarðar heyra sjö sveitarfélög, þar með eru talin Fjallabyggð og Grýtubakkahreppur sem tilheyrir Þingeyjarsýslu, en liggur að Eyjafirði. Þessi tvö sveitarfélög falla undir það viðmið sem hér hefur verið sett varðandi íbúabróun. Í þeim eru þrjú þéttbýlisstaðir. Norðursvæði Þingeyjarsýslu er hér talið ná allt frá Reykjahverfi og þá miðað við mörk sveitarfélagsins Norðurþings. Húsavík sem er stærsti þéttbýliskjarninn, er á mörkum þessara svæða. Ekki þótti rétt að taka norður- og suðursvæðin sem eitt þar sem aðstæður eru um margt ólíkar. Hér er því fjögur sveitarfélög talin til norðanverðrar Þingeyjarsýslu og öll til umfjöllunar hér, en það eru Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð. Þetta er þó ekki einhlít afmörkun, þar sem einnig er fjallað um Norðurþing í kafla um sunnanvert svæði Þingeyjarsýslu. Aðstæður á austanverðu svæðinu hafa breyst verulega með tilkomu vegar um Hófaskarð sem tekinn var í notkun síðla árs 2010. Með honum er leið íbúa Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar greið vestur á við, til Húsavíkur og Akureyrar, svo dæmi sé tekið. Í sunnanverðu svæði Þingeyjarsýslu voru tekin fyrir tvö sveitarfélög, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur.

Á því svæði sem hér um ræðir eru einir 10 þéttbýliskjarnar með allt frá 75 íbúum á Bakkafirði í ríflega 2.200 manns á Húsavík. Í Fjallabyggð eru tveir þéttbýliskjarnar, Siglufjörður og Ólafsfjörður og í Grýtubakkahreppi er þéttbýliskjarninn Grenivík. Í Norðurþingi eru þrjú þéttbýliskjarnar, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í Langanesbyggð eru tveir þéttbýliskjarnar, Þórshöfn og Bakkafjörður. Á suðursvæðinu eru tveir kjarnar, Reykjahlíð í Mývatnssveit og Laugar í Reykjadal. Tvö þeirra sveitarfélaga sem hér er rætt um eru fámenn dreifbýlissamfélög án byggðarkjarna.

Á þessu svæði öllu er sex vinnusóknarsvæði. Þau eru Siglufjörður og nær þá svæðið inn í Fljót og til Ólafsfjarðar, Akureyri, en áhrifasvæðið er m.a. Ólafsfjörður og Grenivík, Húsavík og nær áhrifasvæðið til Tjörneshrepps, Lauga og Mývatns, Kópasker og Raufarhöfn hvort um sig með næsta nágrenni, Þórshöfn með næsta nágrenni en einnig vinnusókn frá Raufarhöfn hluta úr ári. Bakkafjörður er ekki inni á kortinu, enda fámennt byggðarlag (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011). Þessi skipting kemur ágætlega heim og saman við þá mynd sem fundirnir gáfu.

Þóroddur Bjarnason hefur skilgreint stóran hluta þessa svæðis sem hér er til umfjöllunar, þ.e. Eyjafjörð og suðursvæði Þingeyjarsýslu til vaxtarsvæðis, en austursvæðið hins vegar sem varnarsvæði. Vaxtarsvæðið er væntanlega áhrifasvæði Akureyrar og telur Þóroddur líklegt að landfræðilegum hindrunum vaxtar á svæðinu verði rutt úr vegi með tveimur veggöngum, Héðinsfjarðar- og Vaðlaheiðargöngum. Norðurþing skiptist á milli vaxtar- og varnarsvæða samkvæmt greiningu Þórodds. Á norðaustur varnarsvæðinu hefur verið mikil fólksfækkun, nema á Þórshöfn og telur Þóroddur brýnt að grípa strax til aðgerða „ef byggð á ekki að þurrkast út á stóru svæði“ (Þóroddur Bjarnason, bls. 9-13). Þórshöfn heldur íbúafjölda nokkuð, m.a. vegna þess að þar er trygg atvinna. Samfélagið í fyrrum Raufarhafnarhreppi hefur glímt við mikla erfiðleika í atvinnulífi og mikla íbúafækkun á undangengnum árum.

Héðinsfjarðargöng voru opnuð fyrir umferð haustið 2010. Þar sem svo stutt er liðið frá opnun þeirra eiga samfélagsleg áhrif þessarar samgöngubótar eftir að koma í ljós. Mikil bjartsýni ríkir þó um

framtíð Fjallabyggðar eftir tilkomu ganganna. Háskólinn á Akureyri hefur fylgst með samfélagsþróuninni vegna þessara breytinga og mun þeirri vinnu ljúka árið 2012. Þegar hefur komið út ritverkið *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*, sem hefur að geyma ítarlegan fróðleik um þetta svæði.

Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Siglufjörður	Akureyri	77
	Ólafsfjörður	17
	Sauðárkrókur	95
	Reykjavík	386
Grenivík	Akureyri	38
	Húsavík	90
	Reykjavík	426
Reykjahlíð	Húsavík	54 (Kísilvegur)
	Laugar	37
	Akureyri	99
	Reykjavík	487
Kópasker	Húsavík	97
	Raufarhöfn	43
	Þórshöfn	71
	Akureyri	188
	Reykjavík	566
Raufarhöfn	Húsavík	130
	Þórshöfn	67
	Akureyri	222
	Reykjavík	610
Þórshöfn	Bakkafjörður	44
	Vopnafjörður	70
	Húsavík	159
	Akureyri	250
	Reykjavík	638
Húsavík	Akureyri	91
	Reykjavík	479
Laugar	Akureyri	64
	Húsavík	39
Akureyri	Reykjavík	388

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)


Leið frá Raufarhöfn, Þórshöfn og Kópaskeri til Húsavíkur er nú á malbikuðum vegi, sé leiðin um Hófaskarð farin. Vegurinn yfir Hólaheiði/Hófaskarð er mikil samgöngubót og mun breyta miklu fyrir austursvæðið. Áhrif þessa eiga eftir að koma betur í ljós, vegurinn var opnaður í nóvember 2010. Vegur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar er að talsverðu leyti malarvegur og ekki góður. Vegsamgöngur á suðursvæðinu eru góðar að mestu leyti. Góður flugvöllur er í Aðaldal, en hefur ekki verið nýttur til áætlunarflugs síðan árið 2000, enda stutt í flugvöllinn á Akureyri. Þetta er þó að breytast, því Flugfélagið Ernir mun taka á ný upp flug um Aðaldalsflugvöll frá miðjum apríl 2012. Samgöngur við Akureyri munu væntanlega batna mikið með Vaðlaheiðargöngum. Fjarlægð til höfuðborgarinnar er mikil úr sveitarfélögum á suðursvæðinu, eða hartnær 500 km aðra leiðina, en Akureyri er í innan við 100 km fjarlægð og þaðan eru mjög góðar flugsamgöngur við höfuðborgina. Flugsamgöngur eru milli Þórshafnar og Akureyrar, en Þórshöfn og Bakkafjörður liggja lengst frá höfuðborginni af þeim þéttbýlisstöðum sem hér er getið, vel yfir 600 km.

Tveir þéttbýliskjarnar af 10 á þessu svæði eru inni í landi og hafa því ekki afkomu af sjávarútvegi, þótt að vísu sé fiskvinnslan Laugafiskur staðsett á Laugum í Reykjadal. Hinir átta þéttbýlisstaðirnir byggja flestir á sjávarútvegi, ekki síst Húsavík, Þórshöfn, Grenivík, Ólafsfjörður og Siglufjörður. Þingeyjarsýsla og Eyjafjörður eru að miklu leyti landbúnaðarsvæði, þótt víða vinni bændur og búalið önnur störf meðfram búskap, eins og annars staðar gerist á landinu. Talsverð ferðaþjónusta er á suðursvæði Þingeyjarsýslu, ekki hvað síst í Skútustaðahreppi, en einnig er öflug og vaxandi ferðaþjónusta á Húsavík. Ferðaþjónusta er að eflast í Fjallabyggð eftir vegabæturnar.

Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustubætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Þá var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörnum, en þau gefa engu að síður vísbendingu um viðhorf þessa hóps. Svarendur á Norðurlandi eystra voru 66 af 286 alls. Greinargerð um viðhorfskönnuna er að finna í viðauka með þessari skýrslu.

#### Nokkrar niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í níu sveitarfélögum á Norðurlandi eystra:


- Um 36% þátttakenda sögðust ætla að flytja frá sínu byggðarlagi á næstu fimm árum. Þegar svörin voru greind eftir landshlutum kemur í ljós að 40% svarenda sögðust ætla flytja frá Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi á meðan fimm af hverjum tíu hyggja á flutninga frá Suðausturlandi.
- 




Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?

- Afgerandi meirihluti (62%) í öllum landshlutum taldi atvinnulífið mjög eða frekar einhæft. Um og yfir 20% þátttakenda á Norðurlandi vestra og í Vestmannaeyjum sögðu atvinnulífið mjög eða frekar fjölbreytt, en í öðrum landshlutum var hlutfallið mun lægra.


## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



- Tæplega 40% svarenda sögðust versla sjaldnar en einu sinni í mánuði í öðru byggðarlagi. Nálægt 30% svarenda á Vestfirðum og á Suðausturlandi sögðust aldrei versla í öðru byggðarlagi, en innan við 5% svarenda á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Austurlandi. Meirihluti svarenda á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra sögðust versla einu sinni til þrisvar í mánuði í öðru byggðarlagi.



- Rúmlega helmingur þátttakenda sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða. Svarendur á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Suðausturlandi voru hlutfallslega flestir á þeirri skoðun að vegir til og frá byggðarlaginu væru mjög eða frekar góðir.



Spurt var um búsetuþætti og svarendur látnir gefa þeim vægi. Svarendur á Norðurlandi eystra mátu málefni sem snerta börn og fjölskyldulíf mjög hátt. Hæst ber öryggi og gott umhverfi fyrir börn, því næst nálægð við náttúruna og þar á eftir skólamál.

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfra, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfaskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.

## Eyjafjörður

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum í Fjallabyggð fækkaði um tæp 30% á árunum 1994-2011, en fjölgaði lítillega á árinu 2011. Sveiflur hafa verið í íbúafjölda í Grýtubakkahreppi og þeim hefur fjölgað undanfarið. Íbúum dreifbýlis fækkaði mun meira en í þéttbýlinu.
- Eins og víðar fækkar mest í yngstu aldurshópnum en fjölgar í þeim eldri. Fólki yfir fimmtugu fjölgaði en fækkaði undir fertugu í báðum sveitarfélögum.
- Konur í yngri aldurshópum eru færri en karlar í sömu hópum.
- Atvinnulíf í Fjallabyggð hvílir talsvert á sjávarútvegi með fyrirtækið Ramma sem burðarás. Á vegum Ramma starfar einnig dótturfélagið Primex sem framleiðir kítin og kítósan úr rækjuskel.
- Grýtubakkahreppur á aflaheimildir gegnum dótturfélag sitt og það er grunnur fiskvinnslunnar í heimabyggð. Tekjur af aflaheimildum eru nýttar til uppbyggingar í atvinnulífi.
- Sveitarfélagið hefur þannig getað stutt við starfsemi lyfjafyrirtækisins PharmArctica ehf.
- Þó nokkur framleiðsluiðnaður er á Ólafsfirði, t.d. hjá Vélfagi og Vélsmiðjunni.
- Mikil uppbygging hefur verið við höfnina á Siglufirði á vegum félagsins Rauðku. Þar hafa verið opnuð ný veitingahús m.a.
- Héðinsfjarðargöng munu breyta miklu fyrir ferðaþjónustu og atvinnulíf í Fjallabyggð
- Talsvert er um „frístundahús“ á Siglufirði, eða um 17% húsa þar.
- Héðinsfjarðargöng eru mikil samgöngubót, en Strákagöng og Múlagöng eru „flöskuhálsar“.
- Mikil hagræðing hefur orðið við sameiningu í Fjallabyggð og slíkt útheimtir talsverðar breytingar, t.d. í skólakerfi. Suma þjónustubætti þarf þó að staðsetja á báðum þéttbýlisstöðunum.
- Menningarlíf er öflugt og þekktar íbúahátíðir í Fjallabyggð eins og Síldarævintýrið á Siglufirði.
- Áhugi á að Eyjafjörður verði viðkomustaður vegna opunar siglingaleiða um norðurheimskautssvæðið.
- Grýtubakkahreppur gæti orðið tilraunasveitarfélag með markaðssókn til að fjölga íbúum.

### Svæðið

Hér er fjallað um tvö sveitarfélög af sjö á starfsvæði Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, þ.e. Fjallabyggð og Grýtubakkahrepp. Í þeim sveitarfélögum eru þrjú þéttbýlisstaðir, Siglufjörður (fj. 1.203) og Ólafsfjörður (fj. 799) og í Grýtubakkahreppi er þéttbýliskjarninn Grenivík (fj. 272). Í Fjallabyggð bjuggu 2.050 íbúar 1. desember 2011, en 351 í Grýtubakkahreppi.

Fundað var með bæjarstjóra Fjallabyggðar og framkvæmdastjóra Ramma í maí 2011 og sveitarstjórn Grýtubakkahrepps í mars sama ár. Fundað var með atvinnuráðgjöfum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE) í febrúar 2011. Umfjöllun þessa kafla byggir að hluta á umræðum fundanna.

Sveitarfélög við Eyjafjörð eru á áhrifsvæði Akureyrar. Siglufjörður hefur til þessa vart getað talist á því áhrifsvæði vegna samgangna, en það hefur breyst með tilkomu Héðinsfjarðarganga. Grenivík er ekki í mikilli fjarlægð frá Akureyri og samgöngur á milli eru greiðar, en byggðarlagið líður hugsanlega fyrir það að vera endastöð.


Á fundi með sveitarstjórn Grýtubakkahrepps var mikið rætt um íbúápróunina í sveitarfélaginu. Hvers vegna íbúum fækki og hvernig megi snúa þróuninni við. Er orsök einhæfni atvinnulífs, en við hvað er

Þá átt með því að tala um einhæft atvinnulíf? Þjónustan í sveitarfélaginu er góð og því öll skilyrði fyrir hendi til að halda íbúum. Hins vegar er húsnæðisskortur og það gæti verið ein skýringin á því að íbúum fjölgar ekki. Nálægðin við Akureyri er bæði jákvæð og neikvæð, það er stutt í þjónustu, en líka stutt fyrir fólk að flytja burt.

## Íbúapróun


Fjallað er um íbúapróun í Fjallabyggð og Grýtubakkahreppi í sitt hvoru lagi.

**Fjallabyggð.** Árið 1994 bjuggu 2.923 íbúar í Fjallabyggð en fækkaði á tímabilinu um 873 eða tæp 30% og eru nú 2.050. Fækkunin var stöðug allt tímabilið fyrir utan að árið 2011 fjölgaði íbúum lítillega. Svipuð þróun hefur verið bæði á Siglufirði og Ólafsfirði en á Siglufirði fækkaði fólki um tæp 31% en fækkunin á Ólafsfirði er rétt tæp 33%.



Fjöldi karla og kvenna í Fjallabyggð árin 1994-2011

Ef horft er til mismunandi aldurshópa er fækkunin langmest í yngstu aldurshópnum en fólki undir fertugu hefur fækkað um 900 á tímabilinu og fólki á aldrinum 40-49 ára um nær 60. Aftur á móti hefur fólki yfir fimmtugu fjölgað um hátt í 90 manns. Þetta hefur skilið eftir áberandi gap í aldurstré sveitarfélagsins, sérstaklega hvað varðar konur á barnseignaraldri.




Skipting íbúa í Fjallabyggð eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011

Þessi breyting á aldurssamsetningu íbúanna hefur þegar leitt af sér fækkun fæddra barna um meira en helming á milli tímabilanna 1995-1998 og 2007-2010. Það hefur aftur leitt af sér náttúrulega fækkun íbúa í Fjallabyggð þar sem að fleiri deyja nú á hverju ári að meðaltali en fæðast.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Fjallabyggð á fjögurra ára tímabilum.

Brottflyttir umfram aðflutta hafa verið mikið fleiri allt tímabilið fyrir utan árið 2011. Yfirleitt hefur þessi munur verið verulegur en mestur var hann árin 1996 og 1997 þegar að yfir 100 fleiri fluttu frá sveitarfélaginu en til þess.




Aðfluttir/brottflyttir í Fjallabyggð 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara var stöðugt framan af tímabilinu eða allt fram til ársins 2006 er allnokkur fjöldi erlendra karla flutti í sveitarfélagið vegna vinnu við Héðinsfjarðargöng. Að verktíma loknum fækkaði erlendum ríkisborgurum aftur en eru engu að síður nokkru fleiri en áður.




Hlutfall erlendra ríkisborgara í Fjallabyggð 1998-2011

**Grýtubakkahreppur.** Árið 1994 bjuggu 375 íbúar í Grýtubakkahreppi en 2011 voru þeir orðnir 351 og hafði fækkað um 24 eða rúm 6%. Íbúapróun var mjög breytileg á tímabilinu, á fyrri hluta þess fjölgaði íbúum í nálægt 400 þegar þeir voru flestir en fækkaði síðan niður í 334 árið 2010 en fjölgaði hins vegar um 17 á árinu 2011. Meginhluti fækkunarinnar er í dreifbýli hreppsins á meðan byggðin á Grenivík hefur nokkuð haldið sínu.



Fjöldi karla og kvenna í Grýtubakkahreppi árin 1994-2011


Mikill munur er á mannfjöldapróun í sveitarfélaginu eftir aldurshópum. Þannig hefur fjölgað verulega í aldurshópnum 60-69 ára en fólki yfir fimmtugt hefur fjölgað nokkuð í öllum aldurshópum. Hins vegar fækkaði fólki verulega í aldurshópnum 10-19 ára, 20-29 ára og 40-49 ára. Sérstaklega er mikil fækkun kvenna í þessum aldurshópum.



Skipting íbúa í Grýtubakkahreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Nokkur fækkun hefur orðið á fæddum börnum á síðustu árum sem leiðir til þess að nær engin náttúruleg fjölgun er í sveitarfélaginu.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Grýtubakkahreppi á fjögurra ára tímabilum.

Sveiflur hafa verið í aðflutningi og brottflutningi í hreppnum. Árið 2011 var flutningsjöfnuður jákvæður um 15 íbúa og allnokkur ár var flutningsjöfnuður nokkuð í jafnvægi. Hins vegar skera árin 1994, 2005 og 2008 sig nokkuð úr þar sem brottfluttir umfram aðflutta var um og yfir 20 einstaklinga.



Aðfluttir/brottfuttir í Grýtubakkahreppi 1994-2011

Miklar sveiflur hafa verið í hlutfalli erlendra ríkisborgara. Í upphafi voru þeir um 2% en um aldamótin fjölgaði konum með erlendan ríkisborgarétt í sveitarfélaginu, hæst upp í 10% en fækkaði síðan aftur niður í 4% sem er það sama og hlutfall karla með erlendan ríkisborgarétt.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Grýtubakkahreppi 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Fjárhagsstaða bæjarsjóðs Fjallabyggðar er þokkaleg. Reksturinn snérist úr því að vera neikvæður árið 2009 í jákvæða niðurstöðu árið 2010 en veltufé frá rekstri var verulegt bæði árin. Skuldir og skuldbindingar voru rúmlega 1.738 milljónir í árslok 2010 eða um 110% af tekjum sem er nokkuð undir hámarki sveitarstjórnarlaga. Á móti skuldum kemur að auki að veltufjárlutfall er gott.

Niðurstaða rekstrarreiknings Grýtubakkahrepps var rétt neðan við núllið á árinu 2010 en nokkur afgangur var á árinu 2009. Veltufé frá rekstri minnkaði milli ára en var jákvætt bæði árin. Skuldir og skuldbindingar námu tæpum 252 milljónum kr. í árslok 2010 sem samsvarar um 87% af tekjum.

## Atvinnulíf

Í Fjallabyggð voru 50 manns atvinnulausir snemma árs 2011, sem m.a. skýrist af samdrætti hjá hinu opinbera. Í einkageiranum hafa ekki orðið miklar breytingar. Atvinnulíf er þokkalega fjölbreytt á Siglufirði og þar er t.d. talsverð opinber þjónusta. Hjá sveitarfélaginu Fjallabyggð starfa 140 manns. Félagið Rauðka hefur keypt mörg hús við höfnina á Siglufirði og gert upp, en framkvæmdir eru alfarið á vegum félagsins. Nýsköpun í framleiðsluástandi hefur verið talsverð á Ólafsfirði, nefna má fyrirtæki eins og Vélfag, Vélsmiðjuna og Steinsmiðjuna. Héðinsfjarðargöng skapa tækifæri fyrir Fjallabyggð með bættri tengingu við Eyjafjörð og fyrir samstarf í sameinuðu sveitarfélagi.

Atvinnulíf í Grýtubakkahreppi er fremur einhæft en næg atvinna og vantar fólk í vinnu. Þar eru fá störf á vegum ríkisins. Sveitarfélagið á aflaheimildir sem er grunnur fyrir fiskvinnsluna. Á Grenivík er dvalarheimili og þar starfa 12 manns. Hjá sveitarfélaginu eru rúm 30 stöðugildi mönnum af 40-50 manns.

### Sjávarútvegur:

Atvinnulíf í Fjallabyggð, sérstaklega á Siglufirði, byggir á sjávarútvegi. Rammi á Siglufirði er þar með rækjuverksmiðju. Tveir frystitogarar eru gerðir út frá Fjallabyggð. Á Ólafsfirði er fyrirtækið Norlandia ehf með hausþurrkun. Á Siglufirði er fiskmarkaður og mikið af smábátum, en ekki eru margir á strandveiðum. Það eru litlar fiskverkanir bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

#### Fyrirtækin:

- Rammi hf. er burðarásinn í atvinnulífi á Siglufirði með 230-270 starfsmenn á Siglufirði og í Þorlákshöfn í u.þ.b. 170 stöðugildum. Fyrirtækið rekur rækjuvinnslu á Siglufirði og humar og bolfiskvinnslu í Þorlákshöfn. Rammi ehf gerir út tvö dragnótarskip, tvo frystitogara og einn ísfisktogara.
- Fyrirtækið Primex, dótturfélag Ramma ehf framleiðir kítín og kítósan úr rækjuskel, en kítósan er verðmætt og eftirsótt efni, sér í lagi á erlendum mörkuðum. Hágæða kítósan hefur mjög eftirsóttá eiginleika til framleiðslu á fæðubótarefnum, lausasölulyfjum, sármeðferðarefnum og snyrtivörum. Rammi ehf

#### **Rammi**

Hét áður Þormóður rammi-Sæberg hf og er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins.

**Starfsemi:** Gerir út fimm skip frá Fjallabyggð og Þorlákshöfn og starfrækir bolfisk – og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuverksmiðju í Fjallabyggð.

#### **Önnur starfsemi og/eða**

**rannsóknir:** Primex ehf sem framleiðir kítín og kítósan úr rækjuskel. Rammi ehf stofnaði Primex 1999 og þar starfa um 15 manns.

**Starfsmenn:** alls 230-270 við veiðar og vinnslu á Siglufirði og Þorlákshöfn.

**Bátar:** Gerir út tvo frystitogara, tvo dragnótarbáta og einn ísfisktogara, Skipin eru gerð út frá Siglufirði, Ólafsfirði og Þorlákshöfn.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildum (þar af 1400 tonn í þorski) Keypt á markaði til vinnslu um 1500-2000 tonn.

stofnaði Primex 1999 og þar starfa um 15 manns. Fyrirtækið fékk Nýsköpunarverðlaun Íslands árið 2012.

- Fiskvinnsla á Grenivík byggir á kvóta sem sveitarfélagið keypti, en er í eigu dótturfélags þess sem heitir Sænes ehf.. Sænes er einkonar þróunarfélag, leggur t.d. fé í Pharmarctica.
- Útgerð á Grenivík er öflug og þar eru um 35-40 störf tengd sjávarútvegi (vinnsla og harðfiskur). Útgerðarfélagið Gjögur á þrjá báta og rekur frystihúsið. Þetta fyrirtæki er líka með vinnslu í Grindavík. Einnig er gerður út togarinn Frosti frá Grenivík.

#### *Fiskeldi:*

- Eitt lítið fiskeldisfyrirtæki er í Grýtubakkahreppi (ekki á Grenivík).

#### **Ferðaþjónusta**

Héðinsfjarðargöng munu vafalítið breyta miklu fyrir ferðaþjónustu í Fjallabyggð. Ferðaþjónusta í Grýtubakkahreppi er ekki vera umfangsmikil, að Laufási undanskildum. Þessi atriði voru rædd á fundunum:

#### *Gisting og veitingar:*

- Veitingahús Rauðku á Siglufirði verða þrjú talsins og munu taka 260 manns í sæti, en einnig verða í húsunum bíó og upplýsingamiðstöð. Rauðka á fleiri hús í kring, en ekki er full ljóst hvaða starfsemi er fyrirhuguð þar. Tveir aðrir veitingastaðir eru á Siglufirði.
- Á bæði Siglufirði og Ólafsfirði eru hótél og gistiheimili. Verið er að byggja við Síldarminjasafnið, þar á að verða hótél. Tjaldsvæði eru í báðum bæjum í Fjallabyggð.
- Gistiheimilið Sænes er það eina á Grenivík. Svo eru bændagistingar á tveimur stöðum. Í þorpinu er ekkert kaffihús, en boðið upp á veitingar við verslunina.

#### *Afþreying:*

- Boðið er upp á hvalaskoðun frá Ólafsfirði í samstarfi hótelsins og Norðursiglingar á Húsavík.
- Verkefnið „Fugl fyrir milljón“ er hugmynd sem upp kom á Ólafsfirði. Verðlaun eru fyrir bestu fuglamynd frá Tröllaskaga. Töluverð aðsókn hefur verið að hótelinu vegna þessa verkefnis.
- Samstarf er milli skíðasvæðanna í Eyjafirði um skíðapassa sem gengur á öll svæðin, bæði Siglufjörður og Ólafsfjörður taka þátt.
- Laufás er mikið aðdráttarafl og gestir eru kringum 19 þúsund árlega. Farþegar skemmtiferðaskipanna fara ákveðinn hring með viðkomu þar.
- Önnur afþreying fyrir ferðamenn í Grýtubakkahreppi er hestaleiga og hestaferðir á vegum Pólarhesta, ferðir upp á Kaldbaksferðir einn-tvo mánuði á vetri og á Grenivík er útgerðarminjasafn, opið á sumrin.

#### **Landbúnaður:**

Í Grýtubakkahreppi er mjólkurframleiðsla á nokkrum stórum búum og þar er líka sauðfjárrækt og stór bú með kartöflurækt. Landbúnaður er ekki mikill í Fjallabyggð, en kannski meira frístundabúskapur. Ólafsfjarðarmegin eru þrjár jarðir eftir þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður.

#### **Þjónusta, iðnaður:**

- Nokkuð öflugur framleiðsluiðnaður er í Fjallabyggð, ekki hvað síst á Ólafsfirði. Á Siglufirði er fyrirtækið Siglufjarðarseigur með bátasmíði. Á Ólafsfirði eru smíðaðir sjúkrabílar og slökkvibílar (Sigurjón Magnússon ehf.). Þar er einnig fyrirtækið Véltag sem framleiðir fiskvinnsluvélar, mest fyrir innanlandsmarkað. Á Grenivík er vélsmiðja sem þjónustar m.a. sjávarútveginn og þar eru 6-7 störf.
- Lyfjafyrirtækið PharmArctica á Grenivík er sex ára og gengur þokkalega, þar starfa 6-8 manns. PharmArctica framleiðir lyf, snyrtivörur, krem o.fl. undir merkinu „Apótekið“. Möguleikar hafa verið skoðaðir á að framleiða blautlyf (lyf t.d. gefin í æð) hér á landi, en samningaviðræður hafa verið við bandarískt fyrirtæki.
- Sparisjóðurinn á Siglufirði er með bakvinnslu fyrir lífeyrissjóði o.fl. Við bakvinnsluna starfa 40-50 manns, mest konur. Sparisjóðirnir á Siglufirði og Ólafsfirði sameinuðust Sparisjóði Skagafjarðar nýverið og Arion er helsti eigandi þeirra. Sjóðirnir hafa frekar aukið við

starfsmannafjölda en hitt. Á Grenivík starfar Sparisjóður Höfðhverfinga sem er í eigu heimamanna og hefur starfað frá 1879. Þar er einnig bókhaldsþjónusta, eigandinn flutti til Akureyrar, en rekur fyrirtækið áfram á Grenivík.

#### **Opinber þjónusta:**

Nokkur breyting varð við sameininguna í Fjallabyggð, m.a. vegna hagræðingar. Sýslumannsembætti voru áður tvö á sitt hvorum þéttbýlisstaðnum í Fjallabyggð, en hafa nú verið sameinuð og embættið staðsett á Siglufirði. Lögregla var sameinuð og fækkað í starfslíði. Starfsfólki sveitarfélagsins hefur einnig fækkað. Þá hefur fækkað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu. Efstu hæð sjúkrahúss á Siglufirði var lokað.

## **Velferðarmál og samfélag**

#### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Í þjónustukönnuninni (sjá spurningalista í viðauka) kemur fram að íbúar Grenivíkur sækja talsvert þjónustu til Akureyrar, m.a. er löggæslu sinnt þaðan. Lögregla er til staðar í Fjallabyggð, bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Í báðum bæjum eru allir þjónustubættir sem um er spurt sagðir vera til staðar. Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð er sögð góð. Heilsugæslustöð með lækna er á báðum þéttbýlisstöðunum. Sjúkrahúsið á Siglufirði þjónar öllu sveitarfélaginu. Sjúkraflug hefur verið aflagt, enda tekur það ekki skemmri tíma en að fá sjúkrabíl. Dvalarrými fyrir aldraða á Siglufirði er á sjúkrahúsinu. Hornbrekka, dvalarheimili aldraða á Ólafsfirði er á sama stað og heilsugæslan. Á Grenivík er heilsugæsluútibú frá Akureyri. Heilbrigðisþjónusta er annars sótt til Akureyrar, tveir læknar koma vikulega og svo er hjúkrunarfræðingur búsettur á staðnum. Þess utan starfa tveir hjúkrunarfræðingar á dvalarheimilinu. Á dvalarheimilinu eru 10 rými og 12 manns í rúmlega sex stöðugildum.

#### **Fjölmennning:**

Hjá Ramma starfa nokkrir útlendingar. Örfáir búa á Siglufirði og hafa búið þar lengi, flestir frá Rúmeníu. Þeir komu fyrir u.þ.b. 15 árum. Í Ólafsfirði hafa verið hlutfallslega fleiri starfsmenn af erlendum uppruna og meiri mannaskipti.

#### **Húsnæði:**

Í svörum við þjónustukönnuninni kemur fram að lítið framboð sé á íbúðarhúsnæði hvort heldur er til kaupa eða leigu á þessu svæði. Þó er sagt „nokkuð“ framboð á leiguhúsnæði á Grenivík.

- Á Siglufirði er 17% íbúðarhúsnæðis í frístundabyggð. Fyrir nokkrum árum var gert átak og gefin hús með þeim skilyrðum að gert yrði við þau (eða seld fyrir lítið). Mörg hús voru gerð upp, en 40 hús í bænum eru byggð fyrir 1918. Það hefur jákvæð áhrif að húsin séu gerð upp, en neikvæð rekstrarlega séð því eigendurnir eru ekki með lögheimili á staðnum. Húsin væru samt í niðurníðslu eða horfin hefði þetta ekki komið til. Einnig eru til staðar eiginlegir sumarbústaðir. Hús á Ólafsfirði eru í minna mæli í frístundaeign.
- Húsnæðisskortur er í Fjallabyggð. Eldra fólk er eitt í stórum eignum og vill fá minna með bílskúr, en slíkt er ekki til. Nokkur hreyfing varð á fasteignamarkaði eftir að göngin komu.
- Það er húsnæðisskortur á Grenivík, sveitarfélagið á 10 íbúðir og vill ekki eiga fleiri. Það er ekkert laust leiguhúsnæði fyrir fólk sem vill koma og áhættusamt að byggja. Eitthvað er um að hús fari í frístundabyggð, en ekki mikið. Grýtubakkahreppur skipulagði frístundabyggð og 19 lóðir og þær seldust allar. Búið er að byggja 12 hús.

## **Umhverfi**

#### **Orkumál:**

Hitaveita er í öllum þéttbýlisstöðunum sem hér um ræðir, en þó er að einhverju leyti kynt með rafmagni í Grýtubakkahreppi.

### Samgöngur og fjarskipti:

Talsvert var rætt um áhrif Héðinsfjarðarganga á fundunum. Til dæmis um það hvort Siglufirðingar séu tilbúnir til að taka á móti auknum straumi ferðamanna, hvort grunngerðin sé klár. Strákagöng og Múlagöng eru flöskuhálsar og erfitt fyrir stóra bíla að fara í gegn. Héðinsfjörður er allur í einkaeign og deildar meiningar um hvort einhver uppbygging eigi að vera þar. Sumir vilja hafa svæðið sem mest óbreytt. Göngin munu breyta miklu fyrir þjónustu í þessum byggðum tveimur og hafa þegar haft áhrif á atvinnulíf bæjanna, t.d. eru ákveðin fyrirtæki að hugsa til sameiningar.

Grýtubakkahreppur lét leggja ljósleiðara fyrir nokkrum árum og hitaveita var lögð í leiðinni. Ljósleiðarinn er líka í sveitinni að hluta. Samgöngur eru ágætar.

### Verslun og þjónusta

Í þjónustukönnuninni var spurt um 15 þætti varðandi verslun og þjónustu. Öllum þáttum var svarað játandi, nema að ekki er til staðar stórmarkaður eða lágvöruverðsverslun. Líklega sækja íbúar Ólafsfjarðar marga þessa þjónustubætti á Siglufjörð þótt þess sé ekki getið í svörum. Til dæmis er vínbúð og bakarí á Siglufirði, sem og tölvuþjónusta og múrari, en ekkert af þessu á Ólafsfirði. Íbúar á Grenivík sækja þjónustu til Akureyrar. Þar er þó matvöruverslun, tvær hárgreiðslustofur, bókhaldsstofa, vélsmiðja, trésmiðja og bifreiðaverkstæði og næsti múrari er á Svalbarðsströnd. Rekstraraðili matvöruverslunarinnar á Grenivík tekur að sér verkefni eins og að sjá um póstinn. Verslunin gengur m.a. vegna þess að heimamenn versla þar.

### Menntun

Tölur í þessum kafla eru frá skólaári 2010-2011. Eftirfarandi kom fram á fundunum:

- Í Fjallabyggð er einn skólastjóri, einn leikskólastjóri, en leikskóladeild á báðum stöðum. Börn í grunnskóla eru keyrð á milli. Með þessu næst fram hagræðing og sparnaður. Skólinn var í fjórum byggingum en er núna í tveimur. Í grunnskóla eru 270 nemendur en um 140 í leikskóla. Yngri krakkarnir voru á Ólafsfirði en eldri börnin á Siglufirði. Núna eru yngstu börnin á báðum stöðum en þrír (sex) árgangar sitt á hvað, sem þýðir að börnum er ekið í þrjú ár í stað fimm. Það er ekki einhugur meðal íbúa um þetta.
- Í Grýtubakkahreppi eru tæplega 60 börn í grunnskóla og um 24 börn í leikskóla. Það er jákvætt fyrir börn að vera í litlum skóla, þau fá svo mörg tækifæri. Grunnþjónusta í sveitarfélaginu er mjög góð, góðir skólar, gott tómstundastarf og góð þátttaka og öflugt íþróttastarf.
- Samstarf var meðal sveitarfélaga við utanverðan Eyjafjörð um framhaldsskóla á Tröllaskaga, Dalvík er með í þessu samstarfi. Skólinn er staðsettur á Ólafsfirði. Nemendur verða 170 talsins skólaveturinn 2011-2012. Krakkarnir úr Fjallabyggð fara nánast 100% í þennan skóla. Unglingar úr Grýtubakkahreppi sækja framhaldsskóla alfarið til Akureyrar.

### Menning

Margt er svipað í svörum fyrir þéttbýlisstaðina í Fjallabyggð í þjónustukönnuninni. Leikfélag starfar t.d. á báðum stöðum, fleiri kórar en kirkjukór einnig. Samstarf er í flestum málaflokkum eftir sameiningu og stutt að fara eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Þó svo menningarlíf á Grenivík hafi ekki verið sagt öflugt (á fundi okkar) þá er þar þó starfandi leikfélag. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

- Menningarlíf í Fjallabyggð er blómlegt, mikil tónlist og myndlist, sýningar, námskeið. Gallerí og listvinnustofur eru á Siglufirði og Lifthúsinu á Ólafsfirði. Leikfélög er starfandi á báðum stöðum en líklegt að þau verði sameinuð. Kórar eru starfandi á báðum stöðum. Á Siglufirði eru söfn eins og Síldarminjasafnið og Þjóðlagasetur sem er með ýmis verkefni, m.a. í

samstarfi við Norðurlönd. Síðastliðið sumar opnaði Ljóðasetur Íslands á Siglufirði. Á Siglufirði eru hátíðir eins og Jónsmessuhátíð, Þjóðlagahátíð, Síldarævintýri, Reitir, alþjóðlegt verkefni skapandi greina og Ljóðahátíð.

- Í Ólafsfirði er sjómanna dagshelgin haldin hátíðleg og Blúshátíð og Berjadagar eru árlegir viðburðir. Náttúrugripasafn er í Ólafsfirði.
- Menningarlíf í Grýtubakkahreppi er ekki eins öflugt og það gæti verið, trúlega er nálægð við Akureyri áhrifavaldur á það. Hins vegar er þar öflug félagsstarfsemi.

## Sameining, samstarf

Talsverðar breytingar hafa orðið á þjónustu í Fjallabyggð við sameininguna, til dæmis varðandi skólahlald eins og þegar er nefnt. Samstarf er um íþrótt- og félagsstarf. Heimaþjónusta var sameinuð, en starfsmenn eru á báðum svæðum. Samstarf við önnur sveitarfélög breyttist einnig nokkuð. Dregið hefur úr samstarfi við Dalvíkurbyggð. Samstarf er við Skagafjörð um málefni fatlaðra og Dalvík er með í því. Í Grýtubakkahreppi er samstarf um félags- og skólaþjónustu og málefni fatlaðra með þjónustusamningi við Akureyrarbæ, samstarf með minni sveitarfélögum við Eyjafjörð (Eyþing), samstarf um AFE, byggingarfulltrúa, tónlistarskóla o.fl. Svo er aðild að framhaldsskólunum með því að greitt er hlutfallslegt gjald til MA og VMA. Þetta kom fram á fundunum:

- Héðinsfjarðargöng munu breyta miklu fyrir þjónustu í Fjallabyggð. Með sameiningu er hægt að halda uppi þjónustustigi og samstarf eykst. Viss samdráttur hefur orðið vegna hagræðingar við sameininguna.
- Það getur verið erfitt að ákveða staðsetningu nýrra þjónustupátta í Fjallabyggð og stundum eru þeir settir á báða staði. Það er tvennt af ýmsu, tvær slökkvistöðvar, tvær bæjarskrifstofur o.fl. Það er vissulega óhagræði að þessu, en það er samt gott fyrir íbúana.
- Í Fjallabyggð er ekki áhugi á frekari sameiningu, en öðru gegnir um aukið samstarf. Verið er að skoða hvernig standa eigi að samstarfi Fjallabyggðar við Dalvíkurbyggð og vilji er til að auka samstarf við Skagafjörð. Það þarf að starfa á stærra svæði, það er ekki nóg að vera bara inn á við eða í samstarfi á Eyjafjarðarsvæðinu. Samstarf í ferðaþjónustu beinist líka mikið vestur á við og búið er að stofna samtök ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
- Áhugi íbúa í Grýtubakkahreppi á sameiningu er ekki mikill. Menn telja samfélagið sjálfbært þrátt fyrir íbúáþróunina og óttast að fá lakari þjónustu ef sameinað yrði. Sameining yrði þá við Akureyri, það er svo mikið samstarf nú þegar. Frumkvæði á staðnum hyrfi, menn færu bónveg að reyna að ná peningum. Félagið sem á aflaheimildirnar og fjármagnar eitt og annað færi inn í hitina. Mögulega hefur samstarfsleiðin fjarlæggt sameiningarþörf.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Stoðkerfið:

Fjallabyggð er nýtt svæði hjá AFE (Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar), þ.e. Siglufjörður var áður á starfssvæði SSVN (Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra) en Ólafsfjörður var fyrir á starfssvæði AFE. AFE hefur unnið með Grýtubakkahreppi að stefnumótun, uppbyggingu PharmArctica og málum sem tengjast ferðaþjónustu o.fl.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldir hugmyndir:

- Unnið hefur verið að því að laða fjárfesta á svæðið með opnun siglingaleiða um norðurheimskautið í huga. Kínverjar vilja leggja ljósleiðara norður fyrir. Þá snýr þetta einnig að leit að olíu og námavinnslu á zinki á Grænlandi (Sítrónufirði). AFE hefur gert úttekt og kortlagt þjónustu við ferðamenn og framboð á afþreyingu og möguleika tengda höfnunum. Verið er að skoða uppbyggingu á Siglufirði í tengslum við þetta, þar er autt húsnæði og tankar



sem mætti nota. Fleiri hafnir eru í athugun, t.d. Dysnes sem bæði iðnaðarlóð og stórskipahöfn. Misjafnt er eftir eðli verkefna hvar þau yrðu staðsett, stærstu skip færu ekki á Siglufjörð eða Ólafsfjörð, heldur Dysnes og svo er Akureyri með ákveðna þjónustu. Upplýsingar um þessi svæði eru fyrirliggjandi þegar á þarf að halda. Markaðssetja á allt svæðið undir yfirskriftinni *Akureyri region*.

- Miklar væntingar eru til þess að Siglufjarðarhöfn verði öryggishöfn fyrir allt Norðurland, þaðan er styst í þau svæði sem nú byggjast upp á Austur-Grænlandi, bæði vegna olúleitar o.fl. Þetta þyrfti ekki að stangast á við hugmyndir um stórskipahöfn á Langanesi, hlutverkin yrðu misjöfn. Á Siglufirði gæti verið öryggishöfn. Tankskipum sem fara fyrir Norðurland fer fjölgandi og það þarf aðstöðu til að þjóna þeim.
- Tækifærin í Fjallabyggð tengjast samgöngubótum, en ekki síður sjávarútvegi.
- Héðinsfjörður er náttúruperla og það eru margar fleiri perlur á svæðinu. Ferðaþjónustan í Fjallabyggð á eftir að blómstra. Það mætti byggja á sögunni, t.d. á Kleifum beint á mótum þéttbýlinu í Ólafsfirði, þar sem nú standa 11 hús, þar er gömul bryggja og var útgerð.
- Í Grýtubakkahreppi kom fram hugmynd um að gera tilraun með að lækka gatnagerðargjöld, lækka gjöld hjá íþróttafélagi og leikskóla, svo mætti kannski byggja eitt parhús og sjá hverju slíkar aðgerðir myndu skila varðandi íbúapróun.
- Grýtubakkahreppur gæti orðið einskonar tilraunasveitarfélag, farið í markaðssókn og fengið auglýsingastofu til að kynna svæðið. Hreppurinn gæti verið módel að sveitarfélagi með fækkun íbúa og hvort og þá hvað væri hægt að finna sem hefði áhrif á þróunina og þá eitthvað sem hægt væri að yfirfæra.

## Sunnanverð Þingeyjarsýsla

### Helstu niðurstöður:

- Íbúum á svæðinu fækkaði um 23% á árunum 1994-2011.
- Mest var fækkunin meðal fólks undir fertugu sem fækkaði um 40%.
- Ungum körlum hefur fækkað mikið sem þýðir að dregið hefur saman með kynjunum, en víðast hvar eru konur færri en karlar.
- Mjög öflug ferðaþjónusta er á þessu svæði, ekki síst í Mývatnssveit.
- Þetta er landbúnaðarsvæði með blönduðum búskap og tekjur af laxveiði.
- Aukin fólksfækkun varð í Skútustaðahreppi eftir lokun Kísiliðjunnar.
- Í Þingeyjarsveit er margskonar starfsemi með landbúnaði, t.d. fiskvinnsla á Laugum, kertagerð og tólgarvinnsla á Stóruvöllum, Laxárvirkjun og framhaldsskóli á Laugum.
- Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að virkjað verði við Þeistareyki.
- Í Skútustaðahreppi er auk búskapar og ferðaþjónustu orkuverið í Kröflu. Talsverð þróun hefur orðið í framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Grænar lausnir sem störfuðu í húsnæði Kísiliðjunnar hafa hætt starfsemi.
- Miklar væntingar voru til byggingar álvers á Bakka.
- Flestir vilja gerð Vaðlaheiðarganga.
- Samgöngur eru ágætar, en vantar að bæta ferðamannaleiðir.
- Áhugi á frekari þróun og tækifærum tengdum ferðaþjónustu.

### Svæðið


Í sunnanverðri Þingeyjarsýslu voru tekin fyrir tvö sveitarfélög, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur. Um Norðurþing verður fjallað með norðursýslunni, enda tilheyrir stærsti hluti þess landfræðilega séð því svæði. Húsavík sem er stærsti þéttbýliskjarninn, er á mótum þessara svæða. Ekki þótti rétt að taka norður- og suðursýslurnar sem eitt svæði, þar sem aðstæður eru um margt ólíkar. Á því svæði sem hér um ræðir eru tveir minni þéttbýliskjarnar, Reykjahlíð í Mývatnssveit (fj. 160) og Laugar í Reykjadal (fj. 118).

Þessi sveitarfélög eru að miklu leyti í dreifbýli og eru landbúnaðarsvæði, þótt víða vinni bændur og búalið önnur störf meðfram búskap, svipað og víða annars staðar. Ferðaþjónusta er öflug, ekki hvað síst í Mývatnssveit. Nokkuð var rætt á fundum okkar um íbúápróun í Mývatnssveit eftir lokun Kísiliðjunnar fyrir fáeinum árum. Áhrifin komu kannski ekki strax í ljós, þar sem sumir sem misstu vinnuna fluttu ekki burt strax, heldur fóru austur á land að vinna. Sumir fluttu brott þegar ljóst var að ekkert átti að koma í staðinn fyrir Kísiliðjuna og fólksfækkun var mikil um tíma.

Fundað var með sveitarstjórnnum þessara tveggja sveitarfélaga í febrúar 2011, en með framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í október 2010. Umfjöllun þessa kafla byggir að hluta til á umræðum fundanna.


## Íbúapróun

Íbúar í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi voru 1.694 árið 1994 en voru orðnir 1.298 árið 2011 og hafði því fækkað um tæplega 400 eða rúm 23%. Þróunin var neikvæð allt tímabilið ef frá er talið árið 2010. Hlutfallsleg fækkun var svipuð í báðum sveitarfélögum. Karlar voru ríflega 100 fleiri en konur í upphafi tímabilsins en í lok þess hafði munurinn minnkað niður í rúmlega 30.



Fjöldi karla og kvenna í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi árin 1994-2011


Mikill munur var á mannfjöldapróun eftir aldurshópum. Það fjölgaði í aldurshópnum 40-59 ára, sem byggist á fjölgun fólks á sextugsaldri þar sem fólki á fimmtugsaldri fækkaði aðeins. Fólki yfir sextugu fækkaði lítillega. Fækkun íbúa á svæðinu má því rekja til fækkunar fólks undir fertugu. Fólki á aldrinum 20-39 ára fækkaði um 40%. Karlar í þessum aldurshópi voru mun fleiri en konur en það hefur nú jafnast út þar sem að fækkun karla á þessum aldri var mun meiri en fækkun kvenna. Þá fækkaði fólki undir títugu um 43%.



Skipting íbúa í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Þessi breyting á aldurssamsetningu hefur áhrif á fjölda fæddra barna en þeim fækkaði um tæpan þriðjung á tímabilinu. Sú breyting leiðir af sér að sú takmarkaða náttúrulega fjölgun sem var á svæðinu er nær horfin.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi á fjögurra ára tímabilum.

Brottflyttir voru fleiri en aðflyttir allt tímabilið ef undan er skilið árið 2010. Mestur var brottflytningur umfram aðflytning á árunum 1996 og 1998 þegar um 130 manns fleiri fluttu í burtu af svæðinu en til þess.



Aðflyttir/brottflyttir í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara var mjög lágt í upphafi tímabilsins, undir 1%, en hefur hækkað nokkuð og er nú um 3%. Konur með erlent ríkisfang voru mun fleiri en karlar mest allt tímabilið.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Skútustaðahreppur var rekinn með halla á árinu 2010 og var einnig með lítilsháttar neikvætt veltufé frá rekstri. Hreppurinn er hins vegar skuldlítill en skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu 125 milljónum kr. í árslok 2010 eða 44% af tekjum. Á móti þessum skuldum var talsvert handbært fé.

Rekstur Þingeyjarsveitar er nokkuð þungur en skuldir ekki háar. Sveitarfélagið var með ágætan rekstrarafgang á árinu 2010 á móti nokkrum rekstrarhalla á árinu 2009. Rekstrarafgangur ársins 2010 byggðist á söluhagnaði eigna en veltufé frá rekstri var neikvætt bæði árin. Sveitarfélagið var frekar skuldlétt en skuldir og skuldbindingar þess námu 446 milljónum kr. í árslok 2010 sem voru 66% af tekjum.

## Atvinnulíf

Samdráttur í atvinnulífi og fækkun íbúa hefur lengi verið viðvarandi á svæðinu. Vinnusóknarsvæði Húsavíkur nær til þessa svæðis og austur um Tjörnes. Væntingar vegna uppbyggingar stóriðju ná því til alls svæðisins. Íbúar Þingeyjarsveitar sækja nokkuð vinnu til Húsavíkur og einhverjir til Akureyrar. Þó nokkuð er um opinber störf á svæðinu; við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, sýslumannsembættið, lögreglu, framhaldsskólann og Landgræðsluna. Á Húsavík hefur verið jafnvægi í atvinnumálum á undanförunum árum. Veiðar og vinnsla eru mikilvægir þættir, en samt er atvinnulíf nokkuð fjölbreytt. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Ferðapjónusta er mjög öflug í suðursýslunni, sérstaklega í Mývatnssveit.
- Nokkuð er um verktakastarfsemi í Þingeyjarsveit sem annars er að mestu landbúnaðarsvæði og dreifbýli, fyrir utan þorpið á Laugum. Hjá sveitarfélaginu starfa yfir 50 manns, skólar og leikskólar eru fjölmennustu vinnustaðirnir. Aðrir vinnustaðir eru Framhaldsskólinn á Laugum, Laxárvirkjun, Skógræktin á Vöglum, kertagerð og tólgarvinnsla á Stóruvöllum í Bárðardal og bakarí og vélaverkstæði við Granastaði.
- Ef virkjað verður við Þeistareyki aukast tekjur vegna fasteignagjalda í Þingeyjarsveit og störfum fjölga.
- Landbúnaður og ferðapjónusta eru helstu atvinnugreinarnar í Skútustaðahreppi, en samt má segja að atvinnulíf þar sé nokkuð fjölbreytt. Þar er orkuver, ýmis þjónusta auk starfsemi sveitarfélagsins, sem er leikskóli, grunnskóli, sundlaug og íþróttahús. Sveitarfélagið er trúlega stærsti vinnuveitandinn á heilsársgrunni með 30-35 starfsmenn. Næststærstur er Landsvirkjun (Krafla).
- Á Laugum er starfrækt fiskvinnslufyrirtækið Laugafiskur þar sem starfa milli 15 og 20 manns.

### Ferðapjónusta:

Ferðapjónusta er öflug á þessu svæði, ekki síst í Mývatnssveit, en hefur verið í góðum vexti víðar, ekki síst á Húsavík. Lengi vel lifði ferðapjónustan á þessu svæði á náttúrunni og fornri frægð, eins og sagt var, og þá ekki síst átt við Mývatnssveit. Það þarf að auka afþreyingu ef fólk á að stoppa. Framboð á afþreyingu hefur aukist, sem skilar sér í auknum straumi ferðamanna. Á svæðinu eru mörg hótél og aðrir gististaðir, en einnig eru mjög margir sumarhústaðir í Aðaldal og Fnjóskadal. Á fundunum kom eftirfarandi fram:

#### Gisting og veitingar:

- Í Þingeyjarsveit er gisting á Narfastöðum, Rauðaskriðu og Kiðagili. Sumarhótel er á Laugum og á Stórutjörnum. Veitingar eru yfirleitt á gististöðunum. Á Fosshóli er sjoppa að sumrinu. Verslun er á Laugum og matsala. Á Narfastöðum er gott veitingahús og einnig gisting. Gisting, handverk og samgöngusafn eru í Ysta-Felli. Tjaldsvæði er í Vaglaskógi og verslun að sumrinu. Fleiri tjaldsvæði eru í sveitarfélaginu.

- Hótelin í Mývatnssveit eru fjögur, Reynihlíð, Sel, Gígur og Reykjahlíð. Gistiheimili eru Eldá, (Bjarg) tvö í Vogum, Geiteyjarströnd, Skútustöðum, Stöng og svo er veiðihúsið. Tjaldsvæði eru tvö og einnig eru gistiskálar. Svo er hægt að gista í heimahúsum í þorpinu.

#### Afbreyting:

- Aðsókn að safninu á Grenjaðarstað er lítil. Þar vantar þjónustuhús og aðstöðu. Sýning er á sumrin í Laxárstöð.
- Til stendur að stofna ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar. Þetta nýja félag gæti skoðað afbreytingarmöguleika.
- Í Mývatnssveit er margvísleg afbreyting, þar eru jarðböðin (opin allt árið), fuglasafnið í Neslöndum (opið allt árið), Hike&bike að sumrinu með göngu- og hjólaferðir, skíðaferðir, bátaleiga, hestaleiga, snjósleðar, jeppaferðir, golf, ferðir í Öskju og útsýnisflug. Veiðin í Laxá gefur þó nokkrar tekjur.
- Jólasveinaverkefnið er í nokkurri lægð. Fyrst varð mikil aukning í aðsókn og mest 2009, en minnkaði síðan. Verkefnið hefur ekki staðið undir sér.

#### Landbúnaður:

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Undanfarið hafa stór kúabú farið úr rekstri og mjólkurkvóti farið af svæðinu. Þetta eru jafnvel góðar og vel staðsettar jarðir. Einhver endurnýjun hefur orðið, börn taka við af foreldrum, fremur en fólk komi að og kaupi jarðir.
- Svínabú í Pálmholti er uppeldisstöð fyrir grísi sem koma úr Eyjafirði og fara síðan til slátrunar.
- Ekki er mikil nýsköpun í landbúnaði, nema gulrótaráækt í Fnjóskadal og Akurseli í Öxarfirði. Granastaðir taka þátt í Þingeyska matarbúrinu.
- Í Mývatnssveit eru um 20 bú með sauðfjárbúskap, þar af eru átta sem einnig eru kúabú en eitt bú sem er bara kúabú. Einnig eru nokkrir frístundabændur.
- Margar jarðir hafa tekjur af laxveiði, í Laxárdal, Aðaldal og kannski eitthvað í Fnjóskadal, veiðihús eru í hinum fyrrnefndu tveimur. Skjálfandafljót er með vaxandi hlutdeild. Nokkur störf eru við leiðsögn við veiðarnar.

#### Þjónusta, iðnaður:

Eftirfarandi atriði komu fram á fundunum:

- Sparisjóður Suður-Þingeyinga er á Laugum, Húsavík og Mývatnssveit (Reykjahlíð). Útibúi á Fosshóli var nýverið lokað. Póstþjónusta og banki er samrekið á Laugum.
- Á Stóru-Völlum í Bárðardal er kertagerð og tólgarvinnsla.
- Í Mývatnssveit er bifreiðaverkstæði, Léttsteypan, banki, verslun, smíðaverkstæði, rafvirkjar, verktakar í jarðvinnu og hárgreiðslukona kemur reglulega.
- Verslunin Strax í Mývatnssveit gengur vel á sumrin vegna ferðamannastraumsins. Íbúum finnst þó erfitt að versla á sumrin, biðtími er stundum langur vegna fjölda ferðamanna.
- Grænar lausnir eru í gjaldþrotaferli frá hausti 2010. Í húsnaðinu eru tveir rafvirkjar með aðstöðu og voru reyndar meðan fyrirtækið starfaði. Landsvirkjun á húsnaðið. Það fór aldrei nein söluafurð frá fyrirtækinu. Það framleiðdi pappabretti og fór svo að framleiða vélar til að framleiða bretti sem enginn markaður var fyrir. Þarna unnu fjórir þegar mest var. Allir höfðu áður starfað hjá Kísiliðjunni.
- Í Mývatnssveit er nokkuð um heimavinnslu matvæla, reyking á silungi er í þremur reyk húsum og hjá einstaklingum, reykt kjöt og hverarúgbrauð frá þremur stöðum. Handverk er selt í Mývatnsmarkaði bæði í Reykjahlíð og við Dimmuborgir.

## Velferðarmál og samfélag

### Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:

Í þjónustukönnuninni (sjá viðauka x) er svarað fyrir tvo þéttbýliskjarna, Reykjahlíð og Laugar í Reykjadal. Lögreglan á Húsavík þjónar þessu svæði. Heilsugæsla er á báðum stöðum en sinnt frá

Húsavík og því ekki læknir á staðnum. Tannlæknþjónusta er sótt bæði til Húsavíkur og Akureyrar. Dvalarrými fyrir aldraða er á Húsavík og hvað íbúa Þingeyjarsveitar varðar einnig á Akureyri eða Grenivík. Heilbrigðisþjónusta Þingeyinga sinnir stóru svæði og það að sameina hana í eitt styrkti hana mjög. Áður var vandræðaástand að manna litlu stöðvarnar, en það breyttist við sameininguna. Sterk grunnþjónusta er til staðar í heilbrigðisþjónustu. Læknir og hjúkrunarfræðingur koma af og til í Lauga og í Mývatnssveit er hjúkrunarfræðingur á staðnum og lyfjaafgreiðsla í heilsugæslustöðinni. Læknir kemur tvisvar í viku. Önnur atriði sem fram komu á fundunum:

- Það skortir á heilbrigðisþjónustu til að mæta hinum mikla straumi ferðamanna um Mývatnssveit á sumrin.
- Aldraðir íbúar Mývatnssveitar sækja vistun til Húsavíkur. Heimahjúkrun og félagsleg heimþjónusta og félagsstarf aldraða er til staðar. Ungbarnaeftirlit er í sveitinni, en barnsfæðingar á Akureyri.

#### **Jafnréttismál:**

Þingeyjarsveit hefur nýlega samþykkt jafnréttisáætlun og konur eru að meirihluta í sveitarstjórn og jafnt kynjahlutfall í nefndum, nema fjallskilanevnd. Meðvitað er reynt að halda jöfnu hlutfalli og að sögn hefð fyrir því í Aðaldal.

#### **Húsnæði:**

Framboð á íbúðarhúsnæði, hvort heldur er til leigu eða kaupa er sagt lítið í svörum við þjónustukönnuninni. Þessi þáttur var reyndar lítt eða ekki til umræðu á fundum okkar á þessu svæði.

## **Umhverfi**

#### **Orku- og sörpmál:**

Þetta er jarðhitasvæði og því hitaveita víða, þó ekki alls staðar. Möguleg orkunýting og bygging álvers Alcoa var til umræðu á fundunum, enda var þá ekki orðið ljóst um hvort af byggingu álvers yrði (og er ekki ljóst enn). Mest var rætt um virkjun á Þeistareykjum og þau umsvif sem það kallar á, sem og spurninguna um hvernig nýta eigi orkuna. Þeistareykir tilheyra Þingeyjarsveit og sveitarfélagið er í samstarfi við Landsvirkjun um orkunýtinguna.

#### **Samgöngur:**

Rætt var um Vaðlaheiðargöng á fundunum og nokkuð misjöfn viðhorf komu fram. M.a. kom fram að fyrstu áhrifin fyrir Húsavík verði neikvæð, því þjónustusókn til Akureyrar muni aukast. Sumir viðmælenda á svæðinu vilja frekar ýmsar aðrar vegabætur. Hins vegar gegni öðru máli um Vaðlaheiðargöng í tengslum við alvöru atvinnuuppbyggingu eins og álver. Í Þingeyjarsveit vonast menn þó eftir að Vaðlaheiðargöng verði að veruleika. Það muni gjörbreyta samgöngumynstri á svæðinu og t.d. auðvelda fólki að sækja vinnu á Akureyri. Þessi mál eru nú til umræðu í þinginu og hafa ekki verið afgreidd þegar þetta er ritað. Þessi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Tengivegir í Þingeyjarsveit eru lélegir, t.d. í Bárðardal, en vegir í gegn góðir, þó eru tvær einbreiðar brýr á meginleiðum. Vegakerfið í byggðarlaginu er mjög langt. Lengsti skólaakstur eru 50 km úr Svartáarkoti, þaðan koma bæði grunn- og leikskólabörn. Vegurinn yfir hálandið liggur upp úr Bárðardal. Vegagerðin sér um að moka hringveg og meginleiðir, en sveitarfélagið kemur annars inn í kostnað.
- Almenningsamgöngur milli Mývatnssveitar og Akureyrar eru lélegar að vetrinum, þær eru ekki reglubundnar, en tengdar ferðum austur á land á óhentugum tíma dagsins, t.d. m.v. flug. Engar almenningsamgöngur eru við Húsavík, en nú verður breyting á þegar flug hefst á ný (vorið 2012). Flugvöllurinn í Mývatnssveit er notaður fyrir útsýnisflug að sumrinu.
- Samgöngur úr Mývatnssveit eru greiðar. „Sandurinn“, eða Kísilvegurinn, er mokaður tvisvar í viku að vetrinum. Það er malarvegur að hluta, en er miklu styttri leið til Húsavíkur fyrir þorpsbúa, munar 20 mínútum við bestu aðstæður.

- Snjómokstur er sex daga vikunnar sunnan við Mývatn, en bara tvo daga norðan við vatn (sveitarfélagið þarf að kosta annan mokstur). Ekki er mokað á ferðamannaleiðum eins og að Dettifossi og það hamlar vetrartengdri ferðþjónustu.
- Vegir hafa mikið batnað á svæðinu, en það vantar flug. Það þarf að klára Dettifossveg til að styrkja ferðþjónustuna og klára Demantshringinn (hringleið Húsavík-Ásbyrgi-Dettifoss-Mývatnssveit). Hægt væri að stytta leiðina til Akureyrar með nýrri brú yfir Skjálfandafljót á þjóðvegi 85 og göng um Vaðlaheiði. Aðaldalsflugvöllur er góður og einn besti lendingarstaður á landinu.

## Verslun og þjónusta

Í þjónustukönnuninni (sjá spurningalista í viðauka) var spurt um 15 þjónustubætti í þéttbýli. Þjónusta er mikið sótt til Húsavíkur bæði frá Reykjahlíð og Laugum. Einnig til Akureyrar. Þjónusta eins og áfengisverslun, bakarí, hárgreiðslustofa, vélsmiðja, pípulagnir og múrverk má sækja til Húsavíkur. Lágvöruverðsverslun er á Akureyri, sem og tölvuþjónusta. Önnur þjónusta iðnaðarmanna er til staðar, en þó ívið fjölbreyttari á Laugum en í Reykjahlíð. Á Húsavík eru tvær matvöruverslanir (Samkaup-Úrval og Kaskó) og margs konar sérverslanir. Í bænum eru einnig margar hárgreiðslustofur og veitingastaðir. Matvöruverslun er á Laugum, rekin af hlutafélagi. Á fundunum kom fram:

- Íbúar Þingeyjarsveitar sækja þjónustu til Húsavíkur en einnig til Akureyrar, það fer eftir því nær hvorum staðnum fólk býr. Matvöruverslun var á tveimur stöðum í Mývatnssveit, en nú er ein verslun (Strax), staðsett í Reykjahlíð.
- Mývetningar sækja meira þjónustu til Akureyrar en til Húsavíkur. Á Akureyri eru fleiri verslanir, meiri þjónusta og lægra vöruverð en Húsavík. Verslunarferðir í Bónus borguðu bensínið, en það hefur trúlega breyst.



Skóbúðin á Húsavík hefur verið lengi á sama stað. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

## Menntun

Framhaldsskólar eru á Laugum og á Húsavík. Unglingar af svæðinu sækja þó talsvert til Akureyrar í framhaldsskóla. Grunnskólinn á Hafralæk er í samrekstri með Þingeyjarsveit. Grunnskólar Þingeyjarsveitar eru þrír, Hafralækjarskóli, Laugar og Stóru-tjarnir og leikskóli og tónlistarskóli á öllum stöðum. Leikskóladeildir eru fjórar, við skólana og í Bárðardal. Tölur í þessum kafla miðast við skólaárið 2010-2011. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Börn í grunnskóla í Þingeyjarsveit eru 125 alls, 29 á Laugum, 52 á Stórutjörnum og 44 á Hafralæk. Á leikskóla eru 48 börn, flest í Aðaldal (25 börn). Í grunnskóla Skútustaðahrepps eru 48 nemendur og 18 börn í leikskóla.



- Um 160 nemendur eru í framhaldsskólanum á Húsavík og þar starfa 19 manns. Nemendafjöldi Laugaskóla er um 120.
- Aðsókn að Framhaldsskólanum á Laugum hefur haldið sér, þótt unglingar úr nágrennabyggðum fari gjarnan til Akureyrar, t.d. allt að 100% úr Mývatnssveit. Margir nemendur koma af landsbyggðasvæðum af NA-horninu. Þarna er góð almenn braut, íþróttabraut og svo er fjarnám og stuðningsnám fyrir þá sem eiga við námsörðugleika að etja. Kerfið byggir meira á símati og vinnustofum, fremur en fyrirlestur og prófum.

## Menning

Í þjónustukönnuninni kom fram að menningarlíf er þó nokkuð öflugra á Laugum (eða í Reykjadal) en í Reykjahlíð (Mývatnssveit). Þar er t.d. leikfélag og fleiri kórar en kirkjukór og meira að segja kvikmyndasýningar. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á fundum okkar:

- Menningarmiðstöð Þingeyinga er hattur yfir safnastarfi.
- Í Þingeyjarsveit eru tveir stórir kórar, Sálubót og karlakórinn Hreimur (meðlimir koma víða að), kirkjukórar og leiklist í Reykjadal. Svo er Hið þingeyska fornleifafélag og fornleifaskóli barnanna. Félagslíf aldraðra er öflugt.
- Í Skútustaðahreppi er öflugt íþróttastarf, fótbolti, skíði og frjalsar íþróttir. Íþrótt- og ungmennafélag er sameinað. Skíðasvæði er í Kröflu. Starfandi er björgunarsveit, skáklúbbur, kórastarf, bæði innan sveitar og á stærra svæði.

## Sameining, samstarf

Sveitarfélögum hefur fækkað á svæðinu á undanförunum árum vegna sameiningar. Þingeyjarsveit nær einnig yfir stórt landsvæði og þar sameinuðust fimm sveitarfélög, síðast Aðaldælahreppur 2006. Skútustaðahreppur stendur þó sér enn sem komið er. Talsvert samstarf sveitarfélaga er í sýslunni, t.d. varðandi skólamál og félagsþjónustu, málefni fatlaðra, barnaverndarmál, byggingar- og skipulagsmál og atvinnuþróunarfélag. Eftirfarandi atriði voru rædd á fundunum:

- Þingeyjarsveit er í margvíslegu samstarfi á svæðinu, um sorpsamlag, slökkvilið ásamt Skútustaðahreppi, dvalarheimili aldraðra með sveitarfélögum vestan til og á Húsavík. Börn úr Reykjahverfi í Norðurþingi sækja skóla á Hafalæk. Samstarf er gegnum menningarmiðstöðina, atvinnuþróunarfélagið og ýmsar nefndir eins og umhverfismál o.fl.
- Í Þingeyjarsveit hugsa íbúar ennþá í byggðarlögum. Sameining er ferli sem tekur langan tíma. Þjónustan þarf að vera eins alls staðar í sveitarfélaginu.
- Mývetningar hafa fellt sameiningu með yfirgnæfandi meirihluta. Kosningaþátttaka er léleg, fólk nennir ekki að kjósa aftur og aftur um það sama.
- Menn borga sama hlutfallið í dýrustu póstana eins og skólamál og sameining breytir engu. Fólk vill vita „hvenær er nóg“, hve mörg sveitarfélög ríkisvaldið vill fá. Það væri hægt að vinna út frá því ef ríkisvaldið ákvæði fjöldann sem ætti að vera.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Niðurskurður hins opinbera og uppbygging við Bakka var rædd á þessu svæði, ekki síður en á norðursvæðinu. Eftirfarandi atriði voru rædd á fundunum:

- Það skortir skilning hjá hinu opinbera, t.d. þegar verið var að skera niður þjónustu. Það sýnir sig m.a. í því að menn skilja ekki vegalengdir. Þetta skilningsleysi fer illa í fólk. Fólk verður neikvætt og fer að tala sig niður. Menn upplifa sig annars flokks.
- Vegna niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu verður erfitt að sinna Mývatnssveit á sumrin þegar ferðamannastraumur er mestur.

- Í Skútustaðahreppi vantar fleiri atvinnutækifæri á heilsársgrunni. Það vantar líka heilsárskvennastörf. Konur vinna meira í ferðaþjónustu að sumrinu en karlar.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Í Þingeyjarsveit verður atvinnusköpun í tengslum við virkjun á Þeistareykjum stóra tækifærið.
- Mörg tækifæri eru í ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit. Nóg af gistinóttum bara með þá ferðamenn sem ekki fá gistingu í Mývatnssveit, allt fullt frá miðjum júní fram í miðjan ágúst. Það mætti auka framboð á afþreyingu, hún er lítil nema í Vaglaskógi og við veiðina.
- Óvíst er hvað Landsvirkjun gerir við húsnæði Grænna lausna í Mývatnssveit. Þau nýtast kannski í sambandi við virkjun í Bjarnarflagi. Þar er allt tilbúið til virkjunar og rafmagn færi beint inn á netið.
- Heilsutengd ferðaþjónusta gæti verið tækifæri og hefur verið unnið að því af og til. Áherslan ætti að vera á vellíðan. Vitað er um hópa sem koma tengt slíku, t.d. jógaþópar.
- Ýmis önnur verkefni tengd ferðaþjónustu eru möguleg, t.d. „geotúrismi“ (ferðaþjónusta sem byggir á jarðfræði). Það mætti markaðssetja fossaferðir, fossar eru margir á svæðinu. Jólasveinarnir í Dimmuborgum og matur því tengdur gæti verið tækifæri til vaxtar.
- Það eru nokkur opinber störf til staðar í Mývatnssveit, t.d. starfa landverðir að sumrinu. Svo er rannsóknarmiðstöð við vatnið. Hægt væri að hýsa saman starfsemi Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn, Umhverfisstofnunar (landvörslu) og Þekkingarnets Þingeyinga. Húsið á Skútustöðum gæti þó ekki hýst þetta og í raun ekki kjörið fyrir þá starfsemi sem þar er.

## Norðanverð Þingeyjarsýsla

### Helstu niðurstöður:

- Fækkun íbúa var 18,6% á tímabilinu 1994-2011.
- Mesta fækkunin var á Raufarhöfn um 50% og 40% á Bakkafirði. Minnsta fækkunin var 11% á Húsavík.
- Fólki undir fertugu fækkaði en fjölgaði hins vegar yfir fertugt. Fækkunin í aldurshópnum 20-40 ára var 37%.
- Á þessu svæði hefur yngri körlum einnig fækkað meira en yngri konum, sem þýðir að dregið hefur saman með kynjunum.
- Austurhlutinn er hreint svæði með sterkan landbúnað.
- Atvinnulíf á Húsavík er nokkuð fjölbreytt, en sjávarútvegur er sterkur þar með tvö stór fyrirtæki, GPG og Vísi. Auk þess er fyrirtækið Norðlenska og öflug ferðaþjónusta og opinber starfsemi.
- Hvalaskoðun og hvalasafn er stærsta aðráttarafl ferðamanna í Norðurþingi, auk þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum (sem er hluti Vatnajökulsþjóðgarðs).
- Húsavík er þjónustukjarni og ekki síst fyrir austanvert svæðið. Þar er m.a. talsvert um sérverslanir.
- Á þessu svæði eru tvö dreifbýlissveitarfélög sem sækja þjónustu í nágrennabyggð.
- Í Langanesbyggð eru miklar væntingar um uppbyggingu vegna olíuvinnslu á Drekasvæðinu og olíuflutninga sem staðsett yrði í Finnafirði (Gunnólfsvík).
- Ísfélagið er kjölfesta í atvinnulífi í Langanesbyggð.
- Vegur um Hófaskarð mun breyta miklu fyrir búsetu og atvinnulíf á austursvæðinu.
- Fjallalamb er mikilvægt fyrirtæki á Kópaskeri.
- Þrjú fiskeldisfyrirtæki eru á svæðinu.
- Miklar áhyggjur voru vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hins opinbera, ekki síst varðandi heilbrigðisþjónustu.
- Flogið er milli Þórshafnar og Akureyrar en flug á Aðaldalsflugvöll hefur legið niðri í nokkur ár. Nú verður breyting þar á og það mun t.d. nýtast vel í ferðaþjónustu.
- Lítil áhugi er sagður á sameiningu í dreifbýlishreppunum.


### Svæðið

Í norðanverðri Þingeyjarsýslu eru fjögur sveitarfélög sem öll eru til umfjöllunar, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð. Norðurþing er víðfeðmt sveitarfélag og innan þess eru þrjú þéttbýliskjarnar, Húsavík (fj. 2.232), Kópasker (fj. 122) og Raufarhöfn (fj. 185). Í Langanesbyggð eru tveir þéttbýliskjarnar, annars vegar Þórshöfn (fj. 375) og lítill byggðakjarni á Bakkafirði, þar sem búa um 75 manns. Tjörneshreppur og Svalbarðshreppur eru fámenn dreifbýlissamfélög án byggðarkjarna.

Fundað var með sveitarstjórnnum allra þessara sveitarfélaga og tvö fyrirtæki heimsótt, annars vegar GPG á Húsavík og hins vegar Ísfélagið á Þórshöfn. Einnig var rætt við framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Fundirnir voru haldnir í október 2010 og liggja til grundvallar umfjöllunar þessa kafla.


## Íbúapróun

Íbúum á svæðinu fækkaði um rúmlega 800 á tímabilinu sem gerir 18,6% fækkun. Árið 1994 voru íbúar 4.365 en árið 2011 voru þeir 3.550. Fólksfækkun var stöðug nær allt tímabilið þó á því séu undantekningar eins og árin 1996 og 2008 þegar að fólki fjölgaði lítillega. Karlar voru meira en 200 fleiri en konur í upphafi tímabilsins en rúmlega 50 fleiri í lok þess. Ef þróunin er greind niður á einstök svæði eða þéttbýlisstaði kemur í ljós að hlutfallslega var fækkunin mest á Raufarhöfn þar sem að íbúum fækkaði um rúmlega helming og á Bakkafirði þar sem fækkunin var um 40%. Á Kópaskeri fækkaði um fjórðung og um 17,5% á Þórshöfn. Minnst var fækkunin á Húsavík um 11%. Í dreifbýlinu var fækkun upp á tæpan fjórðung íbúa.



Fjöldi karla og kvenna í Norðurþingi, Langanesbyggð, Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi árin 1994-2011


Ef horft er á þróunina eftir aldurshópum kemur í ljós að það varð nokkur fjölgun á fólki eldra en fertugu á svæðinu á meðan verulega fækkaði fólki undir fertugu. Fólki undir tvítugu fækkaði um 34% og fólki á aldrinum 20-40 ára um tæp 37%. Athygli vekur að körlum á aldrinum 20-39 ára, sem voru mun fleiri en konur í upphafi tímabilsins, fækkaði mun meira en konum og er nú mun minni munur á fjölda karla og kvenna á þeim aldri en áður.



Skipting íbúa í Norðurþingi, Langanesbyggð, Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Afleiðing breytinga á aldursamsetningu og þess að greinanlegt „mitti“ er komið í aldurstré svæðisins í aldurshópnum 25-44 ára er að dregið hefur úr barnsfæðingum á svæðinu um rúman þriðjung og þar með hefur náttúruleg fjölgun íbúa minnkað mjög frá því sem var.

Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Norðurþingi, Langanesbyggð, Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi á fjögurra ára tímabilum

Mikill brottflutningur umfram aðflutta var á tímabilinu. Mestur var hann árin 1998-2001 þegar að á annað hundrað manns fleiri fluttu af svæðinu en til þess öll árin. Einnig fluttu um 100 færri á svæðið en frá því árið 1995. Aðeins árið 2008 voru aðfluttir fleiri en brottfluttir.



Aðfluttir/brotfluttir í Norðurþingi, Langanesbyggð, Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara jókst úr rúmum 2% af íbúafjölda í upphafi tímabilsins í tæplega 6% í lok þess. Konur með erlendan ríkisborgararétt voru heldur fleiri en karlar með erlendan ríkisborgararétt allt tímabilið og jókst sá munur heldur í lok tímabilsins.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Norðurþingi, Langanesbyggð, Tjörneshreppi og Svalbarðshreppi 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Norðurþing er frekar skuldsett sveitarfélag. Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2010 var hagnaður upp á rúmlega 500 milljónir kr. en hann var til kominn vegna söluhagnaðar upp á rúmlega 800 m.kr. vegna sölu Orkuveitu Húsavíkur á 29% hlut sínum í Þeistareykjum ehf. Veltufé frá rekstri var þrátt fyrir það jákvætt. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins (samstæðu) námu í árslok 2010 tæpum 6 milljörðum króna sem eru 256% af tekjum og því langt yfir 150% skuldahámarki sveitarstjórnarlaga. Á móti þessum skuldum eru til peningalegar eignir upp á rúmlega 1.300 milljónir kr. en veltufjárhlutfall er gott.

Sveitarsjóður Langanesbyggðar var rekinn með halla bæði árin 2009 og 2010 en með jákvæðu veltufé frá rekstri. Skuldir sveitarfélagsins í árslok 2010 námu rúmum 643 milljónum kr. sem er 116% af tekjum og því nokkuð innan marka sveitarstjórnarlaga.

Sveitarsjóðir Tjörneshrepps og Svalbarðshrepps eru litlir en báðir reknir með afgangi og jákvæðu veltufé frá rekstri á árinu 2010. Í árslok 2010 skuldaði Tjörneshreppur 1,7 milljónir króna eða 9% af tekjum og Svalbarðshreppur 18,8 milljónir eða 28% sem er með því allra minnsta sem þekktist. Báðir hrepparnir eiga þó nokkrar peningalegar eignir miðað við stærð þeirra.

## Atvinnulíf

Samdráttur hefur verið lengi á öllu svæðinu, en þó mismikill eftir byggðarlögum. Mögulega getur þéttbýlið haldið stöðu sinni. Þar gæti verið stöðugleiki byggður á því sem fyrir er og nýjungum eins og kræklingaeldi. Miklir möguleikar eru í ferðaþjónustu. Hún er rótgróin sunnan til í Þingeyjarsýslum, en styttra komin fyrir norðan. Sauðfjárrækt er mjög sterk á austasta svæðinu, til dæmis í Öxarfirði og þar er nokkur ferðaþjónusta tengd þjóðgarðinum. Þar eru einnig jarðhitaauðlindir, orka sem þegar er notuð í fiskeldinu. Húsavík er sjávarútvegsbær, en einnig þjónustukjarni, bæði með opinbera þjónustu og aðra þjónustu. Fjallalamb hf. er kjölfestan á Kópaskeri. Raufarhöfn byggir á smábátaútgerð, smá ferðaþjónustu og lágmarks þjónustu. Svo eru möguleikar vegna opunar Norðurishafs-siglingaleiðar og rannsókna og mögulegrar olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Eftirfarandi atriði voru rædd á fundunum, auk þess sem fram kemur hér að ofan:

- Í Norðurþingi eru margar stoðir í atvinnulífi, landbúnaður, sjávarútvegur, opinber þjónusta, ferðaþjónusta og talsvert af verktakastarfsemi. Hjá sveitarfélaginu eru 331 starfsmaður í 230 stöðugildum. Húsavík er þjónustukjarni, bæði með opinbera þjónustu s.s. sýslumannsembætti, heilbrigðisstofnun, framhaldsskóla sem og aðra þjónustu. Norðlenska hf. er öflugt og mikilvægt framleiðslufyrirtæki. Sveitarfélagið rekur fjórar hafnir, þrjú áhaldahús, fjórar sundlaugar og þrjú slökkvilið.
- Í Tjörneshreppi er 21 heimili. Á fæstum bæjum lifir fólk alfarið af landbúnaði. Eina atvinnustarfsemi utan landbúnaðar er minjasafnið á Mánárbakka. Margir sækja vinnu annað, flestir til Húsavíkur, um 7-8 manns á sjúkrahúsið og dvalarheimilið, eða störf við verslun, þjónustu og iðnað.
- Ekki eru allir sammála um hvernig eigi að nýta orkuna frá Þeistareykjum og hvaða starfsemi eigi að koma á lóðina við Bakka. En með stóran vinnustað á svæðinu myndu skapast möguleikar fyrir brottflutta til að geta snúið heim.
- Svalbarðshreppur er dreifbýlissamfélag og aðalatvinnugrein er sauðfjárrækt. Barnaskólinn á Svalbarði er stærsti vinnustaðurinn þess utan. Margir úr hreppnum starfa við heilsugæslustöðina og hjá Ísfélaginu á Þórshöfn. Í hreppnum eru mikil hlunnindi af laxveiði. Laxveiðiár eru nokkrar og mjög eftirsóttar og leigðar út og gefa allt að 30 milljónir kr. á ári í tekjur.
- Innflutningsfyrirtækið Búvís ehf. í Svalbarðshreppi flytur inn rekstrarvörur, vélar og tæki fyrir landbúnað. Starfsemi þess skilar þó litlum tekjum í sveitarsjóð.

- Drekafélagið ehf vann að undirbúningi varðandi uppbyggingu vegna olíuvinnslu. Ef olía og gas verður flutt til vinnslu á land er staðurinn Gunnólfsvík. Hvort sem um ræðir umskipunarhöfn eða olíuhreinsunarstöð þá þarf mjög mikið land og þær aðstæður eru fyrir hendi þarna. Engin byggð í nágrenninu nema þorpið í Bakkafirði. Það þarf byggð í nágrenni til að sinna þjónustu og störfum (Langanesbyggð setti þetta inn á aðalskipulag en Skipulagsstofnun neitaði að staðfesta. Verið er að vinna að lausn málsins. Viðbót skýrsluhöfunda).
- Fræðasetur um forystufé í Svalbarðshreppi verður staðsett í gömlu samkomuhúsi við hliðina á skólanum. Verið að safna efni á svæðinu, búið að fá fjármagn.
- Atvinnulíf í Langanesbyggð er stöðugt, mikið að gera hjá Ísfélaginu og hjá verktökum. Á Þórshöfn er næg atvinna, en vantar iðnaðarmenn og líka á Bakkafirði. Fólk frá Raufarhöfn, Kópaskeri, jafnvel lengra að hefur komið til Þórshafnar til að vinna. Vegurinn um Hófaskarð breytir miklu.
- Stærsti vinnustaðurinn á Þórshöfn er sveitarfélagið með um 55 starfsmenn, Ísfélagið er næst stærst. Á staðnum eru jarðvegsverktakar, Vegagerðin með starfsemi og Rarik er með einn starfsmann. Hjá heilsugæslu og apóteki á Þórshöfn vinna 3-4 manns. Einnig er ný þrjónastofa á Þórshöfn. Landbúnaður er nokkur í nágrenni Þórshafnar.
- Á Bakkafirði er fiskvinnslan Toppfiskur (frá Reykjavík) stærsti vinnustaðurinn og þar starfa allt að 25 manns.

#### Sjávarútvegur:

Fyrir nokkrum árum urðu breytingar á eignarhaldi í sjávarútvegi og útgerð fór frá Húsavík. Í dag er vinnslan hjá Vísí og GPG öflug. Höfuðstöðvar Vísis eru í Grindavík. GPG er með starfsstöðvar (saltfiskvinnslu) á Húsavík og Raufarhöfn (frysting, hrogn og makrill). Einnig nokkrir litlir línubátar. Sjávarútvegur er einnig öflugur á Þórshöfn. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

#### Fyrirtækin:

- GPG er með saltfiskverkun og þurrkun en Vísir með fiskvinnslu og um 50 starfsmenn. Hjá GPG starfa um 100 manns, þar af 20-30 á Raufarhöfn.
- Á Þórshöfn er Ísfélagið frá Vestmannaeyjum með starfsstöð og er kjölfestan í atvinnulífi þar. Starfsemin er sú sama í Eyjum og á Þórshöfn, síldarveiðar og vinnsla, en einnig vinnsla á öðrum fiski og bræðsla. Starfsmenn á Þórshöfn eru 50-60 talsins.

#### Fiskeldi:

- Fiskeldisfyrirtæki á svæðinu eru Silfurstjarnan í Öxarfirði, Rifós í Kelduhverfi og Fiskeldið Haukamýri við Húsavík.

#### Staðan og framtíðarhorfur:

- Það skapar áhættu að fyrirtækin eru ekki með höfuðstöðvar á svæðinu. Vísir er staðsettur í Grindavík og gæti mögulega lagt niður starfsemi á Húsavík. GPG gæti líka dregið saman á Raufarhöfn og þá hrynur allt þar. Smærri útgerðir og vinnsla er í höndum heimamanna en sú starfsemi hefur ekki úrslitaáhrif.
- Strandveiðin er til staðar en ekki hægt að byggja vinnslu á henni. Sá fiskur fer á markað.

#### **GPG á Húsavík**

Stofnað árið 1997.

**Starfsemi á Húsavík:** saltfiskvinnsla og fiskþurrkun.

**Starfsemi á Raufarhöfn:** frysting á hrognum og makrill, Grásleppa, bolfiskur. Blönduð vinnsla.

**Starfsmenn:** alls 100 talsins, 20-30 á Raufarhöfn og helmingur þeirra erlendir.

**Bátar:** 4-5.

**Kvóti:** 400 tonn í makrill og 2000 tona þorskígildi (þar af 1400 tonn í þorski).

**Keypt á markaði til vinnslu:** 1500-2000 tonn.

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Jökull ehf á Raufarhöfn. Stefna að auknum makrílveiðum á Raufarhöfn. Samstarf við Ísfélagið á Þórshöfn og HB Vopnafirði um hráefni.

- Raufarhöfn er vel staðsett varðandi fiskimið og forsvarsmenn GPG segjast ekki ætla að fara þaðan. Góðar samgöngur á milli með nýjum vegi er styrkur.
- Því fylgir mikil ábyrgð að vera stærsta fyrirtækið á staðnum, eins og nú er hlutskipti GPG á Húsavík.
- Góð höfn á Þórshöfn var m.a. grundvöllur þess að Ísfélagið vildi koma þangað. Samgöngubætur skiptu miklu. Fyrirtækið á samstarf við t.d. GPG. Að mati forsvarsmanna Ísfélagsins er engin hættu á að fyrirtækið hætti starfsemi sinni á Þórshöfn og mikil uppbygging hefur verið á vegum þess undanfarið.

### Ferðaþjónusta:

Á norðursvæðinu er þjóðgarðurinn sem er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði líklega stærsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn, auk ferðaþjónustu á Húsavík og ferðaþjónusta er í vexti víðar á svæðinu. Verið er að byggja upp Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og ef það virkar sem aðdráttarafl, mun það hjálpa staðnum. Kyrrðin á Melrakkaslétu og lítill umferð skapar tækifæri og svæðið er tilvalið fyrir fuglaskoðun. Verið er að byggja upp Dettifossveg sem verður líklega tilbúinn 2015. Vopnafjörður er að tengjast upp úr, heilsársvegir eru að opnast og leiðum að fjölga. Eftirfarandi var einnig rætt á fundunum:

#### Gisting og veitingar:

- Ferðaþjónusta á Ytra-Álandi (gisting og sumarhús) er eina ferðaþjónustufyrirtækið í Svalbarðshreppi. Þar er einnig tjaldsvæði og svo er boðið upp á hestaleigu. Skólinn er líka leigður undir gistingu að sumrinu.
- Á Þórshöfn eru tvö gistiheimili. Ytra-Lón á Langanesi var að stækka og geta tekið 80-90 manns í gistingu, þangað eru 15 km frá Þórshöfn. Reksturinn hefur gengið vel. Á Þórshöfn er einnig tjaldsvæði, sundlaug og íþróttahús.

#### Afþreying:

- Í Norðurþingi er margvíslegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn, Ásbyrgi, Dettifoss, Gljúfrastofa og svo hvalaskoðunin á Húsavík, en yfir 40 þúsund manns fara í hvalaskoðun yfir árið. Hvalaskoðun og Hvalasafn á Húsavík er mikið aðdráttarafl.
- Safnið á Mánárbakka er með auglýstan opnunartími að sumrinu, annars opið eftir samkomulagi. Að öðru leyti er engin skipulögð ferðaþjónusta í Tjörneshreppi. Steingervingar í fjörunni og fuglar eru mikið skoðaðir. Í tengslum við skipulagsvinnu er gert ráð fyrir að nota t.d. félagsheimilið fyrir ferðaþjónustu, einnig mætti setja upp tjaldsvæði o.fl.
- Talsverð umferð ferðamanna er út á Langanes. Þangað liggur vegslóði, ekki vel fær öllum bílum. Það gengur illa að fá fjármagn í vegagerð. Annað aðdráttarafl á Langanesi eru Skálar og Sauðaneshúsið sem er með sýningar á sumrin.

#### Ýmis atriði:

- Áætlanarflug í Aðaldal hófst á ný í apríl 2012. Beint flug út á land frá Keflavíkflugvelli sem tengir millilanda- og innanlandsflug á að vera valkostur.
- Það vantar fjármagn inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Aðstaða er ekki nógu góð, t.d. varðandi snyrtingar. Vegur að Dettifossi er vondur að austan. Það er búið að leggja betri veg að hluta að vestan.

### Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn

Ísfélag Vestmannaeyja hf var stofnað 1901. Í lok árs 2006 keypti það 100% hlut í Hraðfrystistöð Þórshafnar og sameinaði Ísfélagi Vestmannaeyja hf. Ísfélagið er með höfuðstöðvar sínar í Vestmannaeyjum og rekur starfstöðvar á tveimur stöðum, í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

**Starfsemi:** Ísfélagið rekur fiskimjölsverksmiðjur og frystihús á báðum stöðum. Í frystihúsum félagsins eru unnar bæði uppsjávarfisktegundir og bolfisktegundir eins og loðna, síld, makrill, þorskur, ufsi, ýsa og steinbítur.

**Starfsmenn:** Um 60 starfsmenn vinna hjá Ísfélaginu á Þórshöfn bæði í frystihúsinu og fiskimjölsverksmiðjunni. **Bátar:** Ísfélagið á fimm uppsjávarfiskveiðiskip og eitt bolfiskveiðiskip. Eitt af uppsjávarveiðiskipunum stundar einnig bolfiskveiðar á milli.



- Búið er við auknum straumi ferðamanna með veginum um Hófaskarð og þar felast tækifæri til vaxtar.



Höfnin á Húsavík á fögrum degi.

Ljósmynd: Sigríður K. Þórgrímsdóttir

#### **Landbúnaður:**

Austursvæðið er að mestu leyti sauðfjárræktarsvæði. Auk hefðbundins landbúnaðar eru tvö kjötiðnaðarfyrirtæki. Þetta kom einnig fram á fundunum:

- Í Þingeyjarsýslum eru tvær stórar vinnslur, Fjallalamb og Norðlenska. Slátrað er 120 þúsund fjár á ári (Norðlenska með um 90 þúsund). Mjólkurvinnsla er ekki lengur á Húsavík. Þetta er líflambasvæði að hluta (austan Jökulsár á Fjöllum) og er sterkt sauðfjárræktarsvæði.
- Hjá Norðlenska er sauðfjárslátrun og vinnsla afurða. Vinnslan er að eflast. Heilsársstörfum hefur fjölgað mikið.
- Rekstur Fjallalamb hefur gengið vel, það er ekki stórt fyrirtæki en byggir á sterkum landbúnaði austursvæðisins. Efla þarf sauðfjárrækt á austursvæðinu, hafa það hreint svæði og halda í þá ímynd.
- Í Tjörneshreppi er eitthvað um að mjólkurkvóti hafi farið og að fólk hafi hætt búskap en búi áfram í hreppnum.
- Endurnýjun í landbúnaði er mikil í Svalbarðshreppi. Samt fækkar íbúum, kannski vegna þess að börn eru færri. Jarðir eru í góðu standi og byggingar nýlegar og góðar. Hátt meðaltal greiðslumarks. Slátrað er á Kópaskeri.
- Í Svalbarðshreppi er verið að prófa sig áfram með matvælaframleiðslu, grafið lambkjöt og hangikjöt (beint frá býli).

#### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Rannsóknastofnanir á Húsavík eru hjá Nýsköpunarmiðstöð, Náttúrustofu, Þekkingarneti, háskólasetri (hvalarannsóknir) og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

#### **Velferðarmál og samfélag**

##### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta, önnur opinber þjónusta:**

Í svörum við þjónustukönnuninni kemur fram að löggæslu fyrir hluta svæðisins er sinnt frá Húsavík. Lögregla er starfandi að einhverju leyti á Þórshöfn. Allir þjónustubættir sem spurt var um eru til

staðar á Húsavík, þ.e. heilsugæsla, lækni, tannlækni, dvalarrými fyrir aldraða. Á hinum stöðunum er heilsugæsla, en ekki í dreifbýlishreppunum (Svalbarðs- og Tjörneshreppum). Tannlæknaþjónusta er sótt til Húsavíkur og tannlækni þaðan þjónar Þórshöfn og nágrenni. Þegar svæðið var heimsótt í október 2010 var mikill þungi í íbúum svæðisins vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hins opinbera, ekki hvað síst varðandi heilbrigðisþjónustu. Á fundunum komu eftirfarandi atriði fram:

- Opinber störf á Húsavík eru hjá heilbrigðisstofnunin, sýslumannsembætti, lögreglu, framhaldsskóla og Landgræðslu. Mörg þessara starfa voru í hættu vegna fyrirhugaðs niðurskurðar. Talið var að á Húsavík myndu 70 manns missa vinnuna og óvíst hvernig heilsugæslu úti á svæðinu yrði háttað. Erfitt yrði að manna læknastöður úti á svæðum og sérmenntað fólk færi burt með sínar fjölskyldur.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga rekur heilsugæsluna á Þórshöfn. Einn læknir býr á svæðinu.

### Fjölmennig:

Hjá Vísi á Húsavík starfa um 50 manns, mest Pólverjar. Vinnslan var áður mönnum Íslendingum. Fyrirtækið lokar u.þ.b. þrjá mánuði á ári kringum sumartímann, eins og gjarnan er í þeim vinnslum sem að mestu er mönnum Pólverjum, þar sem þeir fara heim til síns heimalands á sumrin. Norðenska er talsvert mannað erlendu vinnuafli, sérstaklega yfir sláturtíðina.

### Húsnæði:

Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu og kaupa er sagt vera „nokkuð“ á Húsavík í þjónustukönnuninni. Á Raufarhöfn er það sagt „mikið“. Á hinum stöðunum er oftast sagt að það sé ekkert framboð, eða þá lítið. Húsnæðisverð er sagt þokkalegt á Húsavík, en ekki á hinum stöðunum. Eitthvað er um frístundabyggð á þéttbýlisstöðunum. Á fundunum kom fram að húsnæðisverð á Raufarhöfn væri mjög lágt og íbúð hefði jafnvel verið seld á 700 þúsund krónur, sem væri hörmulegt fyrir ímynd staðarins. Á Þórshöfn tók leigufélagið 5-Laugavegur að sér byggingu sex íbúða og sveitarfélagið leigir síðan af þeim og framleigir.

## Umhverfi

### Orku- og sorpmál:

Hitaveita er á Húsavík og Kópaskeri (af þéttbýlisstöðunum) en annars staðar er kynt með rafmagni. Þessar upplýsingar eru að mestu miðaðar við þéttbýli eins og gert var í þjónustukönnuninni. Möguleg orkunýting og bygging álvers var mikið til umræðu á fundum á svæðinu, enda var þá ekki orðið ljóst um hvort af byggingu álvers yrði. Þótt ekkert verði af því verkefni er vert að gera lítilla grein fyrir þeim röksemdum sem settar voru fram m.a. það mál. Þess ber og að geta að álver er aftur komið á dagskrá þegar þetta er ritað. Þessi atriði komu til umræðu á fundunum:

- Húsavík er ótengd kerfinu, það þarf að byggja öflugt raforkuflutningskerfi þangað og þarf helst einn stóran aðila með raforkunýtingu. Það dugar hvorki millistór né lítill notandi að orku. Innri uppbygging þarf að vera til staðar, það er svo dýrt að tengjast kerfinu.
- Í Langanesbyggð er kalt svæði, ekki hitaveita. Búið er að leita víða, en ekkert finnst.

### Samgöngur:

Samgöngur á austursvæðinu hafa batnað mikið frá síðustu skýrslu, ekki síst með nýjum vegi frá Öxarfirði yfir í Þistilfjörð um svonefnt Hófaskarð. Vegur til Raufarhafnar tengist inn á og eru 19 km frá vegamótum og þangað. Leiðin er öll malbikuð og tvímælalaust mikil samgöngubót. Eftirfarandi atriði voru rædd á fundunum:

- Leiðin frá Húsavík til Raufarhafnar eru nú 130 km á malbiki. Vegir hafa því batnað mikið, en það vantar flug og sjóflutninga.
- Það þarf að klára Dettifossveg og Demantshringinn (sjá skýringar í umfjöllun um ferðaþjónustu) til að styrkja ferðaþjónustuna. Svo væri hægt að stytta leiðina til Akureyrar með nýrri brú yfir Skjálfafljót á þjóðvegi 85 í Kinn og göng um Vaðlaheiði.
- Það þarf að klára veginn frá Þórshöfn til Bakkafjarðar. Vegalengdin er 44 km, lítið malbikað.

- Flugið er fimm daga vikunnar milli Þórshafnar og Akureyrar sem tengiflug við Reykjavík. Notaðar eru 10-12 manna vélar og nýting ágæt. Flugið er ríkisstyrkt.

## Verslun og þjónusta

Spurt var um 15 þjónustuþætti í þjónustukönnuninni (sjá spurningalista í viðauka). Öllum þáttunum var svarað játandi fyrir Húsavík. Íbúar Tjörneshrepps sækja alla þjónustu til Húsavíkur, en þó er bókhaldsþjónusta og þjónusta múrara í hreppnum. Íbúar Svalbarðshrepps sækja þjónustu víða, bæði til Þórshafnar, Húsavíkur, Akureyrar og Egilsstaða. Matvöru kaupa þeir þó á Þórshöfn, sækja þangað þjónustu hárgreiðslustofu, vélsmiðju og bifreiðaverkstæðis. Matvöruverslun er á Raufarhöfn, Kópaskeri, Ásbyrgi og á Húsavík. Íbúar Kópaskers sækja alla þjónustu sem á vantar til Húsavíkur og sama má að miklu leyti segja um íbúa Raufarhafnar. Hins vegar virðast íbúar Þórshafnar allt eins sækja þjónustu til Akureyrar, ef marka má svör við þjónustukönnun. Það vekur athygli hve margar sérværslanir eru á Húsavík, skýringin kann að vera sú að þar búa 2.300 manns og austursvæðið sækir þjónustu þangað. Veltan á sumrin hjálpar einnig. Í bænum eru einnig margar hárgreiðslustofur og veitingastaðir. Önnur atriði sem fram komu á fundunum:

- Verslun á Húsavík er mjög góð. Þar eru tvær matvöruverslanir (Kaskó og Úrval= Samkaup) og kjötbúð. Svo er þriðja kjötvinnslan, Viðbót ehf., sem er líka með verslun. Á Húsavík eru líka sérværslanir, m.a. fataverslanir og skóbúð, bakarí, bókabúð, sportvara, raftæki, heimilistæki, byggingarvara og áfengisverslun.
- Verslunin á Kópaskeri lokaði í fyrra. Sveitarfélagið kom að því að endurreisa hana. Á Kópaskeri er einnig sparisjóður og þjónustuskrifstofa sveitarfélagsins Norðurþings.
- Það veikir þjónustustigið á Húsavík ef allir versla á Akureyri. Slíkt er undir heimamönnum komið.
- Matvöruverslunin á Bakkafirði er rekin af einstaklingi og er opin tvo tíma á dag. Sveitarfélagið leggur til húsnæði (fritt).



Frá Bakkafirði. Á gaffli lyftarans eru mjólkurfernur sem verið er að flytja í búðina. Ljósmynd: Sigríður K. Þórgrímsdóttir

## Menntun

Þrjú grunnskólar eru í Norðurþingi. Hafralækjarskóli er í samrekstri við Þingeyjarsveit. Norðurþing rekur fjóra leikskóla. Minni leikskólar voru færðir undir stjórn skólans á Raufarhöfn og Öxarfirði. Fjögur börn í Svalbarðshreppi eru á leikskólaaldri, en leikskóli er í samstarfi við Langanesbyggð. Samrekstur er um grunnskóla með Langanesbyggð, þ.e. um tvo efstu bekkina. Dæmi eru þess utan um börn úr hreppnum sækja skóla á Þórshöfn. Tölur um nemendafjölda eru fyrir skólaárið 2010-2011. Um menntamál komu að auki eftirfarandi atriði fram á fundunum:

- Í skólanum í Lundi eru 56 börn, 43 á Raufarhöfn, 310 á Húsavík og 8 á Hafralæk. Frá Grímsstöðum á Fjöllum koma þrjú börn. Í skólanum í Svalbarðshreppi eru 9 börn í 1.-8. bekk og samkennsla árganga. Það vantar inn í árganga, t.d. var enginn nemandi í 3.-5. bekk þennan skólavetur. Í grunnskólanum á Þórshöfn eru 76 börn og 14 á Bakkafirði. Og 30 börn í leikskóla. Engin börn á leikskólaaldri eru á Bakkafirði. Í Tjörneshreppi er eitt barn á grunnskólaaldri sem sækir skóla á Húsavík. Hreppurinn á hlut í Hafralækjarskóla.
- Í framhaldsskólanum á Húsavík eru 160 nemendur.
- Lokun grunnskólans á Kópaskeri (2009) skildi eftir sár í samfélaginu. Skólinn flutti í Lund, fjarlægðin eru rúmir 20 km. Þarna voru tveir litlir skólar nálægt hvor öðrum. RHA gerði skýrslu um valkostina, en það var ekki farið eftir tillögum þeirra.
- Börn frá Bakkafirði sækja efri bekk á Þórshöfn, en síðasta skólaár (2009-2010) var ákveðið að láta 8. bekk vera þar vegna húsnæðisskorts á Þórshöfn.
- Krakkarnir úr Tjörneshreppi fóru ekki í framhaldsskóla á Húsavík, flest fóru til Akureyrar og sum í Lauga. Þeim finnst meira spennandi að fara til Akureyrar og þar er aðgangur að heimavist en ekki á Húsavík.
- Ekki hafa verið unglingar á framhaldsskólastigi í Svalbarðshreppi í tvö ár. Framhaldsdeild á Þórshöfn er mjög til góðs, enda missa samfélögin börnin í burtu þegar þau þurfa að fara burt og svo er hætt á brottfalli. Annars hafa unglingar mest farið til Akureyrar, trúlega 90%. Skólinn á Húsavík er lítið notaður, það væri þá frekar Laugar.
- Nemendur úr Langanesbyggð fóru áður til Akureyrar. Skólinn á Húsavík var ekki sóttur og fáir fóru í Lauga. Nú er komið útibú frá Laugaskóla á Þórshöfn. Fyrsta skólaárið 2008-2009 voru sex krakkar í námi þar, en voru 12 skólaárið 2009-2010. Aðstaðan er í félagsheimilinu og þar er kennari og svo kennt frá Laugum í fjarfundabúnaði og þau fara í Lauga einu sinni í mánuði. Sama módel og á Patreksfirði. Það er 100% þátttaka úr Langanesbyggð.
- Á Þórshöfn er starfsstöð þekkingarnets Þingeyinga, Menntasetrið á Þórshöfn. Nokkrir stunda þar fjarnám, m.a. á háskólastigi.

## Menning

Menningarlíf er öflugt á Húsavík og flestum þáttum sem um var spurt í þjónustukönnun varðandi menningu var svarað játandi. Þó er þar ekki kvikmyndahús. Íbúar Tjörneshrepps sækja menningarlíf að miklu leyti til Húsavíkur, en þó er samkomuhús í hreppnum. Menningarlíf er nokkuð öflugt á Þórshöfn. Menningarlíf í Svalbarðshreppi er sótt að nokkru leyti til Þórshafnar. Kópasker og Raufarhöfn eru með svipuð svör. Á hvorugum staðnum er starfandi leikfélag. Eftirfarandi atriði komu fram á fundunum:

- Menningarlíf er mjög öflugt í Norðurþingi, leiklist, myndlist og fleira. Nefndir voru viðburðir eins og Mærudagar á Húsavík.
- Á austursvæðinu eru m.a. Menningarvika og Hrutadagar á Raufarhöfn og menningardagur á Kópaskeri í desember.
- Í Tjörneshreppi er eitt til tvö böll á ári, barnaball og Þorrablót. Tveir eru í karlakórnum Hreimi. Einnig starfar fólk í kirkjukórnum á Húsavík. Þá er boðið upp á spilakvöld.
- Menningar- og félagslíf í Svalbarðshreppi er samtvinnað við slíkt starf í Langanesbyggð. Sameiginlegt kirkjustarf og Þorrablót. Í kringum skólastarfið eru ýmsar skemmtanir og vel

sóttar. Allt annað er sameiginlegt við Langanesbyggð, ýmis félög, nema helst kvenfélög – þau eru tvö. Líka tvö búnaðarfélög. Kátir dagar er sameiginleg íbúahátíð að sumrinu.

## Sameining, samstarf

Sameiginleg félags- og skólaþjónusta er í Þingeyjarsýslu. Samrekstur sveitarfélaga sem var talinn upp á fundunum er t.d. um íþróttahús, íbúðir fyrir aldraða, elliheimili, leikskóla, leiguíbúðir fyrir kennara og atvinnuþróunarfélagið. Tjörneshreppur er trúlega á margan hátt dæmigerður fyrir fámenn dreifbýlissamfélög, með fá verkefni sem eingöngu eru á hendi hreppsins, ekki í samstarfi við önnur sveitarfélög. Þessi verkefni eru fjallskil og rekstur félagsheimilisins, sem er eign hreppsins. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Norðurþing hefur verið tilraunasveitarfélag um málefni fatlaðra og rekið þjónustu við fatlaða fyrir Þingeyjarsýslu. Sótt var um undanþágu frá 8.000 manna ákvæðinu og hún fékkst. Áfram er samstarf innan allrar sýslunnar um félags- og skólaþjónustu og málefni fatlaðra.
- Það mælir gegn sameiningu að skipulagsvaldið fer annað og allt færast fjær. Í fámennum hreppi vinnast hlutirnir á persónulegum nótum og stutt að fara. Í Tjörneshreppi er enginn áhugi á sameiningu meðal íbúa. Kostirnir blasa ekki við og engir peningar sparast. Hins vegar gætu orðið breytingar á stöðu hreppsins ef framlög Jöfnunarsjóðs minnka og sjóðurinn þannig notaður sem „þumalskrúfa“ til sameiningar. Samstarf dregur úr þörf á sameiningu. Ef sameinað verður á að sameina gömlu hreppana, Tjörnes, Húsavík og Reykjahverfi.
- Sameining er ekki framundan í Svalbarðshreppi. Hreppurinn er vel stæður og enginn hagur í að sameinast öðrum. Rekstrarástæður lægju þá helst til grundvallar sameiningu, en íbúar sveitarfélagsins hafa allan aðgang að þjónustu og hreppurinn tekur þátt í samstarfi. Markmiðið með sameiningu sveitarfélaga átti að vera hagræðing, en það reyndist rangt. Núna eru rökin að þjónusta batni.
- Skólinn í Svalbarðshreppi myndi afleggjast ef sameinað yrði og skólaakstur myndi lengjast. Skólinn er hjartað og lífið og hans vegna vill fólk búa í hreppnum. Svalbarðshreppur er 100 manna samfélag og mikið þátttökusamfélag. Það koma tugir fólks, fólk af hverjum bæ, jafnvel brottfluttir, t.d. á spilakvöld í skólanum og jólaböllin.
- Það er ólíklegt að sveitarfélög verði þvinguð til sameiningar meðan rekstur litlu hreppanna gengur upp. En þótt Svalbarðshreppur standi vel yrði það erfiður baggi ef t.d. kæmi fatlaður einstaklingur inn í sveitarfélagið – það þolir í raun ekkert mjög mikið.
- Ríkisvaldið getur þvingað í gegnum Jöfnunarsjóðinn. Svalbarðshreppur fékk 20 milljónir kr. úr sjóðnum árið 2009 af 52 milljón kr. sem voru heildartekjur hreppsins. Þarna eru litlar tekjur á íbúa og þetta er lágláunsvæði.
- Þjónusta Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps er sameiginleg. Krakkar úr Svalbarðshreppi koma í skólann á Þórshöfn frá 8. bekk og íþróttastarf er sameiginlegt. Dvalarheimili og fleira er í samrekstri.
- Ef sameinað yrði (Langanesbyggð, Svalbarðshreppur og Vopnafjarðarhreppur) gæti það orðið samfélag með 1.300-1.400 íbúa. Vopnafjarðarhreppur er sambærilegt sveitarfélag og stutt á milli, ekki síst ef vegurinn verður lagaður.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Á þessu svæði var niðurskurður hins opinbera, ekki síst í heilbrigðisþjónustu, mjög til umræðu eins og víðar. Annað mál sem brann á viðmælendum var uppbygging við Bakka, en óvissa um hvort af framkvæmdum yrði fór ekki vel í fólk. Eftirfarandi atriði komu fram á fundunum:

- Það er mikilvægt að nýta þau tækifæri sem eru í umhverfinu, að fá að nýta sínar auðlindir í heimabyggð.
- Flutningskostnaður er hár. Fyrst þarf að flytja allt suður og að lækka afurðaverðið á móti. Það vantar jöfnun til að koma til móts við þennan mismun.

- Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu þýðir að það þarf að segja upp fólki sem þá fer með sína fjölskyldu.
- Norðurþing eyddi tíma og fjármunum í að undirbúa stórt verkefni og lagði allt undir. Sveitarfélögin voru búin með sitt skipulag og skipulag að háhitasvæðum, sameiginlega matið var komið, búið að teikna vegi, orka var staðfest, 525 MW í Þingeyjarsýslu. Það þarf að byggja upp innviði raforkukerfisins. Það er ekki hægt að byggja upp starfsemi hér án þess, því viðkomandi þarf að borga lögnina langar leiðir. Það þarf stóran aðila til að bera uppi fjárfestinguna. Stjórnvöld ákveða hvort eitthvað fer af stað. Þau eiga Landsvirkjun. Við viljum fá að skapa atvinnu hér fyrir orkuna okkar og samþykkjum aldrei að orkan fari annað.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Mögulegur vöxtur liggur í því að geta nýtt orkuauðlindir. Tækifæri tengd orkufrekum iðnaði. Það er ekki ein patentlausn, heldur þarf að vera fjölbreytileiki. Orkufrekur iðnaður yrði stóð með öðru.
- Tækifæri í Tjörneshreppi fyrir utan stóran vinnustað eins og álver, gæti t.d. verið að opna kaffihús niður undir sjó, þar sem ferðamenn fara gjarnan um. Þar eru líka kolanámur, en að vísu hrundar saman. Steingervingarnir eru í bökkunum og þar er bryggja. Svo er stakur steinn í fjörunni sem er kominn frá Grænlandi á ís. Þarna koma einhver þúsund manns á hverju sumri.
- Miklar væntingar eru í Langanesbyggð vegna mögulegrar uppbyggingar í Finnafirði (Gunnólfsvík), tengt Norður-Íshafssiglingum. Þarna er ekki mikil byggð og nægt landsvæði fyrir byggingar og byggð þessu tengt. Búið er að kynna málið víða t.d. fyrir Kínverjum, Rússum og Indverjum. Það vantar fjármagn til rannsókna, hönnunar og undirbúnings. Höfnin á að verða útskipunarhöfn fyrir stórsiglingar. Þarna er 50 m dýpi, lág úthafsalda, enginn hafís. Þetta yrði stærra en álver og olíuhreinsunarstöð. Alþjóðafyrirtæki myndi reka þetta og leigja öðrum út frá því. Olíuleitin fylgir með. Þegar Grænendingar fara að vinna olíuna hafa þeir ekkert landsvæði til vinnslunnar, þeir verða að sigla með allt burt. Hægt væri að hafa eftirlit með kjarnorkubátum frá þessum stað. Ef af þessu verður þá hefði það víðtæk áhrif. Eiginlega ekkert annað í farvatninu, væntingar eru tengdar þessu stóra tækifæri.
- Það mætti byggja hótél í Svalbarðshreppi og skapa afþreyingu fyrir ferðamenn, en hún er engin eins og er. Ferðamönnum er ekki selt neitt, ekki einu sinni minjagripir. Bændur gætu t.d. selt eigin afurðir.
- Það mætti nýta árnar í Svalbarðshreppi betur en að leigja þær út, gera einhver störf í kringum veiðarnar. Það er engin vinna eða þjónusta í kringum veiðihúsin, leigutakarnir koma með allt með sér og starfskraftinn líka.
- Fræðasetur um forystufé er að koma í Svalbarðshrepp í samstarfi við Bændasamtökin og Sauðfjársetur. Vakning hefur verið undanfarin ár um forystufé og kortleggja á stofninn. Forystuféð íslenska er einstakt, finnst hvergi annars staðar. Ef rétt er á þessu haldið þá getur þetta orðið að einhverju. Verkefni sem gæti staðið undir einu stöðugildi.

## AUSTURLAND

Austurland er svæðið frá Vopnafirði að norðan og til og með Djúpavogshrepps að sunnan. Á Austurlandi eru átta sveitarfélög og fimm þeirra eru til umfjöllunar hér. Sveitarfélögin átta ná yfir 15.792 km<sup>2</sup> en innan þeirra er landstærsta sveitarfélag landsins, Fljótsdalshérað, sem nær yfir nærri níu þúsund ferkílómetra. Þau fimm sveitarfélög sem hér um ræðir eru 4.176 km<sup>2</sup> að stærð. Á öllu svæðinu búa rúm tíu þúsund manns, þar af rúm tvö þúsund á því svæði sem hér er um ræðir.

Þau fimm sveitarfélög sem hér eru til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að vera öll að miklu leyti utan áhrifasvæðis álvers á Reyðarfirði. Það gildir líka um þau tvö sem tilheyra miðausturlandi, þó ekki vegna fjarlægðar heldur slæmra samgangna. Hugsanlega mætti fjalla um þessi fimm sveitarfélög sem eina heild og jaðarsvæði við áhrifasvæði álversins. Hér er þó valin sú leið að skipta svæðinu í tvennt, fyrst og fremst af landfræðilegum ástæðum. Til umfjöllunar er annars vegar norður- og miðsvæðið, eða Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjörður eystri og Seyðisfjörður og hins vegar sunnanvert svæðið, eða Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur. Í þessum sveitarfélögum eru fimm þéttbýlisstaðir, á Vopnafirði, Bakkagerði á Borgarfirði eystra, Seyðisfjörður, Breiðdalsvík og Djúpvogur. Hornafjörður fylgir Suðausturlandi í þessari skýrslu af ástæðum sem nánar er gerð grein fyrir í kafla um það svæði.

Frá Austurlandi er langt til höfuðborgarinnar. Nyrðri leiðin er gjarnan lögð til grundvallar á vef Vegagerðarinnar um vegalengdir þegar brottfararstaðir eru Vopnafjörður, Borgarfjörður eystri og Seyðisfjörður og mesta vegalengd er þá 723 km frá Borgarfirði eystra. Seyðisfjörður liggur nokkurn veginn í miðjunni, þ.e. jafn langt norður og suður fyrir á leið til borgarinnar. Helstu fjarlægðir eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Akureyri	Reykjavík	388
	Vopnafjörður	231
	Bakkagerði	335
	Egilsstaðir	264
	Seyðisfjörður	291
Reykjavík	Vopnafjörður	619
	Bakkagerði	723
	Seyðisfjörður	679
	Breiðdalsvík	614
	Djúpvogur	553
Egilsstaðir	Reyðarfjörður	33
	Vopnafjörður	103 (Vopnafj.heiði) 93 (Hellisheiði eystri)
	Bakkagerði	71
	Seyðisfjörður	28
	Breiðdalsvík	82 (yfir Breiðdalsheiði) eða 92 (firðir)
	Djúpvogur	146 (Breiðdalsheiði) eða 85 (yfir Öxi)
Djúpvogur	Breiðdalsvík	64
	Reyðarfjörður	127 (firðir) 118 (Öxi, Fagridalur)
Breiðdalsvík	Reyðarfjörður	63

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Í lokaskýrslu Háskólans á Akureyri um mat á samfélagsáhrifum framkvæmdanna á Austurlandi kemur fram að: „Áhrif voru mest á s.k. miðsvæði, innan tveggja tíma meðal akstursvegalengdar frá

framkvæmdasvæðum. Þar fjölgaði um 1.700 manns árin 2002-2008 en íbúafækkun hélt áfram á svæðum þar fyrir sunnan og norðan“. Nettófjölgun var 900 manns. Hvað íbúáþróun varðar græddu einungis Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað á framkvæmdunum. Áhrif á efnahag og atvinnumál voru sömuleiðis mest á miðsvæðinu (Lokaskýrsla, bls. 3). Á fundunum kom fram að íbúar á öllu Austurlandi hefðu staðið saman sem þrýstihópur á að af framkvæmdum gæti orðið og að loforð um vegabætur og byggðaáhrif út á jaðarsvæðin hefðu legið í loftinu áður en ráðist var í virkjunarframkvæmdir. Lélegar samgöngur koma í veg fyrir að mið-Austurland verði eitt vinnusóknarsvæði, slíkt krefst jarðganga t.d. í gegnum Fjarðarheiði. Samkvæmt Þóroddi Bjarnasyni þarf að styrkja innviði „með talsverðum samgöngubótum til þess að Austurland geti talist eitt atvinnu- og þjónustusvæði“. Áhrif álversins náðu því ekki sem skyldi á þau svæði sem hér er fjallað um. Þóroddur flokkar reyndar allt Austurland sem „vaxtarsvæði“ í umfjöllun sinni um varnar- og vaxtarsvæði sem þýðir að þau svæði sem falla undir skilgreiningu þessarar skýrslu eru þá flokkuð sem áhrifasvæði álversins. Þóroddur getur þess þó að fólki hafi fækkað á þessum svæðum og segir einnig: „frekari samgöngubætur eru forsenda þess að hægt verði að líta á allt Austursvæðið sem eitt sóknarsvæði.“ (Þóroddur Bjarnason, bls. 9-10 og 14). Sú samstaða á svæðinu sem einkenndi aðdraganda framkvæmdanna á Austurlandi virðist að einhverju leyti horfin. Á fundum okkar kom t.d. fram að unnið hafi verið að því að fá siglingar Norrænu færðar til Reyðarfjarðar. Umferð ferðamanna er hins vegar eitt helsta vopn Seyðfirðinga í baráttunni fyrir samgöngubótum. Samgöngubætur eru afar mikilvægar fyrir Seyðisfjörð og Borgarfjörð eystri eigi þessi samfélög að halda sínu eða vaxa.

Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna eru fimm vinnusóknarsvæði á því svæði sem hér er fjallað um (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011). Vopnafjörður og Borgarfjörður eystri eru hvort byggðarlag fyrir sig eitt vinnusóknarsvæði (í greiningunni er vinnusóknarsvæðið ávallt miðað við þéttbýlisstaðina). Seyðfirðingar sækja vinnu bæði á Egilsstaði og í álverið, en Fjarðarheiðin er samt mikill farartálmi. Breiðdalur er eitt vinnusóknarsvæði. Nokkrir einstaklingar frá Breiðdalsvík sækja vinnu í álverið, en þorpið tengist almenningssamgöngum fyrir starfsmenn í álverinu. Djúpvogur (og svæðið í kring) er eitt vinnusóknarsvæði. Þótt einhverjir sækja þaðan vinnu í álverið þá er það ekki með daglegum ferðum á milli. Það eru því bæði vegalengdir og slæmar samgöngur sem hamla vinnusókn út fyrir þessi byggðarlög. Í samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 er gerð Norðfjarðarganga stærsta framkvæmdin á Austurlandi í áætluninni, einnig má nefna áætlaðar endurbætur á vegi frá Borgarfirði eystra (Njarðvíkurskriðum) (Samgönguáætlun bls. 181-184).

Á Seyðisfirði eru mörg svokölluð frístundahús, sem eru hús sem hafa verið seld aðilum sem ekki hafa fasta búsetu í bænum. Það getur verið bæði jákvætt og neikvætt. Jákvætt, m.a. vegna þess að þá eru húsin gerð upp og til þrýði í bænum. Neikvætt af ýmsum ástæðum, t.d. að eigendur húsanna eru þá ekki virkir í samfélaginu (á því geta þó verið undantekningar) og skila ekki skatttekjum í samfélagið (öðru en fasteignagjöldum). Í rannsókn Háskólans á Akureyri á Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng er fjallað um svokölluð frístundahús og áhrif þeirra á samfélagið. Í greininni er þó mest hugað að félagslega þættinum, þ.e. virkni slíkra húseigenda í viðkomandi samfélagi. Slík búseta sé til hagsbóta fyrir samfélagið með ýmsu móti en verði hlutfall slíks húsnæðis mjög hátt sé spurning hvort áhrifin verði neikvæð. Um þetta hafa fleiri fræðimenn fjallað og eru ekki á eitt sáttir um áhrifin. Hlutfall frístundahúsa í þéttbýli virðist fara hækkandi hér á landi, en frekari rannsóknir skortir (Edward Huijbens, bls. 93-97).


Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustubætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Þá var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörum, en þau gefa engu að síður vísbendingu um viðhorf þessa hóps. Svarendur á



Austurlandi voru 26 af 286 alls. Greinargerð um viðhorfskönnuna er að finna í viðauka með þessari skýrslu.


**Nokkrar niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í fimm sveitarfélögum á Austurlandi:**

- Um 40% svarenda í þátttökusveitarfélögunum á Austurlandi sögðust ætla að flytja á næstu fimm árum, sem er svipað hlutfall og á Norðurlandi. Niðurstöðurnar gefa engu að síður vísbandingu.



Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?


- Svarendur töldu atvinnutækifæri fyrir karla á Austurlandi frekar eða mjög slæm. Hafa þeir í huga að svarendur koma úr þeim sveitarfélögum á Austurlandi sem síst eru á áhrifasvæði álversins, en fáir af þessu svæði starfa þar. Atvinnutækifæri þóttu líka frekar slæm fyrir konur.
- Svarendum þótti atvinnulíf á sínu svæði vera frekar einhæft og lítið eða ekkert um að þeir teldu það fjölbreytt.



Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft?

- Mikill meirihluta svarenda býr í eigin húsnæði. Þeir töldu framboð á húsnæði til sölu frekar eða mjög lítið, en fasteignaverð lágt.

- Yfir 70% svarenda taldi húshitunarkostnað frekar eða mjög háan.
- Vöruúrval í matvöruverslun í heimabyggð þótti í meðallagi og verðlag þótti hátt. Meirihluti svarenda kvaðst versla oftár en þrisvar í mánuði utan heimabyggðar, sem væntanlega skýrist af nálægð Egilsstaða og Reyðarfjarðar við þessa staði.



Verslar þú í matvöruverslunum í öðru byggðarlagi?

Svarendur mátu hátt þætti sem snerta fjölskyldulíf og umhverfi barna, sem og nálægð við náttúruna og fjarskiptamál. Hafa ber í huga að svarendur á þessu svæði voru mjög fáir, eða 26 talsins.

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfrá, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.

## Austurland, norður- og miðsvæði



Frá Seyðisfirði á myrkum nóvemberdegi 2010. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

### Helstu niðurstöður:

- Mikil fækkun íbúa er í þessum þremur sveitarfélögum, eða frá rúmum 20% og í 28% á tímabilinu frá 1994. Íbúum í dreifbýli fækkaði meira en í þéttbýli.
- Konur eru færri en karlar eins og víða á landsbyggðinni.
- Aldursdreifing er skekkt með mikla fækkun ungs fólks en fjölgun eldra fólks.
- Fækkun yngra fólks hefur í för með sér að dregur úr fæðingátíðni eða náttúrulegri fjölgun.
- Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað.
- Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs í öllum þéttbýlisstöðunum.
- Ferðapjónusta er mikilvæg atvinnugrein og ferðamönnum fer fjölgandi.
- Mörg frístundahús eru á Seyðisfirði, þ.e. hús sem eru í eigu fólks sem ekki býr á staðnum.
- Mikil umferð ferðamanna sem tengist siglingum Norrænu. Þjónusta við ferjuna er mikilvæg stoð atvinnulífs á Seyðisfirði.
- Mikil óánægja vegna niðurskurðar hins opinbera, t.d. í heilbrigðiskerfi, sérstaklega á Vopnafirði.
- Þessi sveitarfélög eru ekki á áhrifasvæði álvers á Reyðarfirði, þó svo nokkrir einstaklingar þaðan sækja vinnu í álverið. Vegalengd og slæmar samgöngur skipta þar höfuðmáli.
- Samgöngubætur eru lykilatriði fyrir Seyðfirðinga þar sem Fjarðarheiðin er mikill farartálmi.
- Verslun og þjónusta er sótt bæði á Egilsstaði og Reyðarfjörð ef hún er ekki sótt í heimabyggð.
- Unglingar af svæðinu sækja gjarnan framhaldsskóla til Akureyrar, þó svo tveir framhaldsskólar séu á Austurlandi.

- Mjög öflugt menningarlíf er á svæðinu, t.d. tónlistarhátíðir og menningarhátíðir sem þekktar eru á landsvísu.
- Það er gjá milli landsbyggðar og höfuðborgar og þarf að rétta hlut landsbyggðarinnar, t.d. með því að sýna fram á hvert framlag hennar er til þjóðarbúsins.

## Svæðið


Á svæðinu eru þrjú þéttbýlisstaðir, þorpið á Vopnafirði (fj. 527), Bakkagerði í Borgarfirði eystra (fj. 85) og Seyðisfjörður (fj. 659).

Umfjöllun um Borgarfjörð eystra byggir á greinargerð forstöðumanns þróunarsviðs frá haustinu 2010, sem fjallar um fundi stjórnenda Byggðastofnunar með sveitarstjórn og forsvarsmanni Fiskverkunar Kalla Sveins, Karli Sveinssyni, ásamt framkvæmdastjóra Þróunarfélags Austurlands og fulltrúa frá AFL starfsgreinafélagi. Skýrsluhöfundar voru hins vegar á ferð á Vopnafirði og Seyðisfirði í nóvember sama ár og funduðu þar með bæjarstjórn, en á Vopnafirði með sveitarstjórn og forsvarsmönnum HB Granda.

## Íbúáþróun

Þar sem sveitarfélögin þrjú sem um ræðir eru landfræðilega aðskilin hvert frá öðru verður þróun í hverju þeirra tekin fyrir. Fyrst Vopnafjarðarhreppur, þá Borgarfjarðarhreppur og síðast Seyðisfjörður.


**Vopnafjarðarhreppur.** Árið 1994 voru íbúar í Vopnafjarðarhreppi 897 en hafði fækkað niður í 675 árið 2011. Það er fækkun um 222 íbúa eða tæp 25%. Íbúum í dreifbýli fækkaði um 30% en um 23% í þéttbýlinu. Mikill munur var á fjölda karla og kvenna í upphafi tímabilsins en hann dróst saman á tímabilinu en jókst nokkuð að nýju í lok þess.



Fjöldi karla og kvenna í Vopnafirði árin 1994-2011


Íbúum undir fertugu hefur fækkað um tæplega helming á tímabilinu, þar á meðal konum á barnseignaraldri á meðan að íbúum yfir fertugu hefur fjölgað lítillega. Afleiðing þess er að aldursdreifing á Vopnafirði er orðin skökk.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




**Skipting íbúa í Vopnafirði eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**

Breyting á aldursdreifingu hefur þegar leitt af sér verulega fækkun fæddra barna eða um 40% og þar með hefur dregið mjög úr náttúrulegri fjölgun. Vegna fækkunar kvenna á barnseignaraldri er líklegt að fæddum börnum fækki enn og náttúruleg fjölgun verði engin innan fárra ára.




**Fæddir og dánir í Vopnafirði á fjögurra ára tímabilum**

Brottluttir umfram aðflutta hafa verið mun fleiri allt tímabilið með örfáum undantekningum. Mestur var hann 1995-2000 en heldur hefur dregið úr honum eftir það.




**Aðfluttir/brottluttir í Vopnafirði 1994-2011**

Erlendir ríkisborgarar hafa ekki verið hátt hlutfall af íbúum Vopnafjarðar eða 1,5%-2,7%. Konur með erlent ríkisfang hafa verið heldur fleiri en karlar.




Hlutfall erlendra ríkisborgara í Vopnafirði 1998-2011

**Borgarfjörður eystri.** Íbúar á Borgarfirði eystra voru 183 árið 1994 en hafði fækkað í 131 árið 2011. Fækkað hafði um 52 íbúa eða rúm 28%. Verulegur munur var á fjölda karla og kvenna og hefur hann heldur aukist.




Fjöldi karla og kvenna á Borgarfirði eystri árin 1994-2011

Mestan hluta fækkunarinnar má rekja til meira en helmingis fækkunar fólks undir tvítugu. Þá var einnig fækkun í aldurshópnum 20-39 ára og sextugum og eldri á meðan það fjölgaði lítillega í aldurshópnum 40-59 ára.




Skipting íbúa á Borgarfirði eystri eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011

Í jafn fámennu byggðarlagi og Borgarfirði eystra er tölfræði um barnsfæðingar og dauðsföll nokkuð tilviljunarkennd. Þrátt fyrir það má sjá að fæddum börnum á hverju fjögurra ára tímabili hefur fækkað verulega frá tímabilinu 1995-1998. Þau voru ekki nema þrjú árin 1999-2002 og fimm tímabilin 2004-2006 og 2007-2010. Á tímabilinu í heild var veruleg náttúruleg fækkun íbúa.




Fæddir og dánir á Borgarfirði eystri á fjögurra ára tímabilum

Aðflutningur og brottflutningur íbúa var sveiflukenndur á tímabilinu. Mestur var brottflutningurinn árið 1997 þegar að 23 fleiri fluttu úr hreppnum en í hann eða 13%. Næst mesta flutningsárið var 2011 þegar að 11 fleiri fluttu í burtu en til hreppsins. Nokkur ár á tímabilinu var flutningsjöfnuður jákvæður en í mun minna mæli þau ár þegar að jöfnuðurinn var neikvæður.




Aðfluttir/brotfluttir á Borgarfirði eystri 1994-2011

Hlutfall erlendra ríkisborgara fór á tímabilinu úr því að vera næstum ekkert upp í það að vera um og yfir 10% íbúanna. Karlar með erlent ríkisfang eru nú um 14% en konur með erlent ríkisfang um 9%.



Hlutfall erlendra ríkisborgara á Borgarfirði eystri 1998-2011

**Seyðisfjörður.** Árið 1994 voru íbúar Seyðisfjarðar 862 en voru árið 2011 orðnir 676 og hafði fækkað um 186 eða 21,5%. Framan af tímabilinu voru kynjahlutföll nokkur jöfn en á seinni hluta tímabilsins fækkaði konum meira en körlum.




Fjöldi karla og kvenna á Seyðisfirði árin 1994-2011

Fólki undir tvítugu fækkaði um 45% og fólki á aldrinum 20-39 ára fækkaði um 40% á tímabilinu. Fólki yfir sextugu fjölgaði hins vegar nokkuð.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




**Skipting íbúa á Seyðisfirði eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**

Þessi breyting á aldurssamsetningu hefur leitt til þess að nær engin náttúruleg fjölgun er í bæjarfélaginu og líkur eru til þess að náttúrulega fækkun verði innan fárra ára.




**Fæddir og dánir á Seyðisfirði á fjögurra ára tímabilum**

Brottfuttir voru mun fleiri en aðfluttir á tímabilinu. Öll árin nema þrjú voru brottfuttir fleiri en aðfluttir.



**Aðfluttir/brottfuttir á Seyðisfirði 1994-2011**

Erlendum ríkisborgurum á Seyðisfirði fjölgaði á tímabilinu úr 1,5% í 6%. Kynjahlutföll voru yfirleitt tiltölulega jöfn.



Hlutfall erlendra ríkisborgara á Seyðisfirði 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Fjárhagsstaða Vopnafjarðarhrepps er ágæt. Ágætur rekstrarafgangur var á árinu 2010 og veltufé frá rekstri gott. Skuldir og skuldbindingar hreppsins í árslok 2010 námu rúmum milljarði króna eða 185% af tekjum. Í desember 2011 seldi hreppurinn hins vegar hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækinu HB Granda fyrir hátt í 500 milljónir kr. eða upphæð sem dugar fyrir um helmingi skulda og skuldbindinga Vopnafjarðarhrepps.

Rekstur sveitarsjóðs Borgarfjarðarhrepps var réttu megin við núllið á árinu 2010 en veltufé frá rekstri var ágætt sem hlutfall af tekjum. Skuldir og skuldbindingar hreppsins nema rúmum 80 milljónum króna í árslok 2010 eða sem nam 83% af tekjum.

Rekstur Seyðisfjarðarkaupstaðar er erfiður og skuldastaða slæm. Verulegur hallarekstur var bæði árin 2009 og 2010, þó svo að hallinn hafi dregist saman vegna minni verðbóta og gengismunar á lán á árinu 2010. Veltufé frá rekstri fór hins vegar úr að vera jákvætt yfir í að verða neikvætt. Skuldir og skuldbindingar bæjarins námu í árslok 2010 um 1.365 milljónum kr. eða 220% af tekjum en hámark samkvæmt sveitarstjórnarlögum er 150%.

## Atvinnulíf

Sjávarútvegur er mikilvægur í öllum þessum samfélögum. HB Grandi er meginstoð atvinnulífs á Vopnafirði og atvinnulíf í Borgarfirði eystri hvílir á sjávarútvegi. Fiskvinnslan þar átti í erfiðleikum og það var ástæða heimsóknar stjórnenda Byggðastofnunar haustið 2010. Á Seyðisfirði er ferðapjónusta ein öflugasta atvinnugreinin með siglingar Norrænu sem þungamiðju, en þar er sjávarútvegur einnig mikilvæg atvinnugrein. Lítið er um að íbúar þessara svæða sækji vinnu í álverið, nema frá Seyðisfirði. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundum í sveitarfélögunum og með forsvarsmönnum fyrirtækja:

- Á Vopnafirði er starfsemi HB-Grandi langstærsti vinnustaðurinn, því næst sveitarfélagið og þar eru um 45 stöðugildi. Á dvalarheimilinu eru 15 stöðugildi. Þótt atvinna sé næg er atvinnulíf fremur einhæft og starfsemi Granda er traust stoð í atvinnulífinu.
- Það vantar fólk til starfa á Vopnafirði, t.d. hjá Granda. Vélsmiðjan og bílaverkstæðið hafa auglýst eftir fólki en enginn vill vera svona langt frá borginni, þrátt fyrir atvinnuleysi og fríðindi sem bjóðast, eins og þátttöku í húsnæðiskostnaði. Staðsetningin virðist vera hindrun.

- Á Borgarfirði eystra er um helmingur ársverka í sjávarútvegi, en annars flest hjá sveitarfélaginu og skiptist síðan á verslun, þjónustu, ferðaþjónustu og landbúnað. Sjávarútvegur er undirstaðan, en ferðaþjónusta er einnig öflug. Atvinnuleysi hefur verið lítið.
- Á Seyðisfirði er Austfar ein meginstoðin í atvinnulífinu. Starfsemi er fyrst og fremst afgreiðsla ferjunnar Norrænu, auk sölu á ferðum. Siglt er með farþega á tímabilinu apríl-október, en annars eru fraktflutningar. Austfar á hluta í Smyril Line og í Norrænu ferðaskrifstofunni. Fyrir utan starfsemi Austfars starfar um 30% mannafla við sjávarútveg hjá fyrirtækjunum Gullbergi og Brimbergi. Á togaranum Gullveri eru 22 stöðugildi. Hjá heilbrigðisstofnuninni eru 33 stöðugildi, en 53 stöðugildi hjá sveitarfélaginu. Í ferða- og menningarstarfsemi eru 15 stöðugildi á ársgrundvelli. Þrjú starfsmenn vinna við ýmis verkefni, eins og skráningar fyrir Þjóðskjalasafn o.fl.

### Sjávarútvegur:

Eftirfarandi kom m.a. fram á fundum í sveitarfélögunum og með forsvarsmönnum fyrirtækja:

#### Fyrirtækin:

- HB Grandi er fjölmennasti vinnustaðurinn á Vopnafirði og þar er mikil uppbygging. Fyrirtækið flytur út frysta síld og loðnu frá Vopnafirði og er með bræðslu, en veiðar og vinnsla bolfisks er á Akranesi og í Reykjavík.
- Það voru 18 togarar á Austurlandi, en eru núna þrjú. Þetta er m.a. afleiðing tæknipróunar og hafði í för með sér fækkun starfa.
- Útgerðarfyrirtækið Gullberg á Seyðisfirði flytur út unninn fisk. Á Seyðisfirði er líka fiskvinnslan Brimberg með vinnslu á bolfiski. Þessi tvö fyrirtæki, Gullberg og Brimberg eiga gott samstarf.
- Útgerðin á Seyðisfirði hefur aldrei selt frá sér kvóta, en hefur þurft að kaupa kvóta eða leigja til að geta haldið áfram rekstri. Einn togari, ein útgerð, sem er orðið einsdæmi á Íslandi.
- Fiskverkun Kalla Sveins er langstærsti atvinnurekandinn í Borgarfirði eystra með hátt í 25% allra starfandi í vinnu. Fyrirtækið var með saltfiskverkun en hætti þeirri starfsemi að mestu árið 2010. Ástæðan var sú að farið var eftir tilskipun ESB um bann við notkun hvítunarefnis við meðhöndlun saltfisks sem varð til þess að fyrirtækið varð undir á saltfiskmörkuðum.

#### Staðan og framtíðarhorfur:

- Hjá Fiskverkun Kalla Sveins er unninn saltfiskur og flök sem selt er innanlands og svo er verkaður harðfiskur og hákarl og rekin beitningaþjónusta. Fyrirtækið á þrjú báta, tvo sem gerðir eru út á línu allt árið og einn sem gerður er út til strandveiða. Þrátt fyrir erfiðleika árið 2010 er fyrirtækið áfram stærsti vinnustaðurinn á Borgarfirði eystra.
- HB Grandi á Vopnafirði flytur mikið út af frosnum fiski, síld og loðnu, ekkert af þessu er unnið á staðnum heldur sent út heilfryst. Skip félagsins landa uppsjávarfiski á Vopnafirði. Eingöngu er veiddur og unninn uppsjávarfiskur (síld og loðna), en einnig afskurður frá öðrum ef stopp

#### **HB Grandi á Vopnafirði**

HB Grandi hefur verið með starfsstöð á Vopnafirði frá árinu 2004 þegar fyrirtækið sameinaðist Tanga ehf.

**Starfsemi:** Vinnsla á uppsjávarfiski á Vopnafirði. Síld og loðna. Bræðsla. Frysta um 18.000 tonn á ári og framleiða um 8.000 tonn af mjöli. Flytja út um 30.000 tonn á ári.

**Starfsmenn:** alls 60 við vinnslu, fáir erlendir starfsmenn. Alls starfa 700 manns hjá HB Granda á landinu.

**Bátar:** þrjú skip sem landa uppsjávarfiski á Vopnafirði, stundum einn bátur að auki.

**Kvóti:** HB Grandi hefur til umráða rúm 10% af heildar þorskígildum sjávarútvegsins á Íslandi.

verður. Einnig eru makrílveiðar. Grandi á tvær af loðnubræðslum á landinu. Á Vopnafirði er ein fullkornasta fiskimjölverksmiðja á landinu.

- Bræðslan á Seyðisfirði er vel búin en er ekki notuð. Þróunin varðandi loðnubræðslu er óhagstæð því uppsjávarveiði er orðin til manneldis og aðrar verksmiðjur eru frekar notaðar.

### Ferðaþjónusta:

Umtalsverð ferðaþjónusta er á þessu svæði og segja má að öll þrjú sveitarfélögin hafi skapað sér nafn og sérstöðu. Vopnafjörður er vel þekktur sem laxveiðisvæði, en sú tegund ferðaþjónustu skapar kannski ekki ýkja mörg störf á staðnum. Borgarfjörður eystri er orðinn vel þekktur fyrir árlega viðburði. Á Seyðisfirði er talsverð starfsemi í kringum siglingar Norrænu. Þessi atriði voru rædd á fundunum:

#### Gisting og veitingar:

- Á Vopnafirði er Hótel Tangi, veiðihótel með þrjú hús, eitt við hverja á. Gistiheimili í þorpinu og bændagistingar á þremur stöðum. Lítið tjaldsvæði er í þorpinu.
- Á Seyðisfirði eru um 100 gistirými. Hótel Aldan með veitingastað og gistingu, farfuglaheimili og tjaldsvæði. Fyrir utan þetta eru þrjár veitingastaðir og krá í bænum. Skálanesetun er fræða- og menningarsetun og byggir á svokallaðri fræðaferðaþjónustu. Gisting er þar fyrir 18 manns og boðið upp á veitingar. Setrið á samstarf við erlenda háskóla.

#### Afbreyting:

- Á Vopnafirði er góð sundlaug, Burstafell, minjasafn og menningarhúsið Kaupvangur (gamla hús kaupfélagsins) sem hýsir ýmsa starfsemi eins og Vesturfaramiðstöð, Múlastofu (sýning um Jón Múla og Jónas Árnasyni), Upplýsingamiðstöðina og Þekkingarnet Austurlands.
- Á Seyðisfirði er boðið er upp á sjóstangaveiði, hjólaleigu, jeppaferðir frá Skálanesi, gönguferðir, kajaksiglingar o.fl.
- Á Borgarfirði eystra eru hátíðir eins og Bræðslan. Þangað koma þekktir tónlistarmenn og mikill fjöldi gesta. Ferðaþjónustuaðilar hafa starfað saman og auglýst svæðið með sveitarfélaginu og náð ferðamönnum til sín. Gönguferðir hafa verið markaðssettar. Sami aðili og rekur fiskvinnsluna rekur einnig kaffihús og minjagripasölu.

#### Ýmis atriði:

- Mikil sókn er í veiði á Vopnafirði og félög eru með árnar á leigu. Veiðimenn versla ekki á staðnum, heldur koma með allt með sér og skilja kannski ekki mikið eftir sig. Heimamenn eru þó farnir að vinna í auknum mæli við húsin og árnar.
- Skortur á gistirými hamlar ferðaþjónustu á Vopnafirði. Aðeins er hægt að taka litla hópa yfir háönn.
- Umferð skemmtiferðaskipa til Seyðisfjarðar hefur aukist. Boðið er upp á skoðunarferðir í samstarfi við ferðaskrifstofur.
- Siglingar Norrænu skipta miklu máli og ekki bara fyrir Seyðisfjörð. Umferðin er um 2.000 manns á viku þegar mest er. Hins vegar er spurning hve mikið ferðamenn skilja t.d. eftir á Seyðisfirði, eða yfirleitt á Austurlandi. En þó gista þeir á svæðinu á heimleið.
- Ferðum ferjunnar hefur fjölgað og eru siglingar allt árið. Komum skemmtiferðaskipa fjölgar líka. Við það aukast hafnargjöld.

#### **Austfar á Seyðisfirði**

Stofnað 1984.

**Starfsemi:** Afgreiðsla ferjunnar Norrænu og sala á ferðum. Skoðunarferðir á sumrin. Ferjan Norræna siglir með farþega í apríl-október, um 35.000 manns árlega. Fraktsiglingar með Norrænu eru á hendi Blue Water Shipping.

Farþegaflutningar að vetrinum eru með lágmarksþjónustu um borð frá nóvember til mars.

**Starfsmenn:** Fjórir fastir starfsmenn og allt að 25 yfir sumarið.

### **Landbúnaður:**

Um 50 heimili eru í sveitum Vopnafjarðar. Þar eru ekki stór fjárbú, en þrjú kúabú, nokkur sauðfjárbú og þrjú loðdýrabú. Nánast alls staðar hafa ábúendur aðra vinnu með, en bændum hefur fækkað mikið. Jarðaverð var hátt vegna hlunninda við árnar og margir seldu frá sér og búskapur lagðist af. Mjólkurkvóti fór talsvert af svæðinu, en einhverjir stækkuðu við sig. Sláturhús er á Vopnafirði. Innan Seyðisfjarðarkaupstaðar eru fjögur bú með blandaðan búskap, svipað og verið hefur lengi. Óvíst hvort einhver tekur við þegar ábúendur hætta. Landbúnaður í Borgarfirði eystra er fyrst og fremst sauðfjárrækt.

### **Þjónusta, iðnaður:**

Á Vopnafirði er byggingafyrirtæki, vélsmiðja, bifreiðaverkstæði, rafvirki og verktakar í jarðvinnu. Svo er ein matvöruverslun, söluskáli með veitingar, málarameistari með verslun, fatahreinsun og verslun, vínbúð, VÍS og bókhaldsþjónusta og þrjár hárgreiðslustofur. Á Seyðisfirði eru tveir aðilar með vélsmiðjur. Báðar sækja verkefni út fyrir svæðið, mest í álverið.

### **Rannsóknir, þróun og nýsköpun:**

Á Vopnafirði er matvælaerkefnið Matargatið í samstarfi nokkurra aðila og með þátttöku Matís. Á vegum Gullbergs á Seyðisfirði er í gangi þróunarstarf, t.d. varðandi þróun á fiskisósu.

## **Velferðarmál og samfélag**

### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Það er ein heilbrigðisstofnun fyrir Austurland og fjórðungssjúkrahús er á Neskaupsstað. Í þjónustukönnun fyrir þéttbýlisstaðina þrjá á þessu svæði má sjá að íbúar á Borgarfirði eystra sækja alla þjónustu til Egilsstaða, hvort heldur er löggæsla eða heilbrigðisþjónusta. Lögregla er ekki starfandi á Seyðisfirði. Þar er hins vegar sjúkrahús, lækni og tannlækni. Á Vopnafirði eru allir þjónustubættir sem um var spurt, þ.e. lækni, heilsugæsla, lögregla og dvalarrými fyrir aldraða. Fundað var á Vopnafirði í nóvember 2010 og það var mikill hiti í fundarmönnum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu, en til umræðu var að loka dvalarheimilinu Sundabúð. Niðurskurðaráætlanirnar settu óneitanlega mark sitt á fundinn þar, eins og víðar á landinu. Þessi atriði voru til umræðu á fundunum:

- Á neðri hæð dvalarheimilisins Sundabúðar á Vopnafirði eru legudeildir, en íbúðir á efri hæðum, ekki þjónustuíbúðir. Þarna eru 11 rúm, þar af eitt sjúkrarúm. Félagsstarf aldraðra er á dvalarheimilinu. Þar starfa lækni og tveir-þrjú hjúkrunarfræðingar í tveimur stöðugildum.
- Nýting sjúkrarúmsins í Sundabúð er yfir 90%. Sveitarfélagið á húsnæðið og leggur til.
- Á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði er sérhæfð heilabilunardeild með 11 rúmum sem þjónar öllu Austurlandi. Örfáar innlagnir eru á sjúkrahúsið þess utan. Tveir sérmenntaðir heimilislæknar eru í einu og hálfu stöðugildi. Staðurinn er vel settur með heilsugæslu sem er mikilvægt vegna samgangna.
- Á Borgarfirði eystra er heilsugæsla og hjúkrunarfræðingur þar í hálfu starfi.

### **Húsnæði:**

Húsnæðisskortur er mikill á öllu svæðinu og á Borgarfirði var sagt ekkert framboð á íbúðarhúsnæði, hvorki til sölu eða leigu. Á Vopnafirði eins og víðar er algengt að eldri borgarar búi einir í stórum húsum. Á Seyðisfirði er frístundabyggð áberandi mikil. Eftirfarandi var jafnframt rætt á fundunum:

- Það er lítið um húsbyggingar á Vopnafirði og svarar ekki kostnaði að byggja hús. Fasteignamat er of lágt og það heldur verðinu niðri. Húsnæðisskortur kemur í veg fyrir að fólk geti flutt á staðinn.
- Fremur lítið er um að hús í þorpinu á Vopnafirði hafi selst sem frístundahús, en meira um að jarðir hafi selst án þess að vera í ábúð.
- Gömlu húsin á Seyðisfirði voru nánast gefin um tíma til að þau yrðu gerð upp. Trúlega um 20 íbúðir eru í eigu aðila utan svæðis. Spurning hver viðbrögð eiga að vera við slíki þróun, hvort hækka á fasteignagjöld á slík hús eða skrá tvöfalda búsetu, svo útsvar skiptist. Það er samt mikils virði að húsin séu gerð upp. Það er sérstaða að eiga öll þessi gömlu hús, m.a. húsin við bryggjuna.

### Fjölmening:

Um helmingur starfsfólks við frystihúsið á Seyðisfirði er af erlendum uppruna, en er búsett í bænum og á hús. Fram kom að fólk af erlendum uppruna sé misjafnlega virkt félagslega og Pólverjarir eru t.d. sagðir laustengdir samfélaginu, en þeir eru heldur ekki með fjölskyldur.

## Umhverfi

### Orku- og sorpmál:

Lítið var rætt um orkumál, nema á Vopnafirði. Þar er verið að leita að heitu vatni, en ekkert hefur fundist. Í þjónustukönnuninni kom fram að allt svæðið er kalt, þ.e. kynt er með rafmagni.

### Samgöngur:

Samgöngur voru talsvert til umræðu og sögð þörf á frekari vegabótum. Seyðisfjörður hefur nokkra sérstöðu því Fjarðarheiðin eru verulegur farartálmi og byggðin er einangruð vegna þessa. Þó eru aðeins 28 km til Egilsstaða. Það er forgangsmál fyrir Seyðfirðinga að fá göng í gegn. Þessi atriði voru m.a. rædd á fundunum:

- Flug til Vopnafjarðar er tengiflug við Akureyri og niðurgreitt af ríkinu. Það þarf áfram niðurgreiðslu á flugi þrátt fyrir vegabætur, því byggðin er háð fluginu.
- Það þyrfti að fá göng undir Hellisheiði. Það var til umræðu á sínum tíma vegna framkvæmda á Austurlandi og Vopnfirðingar áttu að fá aukin tækifæri til að starfa í álverinu. Þessi umræða dó hins vegar út. Álfyrirtækin eyða óhemju fé í samgöngubætur erlendis og ekkert óeðlilegt þótt svo hefði verið einnig hér á landi. Ef vegabætur fengjust gætu Vopnfirðingar aukið samstarf við Norðaustur-hornið. Vondir vegir t.d. Vopnafjarðar- og Hellisheiði fæla ferðamenn frá.
- Flutningskostnaður er of hár. Sjóflutningar hafa aflagst, en þyrftu að komast á aftur.
- Það þyrfti að auka snjómokstur til Vopnafjarðar. Það var mokað alla daga vikunnar en var skorið niður í fyrra (2009).
- Það ætti að taka lán til að gera jarðgöng í stað vegar yfir Fjarðarheiði. Viðhaldskostnaður jarðganga er brot af viðhaldi vega. Mikil umferð er yfir Fjarðarheiði og hátt í 30 manns sækja vinnu út fyrir svæðið. Heiðin er farartálmi að vetrinum, um leið og snjóar og blæs þorir fólk ekki að fara yfir. Göng til Seyðisfjarðar voru eitt sinn á áætlun en ekki lengur. Norðfjarðargöng eru næst í röðinni. Ekki er hægt að snúa íbúabróuninni við án samgöngubóta.
- Rekstrargrundvöllur Norrænu er brothættur og samgöngubætur skipta þar máli. Veðrið getur sett strik í reikninginn varðandi heiðina, t.d. þegar Norræna kemur í fyrstu ferðum með farþega í apríl og þær síðustu í október. Hins vegar er góð höfn á Seyðisfirði.
- Frá Borgarfirði eystra er klukkustundar akstur á Egilsstaði, eða 71 km og yfir heiði að fara. Það er malarvegur að hluta og enn vantar bundið slitlag á 30 kílómetra. Daglegar ferðir eru frá Borgarfirði á Egilsstaði (alla virka daga).

## Verslun og þjónusta

Vopnfirðingar og Seyðfirðingar versla á Akureyri og Egilsstöðum, samkvæmt svörum við þjónustukönnuninni. Ef marka má könnunina er þjónusta svipuð á stöðunum, nema ÁTVR er ekki með verslun á Borgarfirði. Ekki var spurt um sérvöruverslun í könnuninni, heldur eingöngu um matvöru og áfengi. Þá var spurt um þjónustu iðnaðarmanna. Borgfirðingar sækja alla umspurða þjónustu á Egilsstaði, nema bílaviðgerðir. Á Seyðisfirði eru allir þjónustubættir til staðar og sömuleiðis á Vopnafirði. Þessi atriði komu fram á fundunum:

### Verslun:

- Vopnafjörður: ein matvöruverslun, söluskáli með veitingar, málameistari með verslun, vínbúð, Verslun er einnig sótt á Egilsstaði og til Akureyrar, en sérstakar verslunarferðir í Bónus hafa mikið til lagst af með hækkuðu bensínverði.
- Seyðisfjörður: verslun Samkaupa og nokkrar sérverslanir, en annars mikið sótt á Egilsstaði og Reyðarfjörð. Ferðamenn halda versluninni uppi að einhverju leyti.
- Á Borgarfirði eystra er matvöruverslun og afgreiðsla Landsbankans.

### Þjónusta:

- Vopnafjörður: fatahreinsun og verslun, VÍS og bókhaldsþjónusta, rafvirki, verktakar í jarðvinnu og þrjár hárgreiðslustofur.
- Seyðisfjörður: Öll þjónusta var sótt út fyrir svæðið, en það hefur breyst. Samgöngur gera einnig að verkum að þjónustan helst á staðnum. Á Seyðisfirði er eina kvikmyndahúsið á Austurlandi.

## Menntun

Á Austurlandi eru tveir framhaldsskólar, á Egilsstöðum og Neskaupsstað, en sá síðarnefndi er verkmenntaskóli. Unglingar af þeim svæðum sem hér um ræðir virðast fara fremur til Akureyrar. Eftirfarandi atriði komu einnig fram á fundunum (tölur um nemendafjölda miðast við skólaárið 2010-2011):

- Í grunnskólanum á Vopnafirði eru 90 börn og 43-45 börn á leikskóla. Þar er hátt stig menntaðra kennara á báðum skólastigum. Á Borgarfirði er rekinn leikskóli með fjórum börnum og grunnskóli með 16 börnum.
- Flestir unglingar frá Vopnafirði sækja framhaldsskóla til Akureyrar, en nokkur á Lauga. Unglingar frá Seyðisfirði sækja framhaldsskóla mikið til Akureyrar og hefur dregið úr sókn í Egilsstaði. Unglingar frá Vopnafirði sækja ekki framhaldsskóla á Egilsstöðum m.a. vegna þess að heimavistin er lokuð um helgar.
- Seyðfirðingar vilja fá skólaakstur með styrk frá ríkinu og þá mætti halda uppi akstri til Egilsstaða. Nemendur í framhaldsskóla verða að vera í heimavist. Það er mikilvægt að koma þessu í lag þannig að unglingarnir þurfi ekki að fara af svæðinu. Þá eru ræturnar sterkari og þau koma frekar heim aftur eftir háskólanám.
- Sveitarfélögin ættu að taka framhaldsskólana yfir. Kerfið yrði ódýrara og samlegðaráhrif myndu aukast.
- Þekkingarnet Austurlands er með starfsstöð á Vopnafirði og Vopnfirðingar hafa nýtt það mjög vel og margir náð sér í háskólapróf. Boðið er upp á námskeið og þau eru mikið notuð, t.d. í ferðaþjónustu.

## Menning

Svör við þjónustukönnuninni sýna að menningarlíf og unglिंगastarf er mjög öflugt á Seyðisfirði. Sem dæmi má nefna að þar er kvikmyndahús, þar er starfandi leikfélag og aðfengnir menningarviðburðir nokkuð algengir. Eftirfarandi atriði komu fram upp á fundunum:

- Á Vopnafirði eru ýmsar íbúahátíðir, t.d. Vopnafjarðardagar og Vopnaskak. Einnig er bæjarhátíð í þéttbýlinu. Íþrótt- og æskulýðsstarf er ágætt, íþróttahús og fótboltavellir til staðar, fimleikar, körfubolti, dans og fótbolti.
- Á Seyðisfirði er menningarmiðstöðin Skaftfell, sem er miðstöð myndlistar. Skaftfell er með þrjár gestavinnustofur fyrir listamenn, sýningar eru í gangi allt árið. Í bænum eiga margir myndlistarmenn hús, en búa ekki allt árið.
- Hjá Miðstöð menningarfræða á Seyðisfirði er eitt starf með rannsóknir á sviði menningarmála. LUNGA er listahátíð ungs fólks á sumrin, Bláa kirkjan (tónlistarhátíð í nokkrar vikur, á miðvikudögum) o.fl. hátíðir. Einnig Dagar myrkurs að vetrinum, hátíð sem nær til alls Austurlands. Tækniminjasafn og Skálanes hafa unnið að því að fá námskeið og Listaháskóli hefur verið með námskeið í Skaftfelli. Skálanes hefur dregið að fólk frá erlendum háskólum.



Fundur með sveitarstjórnarfólki á Vopnafirði í nóvember 2010. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

## Sameining, samstarf

Ekki var mikil umræða um þennan þátt á fundunum, en þetta kom fram:

- Skiptar skoðanir eru um sameiningarmál á Vopnafirði. Vinna er í gangi suður á við, frá Vopnafirði til Djúpavogs. Samgöngur spila þó inn í. En það má líka horfa norður á við, t.d. varðandi stórskiphöfn í Gunnólfsvík. Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur eru í nefnd að skoða þetta svæði. Þessi sveitarfélög tilheyru áður sitt hvoru kjördæmi sem klippir á milli í hugum fólks. Sameining við Bakkafjörð var alltaf felld, en hefði verið skynsamleg. Það þarf að horfa á samfélagsgerðina líka. Fólk óttast að verða hornreka í sameinuðu sveitarfélagi.
- Samstarf er um félags- og barnaverndarmál á Austurlandi, þó ekki öll sveitarfélög á Austurlandi. Málefni fatlaðra eru í samstarfi á Austurlandi öllu.



## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Á Vopnafirði, eins og víðar á landinu, veltu menn fyrir sér því viðhorfi höfuðborgarbúa að íbúar landsbyggðar séu einskonar ölmusufólk. Á fundunum komu m.a. fram þessi atriði:

- Vopnfirðingar velta fyrir sér hverju þeir hafa skilað til þjóðarbúsins. Ef tekjum þeirra væri haldið eftir þar (í stað skattgreiðslna) þá væri Vopnafjörður blómstrandi samfélag. Íbúar þar eru því ekki afætur. Alltaf er rekin öfug byggðastefna á Íslandi, en heldur ætti að taka Norðmenn til fyrirmyndar. Þar er fólk hvatt með ýmsu móti til að setjast að úti á landi.
- Vopnfirðingar lögðust á eitt að byggja dvalarheimilið, gegnum félagasamtök og með sjálfboðavinnu. Menn skorast ekki undan niðurskurði, en ekki er faglega staðið að málum.
- Það er gjá milli höfuðborgar og landsbyggðar sem er að dýpka. Stjórnvöld þyrftu að taka ákvörðun um hvort yfirleitt á að vera byggð í landinu.
- Hrunið á Seyðisfirði hófst 1987, þá fór íbúatalan hæst og um 130 börn voru í skólanum, en nú eru þau 65. Þróunin fer bara á einn veg ef þetta heldur áfram, landið verður enn frekar borgríki.
- Það er nóg af góðum hugmyndum en fólk á jaðarsvæðum hefur ekki aðgang að fjármagni. Vextir eru of háir, fólk treystir sér ekki til að taka lán til að hefja atvinnustarfsemi og það er ekki lánað á þessi svæði. Eignir eru verðlausar, ekki lánað út á þær.
- Ungt fólk flytur ekki á Seyðisfjörð, m.a. vegna vondra samgangna. Göng hefðu gert meira fyrir mið-Austurland heldur en álverið. Það vantaði upp á pakkann: að fá jarðgöng til að tengja saman allt Austurland. Óvíst er þó hvernig hefði farið fyrir Austurlandi ef álverið hefði ekki komið. Það skiptir gríðarlegu máli.

### Stoðkerfið:

Almennt var jákvæður tónn viðmælenda gagnvart þjónustu Þróunarfélagsins. Verkefni félagsins eru mörg og hafa heldur aukist. Má þar nefna Matvælamíðstöð, Austfirskar krásir, verkefni sem teygir sig yfir allt Austurland, verkefni um nýtingu skógarafurða og verkefni um verslun í heimabyggð. Sum þessara verkefna eru í erlendu samstarfi. Hugmyndir voru uppi um áframvinnslu á áli sem yrði staðsett á Seyðisfirði, en varð ekki af. Þá var nefnt verkefni um almenningssamgöngur í dreifbýli sem Þróunarfélagið vann að með Fjarðabyggð, sem er sögð kjörið svæði til að skoða almenningssamgöngur m.a. vegna þess að Mjóifjörður tilheyrir Fjarðabyggð og þangað eru ferðir með ferju.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Stóra tækifærið á Vopnafirði og norð-austurhorninu felst í uppbyggingu á Drekasvæðinu (Gunnólfsvík). Erfitt að segja hver framtíð þessa verkefnis verður, það er margt sem þarf að ganga upp, t.d. af hálfu stjórnvalda. Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur stofnuðu félagið Dreka sem vann að undirbúningi.
- Verkefni í gangi eða bígerð á Vopnafirði eru t.d. ferðir á slóðir Vopnfirðingasögu, gönguferðir á eyðibýlin, verkefni um „heiðarbýli“ tengist vesturferðum og félaginu „Vesturfaranum“. Hópar frá Vesturheimi koma á staðinn og stoppa. Miklir möguleikar tengjast Vopnfirðingasögu og Hrafnelssögu.
- Hugsanlega mætti leigja jarðir í eigu fólks sem ekki hefur fasta búsetu, þannig að verið sé að nýta þær. Þarna kunna að vera tækifæri (fyrir Vopnfirðinga).

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun

- Þjóða mætti veiðimönnum einhverja þjónustu á Vopnafirði. Þeir gista í veiðihúsunum, en fara ekkert um. Það mætti þjóða upp á einhverja afþreyingu.
- Það er að myndast hringur um fuglaskoðun hér á landi og Vopnfirðingar hafa áhuga á að komast inn í hann.
- Verkefnið Vopnfirska matargatið byggist á hráefni sem er allt í kring eins og villibráð og grösum, og starfsemi sláturhúss og frystihúss. Koma á upp Matarsmiðju þar sem hægt er að framleiða vottaða vöru. Hópur heimamanna vinnur að þessu með aðkomu sveitarfélagsins, búið er að halda námskeið og nokkrar vörutegundir komnar fram.
- Á Seyðisfirði er unnið að þróunarverkefni um vetrartengda ferðaþjónustu. Til staðar er skíðasvæði sem þarf að markaðssetja og verið er að setja lyftu upp á topp og þá er skíðasvæði orðið mjög gott, með 400 m fallhæð í 800 m hæð yfir sjávarmáli og snjór langt fram í maí. Unnið er með Smyril line og flugfélaginu.



Ljósmynd: Sigurður Árnason

## Sunnanvert Austurland

### Helstu niðurstöður:

- Mikil fækkun íbúa er í þessum tveimur sveitarfélögum á tímabilinu frá 1994. Mikill munur er samt, því fækkunin í Djúpavogshreppi var 20,5% meðan hún var 43% í Breiðdalshreppi. Fækkun er meiri í dreifbýli en þéttbýli.
- Aldursdreifing er skekkt með mikla fækkun ungs fólks en fjölgun eldra fólks. Í Breiðdalshreppi hefur orðið nánast hrun í yngri aldurshópum.
- Fækkun yngra fólks hefur í för með sér að dregur úr fæðingatíðni eða náttúrulegri fjölgun.
- Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs í þéttbýlisstöðunum.
- Ferðapjónusta er mikilvæg atvinnugrein og ferðamönnum fer fjölgandi. Skemmtiferðaskip hafa viðkomu á Djúpavogi.
- Þessi sveitarfélög eru ekki á áhrifasvæði álvers á Reyðarfirði, þó svo nokkrir einstaklingar þaðan sækja vinnu í álverið, þó sérstaklega frá Breiðdalsvík sem tengist inn í fastar ferðir í álverið.
- Samgöngubætur nauðsynlegar, annars vegar á Þjóðvegi eitt yfir Breiðdalsheiði og hins vegar á vegi yfir Öxi sem myndi stytta leiðina frá Djúpavogi á Hérað.
- Verslun og þjónusta er sótt bæði í Egilsstaði og á Reyðarfjörð, sé hún ekki sótt í heimabyggð.
- Unglingar af svæðinu sækja gjarnan framhaldsskóla til Akureyrar, þó svo tveir framhaldsskólar séu á Austurlandi.
- Á Djúpavogi hafa þekktir myndlistarmenn aðsetur hluta úr ári og auðga menningarlíf staðarins.

### Svæðið

Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur eru hér til umfjöllunar. Þar eru tveir þéttbýliskjarnar, þorpið á Breiðdalsvík (fj. 139) og Djúpivogur (fj. 342). Eins og önnur þau sveitarfélög á Austurlandi sem hér er fjallað um eru þessi tvö á jaðri áhrifasvæðis álversins á Reyðarfirði, þótt eitthvað smávegis sé um að íbúar sækja vinnu þangað, sérstaklega frá Breiðdalsvík.


Fundað var með sveitarstjórnnum þessara sveitarfélaga í nóvember 2010 og rekstrarstjóra Vísis á Djúpavogi.

### Íbúabróun

Þó að Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur liggi samhliða er hér gerð grein fyrir íbúabróun í hvoru sveitarfélaginu fyrir sig m.a. vegna þess hversu ólík þróunin er í hreppunum tveimur.


**Breiðdalshreppur.** Mikil og stöðug fækkun hefur verið í Breiðdalshreppi allt frá árinu 1994. Árið 1994 voru 333 íbúar en 189 árið 2011. Það er fækkun upp á 43%. Fækkunin í dreifbýlinu var 52% á meðan fækkun í þéttbýlinu var tæp 40%.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Fjöldi karla og kvenna í Breiðdalshreppi árin 1994-2011


Á tímabilinu varð stórfelld fækkun fólks undir fertugu. Fólki undir títugu fækkaði um 65% og fólki á aldrinum 20-39 ára um 58%. Fólki á aldrinum 40-59 ára fækkaði um rúmlega 20% og fólki yfir sextugu um 9%.



Skípting íbúa í Breiðdalshreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Þetta hefur leitt af sér að fæddum börnum í Breiðdalshreppi hefur fækkað um meira en 2/3. Það leiðir aftur af sér að veruleg náttúruleg fækkun íbúa hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem að fleiri hafa dáið á hverju fjögurra ára tímabili en hafa fæðst.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Fæddir og dánir í Breiðdalshreppi á fjögurra ára tímabilum


Flutningsjöfnuður hefur verið neikvæður mest allt tímabilið ef frá eru tekin árin 2006 og 2009 þegar að aðfluttir voru fleiri en brottfluttir. Árin 1996 og 2007 skera sig hins vegar verulega úr hvað varðar brottflutning umfram aðflutning en bæði árin var flutningsjöfnuður neikvæður um meira en 30 manns sem voru 10-14% af heildaríbúafjölda.



Aðfluttir/broftfluttir í Breiðdalshreppi 1994-2011


Hlutfall erlendra íbúa hefur verið frekar sveiflukennt í Breiðdalshreppi og framan af voru konur miklu fleiri en karlar en nú jafnt. Hæst fór hlutfall kvenna með erlendan ríkisborgarrétt í 18% en erlendir ríkisborgara eru nú 6% af íbúum hreppsins.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Breiðdalshreppi 1998-2011


**Djúpavogshreppur.** Íbúum í Djúpavogshreppi fækkaði úr 582 árið 1994 í 463 árið 2011. Fækkunin nam 119 einstaklingum eða 20,5%. Íbúum fækkaði flest árin þó að ekki hafi verið um stöðuga fækkun að ræða og komið hafi skeið þar sem íbúum fjölgaði aftur eins og t.d. allra síðustu ár. Karlar hafa verið nokkuð fleiri en konur allt tímabilið. Fækkun í þéttbýlinu á Djúpavogi var rúm 12%. Mun meiri fækkun varð í dreifbýlinu eða um 23%.



Fjöldi karla og kvenna í Djúpavogshreppi árin 1994-2011


Fólki innan við tvítugt fækkaði um tæplega 43% og fólki á aldrinum 20-39 ára fækkaði um 27%. Á sama tíma stóð fjöldi fólks á aldrinum 40-59 ára svo gott sem í stað en fólki yfir sextugu fjölgaði um tæpan þriðjung.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Skipting íbúa í Djúpavogshreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**


Þessar breytingar á aldursdreifingu hafa enn sem er ekki komið fram í fæðingartíðni í Djúpavogshreppi sem var nokkurn veginn óbreytt allt tímabilið. Fækkun kvenna á barnseignaraldri um rúman fjórðung er þó líkleg til að leiða til lækkandi fæðingartíðni á næstu árum.



**Fæddir og dánir í Djúpavogshreppi á fjögurra ára tímabilum**

Brottlutningur var mun meiri en aðflutningur á tímabilinu og reyndar eru aðeins fjögur ár, þar af tvö síðustu, þar sem að flutningsjöfnuður var jákvæður. Mestur var brottflutningurinn árin 1996-1998 þegar 112 fleiri fluttu úr hreppnum en í hann.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Aðfluttir/brottfuttir í Djúpavogshreppi 1994-2011

Fjöldi erlendra ríkisborgara jókst úr 3,5% í rúmlega 10%. Kynjaskiptingin var jöfn allt tímabilið.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Djúpavogshreppi 1998-2011

### Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Rekstur Breiðdalshrepps var erfiður á árinu 2010 en sveitarfélagið var rekið með halla og var með neikvætt veltufé frá rekstri. Skuldir og skuldbindingar námu í árslok 2010 320 milljónum kr. eða 169% af tekjum hreppsins. Það er nokkuð yfir viðmiðunarmörkun sveitarstjórnarlaga. Félagslegar íbúðir hafa verið sveitarfélaginu erfiðar í rekstri en af heildarskuldum sveitarfélagsins eru 135 milljónir vegna þeirra samkvæmt ársreikningi 2010.

Djúpavogshreppur var rekinn með lítilsháttar tapi á árinu 2010 en var hins vegar með þokkalegt jákvætt veltufé frá rekstri. Skuldir og skuldbindingar námu 584 milljónum kr. í árslok 2010 sem eru 168% af tekjum og nokkuð yfir viðmiðunarmörkun sveitarfélaga sem eru 150%.



## Atvinnulíf

Sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugreinin í Djúpavogshreppi og einnig í Breiðdalshreppi ásamt landbúnaði. Ferðapjónusta er öflug. Breiðdalsvík var tengd inn í almenningssamgöngur fyrir starfsmenn í álverinu árið 2010. Nokkrir frá Djúpavogi aka á Breiðdalsvík og nota ferðirnar þaðan, þó ekki daglega. Atvinnulíf á svæðinu er fremur einhæft. Þessi atriði komu fram á fundum okkar:

- Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í Breiðdalshreppi, með um 15 stöðugildi og því næst er fiskvinnslan. Ferðapjónusta er mikilvægur þáttur. Í álverinu starfa um 10 manns.
- Á Djúpavogi er góð staða í atvinnulífi. Hjá sveitarfélaginu starfa hátt í 40 manns en Vísir er stærsti vinnustaðurinn með vinnslu og smábáta og þar starfa 50-60 manns. Mikill vaxtarbroddur er í ferðapjónustu og annarri þjónustu. Stefna sveitarfélagsins í atvinnumálum er sú að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki og hafa ekki stóriðju. Aðalskipulag til ársins 2020 var unnið í samstarfi við íbúana. Þar er sett fram framtíðarsýn, t.d. í atvinnumálum.

### Sjávarútvegur:

Atvinnulíf á Breiðdalsvík og Djúpavogi hvílir að miklu leyti á sjávarútvegi. Fiskvinnslan á Breiðdalsvík er mjög mikilvæg, án hennar væri vart næg atvinna. Það hafa þó verið erfiðleikar í sjávarútvegi á staðnum. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundunum:

#### Fyrirtækin:

- Hjá fiskvinnslunni á Breiðdalsvík starfa allt að 15 starfsmenn, mest útlendingar. Reksturinn hefur gengið misvel. Fiskvinnslan er í húsnæði í eigu sveitarfélagsins og Byggðastofnunar og er rekin í samstarfi við Hornafirðinga. Á Breiðdalsvík landa fjórir bátar 7-10 mánuði á ári (hefur verið þannig síðustu ár). Fiskmarkaður er á staðnum.
- Vísir á Djúpavogi er með veiðar og vinnslu á bolfiski og saltfiski. Fyrirtækið starfar á fjórum stöðum á landinu og rekstrarstjórinn á Djúpavogi starfar einnig sem slíkur hjá útstöð fyrirtækisins á Húsavík.

#### Fiskeldi:

- HB Grandi er með þorskeldi í Berufirði sem og Þorskeldi ehf.

#### Staðan og framtíðarhorfur:

- Ef hægt er að reka frystihúsið á Breiðdalsvík með 10-15 manns í vinnu er atvinnulíf þar í jafnvægi með því sem fyrir er.
- Um 80% þorsks og 90% ýsukvóta hefur farið frá Djúpavogi. Smábátaútgerð hefur látið á sjá.

#### Vísir ehf, á Húsavík og Djúpavogi:

Vísir ehf var stofnað 1965 og er að meirihluta í eigu Páls H. Pálssonar og fjölskyldu hans. Vísir hefur haft starfsstöð á Djúpavogi frá 1999 þegar fyrirtækið keypti meirihluta í Búlandstindi. Á Húsavík frá 2002 þegar það eignast meirihluta í FH.

**Starfsemi:** Er á fjórum stöðum; Djúpavogi, Húsavík, Þingeyri og Grindavík. Höfuðstöðvar eru í Grindavík. Á Djúpavogi er unninn saltfiskur og keila, unnið úr um 4000 tonnum árlega. Fjöldi starfsmanna þar er um 50.

Á Húsavík er unnið úr bolfiski einkum úr ýsu og þorski. Unnar eru bæði ferskar og frosnar afurðir úr rúmlega 4000 tonnum á ári og starfsmenn eru um 50.

**Starfsmenn:** alls 50-60 starfsmenn á hverjum stað, erlendir starfsmenn eru um 60% og er meirihluti starfsmanna á Húsavík.

**Bátar:** fimm beitningavélabátar sem landa fyrir austan á haustin, annars fyrir sunnan og aflanum ekið á milli. Eftirtaldir bátar eru í eigu félagsins: Páll Jónsson GK- 7, Kristín GK – 157, Sighvatur GK- 57, Hrungnir GK – 50, Jóhanna Gísladóttir ÍS - 7. Fiskur er að auki keyptur á markaði.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildi (þar af 1400 tonn í þorski)



Djúpvogur, Búlandstindur í baksýn.

Ljósmynd: Elín Gróa Karlsdóttir

### Ferðapjónusta:

Það eru ýmis tækifæri í ferðapjónustu sem tengjast t.d. jarðfræðilegri sérstöðu svæðisins. Gott framboð gistirýmis er á svæðinu, þótt það anni vart eftirspurn á háönn. Mikil uppbygging hefur verið á Djúpavogi og þangað er vaxandi straumur ferðamanna og margt í bígerð varðandi ferðapjónustu. Þessi atriði komu fram á fundunum:

#### *Gisting og veitingar:*

- Breiðdalshreppur: tvö hótél, Staðarborg og Hótél Bláfell, Kaffi Margrét, bændagisting og veiðihúsið Eyjar tengt veiðum á vatnasvæði Breiðdalsár. Í veiðihúsinu eru starfsmenn allt árið. Nýting Hótels Bláfells er mjög góð og opið að vetrinum. Gistirými í sveitarfélaginu anna vart gistiþörf á háönn. Veitingasala er á hótélunum þremur og svo er sjoppa sem er líka verslunin á staðnum.
- Djúpvogshreppur: Hótél Framtíð á Djúpavogi (opið allt árið) og bændagisting í dreifbýli. Veitingasala er á hótélunni og í sjoppunni.

#### *Afbreyting:*

- Breiðdalshreppur: Breiðdalssetur í gamla kaupfélaginu á Breiðdalsvík með upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, Jarðfræðisetur Walkers með sýningu um jarðfræðisögu Austurlands, málvísindasetur Stefáns Einarssonar.
- Langabúð á Djúpavogi er mikið heimsótt af ferðamönnum. Þar er kaffihús og safn fyrir verk Ríkharðs Jónssonar og minningastofa fyrir Eysteín Jónsson ráðherra. Fuglahús er í húsinu við hliðina. Í Djúpavogshreppi er einstakt fuglaskoðunarsvæði og gengur ágætlega að markaðssetja. Verið að gera upp Faktorshúsið og þar verður hugsanlega aðstaða fyrir ferðamenn, t.d. upplýsingamiðstöð. Bakkabúð er ný verslun með sölu á handverki og minjagripum. Svo er nýopnað steinasafn. Um 2.000 manns nýta sér Papeyjarferðir á hverju sumri.

#### *Ýmis atriði:*

- Það skortir fleiri afbreytingarmöguleika. Ferðamenn heimsækja Stöðvarfjörð, Djúpavog, en ekkert í nágrenninu.
- Djúpavogshreppur og Hornafjörður eiga samstarf um komu skemmtiferðaskipa sem nota höfnina á Djúpavogi fyrir þá ferðamenn sem ætla að skoða Jökulsárlón.

### **Landbúnaður:**

Um tveir þriðju hlutar íbúa Breiðdalshrepps búa í þéttbýlinu. Í dreifbýli eru um 15-20 bú en lítil endurnýjun er í landbúnaði. Í hreppnum eru nokkrar ríkisjarðir, bændur sem áður stunduðu búskap á jörðunum sitja þar áfram án þess að stunda búskap. Í Djúpavogshreppi er fjórðungur íbúa búsettur í dreifbýli. Jarðir hafa verið að fara í eyði eða hafa verið keyptar af auðmönnum og búskapur lagst af. Þó hefur dregið úr slíkri jarðasölu. Blandaður búskapur er í sveitarfélaginu, en þó mest sauðfjárbúskapur.

### **Þjónusta, iðnaður:**

Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Á Breiðdalsvík eru verktakar með verkstæði, jarðvinnu, glerverksmiðju o.fl. Eitthvað af verkefnum sótt út fyrir svæðið en ekki mikið, þá mest í nágrenninu.
- Á Djúpavogi var sett á stofn bátasmíði, Rán ehf. sem er líka með starfsemi í Noregi. Það fyrirtæki er í samvinnu við heimamenn á Djúpavogi, auk þess sem 5-6 heimamenn starfa hjá fyrirtækinu í Noregi. Smíða á plastbáta, ætlaða fyrir eldisstöðvar, og olíubáta.
- Áhrif álversins ná takmarkað til Djúpavogshrepps. Það er of langt að sækja, en þó sækja þeir úr hreppnum vinnu í álverið.

## **Velferðarmál og samfélag**

### **Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:**

Á Breiðdalsvík er dagvist aldraðra og opið fimm daga vikunnar. Heilsugæsla og hjúkrunarfræðingur er á staðnum og læknaomur vikulega, og tannlæknir kemur mánaðarlega. Dvalarheimilinu á Djúpavogi var lokað árið 2009 og þar misstu sex manns vinnuna og vistmenn voru fluttir í önnur sveitarfélög. Húsið er núna nýtt undir félagsaðstöðu, en verið að athuga að breyta því í þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Fjórir vistmenn voru á heimilinu og fóru annað, á Hornafjörð eða Seyðisfjörð. Á Djúpavogi er heilsugæsla, læknir og hjúkrunarfræðingur búa á staðnum. Tannlæknir kemur líka reglulega sem og ljósmóðir. Lögregla fyrir Breiðdalsvík er á Fáskrúðsfirði, en lögregla er staðsett á Djúpavogi, þar er eitt starf. Fólk óttast frekari niðurskurð, að bæði læknir og lögregla fari.

### **Húsnæði:**

Húsnæðisskortur er bæði á Breiðdalsvík og á Djúpavogi. Þar sem víðar býr stundum eldra fólk eitt í stórum húsum. Á Breiðdalsvík eru 5-6 frístundahús, þ.e. eigendurnir búa ekki á staðnum. Ásókn í slík kaup er að aukast. Engin hús standa alveg auð. Á Djúpavogi er sagður ágætur fasteignamarkaður og lítið um frístundahús.

### **Fjölmening:**

Hjá Vísi á Djúpavogi eru margir starfsmenn af erlendum uppruna, flestir pólskir. Flestir starfsmenn í fiskvinnslu á Breiðdalsvík eru af erlendum uppruna. Á árinu 2010 var hlutfall íbúa af erlendum uppruna á Austurlandi um 7% af íbúafjölda, sem er nálægt landsmeðaltali sem er 6,5% (Sigríður E. Þórðardóttir, 2011).

## **Umhverfi**

Í Djúpavogshreppi hefur verið sett fram áhersla í umhverfismálum, sem kristallast í slagorðinu „vistvænn og vinalegur“. Sveitarfélagið hefur tekið upp umhverfisstefnu og vill ekki hafa stóriðju. Með því á að laða að bæði ferðamenn og íbúa. Náttúru- og menningarminjar hafa verið friðaðar.



Granítegg Sigurðar Guðmundssonar listamanns við höfnina á Djúpavogi. Ljósmynd: Elín G. Karlsdóttir

#### Orku- og sorpmál:

Ekki er hitaveita á þessu svæði og hús því hituð með rafmagni. Verið að leita að heitu vatni í Breiðdalshreppi. Á Djúpavogi er verið að bora og búið að finna vatn sem er 43° heitt. Verið er að leita leiða til að nýta það heita vatn sem þegar er fundið til orkugjafar, en að líkindum þarf að bora eina holu til viðbótar.

#### Samgöngur:

Nokkur óánægja með vegasamgöngur kom fram á fundum í báðum sveitarfélögum. Í Breiðdalshreppi vegna þess að vegur yfir Breiðdalsheiði, sem er þjóðvegur númer eitt, er oft ófær að vetrinum. Á Djúpavogi vegna þess að óvíst er með vegabætur um Öxi. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Það þarf að ljúka vegabótum á Breiðdalsheiði sem er þjóðvegur númer eitt. Breiðdalsheiði er einn af örfáum ómalbikuðum stöðum af þjóðvegi 1, bara 20 km eftir. Snjómokstur á Breiðdalsheiði var skorinn niður, þannig að í raun eru firðirnir eina færa leiðin. Heiðin er eini kaflinn á þjóðvegi 1 sem er ekki með vetrarþjónustu. Það kemur t.d. illa við útlendinga, sem skilja ekki að nota eigi annan veg en númer eitt.
- Fundarmenn á Breiðdalsvík höfðu efasemdir um vegabætur yfir Öxi vegna þess hve hátt hann liggur. Þeir kváðust þó ekki leggjast gegn endurbótum á veginum.
- Íbúar Djúpavogshrepps sækja talsvert þjónustu í Egilsstaði. Ef heilsársvegur um Öxi verður að veruleika getur fólk úr hreppnum sótt vinnu á Hérað. Leiðin myndi styttest um 72 km. Núverandi vegur er ekki mokaður að vetrinum. Heilsársvegur yfir Öxi er eitt helsta baráttumál í Djúpavogshreppi. Vegurinn var kominn á áætlun en óvíst er um framhaldið.

## Verslun og þjónusta

Á Breiðdalsvík eru matvörur seldar í N1 og einkaaðili sér um reksturinn. Sparisjóður Hornafjarðar er með útibú á staðnum, einnig er póstafréttisla. Verslun og þjónusta er mikið sótt í Egilsstaði, en einnig á Reyðarfjörð, en á báðum stöðunum eru lágvöruverðsverslanir með matvöru, Bónus og Krónan. Fáir af þeim þjónustubáttum sem spurt var um í þjónustukönnuninni eru til staðar á Breiðdalsvík, þar er þó dagvöruverslun og veitingahús. Á Djúpavogi eru allir þjónustubættir nema hárgreiðslustofa, en það kemur hárgreiðslukona reglulega. Þar eru tvær matvöruverslanir og öll þjónusta iðnaðarmanna, en annars sækir fólk verslun og þjónustu á Egilsstaði. Á Breiðdalsvík er vélsmiðja, trésmiðja og bifreiðaverkstæði, en þjónustu varðandi pípulagnir, múrverk og raflögn þarf að sækja annað. Nokkrir punktar sem fram komu á fundunum:

- Flutningskostnaður er trúlega stærsti óvinur þessara svæða, eins og víðar. Breiðdalsvík er of fámenn til að Eimskip og Samskip sjái sér hag í að flytja vörur á staðinn. Ferðum hefur fækkað og það háir þjónustu.
- Á Egilsstöðum er meiri og fjölbreyttari þjónusta en á Reyðarfirði. Og rík hefð fyrir þjónustu. Þar eru opinberar stofnanir og flugsamgöngur.
- Íbúar Djúpavogshrepps sækja lítið verslun og þjónustu á Höfn. Samt er gott samstarf þangað.
- Á Djúpavogi eru tveir veitingastaðir og þrjú kaffihús.

## Menntun

Helstu bættir sem fram komu á fundunum (tölur um fjölda nemenda eru m.v. skólaárið 2010-2011):

- Á Breiðdalsvík er grunnskóli með 25 nemendur í öllum bekkjardeildum og með samkenslu. Þar er einnig nýr leikskóli með 9 börn. Íþróttahús og sundlaug er til staðar. Á Djúpavogi er öflugt íþróttastarf rekið af íþróttafélagi, en grunnskóli, tónlistarskóli og íþróttastarf er samfella og skipulagt í samstarfi við íbúa o.fl. aðila. Ráðinn var einn stjórnandi yfir öllu skólasterfi. Íþróttahús er nýlegt, sem og sundlaug. Í skólanum eru 42 börn og um 36 á leikskóla, hann er fullsetinn og biðlisti.
- Unglingar úr Breiðdalshreppi sækja framhaldsskóla mest í Egilsstaði og Neskaupsstað, hugsanlega eitthvað á aðra staði, Akureyri, Reykjavík, Laugar. Unglingar úr Djúpavogshreppi sækja framhaldsskóla í Egilsstaði og á Akureyri, ekki á Höfn eða Neskaupsstað. Akureyri vegur orðið þyngra, enda er þar líka verkmenntaskóli með meira námsframboð en sá á Neskaupsstað.

## Menning

Ekki var mikið rætt um menningarmál á fundunum. Vetrarhátíðin Dagar myrkurs er hátíð fyrir allt Austurland, haldin í nóvember. Engin íbúahátíð er á Breiðdalsvík. Í svörum við þjónustukönnun kom fram að á stöðunum séu starfandi kórar, félagsstarf aldraðra, íþrótt- og æskulýðsstarf, en fremur lítið um aðkomna menningarviðburði. Nokkrir listamenn eiga hús á Djúpavogi og eru á staðnum mikinn hluta úr ári, t.d. myndlistarmennirnir Þór Vigfússon og Sigurður Guðmundsson. Sigurður bjó til graníteggin sem prýða höfnina. Á hans vegum koma t.d. listnemar og listamenn. Eggin hans hafa fengið mikla athygli og margt fólk sem kemur sérstaklega til að skoða þau.

## Sameining, samstarf

Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Sameining Stöðvarfjarðar við Fjarðabyggð þykir ekki hafa tekist vel sem dregur úr sameiningarvilja í Breiðdalshreppi. Ekki er gott að vera jaðarsvæði sveitarfélags. Stöðvarfjörður er orðinn að svefnbæ og samfélagið að eldast með svipaða aldursskiptingu og á Breiðdalsvík.
- Það er samstarfshefð á Austurlandi og á margan hátt eðlilegt að sameina stórt. Dregið hefur úr áhuga á sameiningu alls Austurlands, umræðan dó út.
- Áður var Djúpavogshreppur í viðræðum við Fljótisdalshérað, en nýr vegur yfir Öxi er forsenda samstarfs og sameiningar.
- Byggðasamlag er um félagsþjónustu yfir allt Austurland nema Fjarðabyggð. Brunavarnir ná yfir allt Austurland. Skólaskrifstofa, málefni fatlaðra eru yfir allt Austurland með tvö þjónustusvæði.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Á fundunum kom fram sú skoðun að það skorti langtímasýn í byggðamálum á landsvísu, það skorti byggðastefnu og áætlun til langs tíma.

## Tækifæri til eflingar

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Tækifæri í Breiðdalshreppi gætu tengst seiðaeldi og þar gætu skapast tvö störf. Ef heitt vatn finnst myndi það gjörbreyta eldinu. Til staðar er nokkuð gott bleikjueldi. Búið er að virkja og gera rafstöð og tryggja meira vatn.
- Verkefni um uppbyggingu jarðfræðisetursins á Breiðdalsvík er eitt þeirra 11 verkefna sóknaráætlunar landshluta sem samþykkt var að færu á fjárlög ársins 2012 (Fréttatilkynning 25.11.2011, [www.forsaetisraduneyti.is](http://www.forsaetisraduneyti.is)).
- Skotveiði á t.d. hreindýrum er vannýtt auðlind. Hins vegar er nánast vonlaust að fá leyfi vegna aðferða við úthlutun þeirra, sem er með happdrætti. Lögin banna að tekin séu frá veiðileyfi. Sótt er um fyrir 10-12 veiðimenn, en fæst aðeins leyfi fyrir 2-3. Menn sem koma t.d. erlendis frá vilja hins vegar skipuleggja slíkar veiðiferðir ári fyrirfram.
- Úrbætur í samgöngum með uppbyggingu heilsársvegar yfir Öxi yrði hagræði fyrir alla, heimamenn og aðra vegfarendur.
- Auka þyrfti hlut fiskveiða á svæðinu. Með strandveiðum kom líf í höfnina á Djúpavogi og voru sex bátar keyptir á staðinn sem voru á veiðum. Mikilvægt væri að auka þátt strandveiða.
- Vistvænt samfélag í Djúpavogshreppi gefur möguleika. Stefnt er að því að fá alþjóðlega umhverfisvottun sem gerði sveitarfélagið að enn betri búsetukosti.
- Á Djúpavogi mætti auka afþreyingu fyrir ferðamenn og verið er að skoða möguleika eins og gönguferðir og sjóstöng og upplifunarferðapjónustu tengt höfninni. T.d. mætti auka afþreyingu fyrir fólk af skemmtiferðaskipunum.
- Á Teigarhorni, sem er sögufrægur staður, er ekki lengur búskapur. Þar bjó fyrsti kvenljósmyndarinn Nicoline Weywadt (1848-1921) og átti hús í þorpinu. Jörðin er óðalsjörð og húsið í eigu Þjóðminjasafns. Jörðin er að hluta friðlýst náttúruvætti og einn þekktasti fundarstaður Zeolíta í heiminum.

## SUÐURLAND

Á Suðurlandi eru 15 sveitarfélög frá Hornafirði í austri að Ölfusi í vestri. Á þessu svæði búa tæplega 26 þúsund manns og 6.776 í þeim þremur sveitarfélögum sem hér er fjallað um. Af þeim þremur er Vestmannaeyjabær lang fjölmennast með rúmlega fjögur þúsund íbúa. Sveitarfélagið Árborg hefur þó vinninginn á Suðurlandi með hátt í átta þúsund íbúa. Suðurland nær yfir 30.966 km<sup>2</sup> og tvö sveitarfélög skera sig úr vegna þess hve lítið svæði þau ná yfir, eða Vestmannaeyjabær með 17 km<sup>2</sup> og Hveragerðisbær með 11 km<sup>2</sup>. Því er ekki að furða að íbúafjöldi á ferkílómetri er miklu hærri þar en í öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi og þótt víðar væri leitað ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) og Bygðastofnun).

Suðurland er stórt svæði og staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Vestursvæðið býr að því að vera á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Í átta af 15 sveitarfélögum er talsverð fjölgun íbúa á því 15 ára tímabili sem hér er til umfjöllunar. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Mýrdalshreppi hefur íbúum fækkað á tímabilinu og nálægt viðmiðunarmörkum þessarar skýrslu í því síðarnefnda, eða 11,74%. Þau sveitarfélög á Suðausturlandi og Suðurlandi sem falla undir afmörkun þessa verkefnis eru Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjabær. Þóroddur Bjarnason skilgreinir þetta sama svæði sem „varnarsvæði“ í greinargerð sinni vegna sóknaráætlunar. Þar segir hann m.a. að líta megi á svæðið sem „þrjú aðskilin samgöngusvæði með tilliti til fjarlægða og samgönguhindrana“ (Þóroddur Bjarnason, bls. 13), sem er í góðum samhljómi við umfjöllunina hér.

Hornafjörður tók áður þátt í samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi, en gekk fyrir skemmstu til liðs við SASS, samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Segja má að Hornafjörður og Vestmannaeyjar eigi margt sameiginlegt, því Hornafjörður er eiginlega eins og eyja vegna mikilla fjarlægða í næstu byggðir. Samfélagið þar þarf því, eins og í Vestmannaeyjum, að vera sjálfbært um margt. Þessi tvö samfélög byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Það er því í raun Skaftárhreppur sem sker sig úr. Hornafjörður er eilítið yfir viðmiðum skýrslunnar varðandi íbúabróun. Engu að síður þótti rétt að hafa sveitarfélagið með í þessari úttekt, þar sem það er um margt sérstakt, m.a. vegna mikilla fjarlægða í næstu byggðir.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir helstu vegalengdum innan þessa svæðis og til höfuðborgarinnar:

Staðir sem farið er milli		Fjöldi km á milli staða
Höfn í Hornafirði	Kirkjubæjarklaustur	201
	Djúpivogur	104
	Selfoss	401
	Reykjavík	458
Kirkjubæjarklaustur	Vík í Mýrdal	73
	Selfoss	202
	Reykjavík	258
Vestmannaeyjar	Landeyjahöfn	14 km, sigling tekur hálf klst.
Landeyjahöfn	Hvolsvöllur	31
Hvolsvöllur	Reykjavík	106


[www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Vinnusóknarsvæði eru sex á Suðurlandi, auk suðvestursvæðisins „Hvítá-Hvítá“ eins og það hefur verið nefnt, svæðið sem nær yfir höfuðborgarsvæðið skv. víðri skilgreiningu. Hornafjörður er afmarkað vinnusóknarsvæði og sama má að sumu leyti segja um Skaftárhrepp, sem þó teygir sig alveg vestur til Víkur í Mýrdal með vinnusókn. Vestmannaeyjar eru einnig eitt vinnusóknarsvæði (Byggðastofnun, Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2011). Þessi skipting undirstrikar það sem hér hefur verið sagt um að þessi þrjú sveitarfélög standi stök vegna vegalengda.

Byggðastofnun gerði tvær kannanir í tengslum við þessa skýrslu. Í fyrsta lagi voru sendir út spurningalistar til sveitar- og bæjarstjóra þar sem spurt var um framboð á þjónustu í sveitar- eða bæjarfélaginu. Úrvinnsla svaranna birtist í umfjöllun um þjónustuþætti og er þá jafnan vísað til þjónustukönnunarinnar. Þá var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þeim sveitarfélögum sem þessi skýrsla fjallar um. Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörum, en þau gefa engu að síður vísbendingu um viðhorf þessa hóps. Svarendur á Suðurlandi voru 84 af 286 alls. Þar af voru 52 í Vestmannaeyjum. Greinargerð um viðhorfskönnuna er að finna í viðauka með þessari skýrslu.

#### Nokkrar niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára í þremur sveitarfélögum á Suðurlandi:

- Fimm af hverjum tíu hyggja á flutninga frá Suðausturlandi. Það kemur ekki verulega á óvart í ljósi þess að 60% svarenda voru á aldrinum 20-29 ára. Til samanburðar má geta að 70% svarenda í Vestmannaeyjum voru á aldrinum 30-39 ára, en áberandi er hve fáir m.v. aðra landshluta ætla að flytja frá Vestmannaeyjum.




Ætlaðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?

- Langflestir svarendur í Vestmannaeyjum sögðu atvinnutækifæri fyrir karla í byggðarlaginu vera mjög eða frekar góð, eða 65%. Á Suðausturlandi skiptust svörin nokkuð jafnt á möguleikana mjög eða frekar góð atvinnutækifæri eða í meðallagi.
- Rúmlega helmingur þátttakenda í Vestmannaeyjum sögðu atvinnutækifæri fyrir konur mjög eða frekar góð og rúmlega 33% sögðu þau í meðallagi. Á Suðausturlandi sögðu 40% í meðallagi og rúmlega 20% atvinnutækifæri kvenna vera mjög eða frekar góð. Þetta eru mun jákvæðari svör en í öðrum landshlutum.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Hversu góð eða slæm telurðu atvinnutækifæri fyrir karla í þínu byggðarlagi?


- Afgerandi meirihluti í öllum landshlutum taldi atvinnulíf á svæðinu mjög eða frekar einhæft. Um 20% svarenda í Vestmannaeyjum taldi atvinnulíf mjög eða frekar fjölbreytt og svipað hlutfall tók ekki afstöðu.



Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft?


- 58% svarenda á Suðausturlandi sögðu matvöruúrval vera mjög eða frekar gott. Um þriðjungur svarenda í Vestmannaeyjum sagði matvöruúrval frekar eða mjög lélegt. Í öðrum landshlutum sögðu rúmlega 40% svarenda matvöruúrval mjög eða frekar gott og um 40% sögðu það í meðallagi.
- Tæplega 40% svarenda sögðust versla sjaldnar en einu sinni í mánuði í öðru byggðarlagi. Um þriðjungur svarenda á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum sögðust aldrei versla í öðru byggðarlagi. Langflestir svarendur á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum sögðust versla sjaldnar en einu sinni í öðru byggðarlagi.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Verslar þú í matvöruverslunum í öðru byggðarlagi?

- Rúmlega helmingur svarenda sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða, 26% sagði veginna vera í meðallagi og 18% þá vera frekar að mjög slæma. Afgerandi meirihluti svarenda í Vestmannaeyjum sagði samgöngur til og frá eyjunni frekar eða mjög slæmar, eða 57%.



Hvernig finnst þér vegir til og frá byggðarlaginu?

Í umfjöllun um atvinnulíf og aðra búsetuþætti eru talin upp nokkur þau atriði sem rædd voru á fundunum. Þessi upptalning er þar af leiðandi ekki tæmandi um viðkomandi málaflokk og mis ítarleg eftir viðmælendum. Það kann því að vera að upptalning sé mun nákvæmari á einum stað en öðrum. Ítarlegri upplýsingar má hins vegar finna í þjónustukönnun sem gerð var og eru þær upplýsingar einnig settar fram hér. Skoðanir sem látnar eru í ljósi í þessari upptalningu umræðuatriða eru ekki í nafni Byggðastofnunar, heldur viðmælendanna sjálfra, enda er ætlunin með þessari skýrslu að draga fram viðhorf heimamanna á þeim svæðum sem hér er fjallað um. Það var annars vegar gert með fundum með sveitarstjórnarfólki og stjórnendum fyrirtækja og hins vegar með viðhorfskönnun meðal íbúa 20-39 ára á sömu svæðum.

## Suðausturland og Vestmannaeyjar

### Helstu niðurstöður:

- Fækkun íbúa á tímabilinu 1994-2011 er langmest í Skaftárhreppi, eða 28% en 14% í Vestmannaeyjum og 12,3% í Hornafirði. Þróunin er þó mjög misjöfn milli dreifbýlis og þéttbýlis, t.d. fækkar íbúum í dreifbýli í Hornafirði um 31% á tímabilinu en einungis um 5% á Höfn.
- Ungu fólki fækkar í öllum sveitarfélögum og konur eru færri en karlar, sérstaklega í yngri aldurshópnum.
- Fækkun ungs fólks hefur í för með sér minni náttúrulega fjölgun.
- Hægst hefur á fólksfækkun í Vestmannaeyjum undanfarin ár og íbúum fjölgað frá árinu 2008.
- Langar vegalengdir einkenna þessi þrjú samfélög sem þurfa að vera sjálfum sér næg varðandi þjónustu og samfélag.
- Höfn og Vestmannaeyjar eru sterk sjávarútvegspláss og í Eyjum eru tvö stór sjávarútvegsfyrirtæki.
- Ferðaþjónusta er mjög öflug á Suðurlandi og meginstöð atvinnulífs í Skaftárhreppi ásamt landbúnaði.

### Svæðið

Á þessu svæði eru þrjú þéttbýliskjarnar, Höfn í Hornafirði (fj. 1.668), Vestmannaeyjar (fj. 4.192) og Kirkjubæjarklaustur (fj. 115). Íbúar Vestmannaeyja eru allir skráðir í þéttbýli á vef Hagstofunnar. Vestmannaeyjar er langfjölmennast þessara sveitarfélaga, þótt þar hafi fólksfækkun verið mikil á undanegnum árum. Margt bendir þó til þess að það sé að breytast núna sem mögulega má skýra út frá samgöngubótum og væntingum vegna þeirra sem og bættri stöðu sjávarútvegs.


Eitt einkenni þessara þriggja svæða eru gífurlegar vegalengdir. Frá Höfn í Hornafirði til Reykjavíkur eru 458 km, en milli Hafnar og Kirkjubæjarklausturs eru 201 km. Það er tekur um fimm tíma að aka milli höfuðborgarinnar og Hafnar og því eðlilegt að haldið sé úti áætlunarflugi þangað. Íbúar Skaftárhrepps þurfa hins vegar að aka. Enn er flogið til Vestmannaeyja, en óvissa með framhaldið með tilkomu Landeyjahafnar og fjölgun ferða ferjunnar milli lands og eyja. Að vísu er ennþá nokkur óvissa með reglu á þeim siglingum, því enn er eftir að leysa vandamál með höfnina og ferjuna.

Fundað var með sveitar- og bæjarstjórnnum allra þessara sveitarfélaga og með forsvarsmönnum Skinney-Þinganes á Höfn og Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Fundirnir á Höfn og á Kirkjubæjarklaustri voru í nóvember 2010 en í Vestmannaeyjum í júní 2011.

### Íbúabróun


Þau þrjú sveitarfélög sem hér um ræðir eru ólík hvað varðar þróun undanfarin ár. Gerð er því grein fyrir íbúabróun í hverju þeirra fyrir sig. Fyrst er Sveitarfélagið Hornafjörður, þá Skaftárhreppur og að síðustu Vestmannaeyjabær.

**Sveitarfélagið Hornafjörður.** Íbúar árið 1994 voru 2.442 en hafði fækkað um 301 árið 2011 og voru þá 2.141. Það er fækkun um 12,3%. Á Höfn fækkaði íbúum um 5% á meðan íbúum annars staðar í sveitarfélaginu fækkaði um 31%. Allnokkur kynjamunur er í sveitarfélaginu allt tímabilið og jókst hann heldur undir lok tímabilsins.



Fjöldi karla og kvenna í Sveitarfélaginu Hornafirði árin 1994-2011


Miklar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu í Sveitarfélaginu Hornafirði á tímabilinu. Íbúum undir tvítugu hefur fækkað um 31,5% og íbúum á aldrinum 20-39 ára fækkað um 28,5%. Á sama tíma fjölgaði íbúum á aldrinum 40-59 ára um 22% og íbúum yfir sextugu um 25%.



Skipting íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Breytingar á aldurssamsetningu hafa leitt af sér 57% fækkun fæddra barna á milli tímabilanna 1995-1998 og 2007-2010. Sem aftur leiddi af sér að náttúruleg fjölgun á tímabilinu 2007-2010 var næstum engin en hafði verið rúmlega 30 manns á ári tímabilið 1995-1998.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Fæddir og dánir í Sveitarfélaginu Hornafirði á fjögurra ára tímabilum

Brottflyttir voru fleiri en aðflyttir allt tímabilið að undanskildum tveimur síðustu árum. Mestur var brottflutningurinn árin 1998-2001 og árið 2004.




Aðflyttir/brottflyttir í Sveitarfélaginu Hornafirði 1994-2011

Erlendum ríkisborgurum fjölgaði á tímabilinu. Þeir voru um 2,6% árið 1998 en voru tæp 5% árið 2011.




Hlutfall erlendra ríkisborgara í Sveitarfélaginu Hornafirði 1998-2011

**Skaftárhreppur.** Íbúar í Skaftárhreppi voru 614 árið 1994 en hafði fækkað niður í 442 árið 2011. Það var fækkun upp á 172 íbúa eða 28%. Nokkuð stöðug fækkun var allt tímabilið. Sömuleiðis voru karlar mun fleiri en konur allan tímann þó að heldur hafi dregið saman. Íbúum á Kirkjubæjarklaustri fækkaði um 19,6% á tímabilinu á meðan að íbúum annars staðar í sveitarfélaginu fækkaði um 30,6%.



Fjöldi karla og kvenna í Skaftárhreppi árin 1994-2011


Íbúum undir tvítugu fækkaði um 57% á tímabilinu, fólki á aldrinum 20-39 ára um 14% og fólki á aldrinum 40-59 ára um 28,5%. Fjöldi fólks yfir sextugu var nokkurn veginn óbreyttur.



Skipting íbúa í Skaftárhreppi eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011


Fæddum börnum fækkaði um meira en helming milli tímabilanna 1995-1998 og 2007-2010 sem er afleiðing af mikilli fækkun kvenna á barnseignaraldri. Náttúruleg fækkun var í sveitarfélaginu tímabilin 1999-2002, 2003-2006 og 2007-2010 en örlítill náttúruleg fjölgun varð fyrsta tímabilið.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Fæddir og dánir í Skaftárhreppi á fjögurra ára tímabilum.


Brottfluttir voru fleiri en aðfluttir langflest ár tímabilsins. Mestur brottflutningur var árin 2001 og 2002 þegar að tæplega 50 fleiri fluttu burt umfram aðflutta. Jákvæðasta árið var hins vegar árið 2010.



Aðfluttir/brotfluttir í Skaftárhreppi 1994-2011


Hlutfall erlendra ríkisborgara hefur verið frekar lágt í Skaftárhreppi. Það var vel innan við eitt prósent í upphafi tímabilsins, fór hæst í um 2,5% og var í 1,5% í lok tímabilsins.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Skaftárhreppi 1998-2011

**Vestmannaeyjar.** Eftir stöðuga fólksfækkun framan af tímabilinu stöðvaðist fólksfækkun í Vestmannaeyjum árið 2008 og hefur íbúum fjölgað síðan. Íbúar voru 4.888 árið 1994 en urðu fæstir 4.040 árið 2007, en voru 4.193 árið 2011. Fækkun á tímabilinu 1994-2011 er því rúm 14%. Karlar eru verulega fleiri en konur og hefur sá munur aukist heldur.




Fjöldi karla og kvenna í Vestmannaeyjum árin 1994-2011

Íbúum undir tvítugu hefur fækkað um 31% og íbúum á aldrinum 20-39 ára hefur fækkað um tæp 36% á tímabilinu. Á sama tíma hefur fólki á aldrinum 40-59 ára fjölgað um 14% og fólki yfir sextugt um 49%.




## Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Skipting íbúa í Vestmannaeyjum eftir aldurshópum og kyni 1994 og 2011**


Þessi breyting hefur leitt af sér að tímabilið 2007-2010 fæddust 100 færri börn en tímabilið 1995-1998. Örlítill aukning varð milli tímabilanna 2003-2006 og 2007-2010.



**Fæddir og dánir í Vestmannaeyjum á fjögurra ára tímabilum**


Brottflyttir umfram aðflutta voru fleiri árin 1994-2007, þá snérist dæmið við og segja má að flutningsjöfnuðurinn hafi verið í jafnvægi árin 2008-2010 og jákvæður árið 2011. Mest varð fækkunin 1997 og 2004 þegar yfir 150 fleiri fluttu frá Eyjum en til þeirra.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúáþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Aðfluttir/brottfuttir í Vestmannaeyjum 1994-2011

Erlendum ríkisborgurum fjölgaði úr því að vera rúm 1% í það vera rúm 3%. Kynjaskipting erlendra ríkisborgara var tiltölulega jöfn þó að konur hafi verið nokkru fleiri framan af.



Hlutfall erlendra ríkisborgara í Vestmannaeyjum 1998-2011

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Segja má að Sveitarfélagið Hornafjörður standi ágætlega fjárhagslega. Góður rekstrarafgangur var á árinu 2010 og veltufé frá rekstri mjög gott eða rúmlega 16% af tekjum. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu rúmum 1.300 milljónum króna í árslok 2010 sem voru um 83% af tekjum auk þess að búa við rúma veltufjárstöðu.

Skaftárhreppur var rekinn með nokkru tapi árin 2009 og 2010 og með neikvæðu veltufé frá rekstri árið 2010. Á móti erfiðum rekstri kemur hins vegar að skuldir eru hóflegar, um 334 milljónir kr., um 85% af tekjum.

Vestmannaeyjabær var með mjög góða afkomu á árunum 2009 og 2010 sem m.a. skýrist af miklum vaxtatekjum sveitarfélagsins sem eru tilkomnar vegna handbærs fjár upp á 3,4 milljarða (árslok 2010) en það samsvaraði nokkurn veginn ársveltu bæjarfélagsins. Það leiðir af sér að handbært fé frá rekstri er einnig mjög gott. Skuldir og skuldbindingar voru hins vegar að upphæð 6,1 milljarður króna sem eru

181% af tekjum. Þar af er lífeyrisskuldbinding 2,3 milljarðar kr. Þrátt fyrir að skuldir bæjarfélagsins séu yfir skuldahámarki sveitarstjórnarlaga stendur bæjarfélagið vel þar sem það gæti greitt stærstan hluta skulda sveitarfélagsins upp (utan lífeyrisskuldbindingar) með handbæru fé.

## Atvinnulíf

Segja má að atvinnulíf alls þessa svæðis einkennist af einhæfni þótt fjölbreytni í atvinnulífi fari vaxandi í Eyjum og á Höfn, enda þurfa einöngruð samfélög sem þessi að vera sjálfbær að einhverju leyti um þjónustu o.fl. Sjávarútvegur er aðalatvinnuvegur bæði á Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Í Skaftárhreppi eru landbúnaður og ferðaþjónusta aðal atvinnugreinar. Landbúnaður er þó í hnignun, en ferðaþjónusta í vexti. Samfélagið í dreifbýlinu í Hornafirði byggir að miklu leyti á landbúnaði og ferðaþjónustu eins og í Skaftárhreppi. Eftirfarandi atriði komu einnig fram á fundunum:

- Sjávarútvegur er stærsta atvinnugreinin í Hornafirði, því næst koma ferðaþjónusta og landbúnaður. Ýmis verkefni hafa orðið til, t.d. á sviði matvælaframleiðslu. Matís er með matarsmiðju á staðnum og fólk kemur annars staðar af landinu til að vinna þar afurðir sínar og selja heima fyrir. Flest störf eru í sjávarútvegi og því næst hjá sveitarfélaginu, þar eru um 200 stöðugildi. Þá eru um 60-70 opinberir starfsmenn á Höfn (Nýheimar, Vegagerð, lögregla, framhaldsskóli o.fl.) og 40 heilbrigðisstarfsmenn. Hjá tveimur vélsmiðjum starfa 20 manns og 10-15 manns í tengslum við samgöngur, flutninga og flug. Hjá ferðaþjónustunni eru 40 heilsársstörf. Í landbúnaði eru líka nokkrir tugir starfa.
- Í Skaftárhreppi er Klausturbleikja með um þrjá starfsmenn. Svo er Kirkjubæjarstofa, starfandi frá 1997 og hefur skapað staðnum nafn í fræðasamfélaginu. Á Klaustri er byggingaverktaki RR-tréverk, með næg verkefni. Lögreglan er staðsett á Klaustri, tveir lögreglumenn. Þá eru mörg ársverk í ferðaþjónustu og sveitarfélagið er stór vinnuveitandi.
- Atvinnulíf í Eyjum snýst um sjávarútveg, en það er þó aðeins að breytast. Ferðaþjónusta er í vexti og vænst er mikilla breytinga með tilkomu Landeyjahafnar. Í sjávarútvegi eru tvö öflug fyrirtæki, Vinnslustöðin og Ísfélagið sem eru mjög svipuð að stærð og framleiðslu. Atvinnuleysi er lítið og það vantar fólk í vinnu. Mikil þjónustustarfsemi er kringum sjávarútveg, léttiðnaður, vélsmiðjur o.fl. Það er öflug verslun og þjónusta í Eyjum, líka opinber rekstur, sýslumannsembætti, framhaldsskóli, tollur og sjúkrahús, einnig háskólasetur. Vestmannaeyjabær er líklega stærsti vinnuveitandinn með 500 manns í 250-300 stöðugildum. Framkvæmdir hafa verið miklar í Eyjum og bærinn stærstur í því. Nýtt útivistarsvæði, knattspyrnuhús o.fl. mannvirki.

**Sjávarútvegur:** Á Höfn er Skinney-Þinganes stærsta fyrirtækið og burðarás í atvinnulífi, en í Eyjum eru tvö fyrirtæki stærst og svipuð að stærð og styrkleika, Vinnslustöðin og Ísfélagið. Skinney-Þinganes og Vinnslustöðin voru heimsótt. Rætt var um framtíð greinarinnar og mögulega þróun og nýsköpun, en einnig um þá ógn sem mönnum finnst standa af hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnun. Eftirfarandi kom m.a. fram á fundum með sveitar- og bæjarstjórnnum og stjórnendum fyrirtækja:

### Fyrirtækin:

- Á Höfn eru 250-300 störf í sjávarútvegi og skiptist nokkuð jafnt milli veiða og vinnslu. Þar af starfa 170-220 hjá Skinney-Þinganesi. Fyrirtækið veiðir og vinnur humar, uppsjávarfisk og bolfisk, er með saltfiskvinnslu og fiskimjölsverksmiðju.
- Í Eyjum eru Vinnslustöðin og Ísfélagið stærstu fyrirtækin, bæði í uppsjávar- og bolfiski, en ólík að mörgu leyti. Vestmannaeyingar eru ánægðir með að hafa tvö stór fyrirtæki en ekki eitt, það dreifir áhættu.
- Heimamenn eiga tvo þriðju í Vinnslustöðinni og mikil áhersla er lögð á að halda fyrirtækinu í meirihlutaeign heimamanna og kvótanum í heimabyggð.
- Styrkleiki sjávarútvegs í Vestmannaeyjum er m.a. að fiskurinn er fluttur beint út þaðan.

- Ísfélagið er með starfsstöð á Þórshöfn og starfsemi á Höfn, en Vinnslustöðin er með söluskrifstofu í Reykjavík, ekki þó veiðar og vinnslu. Í Eyjum eru líka nokkur minni sjávarútvegsfyrirtæki.
- Stóru fyrirtækin í Eyjum kaupa gjarnan minni fyrirtæki, eins og t.d. fyrirtækið Langa sem er í eigu beggja stóru fyrirtækjanna og svo er Godthaab og Huginn. Godthaab í Nöf er ein stærsta fiskvinnslan í Eyjum.
- Grímur kokkur vinnur úr sjávarafurðum og er með sölu á landsvísu með tilbúna rétti, m.a. í mötuneyti í skólum og vinnustöðum. Hjá honum starfa 30-40 manns.

#### Fiskeldi:

- Tvö fiskeldisfyrirtæki eru í Skaftárhreppi. Auk þess er á staðnum laxeldisfyrirtækið Tungulax.

#### Staðan og framtíðarhorfur:

- Það eru tækifæri í vinnslu og sjávarfangi, þar má auka þekkingu.
- Vestmannaeyjabær seldi verðmætar eignir árið 2007 og notaði fjármunina til að greiða niður lán. Á sama tíma voru miklar aflaheimildir keyptar. Engu að síður dró úr mannaflapörf og bátum fækkaði, m.a. vegna tækniþróunar. Í Eyjum var mikill byr undir vængi í sjávarútvegi árið 2007, en óvíst að jafn sterkt tækifæri komi aftur.
- Störf í sjávarútvegi hafa breyst og eru hátektjustörf, ekki síst hjá sjómönnum, en fólk í fiskvinnslunni er ekki eins vel launað.
- Ef af breytingum á kvótakerfi verður þá hefur það mjög neikvæð áhrif. Kvótakerfið er gallað og þarf að breyta því, en ekki eftir hugmyndum sem skapa mikla óvissu.
- Stóru stöndugu fyrirtækin skapa auðlegðina, ekki þau litlu og ekki strandveiðarnar. Slíkt er ekki þjóðhagslega hagkvæmt.
- 

#### Ferðapjónusta:

Ferðapjónusta er ein aðal atvinnugreinin í Skaftárhreppi, en einnig mikilvæg í Hornafirði og vaxandi í Vestmannaeyjum. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

#### Gisting og veitingar:

- Í sveitarfélaginu Hornafirði eru 1200 gistirými auk tjaldsvæða. Þar eru margir veitingastaðir, þar af fjórir á Höfn, líka í dreifbýlinu og síðan minni veitingarými eins og sjoppur og bakarí.
- Mikil uppbygging hefur verið í ferðapjónustu í Skaftárhreppi og gistimöguleikum hefur fjölgað. Hótel Núpar (Fljótshverfi) er nýtt, önnur hótel hafa stækkað. Gisting er í Efri-Vík, Geirlandi, Hótel

#### Vinnslustöðin í Eyjum:

Stofnuð árið 1946 og er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur.

Vinnslustöðin er stærsti vinnustaður Vestmannaeyja. Heimamenn í Eyjum eiga 2/3 í Vinnslustöðinni.

**Starfsemi:** Mjög fjölbreytt starfsemi og vertíðadriifin. Uppsjávarveiðar, tog- og netaveiðar og allar tegundir fiskjar nema rækja. Gerir út fjögur togskip, einn netabát og tvö uppsjárskip. Starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, bolfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Á og rekur fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Tvö sölufyrirtæki erlendis og ein í Reykjavík. Selja afurðir sínar til Rússlands, Póllands, Úkraínu, Noregs, Spánar, Kanada, Bretlands og Þýskalands.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Þátttaka í þróunarverkefnum, rannsóknnum og matarverkefnum Gríms kokks. Talsvert um styrki til ýmissa samfélagsmála.

**Starfsmenn:** 140 sjómenn og 280 ársverk í vinnslu með 150-200 manna fastan kjarna, fáir erlendir starfsmenn en fer fjölgandi. Skólakrakkar vinna við makríl og humar.

**Kvóti:** Vinnslustöðin er með 4,5% af heildaraflaheimildum landsins, þar af eru 55% uppsjávarfiskur. Kaupir að auki á markaði til vinnslu um 1500-2000 tonn.

Klaustri, farfuglaheimilinu Hvoli, gistiheimilinu Hunkubökkum, á vegum ferðapjónustu bænda o.fl. og tilvonandi gistirými á Hofi (Klaustri). Gististaðir eru yfirfullir yfir sumarið og hafa opið meirihluta ársins og ferðapjónustan á svæðinu gjarnan með tryggja afkomu yfir árið.

- Gistimöguleikar eru ekki nægir í Eyjum, mörg gistiheimili til staðar, en vantar hótél fyrir 150-200 manns. Þar væri tækifæri t.d. fyrir ráðstefnur og fundi. Ferðapjónustuaðilar í Eyjum vísa ekki hver á annan og vantar upp á samstarfið, en vonandi breytist það.

#### Afþreying:

- Á Hornafirði eru staðir eins og Skaftafell, Jökulsárlón, Hofsnes (með Ingólfshöfðaferðir), Hoffell (fjórhljólaferðir, bátar, það o.fl.), Árnanes, Lónsöræfi, Hólmur (húsdýragarður), Skálafell, Þórbergssetur, Jöklasafnið og annað safnastarf. Flugfélagið Ernir selur útsýnisflug á sumrin.
- Framboð á afþreyingu er margvísleg í Skaftárhreppi, helluferðir, veiði og hugsanlegir möguleikar tengdir þjóðgarðinum. Sundlaug er á Klaustri og golfvöllur á Efri-Vík en óvíst um framtíð hans.
- Í Eyjum er öflug viðburðatengd ferðapjónusta, Prettándinn, goslokahtíð og þjóðhátíð o.fl. Allir viðburðir fara stækkandi. Tekjur koma mest inn kringum viðburði, því þar eru innlendir ferðamenn og þeir eyða mestu.

#### Ýmis atriði:

- Suðurland er mikið ferðamannasvæði og kannski sá landshluti þar sem helst er vetrarferðamenska. En það vantar upp á grunngerðina.
- Í Skaftárhreppi hefur verið unnið markvisst að því að lengja ferðamannatímamann. Öll ferðapjónustufyrirtæki í sveitarfélaginu, utan tvö, stofnuðu klasasamstarfið Frið og frumkrafta. Þessi grasrótarsamtök fengu styrki úr vaxtarsamningi.
- Vatnajökulþjóðgarður er með í uppbyggingu þekkingarseturs ásamt Kirkjubæjarstofu og fleirum. Tilkoma hans skapar tækifæri. Hugmyndir hafa verið um að reisa gestastofu á Klaustri og staðsetja Errósetrið þar. Í tengslum við Ríki Vatnajökuls eru 80 fyrirtæki, þar af er helmingur frá Höfn og nágrenni.
- Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og Rangárþing eystra eiga samstarf um Kötlu Geopark verkefnið. Verkefnið hefur hlotið IPA-styrk, sem er veruleg fjárhæð, má nota í uppbyggingu húsa, göngustíga o.fl. Aðild að evrópsku GeoPark samtökum var samþykkt haustið 2011 og verkefnið er hluti af kerfinu þeirra og kynnt þannig. Þetta er fræðsluferðapjónusta og byggðabróunarverkefni þar sem nýta á styrkleika svæðisins á sem fjölbreyttastan hátt með atvinnusköpun og eflingu byggðar að leiðarljósi.
- Handverkssala er allt árið á Höfn, markaðir á sumrin tengt matvælaframleiðslu svæðisins, verkefni frá Nýheimum með áherslu á sérstöðu svæðisins sem er m.a. matvælaframleiðsla í smáum stíl.
- Verið er að kanna möguleika tengda vetrarferðapjónustu á Hornafirði. Mikil umferð er í Skaftafell á haustin.
- Bæjarfélagið í Eyjum hefur mótað stefnu varðandi ferðapjónustu. Þetta kallast þriggja heima sýn, söfnin miðla sérstöðu Eyja, byggðasafn = Safnheimar sýna menningu Eyja, Tyrkjarán, sjósókn o.fl. og verður fyrst byggt upp, Sæheimar = náttúrugripa- og fiskasafn með lifandi sjávardýr og fugla er næst í röðinni. Loks koma Eldheimar, jarðsagan og jarðhræringar. Verkefnið Pompeii norðursins hefur legið niðri, en verður haldið áfram sem hluti eldheimsins.

#### Landbúnaður:

Landbúnaður er önnur aðalatvinnugreinin í Skaftárhreppi, auk ferðapjónustu. Talsverður landbúnaður er einnig í Hornafirði og sláturhús er á Höfn. Þessi atriði komu einnig fram á fundunum:

- Það mætti samtvinna betur ferðapjónustu og landbúnað í Skaftárhreppi og auka samstarfið. Þó hefur orðið viðhorfsbreyting meðal bænda, t.d. með fullvinnslu afurða beint frá býli.

- Bændum hefur fækkað í Skaftárhreppi. Sumar jarðir hafa verið seldar, eða kvótinn seldur og fólk býr áfram án búskapar. Bú eru blönduð og fá stór bú.

### Rannsóknir, þróun og nýsköpun:

Í öllum sveitarfélögum eru starfandi þekkingarsetur. Á Suðurlandi eru 34 starfsstöðvar sem flokkast sem þekkingarsetur, þar af átta á Selfossi, sjö á Höfn og sjö í Eyjum (Áfangaskýrsla um þekkingarsetur, bls. 5 og 47-48). Talsvert var rætt um starfsemi þekkingarsetrana og þetta eru helstu punktar frá þeirri umræðu:

- Nýheimar voru stofnaðir 2001/2 á Höfn í Hornafirði. Áhersla á markaðssetningu í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu er m.a. afrakstur af starfi Nýheima. Nýheimar byggja á fjórum þáttum: *Menntun* með framhaldsskólanum og þekkingarneti Austurlands með sí- og endurmenntun, *nýsköpun* með starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar og *Mátis*, *rannsóknir* með starfsemi Háskólaaseturs o.fl. og *menning* með starfsemi menningarmiðstöðvar.
- Kirkjubæjarstofa er sjálfseignarstofnun. Þar er t.d. Vatnajökulsþjóðgarður með starfsstöð. Þátttaka er í ýmsum verkefnum, t.d. jarðvangsverkefninu. Hjá stofnunni er engin jarðfræðistofa eða náttúrustofa, en reynt hefur verið að fá slíka starfsemi. Vonast er til áframhaldandi grósku og að til verði fleiri störf í tengslum við þetta allt.
- Bæði Skinney-Þinganes og Vinnslustöðin taka þátt í þróunarverkefnum í heimabyggð. Vinnslustöðin tekur m.a. þátt í þróunarverkefnum Gríms kokks.
- Í þekkingarsetri í Eyjum eru margar stofnanir, m.a. Mátis með einn starfsmann, Hafró með eitt og hálf stöðugildi, HÍ með eitt stöðugildi, Fiskistofa með tvö stöðugildi og Atvinnuþróunarfélagið með eitt. Það ættu að vera fleiri stöðugildi hjá Hafró í Eyjum, rannsóknir og menntun sem tengist atvinnulífi staðarins. Það mætti byggja upp stoðkerfi sjávarútvegsins í Eyjum í nálægð við sjálfa greinina. Mikil sóknarfæri eru í tengslum við háskólaasetrið, en hefur hægst á starfsemi vegna hrunsins. Fyrirtækin/stofnanirnar sem byggja upp þekkingarsetrið halda að sér höndum vegna óvissunnar eftir hrún.

## Velferðarmál og samfélag

### Heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur opinber þjónusta:

Öll þrjú sveitarfélögin svöruðu játandi öllum spurningum varðandi opinbera þjónustu í þjónustukönnuninni. Spurt var um hvort til staðar væri lögregla, heilsugæsla, dvalarrými fyrir aldraða, lækni og tannlækni. Eina undantekningin var tannlæknaþjónusta á Klaustri, en þangað kemur tannlækni frá Selfossi. Sveitarfélagið Hornafjörður sér um heilbrigðisþjónustuna með þjónustusamningi við ríkið frá 1996. Á Höfn er heilsugæsla, heimahjúkrun, dvalarrými, sjúkrarymi, dagvist o.fl., samstarf er við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, annars er þetta sjálfstæð stofnun. Ljós móðir er á staðnum. Tveir læknar eru til staðar sem þjóna öllu sveitarfélaginu og víðar. Á Kirkjubæjarklaustri er hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar með 22 vistmenn. Heilsugæsla er á staðnum, einn lækni í hálfu starfi og hjúkrunarfræðingur. Á fundunum kom þetta einnig fram:

- Fyrirkomulagið í Hornafirði er þjóðhagslega hagkvæmt og til eftirbreytni. Niðurskurður gæti eyðilagt þetta góða fordæmi.
- Heilsugæslan á Klaustri væri í hættu, ekki síst ef allur áætlaður niðurskurður yrði á Suðurlandi. Það getur orðið banabiti svæðanna að missa lækniþjónustu, ungt fólk vilji ekki flytja á staðinn ef næsti lækni verður t.d. á Selfossi.
- Það hefur dregið úr heilbrigðisþjónustu í Eyjum. Ekki er lengur staðsett þar sjúkraflugvél, heldur kemur hún frá Akureyri, ekki er lengur ársþjónusta skurðstofu, samdráttur er hjá sýslumannsembætti og ekki sólarhringsþjónusta lögreglu. Það verður ekki byggt upp aftur það sem verið er að brjóta niður.

### Húsnæði:

Víða á landinu vantar bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Oft var nefnt að talsvert sé um að aldrað fólk búi eitt í húsi. Þessi atriði voru einnig nefnd á fundum okkar á Klaustri og í Eyjum. Í Eyjum er mikill húsnæðisskortur, ekkert leiguhúsnæði en þó sagt að eitthvað sé um húsnæði til sölu (svar við þjónustukönnun). Húsnæðisverð hefur hækkað þar, en þó standa 45 íbúðir í blokkum auðar og eru í eigu utanaðkomandi sem frístundahúsnæði. Verið er að byggja fjögur einbýlishús og raðhús og byggja á 12 íbúðir fyrir eldri borgara. Meirihluti svarenda í viðhorfskönnuninni taldi framboð á húsnæði til sölu lítið eða í meðallagi á svæðinu sem hér um ræðir.

### Samfélag:

Lítið er um erlent vinnuafli í vinnslunni í Eyjum. Það eru mest heimamenn með íslenskt ríkisfang sem sinna henni. Hins vegar starfa útlendingar hjá íþróttafélögum, t.d. hjá ÍBV. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildaríbúafjölda Vestmannaeyja var 6% árið 2010, sem er ívið lægra en í öðrum landshlutum á sama tíma, nema Norðurlandi eystra, þar sem það er lægst (Sigríður Elín Þórðardóttir, bls. 17-18).



Landeyjahöfn. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

## Umhverfi

### Orkumál:

Öll þau svæði sem hér um ræðir eru köld svæði, hús eru kynt með rafmagni.

### Samgöngur:

Meginleiðir um Suðurland eru malbikaðar, en vegalengdir miklar og veðrið getur verið farartálmi að ekki sé minnst á náttúruhamfarir. Ekki eru þó snjóþyngsli alla jafna og vegir liggja um láglandi að mestu leyti.

Tiltölulega stutt er síðan ferjuhöfnin í Landeyjum var tekin í notkun og ferðum milli lands og Eyja fjölgaði. Á ýmsu hefur þó gengið með siglingar og þær lágu niðri um langt skeið meðan sandi var dælt úr höfninni. Fyrir liggur að Herjólfur hentar ekki til siglinga í Landeyjahöfn og að kaupa á nýja ferju. Helstu framkvæmdir á samgönguáætlun eru breytingar á legu hringvegjar um Hornafjarðarfljót, sem styttr leiðina og færir veginn nær Höfn. Breikka á einbreiðar brýr, leggja nýjan veg í Ölfusi þannig að þjóðvegur eitt liggja norðaustan við Selfoss og byggð verði ný brú yfir Ölfusá. Þá á að breikka Suðurlandsveg milli Selfoss og Hveragerðis (Samgönguáætlun, 169-170). Þessir punktar voru helstir í umræðunni á fundum okkar:

- Flugfélagið Ernir sér um áætlunarflug til Hafnar alla daga nema laugardaga, stundum tvær á dag.
- Göng um Almannaskarð frá árinu 2005 voru samgöngubót því þar var brött brekka og vindasamt. Flutningabílar voru oft í vandræðum og svo urðu líka slys, m.a. dauðaslys.
- Það mætti stytta Hornafjarðarveg og leiðina til Reykjavíkur. Lónsheiðargöng verða einhvern tíma gerð og með þeim styttist leiðin á Austurland.
- Flugvöllurinn á Höfn þyrfti aftur að verða tollhöfn eins og eitt sinn var. Brautin er jafn löng og í Reykjavík og er haldið við. Það myndi t.d. nýtast ferðaþjónustunni. Litlar vélar milli landa gætu lent sem og einkaþotur.
- Á Hornafirði er dýpkun hafnarinnar nauðsynleg, en vantar fjármagn. Höfnin er lífæð byggðarinnar.
- Íbúar Skaftárhrepps eru ágætlega settir varðandi samgöngur með þjóðveg eitt sem liggur í gegn. Tengivegir í Meðallandi eru hins vegar lélegir og einir 50 km af malarvegi.
- Með Landeyjahöfn urðu straumhörf, en það þarf að tryggja að ferjusamgöngur virki allt árið og fólk á mikið undir því. Það eru áhyggjur í samfélaginu vegna þess að samgöngurnar virka ekki nógu vel. Samgöngur til Eyja eru í lagi yfir sumarið og fram á haustið, en ekki þegar veður versnar. Umferðin mun aukast og það vantar fleiri ferðir. Jákvæðar afleiðingar þessarar samgöngubótar sjást víða í Eyjum, t.d. hjá veitingahúsum, verslunum og í annarri þjónustu.
- Flugfélagið Ernir er með áætlunarflug til Eyja er tvisvar á dag og þrisvar á sumrin. Flugið er dýrt og vélnar litlar. Nú er flugið ekki lengur niðurgreitt af ríkinu, heldur siglingarnar eingöngu. Samt er flugið fullbókað og er mjög mikilvægt. Ólíklegt er að það leggist af, en það mun dragast saman. Bakkaflugvöllur er notaður af einkaaðilum.

## Verslun og þjónusta

Í þjónustukönnuninni var spurt um hvort til staðar sé matvöruverslun, lágvöruverðsverslun, vínbúð, bakarí, veitingahús, hárgreiðslustofa, bókhalds- og tölvuþjónusta. Einnig var spurt um hvort til staðar væri vélsmiðja, trésmiðja, rafvirki, pípulagningamaður, múrari og bifreiðaverkstæði. Öllum þessum þáttum var svarað játandi fyrir Höfn og Vestmannaeyjar sem sýnir enn og aftur hve þessi samfélög eiga margt sameiginlegt. Á Kirkjubæjarklaustri voru ekki allir þessir þættir til staðar og bókhalds- og tölvuþjónusta sótt til Víkur í Mýrdal. Þar er ekki vélsmiðja, pípulagningamaður eða múrari og þess ekki getið hvert slík þjónusta er sótt. Þessi atriði komu fram á fundunum:

- Á Klaustri er matvöruverslun frá Kjarval-keðjunni. Veitingar eru á hótelnunum (opið aðeins að vetrinum) og svo söluskálinn, en Systrakaffi er aðeins opið að sumrinu.
- Í Eyjum er matvara seld í Kjarval, Krónunni og Vöruvali. Verslun er rótgróin í Eyjum, þar eru fataverslanir, gjafavara, sérverslanir. Svo eru hárgreiðslustofur og snyrtistofur. Það á að byggja miðbæ í Eyjum frá Ráðhúströð og niður að höfn.



## Menntun

Öllum atriðum sem spurt var um í þjónustukönnuninni var svarað játandi fyrir Eyjar og Höfn. Ekki er fjarnámsver á Klaustri, en góður fjarfundabúnaður í grunnskólanum og aðstaða til fjarkennslu. Háskólafélagið endurnýjaði búnað á Klaustri, í Vík og á Hvolsvelli fyrir tveimur árum. Tölur um nemendafjölda í þessum kafla eru miðaðar við skólaárið 2010-2011. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Í grunnskólanum í Hornafirði eru 310 nemendur og rúmlega 100 börn á leikskóla. Hlutfall barna 6-16 ára hefur verið hátt en er að lækka. Sveiflur eru í árgöngum. Í grunnskóla í Skaftárhreppi eru 36 börn og 20 börn á leikskóla. Nemendum í grunnskóla í Eyjum hefur fækkað, stórir árgangar að fara. En það hefur fjölgað í leikskóla. Grunnskólarnir voru tveir, en er nú einn með tvö skólalúsa. Smá biðlisti er á leikskóla.
- Framhaldsskóli er á Höfn og flestir unglingar í sveitarfélaginu fara í hann. Hann þjónar aðallega heimamönnum, en er með heimavist (gistiheimili). Unglingar úr Skaftárhreppi sækja helst framhaldsskóla til Reykjavíkur, minna á Selfoss þótt sveitarfélagið eigi aðild að skólanum þar. Eitthvað er sótt í Laugarvatn. Selfoss er í raun of nálægt höfuðborginni, ef fólk þarf að fara svona langt á annað borð. Unglingar í Eyjum sækja framhaldsskólann á staðnum nánast undantekningarlaust. Til staðar er líka grunnskóla iðngreina, en endurnýjun þar er ekki næg.

## Menning

Hér eins og í flestum atriðum þjónustukönnunar voru svör fyrir Höfn og Eyjar svipuð og jákvæð í öllum tilvikum. Aðfengnir menningarviðburðir eru sagðir mjög algengir í Eyjum. Svörin voru líka jákvæð á Klaustri, fyrir utan að þar er hvorki kvikmyndahús né starfandi leikfélag. Þess má þó geta að kvikmyndahús eru ekki starfrækt í mjög mörgum þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarinnar. Íbúar margra samfélaga utan höfuðborgarinnar eru virkir í menningar- og félagslífi, enda þurfa þeir oft sjálfir að skapa sína afþreyingu. Það gildir ekki hvað síst í samfélögum eins og á Höfn og í Eyjum og reyndar má segja hið sama um Skaftárhrepp, því vegalengdir þaðan og í næstu byggðarlög eru miklar. Þetta kom fram á fundunum:

- Á Hornafirði eru áhugafélög um liststarfsemi, tónlistarskóli, kórar, þrjú Þorablót, Hornfirski skemmtifélagið, handverk og hönnun og félagið Handraðinn. Ungt fólk er öflugt í listsköpun, t.d. eru margar unglingshljómsveitir. Svo er Menningarmiðstöð Hornafjarðar og fjölmargir menningarviðburðir á vegum hennar. Gott íþróttastarf. Mikil gróska kringum Þórbergssetur, útgáfa og þýðingar, námskeið. Hornfirski skemmtifélagið sér um uppsetningu viðburða, t.d. sönghátíða og árlegrar blúshátíðar í mars. Húmarhátíðin er einnig vel þekkt.
- Í Skaftárhreppi er uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar líka haldin í október. Fyrst og fremst fyrir heimamenn og þá allt sveitarfélagið. Miðað við fámenni er þar líka öflugt kórastarf, kirkjukór og karlakór (sameiginlegur karlakór í V-Skaft.).
- Í Eyjum eru margar og vel sóttar íbúahátíðir, t.d. Prettándahátíð, goslokahtátíð og þjóðhátíð. Gott eldri borgarastarf, kórastarf, hljómsveitir, áhugafélög í myndlist, handverk. Golf, gönguhópar, íþróttalíf sem er mjög öflugt.

## Sameining, samstarf

Allt Suðurland tekur þátt í samstarfi SASS (Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi) og Hornafjörður hefur bæst þar inn, en var áður með Austurlandi. Hornafjörður er ekki þátttakandi í APS (Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands), en á aðild að vaxtarsamningi og tekur þátt í vinnu um sóknaráætlun landshluta. Vestmannaeyingar voru einnig til skamms tíma utan samstarfsins um APS, en komu inn á ný fyrir

nokkrum árum. Einn atvinnuráðgjafanna hefur aðsetur í Eyjum og þykir það fyrirkomulag hafa reynst vel. Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundum okkar:

- SASS með þátttöku allra sveitarfélaga er að skoða eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningarkosti. Þetta er spurning um landfræðilega legu, t.d. er ekki sniðugt að sameina Skaftár- og Mýrdalshreppa. En það mætti sameina Rangárþing, Árnessýslu, o.fl., jafnvel allt Suðurland. Þetta er ekki í auglýsni, en flutningur málaflokka, eins og málefna fatlaðra, þvingar menn samt til að skoða þetta.
- Vestmannaeyjar og Hornafjörður eru samfélög sem hafa áþekkan blæ, eru eyjar, Hornafjörður líka á sinn hátt. Þeir þurfa að verja sitt og vera sjálfum sér nægir. Kirkjubæjarklaustur er á miðri leið milli Hafnar og Selfoss. Þessi samfélög vilja hafa alla þjónustu hjá sér.
- Hornfirðingar eiga samstarf við Djúpavog um komu skemmtiferðaskipa, öll skip fara á Djúpavog en eitt til tvö lítil skip koma til Hafnar. Þetta samstarf hefur verið of einhliða, sum skip áttu að koma til Hafnar, þ.e. þau sem gátu lagt að þar, en í raun hafa þá öll skip farið á Djúpavog og farþegar fara í rútum suður.
- Rangárþing og V-Skaftafellssýsla eru í byggðasamlagi um félagsþjónustu. Málefni fatlaðra eru í byggðasamlagi í stærra samhengi.
- Samstarf suðaustursvæðisins við Eyjar eykst við samgöngubætur. Það er samt full mikil vegalengd fyrir Skaftárhrepp en Rangárþing gæti nýtt sér það. Framhaldsskólinn í Eyjum gæti veitt þjónustu upp á land. Fyrir er samstarf með tónlistarskólunum í Eyjum og á Hvolsvelli.
- Samrekstur hentar ekki Eyjamönnum, af landfræðilegum ástæðum. Samgöngubætur eiga þó trúlega eftir að breyta miklu, t.d. varðandi íþróttir, menningu og félagsstarf. Það hafa ekki orðið til formleg verkefni hjá sveitarfélögunum. Þetta á þó eftir að koma betur í ljós þegar samgöngurnar fara að virka.
- Það hindrar sunnlenskt samstarf og þróun fjórðungsins að stóra byggðarlagið, Árborg, skuli vera „úthverfi“ Reykjavíkur. Það hefði verið auðveldara að Hvolsvöllur yrði miðstöð. Árborg sveiflast með höfuðborginni, en hin svæðin hafa annan takt.
- Vinnuaðferð við sóknaráætlun er jafnvel skaðleg fyrir þær byggðir sem standa höllum fæti. Í sóknaráætlun er verið að efla sterkari byggðirnar. Flestir sem vinna að sóknaráætlun fyrir Suðurland eru frá Árborg. Það vantar fulltrúa frá austursvæði og frá Eyjum.

## Stoðkerfi, byggðastefna

### Ábendingar til ríkisvaldsins:

Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Þar sem Skaftárhreppur er ekki sjávarútvegssvæði er hann aldrei hluti af neinni áætlun. Það vantar skilgreiningu sem hentar þessu svæði. Það þarf að taka ákvörðun um hvort svona byggðarlög eiga að lifa eða ekki. Og ef þau eiga að lifa þá þarf að hjálpa þeim.
- Þjónustustig má ekki lækka, þá er grundvelli kippt undan búsetu á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja. Léleg heilbrigðisþjónusta og löggæsla má ekki ógna öryggi íbúanna.
- Menn þurfa að vera sammála um byggðaaðgerðir og dæla inn fjármagni á þessi þrjú svæði með fólksfækkun. Það þarf samstöðu um aðgerðir og alvöru fjármuni, horfa til langs tíma og vinna með íbúunum. Byggja á því sem fyrir er, ekki síst frumvinnslugreinunum.
- Sóknarfæri í Eyjum gætu falist í því að ríkisvaldið falli frá aðgerðum í sjávarútvegi. Þar þarf stöðugt að verjast í stað þess að geta nýtt sóknarfærin. Mönnum finnst þeir eiga fullan rétt á að vinna áfram að sjávarútvegi eins og síðustu 1000 ár.
- Sértekur aðgerðir gætu falist í uppbyggingu á stoðkerfinu og áframhaldandi eflingu innri uppbyggingar, þ.e. sjúkrahússins o.fl. opinbert. Samgöngur eru undirstaða og þurfa að komast í lag. Það vantar öflugra sanddæluskip, núverandi er alltaf að bila.

- Í Eyjum er mikið stolt og sterk „ímynd“. Menntu stoltir af sjávarútveginum og hve mikið þeir leggja fram til þjóðarbúsins. Það er spurning hvað þetta samfélag leggur í púkkið í formi skatta til ríkisins og hvað það fær til baka.

### **Stoðkerfið:**

Eftirfarandi atriði komu m.a. fram á fundunum:

- Atvinnuráðgjafi í Eyjum sinnir í raun alfarið verkefnum í Eyjum. Stundum heyrir það viðhorf að Árborg hirði allt. Umræða um staðsetningu APS er angi af því. Yfir 90% umboðendanna eru í 35 km radíus frá Selfossi og í raun langskynsamlegast að staðsetja sig þar. Það skiptir máli hvort ráðgjafarnir eru saman eða dreifðir um allt. En Eyjar eru þó sér á báti hvað þetta varðar.
- Hornafjörður er á Suðausturlandi og tilheyrir kannski báðum svæðum, Suður- og Austurlandi. Sveitarfélagið er innan Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS) og tekur þátt í starfi þess, en ekki öllum þáttum starfsins. Sveitarfélagið vill sækja atvinnuráðgjöfina til Impru sem er til staðar en sleppa aðild að atvinnuþróunarfélagi. Það er skörun milli Nýsköpunarmiðstöðvar og APS og spurning hvort markaðurinn sé nógu stór fyrir báða aðila.
- Samstarf Vestmannaeyjabæjar við APS hefur verið gott og árangursríkt. Starfsmaður APS er í Eyjum og það er mikil ánægja með hann. APS hefur því skilað miklu fyrir samfélagið í Eyjum.
- Nýsköpunarmiðstöð er með útibú í Eyjum. Þessi tvö batterí eru ólík, APS með ráðgjöf, NMÍ með orkumálin og FabLab. Starfsemi þeirra skarast ekki í Eyjum, ólíkt öðrum stöðum.

### **Tækifæri til eflingar**

Á fundunum komu fram eftirtaldar hugmyndir:

- Það á að taka frumframleiðslugreininarnar yfir á næsta stig og tengja við skólakerfið. Það eru vannýtt tækifæri, t.d. í sjávarútvegi og tengt matvælaframleiðslu í sveitunum, smáframleiðendum.
- Í Eyjum eru mikil tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. tengt samgöngubótum. Það er hálfgerð útlandaferð til Eyja, sem er eitthvað sem gera má út á.
- Eftirfarandi hugmyndir komu fram um hvað þyrfti til eflingar samfélaginu í Skaftárhreppi:
  - Halda þeirri starfsemi sem er til staðar og fá stuðning til að efla hana.
  - Efla þekkingarsetur (Kirkjubæjarstofu), þjóðgarðinn, fræðasamfélagið o.fl. því tengt. Ein öflug stofnun sem margir koma að, fræða- og vísindasamfélag.
  - Aukinn vöxtur í ferðaþjónustu.
  - Að bændur geti fullunnið og selt vörur sínar. Meiri virðisauki með vöruna innan svæðis.
  - Gestastofa á Klaustri verður sýningarstaður um bæði sögu og náttúru. Ýmsar minjar, t.d. í Hólmi í Landbroti. Jóhannes Kjarval, Sigurbjörn Einarsson og Erró voru allir úr Skaftárhreppi. Það gæti skapað tækifæri.

## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir

*Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi, mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010.*

*Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðabróun, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, Háskólinn á Akureyri, 2010.*

„Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð“, Forsætisráðuneytið 2011, [www.forsaetisraduneyti.is](http://www.forsaetisraduneyti.is).

„Nýjar leiðir í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sameiningarkostir – fyrstu hugmyndir“, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið 2010, [www.stjr.is](http://www.stjr.is).

*Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi. Lokaskýrsla: Stöðulýsing í árslok 2008 og samantekt yfir helstu áhrif 2002-2008, ritstjóri Hjalti Jóhannesson, 2010.*

Sigríður K. Þórgrímsdóttir, Halldór V. Kristjánsson, *Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun*, Byggðastofnun 2008.

Sigríður E. Þórðardóttir, *Erlendir ríkisborgarar í íslensku samfélagi*, Byggðastofnun 2011.

„Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022“, þskj 534 lagt fyrir á 140. Löggjafarþingi 2011-2012, [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

Þóroddur Bjarnason, „Mannfjöldi, samgöngur og búsetuþróun“, Háskólinn á Akureyri 2010.

„Þótt líði ár og öld. Ályktun 55. Fjórðungspings Vestfirðinga. Haldið á Hólmavík 3. og 4. september 2010“, Fjórðungssamband Vestfirðinga 2010.

### Heimasíður

[flugfelag.is](http://flugfelag.is)

[hagstofa.is](http://hagstofa.is)

[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[stjr.is](http://stjr.is), heimasíður ráðuneyta og stofnana

[samband.is](http://samband.is) og heimasíður landshlutasamtaka

Heimasíður sveitarfélaga sem í hlut eiga

Heimasíður fyrirtækja sem í hlut eiga

Heimasíður atvinnuþróunarfélaga

## Listi yfir viðmælendur (Skipt eftir landshlutum. Dagsetningar funda aftan við nöfn viðmælenda)

### Vesturland:

*Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi:* Ólafur Sveinsson, Vífill Karlsson og Margrét Björk Björnsdóttir, 22. júní 2011.

*Sveitarstjórn Dalabyggðar:* Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Halla S. Steinólfsdóttir og oddviti og Ingveldur Guðmundsdóttir formaður byggðaráðs, 6. október 2010.

### Vestfirðir:

*Fjórðungssamband Vestfjarða:* Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri, 8. september 2010.

*Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða:* Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri, 8. september og Viktoría Rán Ólafsdóttir atvinnuráðgjafi á Hólmavík, 17. september 2010, Guðrún Eggertsdóttir og Magnús Ó. Hansson atvinnuráðgjafar á Patreksfirði, 7. október 2010.

*Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar:* Daníel Jakobsson bæjarstjóri, Gísli H. Halldórsson forseti bæjarstjórnar, Eiríkur F. Greipsson formaður bæjarráðs, Arna Lára Jónsdóttir, Sigurður Pétursson og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir fulltrúar í bæjarstjórn, 10. september 2010.

*Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar:* Elías Jónatansson bæjarstjóri, Baldur S. Einarsson og Ketill Elíasson fulltrúar í bæjarstjórn, 9. september 2010.

*Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps:* Ómar Már Jónsson sveitarstjóri og Valgeir Hauksson oddviti, 9. september 2010.

*Hraðfrystihúsið Gunnvör,* Hnífsdal: Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri og Kristján G. Jóhannsson stjórnarformaður, 9. september 2010.

*Rækjuvinnslan Kampi,* Ísafirði: Jón Guðbjartsson, Guðbjartur Jónsson, Albert Haraldsson og Brynjar Ingason, 9. september 2010.

*Sparisjóður Bolungarvíkur:* Ásgeir Sólbergsson sparisjóðsstjóri, 9. september 2010.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps:* Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Sveinn Ragnarsson og Eiríkur Kristjánsson, 6. október 2010.

*Bæjarstjórn Vesturbyggðar:* Ásthildur Sturludóttir sveitarstjóri, Ingimundur Ó. Sverrisson forseti bæjarstjórnar, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ásgeir Sveinsson, Geir Gestsson, Arnheiður Jónsdóttir og Guðrún Eggertsdóttir, 8. október 2010.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps:* Eyrún I. Sigþórsdóttir oddviti, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Ásgeir Jónsson og Björgvin Smári Haraldsson, 7. október 2010.

*Oddi á Patreksfirði:* Sigurður Viggósson framkvæmdastjóri, 8. október 2010.

*Þórsberg á Tálknafirði:* Ari Hafliðason, rekstrarstjóri, 7. október 2010.

*Sveitarstjórn Árneshrepps:* Oddný S. Þórðardóttir oddviti, Eva Sigurbjörnsdóttir varaoddviti, Hrefna Þorvaldsdóttir, Bjarnheiður J. Fossdal og Elín A. Briem fulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn, 16. september 2010.

*Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps:* Jenný Jensdóttir oddviti og Sunna Einarsdóttir fulltrúi í sveitarstjórn, 17. september 2010.

*Sveitarstjórn Strandabyggðar:* Ingibjörg Valgeirsdóttir sveitarstjóri, Jón Gísli Jónsson oddviti, Katla Kjartansdóttir og Ásta Þórisdóttir fulltrúar í sveitarstjórn, 15. september 2010.

*Kaupfélag Steingrímsfjarðar:* Jón Eðvald Halldórsson kaupfélagsstjóri, 16. september 2010.

*Hólmadrangur:* Gunnlaugur Sighvatsson, framkvæmdastjóri, 30. júní 2011.

### Norðurland vestra:

*Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra:* Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri og Katrín María Andrésdóttir atvinnuráðgjafi, 3. júní 2011.

*Sveitarstjórn Bæjarhrepps*: Sigurður Kjartansson oddviti, Jóhann Ragnarsson og Guðmundur Waage, fulltrúar í sveitarstjórn, 22. febrúar 2011.

*Sveitarstjórn Húnaþings vestra*: Skúli Þórðarson sveitarstjóri, Leó Örn Þorleifsson oddviti, Sigurbjörg Jóhannesdóttir formaður byggðaráðs, 22. febrúar 2011.

*Sveitarstjórn Húnavatnshrepps*: Jens P. Jensen sveitarstjóri, Þóra Sverrisdóttir oddviti, Magnús R. Sigurðsson og Björn Magnússon, fulltrúar í sveitarstjórn, 10. mars 2011.

*Bæjarstjórn Blönduóssbæjar*: Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri, Ágúst Þ. Bragason forseti bæjarstjórnar, Þórdís E. Björnsdóttir og Oddný M. Gunnarsdóttir, fulltrúar í bæjarstjórn, 10. mars 2011.

*Sveitarfélagið Skagaströnd*: Magnús B. Jónsson sveitarstjóri, Adolf H. Berndsen oddviti, Halldór G. Ólafsson og Jensína Lýðsdóttir, fulltrúar í sveitarstjórn, 2. mars 2011.

### **Norðurland eystra:**

*Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga*: Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri, 11. október 2010.

*Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar*: Magnús Ásgeirsson framkvæmdastjóri, Hjalti P. Þórarinnsson og Stefanía Steinsdóttir atvinnuráðgjafar, 17.02. 2011.

*Fjallabyggð*: Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri, 20. maí 2011.

*Grýtubakkahreppur*: Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri, Sigurður Jóhann Ingólfsson oddviti og Fjóla V. Stefánsdóttir fulltrúi í sveitarstjórn, 28.03. 2011.

*Skútustaðahreppur*: Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri, Dagbjört Bjarnadóttir oddviti, Böðvar Pétursson, Karl E. Sveinsson og Friðrik Jakobsson fulltrúar í sveitarstjórn, 9.02. 2011.

*Þingeyjarsveit*: Tryggvi Harðarson sveitarstjóri, Ólína Arnkelsdóttir oddviti, Sif Jóhannesdóttir og Ásta Svavarsdóttir fulltrúar í sveitarstjórn, 9.02. 2011.

*Norðurþing*: Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri og Tryggvi Jóhannsson framkvæmda- og þjónustufulltrúi sveitarfélagsins, fyrrum sveitarstjórnarfulltrúi, 11. október 2010.

*Svalbarðshreppur*: Elfa Benediktsdóttir oddviti, Gunnar Guðmundarson, Ragnar Skúlason, Sigurður Þór Guðmundsson og Ásta Laufey Þórarinsdóttir, fulltrúar í sveitarstjórn, 12. október 2010.

*Tjörneshreppur*: Steinþór Hreiðarsson oddviti, Smári Kárason, Jón Gunnarsson og Jóhanna R. Pétursdóttir, fulltrúar í sveitarstjórn, 12. október 2010.

*Langanesbyggð*: Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, 12. október 2010.

*Útgerðarfyrirtækið GPG, Húsavík*: Gunnlaugur K. Hreinsson framkvæmdastjóri og Páll Kristjánsson sölu- og markaðsstjóri, 11. október 2010.

*Ísfélagið, Þórshöfn*: Siggeir Stefánsson framleiðslustjóri frystihúss – og oddviti sveitarfélagsins – og Rafn Jónsson rekstrarstjóri, 12. október 2010.

*Útgerðarfyrirtækið Rammi, Siglufirði*: Ólafur Marteinsson framkvæmdastjóri (og formaður bæjarráðs), 20. maí 2011.

### **Austurland:**

*Þróunarfélag Austurlands*: Hafliði H. Hafliðason framkvæmdastjóri, 9. nóvember 2010.

*Vopnafjarðarhreppur*: Þórunn Egilsdóttir oddviti, Bárður Jónasson, Fjóla Dögg Valsdóttir, Guðrún A. Guðnadóttir, Sigríður E. Konráðsdóttir og Björn Hreinsson úr sveitarstjórn, Berghildur F. Hauksdóttir, Helgi Þorsteinsson og Guðrún Stefánsdóttir úr atvinnuálanefnd, Magnús M. Þorvaldsson fulltrúi og Ellert Árnason skrifstofustjóri, báðir á skrifstofu sveitarfélagsins, 9. nóvember 2010.

*Borgarfjarðarhreppur*: sveitarstjórn og fulltrúi frá AFL starfsgreinafélagi

*Seyðisfjarðarkaupstaður*: Ólafur Hr. Sigurðsson bæjarstjóri, Vilhjálmur Jónsson formaður bæjarráðs, Daníel Björnsson fjármálastjóri og bæjarfulltrúi, Guðrún Katrín Árnadóttir bæjarfulltrúi og Aðalheiður Borgþórsdóttir ferða- og menningarfulltrúi, 10. nóvember 2010.

*Breiðdalshreppur*: Páll Baldursson sveitarstjóri, Jónas Bjarki Björnsson oddviti, Unnur Björgvinsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson og Ingólfur Finnsson fulltrúar í sveitarstjórn, 10. nóvember 2010.

Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun

*Djúpavogshreppur*: Gauti Jóhannesson sveitarstjóri og Bryndís Reynisdóttir varaoddviti og ferða- og menningarfulltrúi, 11. nóvember 2010.

*HB Grandi* á Vopnafirði: Sveinbjörn Sigmundsson verksmiðjustjóri, Gísli Sigmarsson tæknistjóri og Reynir Árnason skipaeftirlitsmaður, 9. nóvember 2010.

*Austfar* á Seyðisfirði: Jónas Hallgrímsson fyrrv. framkvæmdastjóri og Jóhann Jónsson framkvæmdastjóri, 10. nóvember 2010.

*Vísir* á Djúpvogi: Ingólfur Hjaltalín rekstrarstjóri, 11. nóvember 2010.

*Fiskverkun Kalla Sveins*, Karl Sveinsson framkvæmdastjóri, október 2010.

#### **Suðurland:**

*Atvinnuþróunarfélag Suðurlands*: Sædís Íva Elíasdóttir framkvæmdastjóri, 21.6. 2011.

*Sveitarfélagið Hornafjörður*: Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri, Reynir Arnarson varaforseti og Ásgerður K. Gylfadóttir forseti bæjarstjórnar. 11. nóvember 2010.

*Skaftárhreppur*: Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri, Þorsteinn M. Kristinsson og Jóna S. Sigurbjartsdóttir varaoddviti, 12. nóvember 2010.

*Vestmannaeyjabær*: Elliði Vignisson bæjarstjóri og Rut Haraldsdóttir á bæjarskrifstofu (vantar titil), 21. júní 2011.

*Skinney-Þinganes* á Höfn: Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri, Hermann Stefánsson framleiðslustjóri, 11. nóvember 2010.

*Vinnslustöðin* í Vestmannaeyjum: Andrea Atladóttir fjármálastjóri, 21. júní 2011.

## Viðhorfskönnun meðal íbúa í 30 sveitarfélögum

### Þátttakendur

Í nóvembermánuði árið 2011 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal íbúa í 30<sup>1</sup> sveitarfélögum á Íslandi. Tekið var 1500 manna slembiúrtak en markhópurinn var fólk á aldrinum 20-39 ára. Þegar búið var að taka tillit til brottfalls þá var úrtakið 1455 einstaklingar. Samtals svöruðu 292 netkönnuninni, þar af voru fimm listar ógildir og ekki var hægt að nota sex spurningarlista við úrvinnslu upplýsinga með bakgrunnsbreytunni, landshlutar. Ástæðan er að aðeins svöruðu sex þátttakendur búsettir á Vesturlandi spurningalistanum. Niðurstöður byggja á svörum frá 281 þátttakanda, þar af voru 162 (58%) konur og 119 karlar (42%). Svarhlutfall var 19%.

### Mælitæki

Í meginatriðum má flokka upplýsingar sem aflað var í í sjö flokka. Í fyrsta lagi var spurt um *verslun og þjónustu* s.s. um vöruúrval, verðlag, um þjónustu við aldraða og heilbrigðisþjónustu. Í öðru lagi var spurt *húsnæðismál* s.s. framboð á íbúðum til sölu og leigu, fasteignaverð og húshitunarkostnað. Í þriðja lagi var spurt um *atvinnumál* s.s. um atvinnutækifæri, tekjuöflunarmöguleika og fjölbreytni í atvinnulífi. Í fjórða lagi var spurt um *skólamál*. Í fimmta lagi var spurt um *menningar- og tómstundamál* s.s. um framboð, aðstöðu og þátttöku í félagslífi. Í sjötta lagi var spurt um *samgöngumál* s.s. snjómokstur og vegi til og frá byggðarlaginu. Í sjöunda lagi var spurt um umhverfisþætti og veðurfar. Þá var spurt um félagslega stöðu s.s. menntun, aldur, starf og fjölskylduáðstæður sem og áform um búferlaflutninga.

### Tölfræði

Tölfræðiforritið SPSS var notað við úrvinnslu með það í huga að kanna hvort munur væri á viðhorfum þátttakenda eftir kyni og landshlutum. Skoðað er samband tveggja breyta, hvort marktækt samband sé á milli þeirra. Styrkur sambands er veikt þegar  $%d < 10$  og heldur sterkt þegar  $%d > 20$  (Kohout, 1984). Notaður var marktæktarstuðullinn kí kvaðrat og miðað við 95% öryggi, öryggisbil er +/- 4% (Agresti og Finlay, 1997).

Í greiningu er fyrst og fremst um lýsandi tölfræðiúrvinnslu að ræða, en niðurstöður eru greindar út frá bakgrunnsbreytum: kyni, aldri, menntun, atvinnu og búsetu eftir því sem við á. Niðurstöður eru settar fram með myndum sem sýna svarhlutföll einstakra þátta ásamt stuttri túlkun.

### Fyrirvarar

Rétt er að setja fyrirvara við alhæfingargildi viðhorfskönnunarinnar því þrátt fyrir eina ítrekun var svarhlutfall aðeins 20%. Auk þess hvíla niðurstöður á hlutfallslega fleiri svörum frá Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Vestmannaeyjum en frá Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðausturlandi. Þau sambönd sem koma fram í könnuninni gilda aðeins um þá þátttakendur sem tóku þátt í könnuninni. Lítil fjöldi þátttakenda í hverjum landshluta takmarkar verulega úrvinnslu gagna að því leyti að ekki er talið raunhæft að greina gögnin meira niður en eftir tveimur bakgrunnsbreytum.


---

<sup>1</sup> Dalabyggð (Vesturland). Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Ármeshreppur, Kaldrananeshreppur (Vestfirðir). Húnaþing vestra, Blönduósþing, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur (Norðurland vestra). Norðurþing, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð (Norðurland eystra). Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur (Austurland). Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur (Suðausturland). Vestmannaeyjabær (Vestmannaeyjar).



## Niðurstöður


Eftirfarandi umfjöllun byggir á svörum úr viðhorfskönnuninni „Íbúakönnun vegna byggðarlagaskýrslu“ (viðauki 1). Dreifing þátttakenda eftir landshlutum var eftirfarandi, 76 þátttakendur voru búsettir Vestfjörðum, 29 á Norðurlandi vestra, 66 á Norðurlandi eystra, 26 á Austurlandi, 32 á Suðausturlandi og 52 í Vestmannaeyjum og sex þátttakendur búsettir á Vesturlandi tóku þátt í könnuninni (mynd 1). Eins og fram hefur komið verður ekki nánari greining framkvæmd á svörum þátttakenda á Vesturlandi.



Mynd 1. Fjöldi þátttakenda eftir landshlutum og kyni.


## Bakgrunnur þátttakenda

Svörun eftir aldurshópum og kyni skiptist þannig að marktækt fleiri konur á aldrinum 30-39 ára tóku þátt í könnuninni eða 101 kona (62%) á móti 63 konum (38%) í aldurshópnum 20-29 ára. Hins vegar voru 59 karlar (48%) á aldrinum 20-29 ára og 63 karlar (52%) á aldrinum 30-39 ára (mynd 2).




Mynd 2. Hlutfall þátttakenda eftir aldri og kyni.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Mynd 3. Hlutfall þátttakenda eftir landshlutum og aldri.**


Mun fleiri voru í aldurshópnum 30-39 ára á Vestfjörðum, á Austurlandi og í Vestmannaeyjum en í hinum landshlutunum. Hins vegar voru mun fleiri þátttakendur í aldurshópnum 20-29 ára en 30-39 ára á Suðausturlandi (mynd 3).



**Mynd 4. Hvaða menntun hefur þú lokið?**


Þegar menntun þátttakenda eftir landshlutum er skoðuð kemur í ljós að um og yfir þriðjungur svarenda í öllum landshlutum var með grunnskólapróf sem hæstu prófgráðu. En á Norðurlandi vestra og á Austurlandi voru hlutfallslega flestir með háskólapróf, á Norðurlandi eystra og Suðausturlandi voru hlutfallslega flestir með grunnskólapróf eða stúdentspróf. Athygli vekur að um 45% svarenda á Norðurlandi vestra var með háskólamenntun, en enginn hafði lokið framhaldsmenntun á háskólastigi. Aftur á móti voru 16% þátttakenda á Suðausturlandi með framhaldsmenntun á háskólastigi, 12% á Austurlandi og hlutfallið var um 6% Vestfjörðum og á Norðurlandi eystra (mynd 4).

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Mynd 5. Hvaða menntun hefur þú lokið?**

Mikill munur kom fram á menntunarstigi þátttakenda eftir kyni en konurnar voru marktækt líklegri en karlarnir til að hafa lokið háskólamenntun og átti það bæði við um grunnmenntun á háskólastigi og framhaldsnám á háskólastigi. Karlarnir voru hins vegar marktækt líklegri til að hafa lokið sveins- eða meistaraþrófi í einhverri iðngrein (mynd 5).




**Mynd 6. Við hvað starfar þú?**

Yfir 30% þátttakenda unnu hjá ríki eða hjá sveitarfélögum þegar könnunin fór fram, um 18% voru í námi og um 16% unnu við önnur þjónustustörf, um 12% unnu við útgerðarstörf í sjávarútvegi og innan við 5% þátttakenda voru atvinnulausir (mynd 6).

Spurt var um heildarlaun fjölskyldunnar á mánuði. Hlutfallslega sögðu flestir þátttakendur heildarlaun vera á bilinu 401-600 þúsund krónur á mánuði, eða 32%. Þegar svör þátttakenda voru flokkuð eftir landshlutum kom í ljós töluverður munur á heildarlaunum eftir búsetu. Marktækt fleiri þátttakendur á Norðurlandi vestra sögðu heildarlaun vera 400 þ.kr. eða lægri en í öðrum landshlutum eða 54%, á Austurlandi voru heildarlaun um 11% þátttakenda 400 þ.kr. eða lægri á mánuði. Það átti jafnframt við um þriðjung þátttakenda á Suðausturlandi og Norðurlandi eystra og fjórða hvern þátttakanda á Vestfjörðum (mynd 7).

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




**Mynd 7. Hver eru heildarlaun fjölskyldunnar á mánuði?**

Afgerandi flestir þátttakendur á Austurlandi eða 73% sögðu heildarlaunin vera 401-800 p.kr. á mánuði, sama sögðu 59% þátttakenda í Vestmannaeyjum, 49% á Norðurlandi eystra, 45% á Suðausturlandi, 44% í Vestmannaeyjum og 42% á Norðurlandi vestra. Marktækt færri þátttakendur á Norðurlandi vestra sögðu heildarlaun fjölskyldunnar 801 p.kr. eða hærri á mánuði (mynd 7).


## Verslun og þjónusta

Um 70% svarenda á Austurlandi sögðu vöruúrval í dagvöruverslunum (matvöruverslunum) vera í meðallagi en 58% svarenda á Suðausturlandi sögðu matvöruúrval vera mjög eða frekar gott. Um þriðjungur svarenda í Vestmannaeyjum sagði matvöruúrval frekar eða mjög lélegt. Í öðrum landshlutum sögðu rúmlega 40% svarenda matvöruúrval mjög eða frekar gott og um 40% sögðu það í meðallagi (mynd 8).




**Mynd 8. Hvernig finnst þér vöruúrval í dagvöruverslun/um í þínu byggðarlagi?**

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




**Mynd 9. Hvernig finnst þér verðlag í dagvöruverslun/um í þínu byggðarlagi?**

Rúmlega 63% þátttakenda í könnuninni sögðu verðlag vera frekar eða mjög hátt í dagvöruverslun/um í sínu byggðarlagi, ekki var marktækur munur á svörum eftir kyni. Hins vegar var marktækt færri í aldurshópnum 20-29 ára sem sagði verðlag vera frekar eða mjög hátt, en í aldurshópnum 30-39 ára, eða 50% á mótí 70%. Rúmlega 80% svarenda á Norðurlandi vestra og á Austurlandi sögðu vöruverð vera frekar eða mjög hátt en um 38% svarenda á Suðausturlandi voru á þeirri skoðun og þar sögðu jafnframt um 20% svarenda vöruverð mjög eða frekar lágt (mynd 9). Niðurstöður benda til þess að svarendur á Suðausturlandi hafi verið mun ánægðari með vöruúrval og verðlag samanborið við svarendur í öðrum landshlutum.




**Mynd 10. Verslar þú í matvöruverslunum í öðru byggðarlagi?**

Rúmlega 50% þátttakenda á Norðurlandi vestra sögðust versla matvörur einu sinni til þrisvar í mánuði í öðru byggðarlagi, sama átti við um 40% þátttakenda á Norðurlandi eystra. Hins vegar sögðust 40% þátttakenda á Austurlandi versla oftar en þrisvar í mánuði í öðru byggðarlagi. Langflestir svarendur á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum sögðust versla sjaldnar en einu sinni í öðru byggðarlagi (mynd 10.). Þátttakendur voru einnig spurðir hvar þeir versluðu helst þegar þeir versla í öðru byggðarlagi. Ýmist svaraði fólk því til að það verslaði á ákveðnum stað, stað og tiltekinni verslun eða verslunum. Í samantektinni var tekin fyrsta verslun sem nefnd var ef fólk nefndi tvær eða fleiri verslanir s.s. Bónus, Nettó, Krónan. Eftir á að hyggja var spurningin of opin og ekki tekið skýrt fram hvort svara ætti stað eða verslun eða hvoru tveggja og einni eða fleiri verslunum. Þá sögðust 59% versla í Bónus og var sú verslun nefnd fyrst eða staður og Bónus t.d. Bónus Borgarnesi (mynd 11).



**Mynd 11. Ef þú verslar í matvöruverslunum í öðru byggðarlagi – hvar þá?**

Um 45% þátttakenda í könnuninni sögðu þjónustuframboð í byggðarlagi sínu vera frekar eða mjög gott og um 40% að það væri í meðallagi. Ekki kom fram marktækur munur á viðhorfum svarenda eftir landshlutum. Sama á við um viðhorf svarenda til verðlags á þjónustu þar sem dreifing svara eftir landshlutum var nokkuð jöfn, en um 64% svarenda sögðu verðlag á þjónustu í meðallagi og 23% frekar hátt. Þátttakendur voru spurðir hvaða þjónustu þeim fannst helst vanta. Eins og áður þá var tekið það fyrsta sem fólk nefndi ef nefnd voru fleiri en eitt atriði s.s. kvikmyndahús, sérvöruverslanir. Margir nefndu að það mætti bæta þá þjónustu sem fyrir væri s.s. betri verslanir og var það tekið með þeim svörum þar sem nefnt var að þjónustuna vantaði alveg. Dreifingin var nokkuð jöfn en verslanir og vöruúrval eru fólk efst í huga samkvæmt þessu þar sem 33% nefndu það sem fyrsta atriði og margir nefndu að það vantaði alla afþreyingu (mynd 12).




**Mynd 12. Hvaða þjónustu finnst þér helst vanta?**

## Opinber þjónusta


Þátttakendur voru spurðir hvernig þeim fannst heilbrigðisþjónustan vera í byggðarlaginu. Um 35% svarenda sögðu heilbrigðisþjónustuna í byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða og sama hlutfall að hún væri í meðallagi. Á bilinu 38-42% svarenda á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Austurlandi sögðu heilbrigðisþjónustuna mjög eða frekar góða á meðan meirihluti svarenda á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum sögðu hana vera í meðallagi. Í heildina sögðu um 27% svarenda heilbrigðisþjónustuna í byggðarlaginu frekar eða mjög lélega, hlutfallslega voru fæstir á

Norðurlandi eystra á þeirri skoðun og hlutfallslega flestir svarenda á Norðurlandi vestra sögðu heilbrigðisþjónustuna frekar eða mjög lélega (mynd 13).




**Mynd 13: Hvernig finnst þér heilbrigðisþjónustan í þín byggðarlagi?**

Um helmingur þátttakenda í könnuninni töldu öldrunarþjónustu í byggðarlagi sínu vera mjög eða frekar góða, eða 49%. Þegar niðurstöður voru skoðaðar eftir landshlutum kom í ljós marktækur munur á viðhorfum þar sem 60-70% svarenda á Norðurlandi vestra og eystra sem og á Austurlandi og Suðausturlandi sögðu þjónustu við aldraða mjög eða frekar góða á meðan rétt um 30% svarenda á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum sögðu slíkt hið sama (mynd 14).



**Mynd 14. Hvernig finnst þér þjónusta við aldraða í þínu byggðarlagi?**

Um 11% svarenda í könnuninni vissi ekki hvort þjónustan væri góð eða léleg, ekki kom fram marktækur munur á viðhorfum svarenda eftir kyni eða aldri.




Mynd 15. Finnst þér vanta einhverja opinbera þjónustu í byggðarlaginu?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeim fyndist vanta einhverja opinbera þjónustu í byggðarlaginu. Margir nefndu að bæta mætti þá þjónustu sem væri fyrir s.s. um opnunartíma og var það tekið með þeim svörum þar sem nefnt var að vantaði þjónustuna alveg. Bætt heilbrigðisþjónusta er það sem var fólki greinilega efst í huga þar sem 58% af svörunum tengjast heilbrigðismálum á einn eða annan hátt (mynd 15).

## Húsnæðismál

Í húsnæðishluta könnunarinnar voru þátttakendur spurðir út í framboð á húsnæði til sölu og leigu, fasteignaverð og húshitunarkostnað. Auk þess var spurt um hvort viðkomandi væri í leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði.


Helstu niðurstöður eru að um 69% svarenda bjó í eigin húsnæði og 31% í leiguhúsnæði. Ekki kom fram marktækur munur á svörum eftir kyni. Þegar svör voru greind eftir landshlutum kom í ljós að marktækt fleiri þátttakendur á Austurlandi og í Vestmannaeyjum bjuggu í eigin húsnæði samanborið við þátttakendur á Norðurlandi vestra og eystra sem og á Suðausturlandi, eða um 80% á móti 58-65%. Tæplega 70% þátttakenda á Vestfjörðum bjó í eigin húsnæði (mynd 16).



Mynd 16. Býrð þú í leiguhúsnæði/eigin húsnæði?




Marktækur munur var á hvort þátttakendur bjuggu í eigin íbúð eða í leiguhúsnæði eftir því hverjar fjölskylduaðstæður þeirra voru. Þátttakendur sem voru í sambúð eða giftir voru marktækt líklegri til þess að búa í eigin húsnæði en þeir sem bjuggu einir (mynd 17).



Mynd 17. Býrð þú í leiguhúsnæði/eigin húsnæði?


Langflestir þátttakendur á Austurlandi eða 85% sögðu framboð á íbúðum til sölu vera frekar eða mjög lítið í byggðarlaginu sem þeir bjuggu í, það hlutfall var marktækt lægra í öðrum landshlutum eða frá 48-55% (mynd 18).



Mynd 18. Er framboð af íbúðarhúsnæði til kaups í þínu byggðarlagi?


Um 70% þátttakenda í könnuninni sögðu að það væri frekar eða mjög mikill skortur á íbúðum til leigu. Á Norðurlandi eystra sögðu 17% framboðið vera mjög eða frekar gott en í öðrum landshlutum var þetta sama hlutfall innan við 5%. Almennt virðist vera bæði skortur á leiguhúsnæði og húsnæði til sölu í heimabygðum þátttakenda.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Mynd 19. Hvernig er fasteignarverð í þínu byggðarlagi?**

Helmingur þátttakenda á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum sögðu fasteignaverð í meðallagi en í öðrum landshlutum sagði meirihluti þátttakenda það vera frekar eða mjög lágt (mynd 19).




**Mynd 20. Hvernig er húshitunarkostnaður í þínu byggðarlagi?**

Meirihluti þátttakenda sagði húshitunarkostnað vera mjög eða frekan háan, eða 64%. Marktækur munur var á svörum eftir landshlutum þar sem um 91% þátttakenda á Vestfjörðum sagði húshitunarkostnað mjög eða frekar háan en aðeins 28% þátttakenda á Norðurlandi eystra sagði slíkt hið sama, um 28% þátttakenda á Norðurlandi eystra sagði húshitunarkostnaðinn frekar eða mjög lágan (mynd 20).


## Atvinnumál

Í könnuninni var spurt um atvinnutækifæri, tekjumöguleika, atvinnuöryggi og um fjölbreytni atvinnulífsins í byggðarlagi þátttakenda.



**Mynd 21. Hversu góð eða slæm telurðu atvinnutækifæri fyrir karla í þínu byggðarlagi?**


Marktækt fleiri þátttakendur í Vestmannaeyjum en í öðrum landshlutum sögðu atvinnutækifæri fyrir karla í byggðarlaginu vera mjög eða frekar góð, eða 65%. Hins vegar sagði meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra og á Austurlandi að atvinnutækifæri karla væru frekar eða mjög slæm. Á Suðausturlandi sagði um þriðjungur þau vera mjög eða frekar góð og þriðjungur í meðallagi (mynd 21).



**Mynd 22. Hversu góð eða slæm telurðu atvinnutækifæri fyrir karla í þínu byggðarlagi?**


Marktækt fleiri konur en karlar sögðu að atvinnutækifæri karla vera í meðallagi og marktækt fleiri karlar en konur sögðu atvinnutækifæri karla frekar eða mjög slæm (mynd 22).

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



**Mynd 23. Hversu góð eða slæm telurðu atvinnutækifæri fyrir konur í þínu byggðarlagi?**

Rúmlega helmingur þátttakenda í Vestmannaeyjum sögðu atvinnutækifæri fyrir konur mjög eða frekar góð og rúmlega 33% sögðu þau í meðallagi. Hins vegar sagði meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi atvinnutækifæri kvenna í þeirra byggðarlagi vera frekar eða mjög slæm. Á Norðurlandi vestra sagði um helmingur þátttakenda atvinnutæki fyrir konur í meðallagi og um rúmlega þriðjungur þau frekar eða mjög slæm. Á Suðausturlandi sögðu 40% þau vera í meðallagi og rúmlega 20% þau vera mjög eða frekar góð (mynd 23).




**Mynd 24. Hversu góð eða slæm telurðu atvinnutækifæri fyrir konur í þínu byggðarlagi?**

Um 20% karla og kvenna sögðu atvinnutækifæri kvenna í sínu byggðarlagi vera mjög góð, hlutfallslega fleiri konur en karlar sögðu atvinnutækifæri kvenna í meðallagi og fleiri karlar en konur sögðu þau vera frekar eða mjög slæm í byggðarlaginu (mynd 24).


Um þriðjungur þátttakenda sagði atvinnuöryggi karla og kvenna mjög eða frekar gott og um helmingur sagði atvinnuöryggi bæði kvenna og karla vera í meðallagi í byggðarlaginu. Um 67% þátttakenda í Vestmannaeyjum töldu atvinnuöryggi kvenna og karla mjög eða frekar gott en aðeins um 10% þátttakenda á Vestfjörðum töldu svo vera í sínu byggðarlagi. Í öðrum landshlutum töldu um 30% þátttakenda atvinnuöryggi mjög eða frekar gott í byggðarlaginu og um 40% það vera í meðallagi. Um 40% þátttakenda sögðu tekjuöflunarmöguleika karla og kvenna vera í meðallagi, um 44% sögðu möguleika kvenna til að afla sér tekna frekar eða mjög slæma en 35% sögðu karla hafa frekar eða slæma möguleika. Það þýðir að 25% þátttakenda töldu karla hafa mjög eða frekar góða möguleika á að afla tekna en um 15% töldu sama gilda um möguleika kvenna.

Meirihluti þátttakenda taldi atvinnulíf í sínu byggðarlagi mjög eða frekar einhæft, eða 62%, 24% að það væri hvorki né og 13% töldu það vera mjög eða frekar fjölbreytt. Rúmlega 70% karla og 55% kvenna sögðu atvinnulíf frekar eða mjög einhæft (mynd 25).




Mynd 25. Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft?

Hlutfallslega fleiri karlar en konur sögðu atvinnulífið frekar eða mjög einhæft (mynd 25). Afgerandi meirihluti þátttakenda í öllum landshlutum taldi atvinnulífið mjög eða frekar einhæft. Engu að síður sagði þriðjungur svarenda á Norðurlandi eystra og á Austurlandi atvinnulíf hvorki einhæft né fjölbreytt. Hlutfallslega sögðu fleiri þátttakendur á Norðurlandi vestra atvinnulíf mjög eða frekar fjölbreytt samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum (mynd 26).



Mynd 26. Telurðu atvinnulíf í þínu byggðarlagi fjölbreytt/einhæft ?


Flestir svöruðu að það vantaði meiri fjölbreytni í atvinnulífið, meira en bara fisk sögðu sumir. Næst flest svörin voru að það vantaði tilfinnanlega störf fyrir háskólamenntað fólk á svæðið. Þessi tveir flokkar saman eru 63% af svörum. Ekki nema 2% nefndi ferðapjónustu sem hefur þó verið mikið í umræðunni undanfarið á mörgum svæðum.



Mynd 27. Hvað finnst þér vanta í atvinnulíf í byggðarlaginu?


## Skólamál

Um 70% þátttakenda í könnuninni voru með börn og/eða unglinga 18 ára eða yngri á sínu framfæri og byggja niðurstöður á svörum þeirra. Marktækt fleiri voru mjög eða frekar ánægðir með leikskólann, eða átta af hverjum tíu (mynd 28).



Mynd 28. Hversu góður eða slæmur finnst þér leikskólinn í þínu byggðarlagi? (Svör þátttakenda með börn 18 ára og yngri á sínu framfæri).

Um 65% þeirra sem voru með börn yngri en 18 ára á sínu framfæri voru mjög eða frekar ánægð með grunnskólann, ekki kom fram marktækur munur á viðhorfum svarenda til leik- og grunnskóla eftir búsetu eða kyni svarenda (mynd 29).




**Mynd 29. Hversu góður eða slæmur finnst þér grunnskólinn í þínu byggðarlagi?**  
(Svör þátttakenda með börn 18 og yngri á sínu framfæri).

Um 32% þátttakenda bjuggu í sveitarfélagi þar sem ekki var framhaldsskóli.


### Menningar- og tómstundamál

Þátttakendur voru m.a. spurðir hvort þeim fyndist framboð á menningarviðburðum s.s. á leiksýningum, tónlistarviðburðum, dansleikjum og kvikmyndasýningum gott eða lélegt. Jafnframt var spurt um þátttöku í félagslífi, um aðstöðu til íþróttaiðkunar og hvort fólki fyndist vanta einhverja afþreyingu. Um 45% þátttakenda fannst framboð á viðburðum í byggðarlaginu frekar eða mjög gott, 26% í meðallagi og 27% frekar eða mjög lélegt.



**Mynd 30. Tekur þú þátt í félagslífi í byggðarlaginu?**


Langflestir sögðust taka þátt í félagslífi í sínu byggðarlagi, eða 75% þátttakenda. Hlutfallslega sögðust flestir svarendur á Austurlandi taka þátt í félagslífi í byggðarlaginu en hlutfallslega færstir á Suðausturlandi (mynd 30).



**Mynd 31. Hlutfall kvenna og karla sem tóku þátt í félagslífi**

Marktækt fleiri konur en karlar sögðust taka þátt í félagslífi í byggðarlaginu, eða 79% á móti 65% (mynd 31). Ekki var marktækur munur á þátttöku í félagslífi eftir aldri svarenda.

Afgerandi flestir voru mjög eða frekar ánægðir með aðstöðu í byggðarlaginu til íþróttaiðkunar eða 76%. Hins vegar sögðu aðeins um 36% aðstöðu til afþreyingar mjög eða frekar góða og um 42% hana í meðallagi. Spurt hvaða aðstöðu til íþróttaiðkunar vantaði helst í byggðarlagið. Margir svöruðu að sundlaugin og íþróttahúsið mætti vera stærra og var það tekið með svörum þar sem fólk sagði það alveg vanta. Tekið var fyrsta svar ef fólk nefndi fleiri en eitt atriði. Reynt var að flokka svörin niður eftir íþróttagreinum en dreifingin var mjög mikil. Þó virðast flestir vilja fá betri eða stærri sundlaug eða fá sundlaug yfirhöfuð (mynd 32).




**Mynd 32. Hvaða aðstöðu til íþróttaiðkunar finnst þér helst vanta?**



## Samgöngumál


Í samgönguhluta könnunarinnar voru þátttakendur spurðir hvor þeir notuðu áætlunarflug þ.e. ef það var til staðar í byggðarlaginu, hvernig þeim fannst staðið að snjómokstri til og frá byggðarlaginu og innan þess sem og um vegi til og frá byggðarlaginu.

Um 60% þátttakenda í könnuninni bjuggu í byggðarlagi þar sem var áætlunarflug. Langflestir sögðust frekar eða mjög sjaldan nota áætlunarflugið í sínu byggðarlagi, eða 68%, 22% notar áætlunarflug mjög eða frekar oft og 11% svarenda sögðust aldrei nota áætlunarflug í byggðarlaginu (mynd 33). Hins vegar kom fram marktækur munur eftir kyni svarenda þar sem marktækt fleiri konur en karlar sögðust nota áætlunarflugið mjög eða frekar oft eða 17% kvenna á móti 4% karla.




Mynd 33. Notar þú áætlunarflug til og frá byggðarlagi þínu?

Meirihluti þátttakenda sagði mjög eða frekar vel staðið að snjómokstri til og frá byggðarlagi sínu, eða 50% en hins vegar sagði 44% þátttakenda slíkt hið sama um snjómokstur innan byggðarlagsins (mynd 34).




Mynd 34. Hvernig finnst þér snjómokstur vega vera yfir vetrartímann?



**Mynd 35. Hvernig finnst þér snjómokstur vega innan byggðarlagsins yfir vetrartímann?**

Marktækt fleiri þátttakendur á Austurlandi sögðu sjúmokstur innan byggðarlagsins vera mjög eða frekar góðan en í öðrum landshlutum. Á Suðausturlandi sögðu 10% þátttakenda vegi innan byggðarlagsins ekki rudda. Hlutfallslega sögðu fleiri þátttakendur á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum snjómokstur í sínu bæjarfélagi frekar eða mjög lélegan en í öðrum landshlutum (mynd 35).

Að lokum var spurt um vegi til og frá byggðarlaginu og af augljósum ástæðum á þessi spurning ekki við í bókstaflegri merkingu um vegi á milli lands og eyja, heldur sjóleiðina. Betra hefði verið að hafa spurninga tvíþætta, þ.e. samgöngur á sjó og á landi. En hér verður litið svo á að þar sem búið var að spyrja um flugsamgöngur þá hafi þátttakendur í Vestmannaeyjum svarað spurningunni með samgöngur á sjó í huga.




**Mynd 36. Hvernig finnst þér vegir til og frá byggðarlaginu?**

Rúmlega helmingur þátttakenda sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða, eða 56%, 26% sagði vegi vera í meðallagi og 18% þá vera frekar að mjög slæma. Þegar svör þátttakenda eru skoðuð eftir landshlutum kom í ljós að þátttakendur á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Suðausturlandi voru hlutfallslega flestir á þeirri skoðun að vegir til og frá byggðarlaginu séu mjög eða frekar góðir. Afgerandi meirihluti svarenda í Vestmannaeyjum sagði samgöngur til og frá eyjunni frekar eða mjög slæmar, eða 57% og sama átti við um 37% þátttakenda á Vestfjörðum (mynd 36).

## Umhverfisaðstæður og veðurfar


Í þessum hluta var spurt hvort þátttakendur teldu hættu vera í umhverfinu af mannavöldum eða vegna náttúruafla og einnig var spurt um hvernig fólk upplifði veðurfar í byggðarlaginu.

Þátttakendur á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum svöruðu nánast eins, þar sem um 56% sögðu veðurfar í meðallagi, 29% það vera mjög eða frekar gott og um 15% fannst veðurfarið frekar eða mjög vont. Svör þátttakenda á Norðurlandi eystra og á Austurlandi dreifðust nánast eins, tæplega helmingur sagði veðurfar í sínu byggðarlagi mjög eða frekar gott, um 45% sagði í meðallagi og um 5% fannst veðurfarið frekar eða mjög vont. Hlutfallslega fannst flestum þátttakendum á Vestfjörðum veðurfar mjög eða frekar gott, eða 57% (mynd 37). Ekki kom fram munur á svörum þátttakenda eftir kyni né aldri.



Mynd 37. Hvernig finnst þér veðurfarið í byggðarlaginu?


Um 58% þátttakenda sögðu hvorki mikla eða litla hættu af mannavöldum í byggðarlaginu, en um 36% taldi hana vera frekar eða mjög litla og um 6% mjög eða frekar mikla, ekki kom fram munur á viðhorfum karla og kvenna né eftir aldri þátttakenda. Marktækt færri þátttakendur í öllum landshlutum sögðu mjög eða frekar mikla hættu af mannavöldum í byggðarlaginu (mynd 38).



Mynd 38. Er hættu af mannavöldum í byggðarlaginu (s.s. vegna umferðar og ofbeldis) ?

Síðasta spurningin í þessum flokki var um hættu af völdum náttúruafla í byggðarlaginu. Marktækt fleiri þátttakenda sögðu frekar eða mjög litla hættu af völdum náttúruafla í byggðarlaginu en þeir

sem sögðu mjög eða frekar mikla hættu, eða 65% á móti 22%. Marktækur munur var á viðhorfum þátttakenda eftir landshlutum.



Mynd 39. Er hættu af völdum náttúruafla í byggðarlaginu?

Rúmlega þriðjungur þátttakenda í Vestmannaeyjum sagði mjög eða frekar mikla hættu af völdum náttúruafla í byggðarlaginu og um 30% þátttakenda á Vestfjörðum sögðu slíkt hið sama. Hlutfallslega fæstir þátttakendur á Norðurlandi eystra sögðu frekar eða mjög mikla hættu af völdum náttúruafla í byggðarlaginu samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum (mynd 39).

## Búsetuþættir

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á mikilvægi 18 búsetuþátta, beðið var um að merkja við kvarða frá 1-5 þar sem 1 þýddi „skiptir mig ekki máli“, 2 „skiptir mig frekar litlu máli“, 3 „skiptir máli“, 4 „skiptir mig frekar miklu máli“, 5 „skiptir mig miklu máli“. Niðurstöður voru greindar eftir kyni og búsetu þátttakenda. Ekki kom fram marktækur munur á viðhorfum kvenna og karla til 16 af 18 búsetuþáttum sem spurt var um. Marktækt fleiri konur en karlar sögðu að gott framboð á menningu og að losna við mikla bílaumferð skipti frekar eða mjög miklu máli.

Tafla 1. sýnir hlutfall þátttakenda sem sögðu að viðkomandi þáttur skipti frekar miklu eða miklu máli. Um 96% þátttakenda sögðu að gott umhverfi til að ala upp börn skipti frekar miklu og miklu máli. Þá sögðu 91% að góðir grunnskólar skipti frekar miklu eða miklu máli og 90% sögðu slíkt hið sama um að búa þar sem glæpir eru fátíðir. Langflestir þátttakendur sögðu að það skipti frekar miklu eða miklu máli að hafa góða nettengingu og símasamband, góða leikskóla og fjölbreytt atvinnutækifæri. Nálægð við náttúru og gott framboð á íþróttum og afþreyingu skiptir einnig frekar miklu eða miklu máli fyrir meirihluta þátttakenda. Hlutfallslega sögðu fæstir eða aðeins um 13% þátttakenda að það skipti þá frekar miklu eða miklu máli að búa nálægt höfuðborgarsvæðinu, hlutfallslega voru flestir sem voru á þeirri skoðun búsettir á Norðurlandi vestra en fæstir á Norðurlandi eystra, eða 17% á móti 4% (tafla 1). Marktækt fleiri þátttakendur á Suðausturlandi sögðu fjölbreytt atvinnutækifæri skipta frekar miklu eða miklu máli en þeir sem sögðu slíkt hið sama á Vestfjörðum, eða 93% á móti 81%.

**Tafla 1. Hvað eru mikilvægir þættir að þínu mati?** Hlutfall þátttakenda sem merkti við skiptir frekar miklu eða miklu máli.

Búsetuþættir	Meðaltal	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðaustur land	Vestmanna eyjar
Gott umhverfi til að ala upp börn	96	92	96	94	96	94	97
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	91	87	97	88	88	93	93
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	90	86	96	95	92	90	84
Góð nettenging og símasamband	88	84	92	85	87	100	78
Góðir leikskólar	87	82	93	87	80	87	94
Fjölbreytt atvinnutækifæri	84	81	87	83	83	93	83
Nálægð við náttúruna	83	85	78	88	95	84	82
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	83	80	82	81	84	84	85
Kynnð og ró	79	79	86	77	77	75	77
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	70	76	60	66	50	85	81
Að losna við mikla bílaumferð	70	70	52	68	73	72	79
Lægra húsnæðisverð	65	55	72	62	69	72	71
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	65	71	48	63	32	72	80
Gott framboð af menningu	55	56	45	58	44	72	54
Að búa ekki of þétt	52	53	51	57	54	50	40
Gott framboð á leiguhúsnæði	47	43	63	44	30	56	54
Að háskóli sé á svæðinu	19	32	7	12	8	25	16
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	13	15	17	4	15	12	15

Samanburður á viðhorfum þátttakenda á milli landshluta leiðir m.a. í ljós að marktækt færri þátttakendur á Austurlandi og Norðurlandi vestra sögðu að það skipti frekar miklu eða mjög miklu máli að framhaldsskóli sé á svæðinu samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum.

Þá sögðu marktækt fleiri þátttakendur á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum að það skipti frekar miklu eða mjög miklu máli að lágvöruverðsverslun sé nálægt samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum.

Marktækt færri þátttakendur á Austurlandi sögðu að gott framboð á leiguhúsnæði skipti frekar miklu eða miklu máli samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum. Þá sögðu einnig marktækt fleiri á Suðausturlandi og Norðurlandi vestra að góð nettenging og símasamband skipti frekar miklu eða mjög miklu máli samanborið við þátttakendur í Vestmannaeyjum. Þá sögðu marktækt fleiri á Suðausturlandi að gott framboð á menningu skipti frekar miklu eða miklu máli samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum. Marktækt færri þátttakendur á Norðurlandi vestra sögðu að það skipti frekar miklu eða mjög miklu máli að losna við mikla bílaumferð samanborið við þátttakendur í öðrum landshlutum (tafla 1).

Afgerandi meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum sagði að gott umhverfi til að ala upp börn skipti frekar miklu eða mjög miklu máli, eða 92%. Aðeins færri eða 87% sögðu góða grunnskóla á svæðinu skipta frekar miklu að mjög miklu máli og 86% að búa þar sem glæpir eru fátíðir. Aðeins færri eða 81% sögðu að fjölbreytt atvinnutækifæri skipti mjög eða frekar miklu máli (tafla 2).

Marktækt fleiri sögðu að góðir grunnskólar, leikskólar og framhaldsskólar skipti frekar miklu eða mjög miklu máli en þeir sem sögðu að það skipti frekar miklu eða miklu máli að háskóli sé á svæðinu. Marktækt fleiri sögðu gott framboð á íþróttum og afþreyingu skipti frekar miklu eða miklu máli en að það sé gott fram af menningu. Afgerandi minnihluti þátttakenda sagði að nálægð við höfuðborgarsvæðið skipti frekar miklu eða miklu máli, eða 15% (tafla 2).

**Tafla 2. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?**

Búsetuþættir	Vestfirðir
Gott umhverfi til að ala upp börn	92
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	87
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	86
Nálægð við náttúruna	85
Góð nettenging og símasamband	84
Góðir leikskólar	82
Fjölbreytt atvinnutækifæri	81
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	80
Kyrrð og ró	79
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	76
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	71
Að losna við mikla bílaumferð	70
Gott framboð af menningu	56
Lægra húsnæðisverð	55
Að búa ekki of þétt	53
Gott framboð á leiguhúsnæði	43
Að háskóli sé á svæðinu	32
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	15

Á Norðurlandi vestra sögðu 97% þátttakenda að góðir grunnskólar skipti frekar miklu eða miklu máli. Þá sögðu 96% það sama um að búa þar sem glæpir eru fátíðir og þar sem er gott umhverfi til að ala upp börn. Þá sögðu 93% að góðir leikskólar skipti frekar miklu eða mjög miklu máli og um 92% að hafa góða nettengingu og símasamband. Um 87% sögðu fjölbreytt atvinnutækifæri skipta frekar miklu að mjög miklu máli (tafla 3).

**Tafla 3. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?**

Búsetuþættir	Norðurland vestra
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	97
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	96
Gott umhverfi til að ala upp börn	96
Góðir leikskólar	93
Góð nettenging og símasamband	92
Fjölbreytt atvinnutækifæri	87
Kyrrð og ró	86
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	82
Nálægð við náttúruna	78
Lægra húsnæðisverð	72
Gott framboð á leiguhúsnæði	63
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	60
Að losna við mikla bílaumferð	52
Að búa ekki of þétt	51
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	48
Gott framboð af menningu	45
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	17
Að háskóli sé á svæðinu	7

Marktækt fleiri sögðu að það skipti miklu eða frekar miklu máli að hafa framhaldsskóla á svæðinu en háskóla, eða 48% á móti 7%. Þá sögðu einnig marktækt fleiri gott framboð á íþróttum og afþreyingu skipti frekar miklu máli eða miklu máli en framboð af menningu (tafla 3).

**Tafla 4. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?**

Búsetuþættir	Norðurland eystra
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	95
Gott umhverfi til að ala upp börn	94
Nálægð við náttúruna	88
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	88
Góðir leikskólar	87
Góð nettenging og símasamband	85
Fjölbreytt atvinnutækifæri	83
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	81
Kyrrð og ró	77
Að losna við mikla bílaumferð	68
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	66
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	63
Lægra húsnæðisverð	62
Gott framboð af menningu	58
Að búa ekki of þétt	57
Gott framboð á leiguhúsnæði	44
Að háskóli sé á svæðinu	12
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	4

Afgerandi meirihluti þátttakenda á Norðurlandi eystra sagði að það skipti frekar miklu eða miklu máli að búa þar sem glæpir eru fátíðir, eða 95% og 94% sögðu það sama um gott umhverfi til að ala upp börn. Sama hlutfall eða 88% sagði nálægð við náttúru og að góðir grunnskólar séu á svæðinu skipti frekar miklu eða mjög miklu máli og 87% þátttakenda sögðu að góðir leikskólar skiptu frekar eða mjög miklu máli. Um 83% sögðu að fjölbreytt atvinnutækifæri skiptu frekar miklu eða mjög miklu máli (tafla 4). Marktækt fleiri þátttakendur sögðu að góðir leik- og grunnskólar skipti frekar eða mjög miklu máli en þeir sem sögðu það skipti frekar miklu eða miklu máli að framhaldsskóli sé svæðinu og marktækt fleiri sögðu að það skipti frekar miklu eða miklu máli að hafa framhaldsskóla en þeir sem sögðu slíkt hið sama um að háskóli sé á svæðinu (tafla 4).

Aðeins 4% þátttakenda sögðu að nálægð við höfuðborgarsvæði skipti frekar eða mjög miklu máli (tafla 4).

Á Austurlandi sögðu 96% að gott umhverfi til að ala upp börn skipti frekar eða mjög miklu máli og 95% sögðu nálægð við náttúruna skipti frekar eða mjög miklu máli. Þá sögðu 92% að það skipti frekar miklu eða miklu máli að búa þar sem glæpir eru fátíðir (tafla 5).

Tafla 5. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?

Búsetuþættir	Austurland
Gott umhverfi til að ala upp börn	96
Nálægð við náttúruna	95
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	92
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	88
Góð nettenging og símasamband	87
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	84
Fjölbreytt atvinnutækifæri	83
Góðir leikskólar	80
Kyrrð og ró	77
Að losna við mikla bílaumferð	73
Lægra húsnæðisverð	69
Að búa ekki of þétt	54
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	50
Gott framboð af menningu	44
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	32
Gott framboð á leiguhúsnæði	30
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	15
Að háskóli sé á svæðinu	8

Marktækt fleiri sögðu að góðir leik- og grunnskólar skipti frekar miklu og mjög miklu máli en þeir sem sögðu að það skipti frekar eða mjög miklu máli að framhaldsskóli sé á svæðinu. Marktækt fleiri sögðu lægra húsnæðisverð skipti frekar eða mjög miklu máli en þeir sem sögðu að gott framboð á leiguhúsnæði skipti frekar miklu eða mjög miklu máli (tafla 5). Aðeins 8% þátttakenda sögðu að það skipti frekar miklu eða miklu máli að háskóli sé á svæðinu (tafla 5).

Tafla 6. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?

Búsetuþættir	Suðausturland
Góð nettenging og símasamband	100
Gott umhverfi til að ala upp börn	94
Fjölbreytt atvinnutækifæri	93
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	93
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	90
Góðir leikskólar	87
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	85
Nálægð við náttúruna	84
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	84
Kyrrð og ró	75
Að losna við mikla bílaumferð	72
Lægra húsnæðisverð	72
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	72
Gott framboð af menningu	72
Gott framboð á leiguhúsnæði	56
Að búa ekki of þétt	50
Að háskóli sé á svæðinu	25
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	12



Allir þátttakendur á Suðausturlandi sögðu að góð nettenging og símasamband skipti frekar miklu og miklu máli. Þá sögðu 94% gott umhverfi til að ala upp börn skipti frekar miklu eða mjög miklu máli. Aðeins færri eða 93% sögðu að fjölbreytt atvinnutækifæri og að góðir grunnskólar séu á svæðinu skipti frekar miklu eða miklu máli (tafla 6).

Marktækt fleiri sögðu að gott framboð á íþróttum og afþreyingu skipti frekar miklu eða miklu máli en þeir sem sögðu það sama um gott framboð á menningu. Þá voru marktækt fleiri sem sögðu að lægra húsnæðisverð skipti frekar miklu eða miklu máli en þeir sem sögðu gott fram á leiguhúsnæði skipti frekar miklu eða mjög miklu máli, eða 72% á móti 56%. Þá voru marktækt færri eða 25% þátttakenda sem sögðu að það skipti frekar miklu eða miklu máli að háskóli sé á svæðinu (tafla 6).

**Tafla 7. Hvað eru mikilvægir búsetuþættir að þínu mati?**


Búsetuþættir	Vestmannaeyjar
Gott umhverfi til að ala upp börn	97
Góðir leikskólar	94
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	93
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	85
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	84
Fjölbreytt atvinnutækifæri	83
Nálægð við náttúruna	82
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt	81
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	80
Að losna við mikla bílaumferð	79
Góð nettenging og símasamband	78
Kýrrð og ró	77
Lægra húsnæðisverð	71
Gott framboð af menningu	54
Gott framboð á leiguhúsnæði	54
Að búa ekki of þétt	40
Að háskóli sé á svæðinu	16
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	15

Afgerandi meirihluti þátttakenda í Vestmannaeyjum sögðu að gott umhverfi til að ala upp börn skipti mjög eða frekar miklu máli, eða 97%. Þá sögðu 94% að góðir leikskólar skipti frekar miklu eða mjög miklu máli og aðeins færri eða 93% að það skipti frekar miklu eða mjög miklu máli að góðir grunnskólar séu á svæðinu (tafla 7).

Marktækt fleiri sögðu gott framboð á íþróttum og afþreyingu skipta frekar miklu eða miklu máli samanborið við þá sem sögðu það sama um gott framboð af menningu, eða 85% á móti 54%. Þá sögðu einnig marktækt fleiri lægra húsnæðisverð skipta frekar miklu eða miklu máli en að gott framboð á leiguhúsnæði skipti frekar miklu eða miklu máli. Þá sögðu einnig marktækt fleiri að það skipti mjög eða frekar miklu máli að framhaldsskóli sé á svæðinu en að það sé háskóli á svæðinu, eða 80% á móti 16% (tafla 7).

## Búferlaflutningar?

Í þessum hluta var spurt um hvort fólk hefði íhugað að flytja, hvort það ætli að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum, hvert það ætlaði að flytja og hvers vegna.




Mynd 40. Hefurðu íhugað að flytja frá byggðarlaginu?

Af þeim 281 sem svöruðu spurningunni sögðust 150 þátttakendur hafa íhugað að flytja frá byggðarlaginu, eða um 53% (mynd 40).


Þegar þeir sem höfðu íhugað að flytja eru greindir eftir aldri og kyni kom í ljós að um 80% þátttakenda 20-24 ára sagðist hafa íhugað að flytja, um 48% þeirra sem voru á aldrinum 25-29 ára, 54% sem voru á aldrinum 30-34 ára og 45% þátttakenda á aldrinum 35-39 ára. Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu íhugað að flytja, eða 60% á móti 49%.

Reynt var að fá fram af hverju fólk íhugaði að flytja. Flestir nefndu fá atvinnutækifæri eða 37%. Reynt var að flokka svörin niður en næststærsti flokkurinn, 35% inniheldur samantekt á svörum s.s. vegna samgagna, heilbrigðisþjónustu, skorts á þjónustu og líka svör þar sem fólk sagði að því langaði að breyta til (mynd 41).




Mynd 41. Ef svarið er já að þú hafir íhugað að flytja, hvers vegna?

Ljóst er að fábreytt atvinnulíf í byggðarlögum virðist vera sá þáttur sem skipti mestu máli þegar þátttakendur í könnuninni íhuguðu að flytja frá byggðarlaginu.



**Mynd 41. Hefur þú íhugað að flytja frá byggðarlaginu?**


Meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra og á Suðausturlandi hafði íhugað að flytja frá byggðarlaginu. Á Austurlandi sagðist helmingur þátttakenda hafa íhugað flytja. Meirihluti þátttakenda í Vestmannaeyjum hafði ekki íhugað brottflutning frá Eyjum, eða 68% (mynd 41). Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir ætluðu að flytja á næstu fimm árum. Niðurstöður leiddu ljós að um 36% þátttakenda sögðust ætla að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum, sem er 17% færri en þeir sem höfðu íhugað að flytja. Hlutfallslega sögðu fleiri karlar en konur ætla að flytja, eða 42% á móti 32% (42 mynd).




**Mynd 42. Ætlaðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?**

Þegar svörin voru greind eftir landshlutum kom í ljós að hlutfallslega fæstir sögðust ætla að flytja frá Vestmannaeyjum. Fjórir af hverjum tíu sögðust ætla flytja frá Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi á meðan fimm af hverjum tíu hyggja á flutninga frá Suðausturlandi (mynd 43).

Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun




Mynd 43. Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?



Mynd 44. Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?

Um 70% svarenda sem bjuggu í eigin húsnæði sögðust ekki ætla að flytja á næstu fimm árum en meirihluti þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði sagðist aftur á móti ætla að flytja á næstu fimm árum (mynd 44).


Um 65% þátttakenda á aldrinum 20-24 ára sögðust ætla flytja á næstu fimm árum, um 35% á aldrinum 25-29 ára, en hátt í 40% þátttakenda sem voru 30-34 ára og 20% þátttakenda í aldurshópnum 35-39 ára sögðust ætla að flytja á næstu fimm árum (mynd 45).



**Mynd 45. Ætlarðu að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum?**


Niðurstöður benda til þess að meirihluti fólks á aldrinum 20-24 ára sem býr í leiguhúsnæði í sveitarfélögunum sem hér eru til skoðunar ætli sér að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum. Hins vegar ætli afgerandi meirihluti þátttakenda sem er á aldrinum 35-39 ára og sem býr í eigin húsnæði að vera um kyrrt í byggðarlaginu næstu fimm árin.

Þeir sem sögðust ætla að flytja voru beðnir um að svara því hvert þeir ætluðu að flytja. Niðurstöðurnar benda til þess að flestir eða um helmingur svarenda stefni á að flytja til höfuðborgarsvæðisins en tekið var fyrsta svar s.s. ef svar var „Reykjavík eða til útlanda“ þá var tekið svarið Reykjavík. Um 27% sem svöruðu þessari spurningu stefna á flutning til útlanda. Einungis voru tekin svör þar sem fólk nefndi stað/staði en ekki þau svör þar sem stóð „veit ekki“.



**Mynd 46. Ef svarið er já að þú ætlir að flytja á næstu fimm árum, þá hvert?**

Hjá þátttakendum sem sögðust ætla að flytja nefna um 36% ástæðuna vera í tengslum við nám, annað hvort vegna eigin náms eða maka og/eða barna. Næstflestar eða 35% nefna vegna atvinnutækifæra (mynd 47).



**Mynd 47. Ef svarið var já að þú ætlir að flytja á næstu fimm árum, hvers vegna?**

Marktækt fleiri eða um 80% þátttakenda með grunnskólamenntun sögðust ekki ætla að flytja frá byggðarlaginu. Ekki var marktækur munur á svörum þeirra sem höfðu lokið stúdentsprófi, um 47% ætla að flytja og 53% ætla ekki að flytja. Um 40% þátttakenda með iðnskólamenntun og um 35% þátttakenda með háskólamenntun sögðust ætla að flytja. Niðurstöður benda til þess að þeir sem höfðu lokið háskólanámi þ.e. fyrstu prófgráðu voru líklegastir til að ætla að flytja en einstaklingar með grunnskólapróf sem hæstu prófgráðu og þeir sem höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi voru ólíklegastir til að ætla að flytja frá byggðarlaginu á næstu fimm árum. Þeir sem sögðu atvinnutækifæri fyrir karla og konur frekar eða mjög einhæft voru marktækt líklegri til að ætla að flytja á næstu fimm árum en þeir sem sögðu atvinnulíf mjög eða frekar fjölbreytt.

***Þjónustukönnun - Spurningalisti sem sendur var vegna allra þéttbýlisstaða sem teknir voru fyrir í könnuninni.***

---

**Þjónustuyfirlit fyrir (nafn á stað)**

**Unnið af:**

Verslun og þjónusta

1. Er dagvöruverslun á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta dagvöruverslun?  
Svar:
2. Er stórmarkaður á staðnum? Ef ekki, hvar er næsti stórmarkaður ?  
Svar:
3. Er lágvöruverslun á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta lágvöruverðsverslun?  
Svar:
4. Er vínbúð á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta vínbúð?  
Svar:
5. Er bakarí á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta bakarí?  
Svar:
6. Er veitingahús á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta veitingahús?  
Svar:
7. Er hágreiðslustofa á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta hárgreiðslustofa?  
Svar:
8. Er bókhaldsstofa á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta bókhaldsþjónusta?  
Svar:
9. Er tölvuþjónusta á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta tölvuþjónusta?  
Svar:

Opinber þjónusta

10. Er lögregluþjónn að jafnaði á vakt á staðnum? Ef ekki, hver er næsti staður með lögregluþjón á vakt?  
Svar:
11. Er heilsugæsla á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar heilsugæslu?  
Svar:
12. Er dvalarrými fyrir aldraða á staðnum? Ef ekki, hvert sækja aldraðir dvalarrými?  
Svar:
13. Er starfandi læknir á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar lækniþjónustu?  
Svar:
14. Er starfandi tannlæknir á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar tannlækniþjónustu?  
Svar:

Húsnæði:

15. Hversu mikið framboð er á íbúðahúsnæði til sölu á staðnum?

Mikið/Nokkuð/Lítið/Ekkert

Svar:

16. Hversu mikið framboð á íbúðahúsnæði til leigu á staðnum?

Mikið/Nokkuð/Lítið/Ekkert

Svar:

17. Hvaða orkugjafi er notaður til upphitunar húsnæðis á staðnum?

Svar:

Þjónusta iðnaðarmanna:

18. Er vélsmiðja á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta vélsmiðja?

Svar:

19. Er trésmiðja á staðnum? Ef ekki, hver er næsta trésmiðja?

Svar:

20. Er rafvirki á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta rafvirkjaþjónusta?

Svar:

21. Er pípulagningarmaður á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta pípulagningarþjónusta?

Svar:

22. Er múrari á staðnum? Ef ekki, hvar er næsti múrari?

Svar:

23. Er bifreiðaverkstæði á staðnum? Ef ekki, hvar er næsta verkstæði?

Svar:

Menntun, íþróttir, menning:

24. Er leikskóli á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar leikskólaþjónustu?

Svar:

25. Er grunnskóli frá 1.-10.bekk á staðnum? Ef ekki, hvert sækja grunnskólabörn skóla?

Tilgreinið hvaða bekki börn þurfa að sækja annað, ef við á.

Svar:

26. Er tónlistarskóli á staðnum? Ef ekki, hvert sækja tónlistarnemendur tónlistarkennslu?

Svar:

27. Er fjarnámsver á staðnum? Hvað sækja margir þjónustu versins á vorönn 2011?

Svar:

28. Er íþróttahús á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar íþróttahús?

Svar:

29. Er sundlaug á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar til að komast í sund?

Svar:

30. eru skipulagðar íþróttæfingar fyrir börn og ungmenni á staðnum? Ef svo er hvaða æfingar? Ef ekki, sækja þau þá æfingar annað og þá hvert?

Svar:



31. Er skipulagt tómstundastarf fyrir börn og ungmenni á staðnum? Ef svo er, hverskonar? Ef ekki sækja þau þá slíkt tómstundastarf annað og þá hvert?  
Svar:
32. Er Vinnuskóli (unglingavinna) fyrir börn á grunnskólaaldri á staðnum?  
Svar:
33. Er skipulagt félagsstarf fyrir eldri borgara á staðnum? Ef ekki, sækja þeir þá slíkt félagsstarf annað og þá hvert?  
Svar:
34. Er bóksafn á staðnum? Ef ekki, hvert sækja íbúar bókasafnsþjónustu?  
Svar:
35. Er leikfélag starfandi á staðnum?  
Svar:
36. Er kór/kórar starfandi á staðnum, aðrir en kirkjukórar?  
Svar:
37. Er kvikmyndahús á staðnum?  
Svar:
38. Er samkomuhús á staðnum?  
Svar:
39. Eru aðfengnir menningarviðburðir algengir á staðnum? Mjög/Nokkuð/Lítið/Ekki  
Svar:

## Burðarásar í atvinnulífi

### Byggðarlög þar sem eitt fyrirtæki er ráðandi

Við heimsóttum 15 fyrirtæki í heimsóknum okkar í 30 sveitarfélög á landinu. Það sem þessi 15 fyrirtæki eiga sameiginlegt er að þau eru burðarás í sínu samfélagi, eða í viðkomandi þéttbýli, því undantekningarlaust eru þau staðsett í þéttbýli. Af þessum 15 fyrirtækjum eru 13 sjávarútvegsfyrirtæki. Hin þrjú eru sitt af hverju tagi, einn sparisjóður, eitt kaupfélag og loks fyrirtækið Austfar á Seyðisfirði.

### NORÐURLAND:

#### GPG á Húsavík

Stofnað árið 1997

**Starfsemi á Húsavík:** saltfiskvinnsla og fiskþurrkun

**Starfsemi á Raufarhöfn:** frysting á hrognum og makrill, Grásleppa, bolfiskur. Blönduð vinnsla.

**Starfsmenn:** alls 100 talsins, 20-30 á Raufarhöfn og helmingur þeirra erlendir

**Bátar:** 4-5

**Kvóti:** 400 tonn í makríl og 2000 tonna þorskígildi (þar af 1400 tonn í þorski)

**Keypt á markaði til vinnslu:** 1500-2000 tonn. Taka strandveiðafisk en telja hann slakt hráefni

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Jökull ehf á Raufarhöfn. Stefna að auknum makrílveiðum á Raufarhöfn. Samstarf við Ísfélagið á Þórshöfn og HB Vopnafirði um hráefni

**Styrkleikar:** Stöndugt fyrirtæki sem kemur að flestum sjávarútvegsfyrirtækjum á svæðinu. Samstarf við önnur fyrirtæki um hráefni og flutninga. Raufarhöfn er vel staðsett varðandi fiskimið. Fyrirtækið fyrirhugar ekki að fara þaðan. Góðar samgöngur á milli með nýjum vegi.

**Veikleikar og ógnanir:** Löng flutningsleið og hár kostnaður. Erfiðleikar á saltfiskmarkaði, lækkun verðs og slæm samkeppnisstaða. Fækkun íbúa og verri þjónusta og mikil ábyrgð að vera stærsta fyrirtækið. Frosinn markaður með kvótaleigu, skortur á aflaheimildum. Vantar fjármagn til endurbóta og framkvæmda.

#### Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn

Ísfélag Vestmannaeyja hf var stofnað 1901, í lok árs 2006 keypti það 100% hlut í Hraðfrystistöð Þórshafnar og sameinaði Ísfélagi Vestmannaeyja hf. Ísfélagið er með höfuðstöðvar sínar í Vestmannaeyjum og rekur starfstöðvar á tveimur stöðum, í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

**Starfsemi:** Ísfélagið rekur fiskimjölsverksmiðjur og frystihús á báðum stöðum. Í frystihúsum félagsins eru unnar bæði uppsjávarfisktegundir og bolfisktegundir eins og loðna, síld, makrill, þorskur, ufsi, ýsa og steinbítur.

**Starfsmenn:** Um 60 starfsmenn sem vinna hjá Ísfélaginu á Þórshöfn bæði í fiskimjölsverksmiðjunni og frystihúsinu. Á vertíðum bætist um það bil annað eins við af starfsfólki.

**Bátar:** Ísfélagið á 5 uppsjávarfiskveiðiskip og eitt bolfiskveiðiskip. Eitt af uppsjávarveiðiskipunum stundar einnig bolfiskveiðar á milli.

**Styrkleikar:** Góð höfn á Þórshöfn, sem m.a. var grundvöllur þess að Ísfélagið vildi staðsetja sig á Þórshöfn. Besta niðurstaða að fá Ísfélagið fremur en önnur fyrirtæki sem vildu koma. Engin neikvæð umræða sem skilar sér í sterkri stöðu og og fjölgun íbúa. Samgöngubætur skiptu miklu. Samstarf við önnur fyrirtæki, t.d. GPG á Húsavík. Fyrirtækið mjög mikilvægt á staðnum.

**Veikleikar og ógnanir:** Neikvæðni gagnvart sjávarútvegi, Ríkisstjórnir, samdráttur, löng flutningaleið. Niðurskurður í opinberri þjónustu. Óvissa í kvótamálum, lítið rekstraröryggi. Togstreita landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Léleg þekking á sjávarútvegi í stjórnkerfinu og lítil tengsl við greinina sjálfa. Of hátt raforkuverð. Ójöfn samkeppnisskilyrði. Vitlaust skráð gengi og tilfærsla fjármuna af landsbyggð til höfuðbogar. Aðild að ESB.

Afurðir félagsins eru seldar til margra landa, eins og Bretlands, Frakklands, Spánar, Rússlands, Póllands, Litháen, Úkraínu, Japans, Kína, Hvíta Rússlands og Noregs.

### **Rammi á Siglufirði**

Hét áður Þormóður rammi-Sæberg hf og er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Núverandi félag varð til við margar sameiningar sjávarútvegsfyrirtækja síðustu 15 árin m.a. Sæberg hf og Magnús Gamalíelsson hf á Ólafsfirði, Siglósíld hf á Siglufirði, Árnesi hf í Þorlákshöfn o.fl.

**Starfsemi:** Gerir út 5 skip frá Fjallabyggð og Þorlákshöfn og starfrækir bolfisk – og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuverksmiðju í Fjallabyggð.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Primex ehf sem framleiðir kítín og kítósan úr rækjuskel. Rammi ehf stofnaði Primex 1999 og þar starfa um 15 manns. Fyrirtækið fékk Nýsköpunarverðlaun Íslands árið 2012.

**Starfsmenn:** alls 230-270 við veiðar og vinnslu á Siglufirði og Þorlákshöfn, erlendir starfsmenn eru ekki margir.

**Bátar:** Gerir út tvo frystitogara, tvo dragnótarbáta og einn ísfisktogara, Mánaberg ÓF-42, Fróða ÁR-38, Múlaberg SI-22, Jón á Hofi ÁR-42 og Sigurbjörgu ÓF-1. Skipin eru gerð út frá Siglufirði, Ólafsfirði og Þorlákshöfn.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildi (þar af 1400 tonn í þorski) Keypt á markaði til vinnslu um 1500-2000 tonn.

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Primex ehf ásamt Samherja, Síldarvinnslunni og fl. Arctic Seafood sölufélagi í Bretlandi sem selur afurðir félagsins erlendis. Á að auki minnihluta í félögunum Ráeyri ehf og Kristbjörgu ehf.

**Styrkleikar:** stórt og öflugt fyrirtæki. Samgöngubætur með göngum um Héðinsfjörð.

**Veikleikar og ógnanir:** Fólksfækkun hefur ógnað. Gríðarlegur tekjumissir ef breytingar verða samþykktar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Afurðir félagsins eru seldar til Evrópu, Asíu og Bandaríkjanna.

## **AUSTURLAND:**

### **HB Grandi á Vopnafirði**

HB Grandi hefur verið með starfsstöð á Vopnafirði frá árinu 2004 þegar fyrirtækið sameinaðist Tanga ehf.

**Starfsemi:** Vinnsla á uppsjávarfiski á Vopnafirði. Síld og loðna. Bræðsla. Frysta um 18.000 tonn á ári og framleiða um 8.000 tonn af mjöli. Flytja út um 30.000 tonn á ári.

**Akranes og Reykjavík;** Veiðar og vinnsla á bolfiski.

**Starfsmenn:** alls 60 við vinnslu, fáir erlendir starfsmenn. Alls starfa 700 manns hjá HB Granda á landinu.

**Bátar:** 3 skip sem landa uppsjávarfiski, stundum einn bátur að auki.

**Kvóti:** HB Grandi hefur til umráða rúm 10% af heildar þorskígildum sjávarútvegsins á Íslandi.

**Styrkleikar:** Efling og uppbygging í uppsjávarfiski er á Vopnafirði, ekki hinum stöðunum. Miklar endurbætur og uppbygging á staðnum. Fyrirtækið skapar mörg störf. Traust starfsemi. Mikil uppbygging í þorpinu, m.a. framkvæmdir við höfnina. Fyrirtækið styrkir samfélagið beint og óbeint.

**Veikleikar og ógnanir:** Erfitt að fá vinnuafli utan svæðis. Erfiðar samgöngur. Húsnæðisskortur á staðnum. Niðurskurður í opinberri þjónustu. Neikvæð umræða um sjávarútveg. Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu ógnun.

Afurðir fyrirtækisins eru seldar víða en helstu markaðir eru í Evrópu, Norður Ameríku og Asíu.

### **Austfar á Seyðisfirði**

Stofnað 1984

**Starfsemi:** Afgreiðsla ferjunnar Norrænu og sala á ferðum. Skoðunarferðir á sumrin.

Ferjan Norræna siglir með farþega í apríl-október um 35.000 manns árlega. Fraktsiglingar með Norröna eru á hendi Blue Water Shipping. Farþegaflutningar að vetrinum eru með lágmarkspjónustu um borð frá nóvember til mars.

**Starfsmenn:** Fastir starfsmenn 4 og allt að 25 á aðalferðamannatíma að sumrinu.

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Norrænu ferðaskrifstofunni í Reykjavík og að Smyril Line í Færeyjum.

**Styrkleikar:** Öflug og mikilvæg starfsemi með hliðaráhrif.

**Veikleikar og ógnanir:** Austfar á ekki lengur stjórnarmann í Smyril Line. Þrátt fyrir það er mikið og gott samstarf milli félaganna og gætir Austfar ásamt Norrænu ferðaskrifstofunni allra hagsmuna fyrir p/f Smyril Line á Íslandi sem umboðsaðilar. Samgöngur um Fjarðarheiði, Möðrudalsöræfi og Fagradalinn eru veruleg ógnun, ekki bara við ferðapjónustu, heldur einnig fragtflutninga og varðandi almenna íbúápróun.

### **Vísir á Húsavík og Djúpavogi:**

Vísir ehf var stofnað 1965 og er að meirihluta í eign Páls H. Pálssonar og fjölskyldu hans. Vísir hefur haft starfsstöð á Djúpavogi frá 1999 þegar fyrirtækið keypti meirihluta í Búlandstindi og á Húsavík frá 2002 þegar það eignast meirihluta í FH.

**Starfsemi:** á fjórum stöðum, Djúpavogi, Húsavík, Þingeyri og Grindavík, höfuðstöðvar eru í Grindavík.

Djúpivogur: saltfiskur og keila. Unnið úr um 4000 tonnum árlega. Fjöldi starfsmanna um 50.

Húsavík: bitavinnsla, unnið úr ýsu og þorski. Bæði ferskar og frosnar afurðir. Unnið úr rúmlega 4000 tonnum árlega og starfsmenn um 50.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Fiskmarkaður á Húsavík.

**Starfsmenn:** alls 50-60 starfsmenn á hverjum stað, erlendir starfsmenn eru um 60% og eru meirihluti á Húsavík, flestir Pólverjar.

**Bátar:** Fimm beitningavélabátar sem landa fyrir austan á haustin, annars fyrir sunnan og aflanum ekið á milli. Eftirtaldir bátar eru í eigu félagsins: Páll Jónsson GK- 7, Kristín GK – 157, Sighvatur GK- 57, Hrungnir GK – 50, Jóhanna Gísladóttir ÍS - 7. Fiskur er líka keyptur á markaði.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildi (þar af 1400 tonn í þorski)

**Styrkleikar:** Góð mið sem liggja vel við. Starfsemin er stöðug. Sami rekstrarstjóri á Djúpavogi og Húsavík.

**Veikleikar og ógnanir:** Löng flutningsleið. Óvissa í fiskveiðistjórnun. Leigumarkaður með kvóta frosinn.

Helstu markaðir Vísis fyrir saltfisk eru í Suður-Evrópu, einkum á Spáni, Ítalíu og Grikklandi en einnig í Portúgal. Helstu markaðir fyrir frosnar og ferskar afurðir eru í Bandaríkjunum, Bretlandi og Norður-Evrópu.

## **SUÐURLAND:**

### **Skinney-Þinganes á Höfn**

Rætur að rekja til 1946 en síðan hafa orðið ýmsar breytingar á félaginu. Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Skinney hf., útgerðarfélagið Þinganes ehf. og Borgey hf. á Höfn voru sameinuð undir nafninu Skinney – Þinganes hf. í janúar 1999.

**Starfsemi:** Skinney – Þinganes rekur saltfiskverkun, humar- og uppsjávarfrystingu. Félagið hefur að auki verið lítilsháttar í bolfiskvinnslu og ferskum afurðum. Að auki er fyrirtækið með fiskimjölsverksmiðju og netaverkstæði og fleiri þjónustudeildir.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Þátttaka í fyrirtæki sem er að sjóða niður þorsklifur og fyrirtæki sem sér um sölu á afurðunum. Mikil þátttaka í samfélaginu með styrkjum.

**Starfsmenn:** Alls 170-220 við veiðar og vinnslu, eitthvað af erlendum starfsmönnum sem er með fasta búsetu á Höfn. Skólakrakkar manna humarvinnsluna á sumrin og með skóla.

**Bátar:** Gerir út sjö skip (90-100 sjómenn)

**Kvóti:** 13.500 tonn af þorskígildum og að auki lítilsháttar keypt á markaði til vinnslu.

**Styrkleikar:** fyrirtækið stendur sterkt og ekki síst ef ekki verður af breytingum á fiskveiðikerfi. Góður og traustur markaður.

**Veikleikar og ógnanir:** óvissa um kvótakerfi og stöðnun sem því fylgir. Útgerðum hefur fækkað á Höfn og kvótinn verið seldur og burt að hluta. Hafnaraðstaða þyrfti að batna. Afurðir félagsins eru seldar út um allan heim. Saltfiskur til Spánar, Portúgals og Ítalíu, humar til Spánar og Kanada og uppsjávarfiskur aðallega til Austur Evrópu og Asíu.

### **Vinnlustöðin í Eyjum:**

Stofnað árið 1946 og er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Vinnlustöðin er stærsti vinnustaður Vestmannaeyja og því einn af burðarásam samfélagsins þar. Heimamenn í Eyjum eiga 2/3 í Vinnlustöðinni og mikil áhersla lögð á að meirihlutaeign sé þar svo kvótinn fari ekki. Eignarhald er dreift – um 260 hluthafar í dag.

**Starfsemi:** Mjög fjölbreytt starfsemi og vertíðadrifin. Uppsjávarveiðar, tog- og netaveiðar og allar tegundir fiskjar nema rækja. Gerir út fjögur togskip, einn netabát og tvö uppsjávarskip. Starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, bolfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Á og rekur fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Tvö söluvirkir erlendis og ein í Reykjavík. Selja afurðir sínar til Rússlands, Póllands, Úkraínu, Noregs, Spánar, Kanada, Bretland og Þýskaland.

### **Önnur starfsemi og/eða**

**rannsóknir:** þátttaka í þróunarverkefnum, rannsóknnum og matarverkefnum Gríms kokks. Talsvert um styrki til ýmissa samfélagsmála.

**Starfsmenn:** 140 sjómenn og 280

ársverk í vinnslu með 150-200 manna fastan kjarna, fáir erlendir starfsmenn en fer fjölgandi.

Skólakrakkar vinna við makríl og humar.

**Kvóti:**

Vinnlustöðin er með 4,5% af heildaraflaheimildum landsins, þar af eru 55% uppsjávarfiskur. Kaupir að auki á markaði til vinnslu um 1500-2000 tonn.

**Eignaraðild að**

**fleiri fyrirækjum:** Huginn ehf.

**Styrkleikar:**

Fiskurinn er fluttur beint út frá Eyjum sem er kostur. Í raun styrkur að hafa tvö jafn sterk fyrirtæki á staðnum. Þau eru á lík á margan hátt en ólík á annan.

**Veikleikar og ógnanir:** Óöryggi í stjórnkerfi fiskveiða í landinu.

## **VESTFIRÐIR:**

### **Kampi ehf, Ísafirði**

Stofnað 2007 þegar rækjuverksmiðjan Miðfell ehf hætti starfsemi. Stærsti hluthafi Kampa ehf er útgerðarfélagið Birni ehf. Aðrir hluthafar eru nokkrir af lykilstarfsmönnum fyrirtækisins, Byggðastofnun og síðan nokkrir einstaklingar

**Starfsemi:** Rekstur rækjuvinnslu á Ísafirði. Hráefnið er ferskrækja veidd á Íslandsmiðum af skipum útgerðarinnar Birni ehf og viðskiptabátum, innfjarðarrækja úr Ísafjarðardjúpi, frosin rækja af innlendum frystiskipum og frosin innflutt rækja frá Noregi, Kanada, Grænlandi og Færeyjum. Kampi framleiddi 3.500 tonn af afurðum árið 2011.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Vöruþróun á rækjuskel unnin í mjölvinnslu sem nýbúið er að fjárfesta í.

**Starfsmenn:** Um 50 og að auki 35 hjá útgerðinni, Birni ehf

**Eignarhlutur í öðrum félögum:** Jafn eignarhlutur á móti Birni ehf í útgerðarfélaginu Sædís ehf sem á frystitogarann Ísbjörn ÍS 304

**Styrkleikar:** Góð vinnsla, gott hráefni, góðar afurðir, gott og hæft starfsfólk.

**Veikleikar og ógnanir:** Breytingar á fiskveiðistjórnun. Lítil áhugi ráðamanna á starfsemi sem þessari. Ótryggt rafmagn. Mikill flutningskostnaður á hráefni og afurðum.

Vörur Kampa ehf eru seldar á erlenda markaði, til Bretlands, Norðurlandanna og meginlands Evrópu.

### **HG, Hnífsdal**

Hraðfrystihúsið – Gunnvör ehf varð til við sameiningu Hraðfrystihússins hf í Hnífsdal og Gunnvarar ehf á Ísafirði árið 1999. Hraðfrystihúsið hf var stofnað 1941 og er fyrirtækið því núna rúmlega 70 ára gamalt. Fyrirtækið er 99% í eigu fjögurra fjölskyldna upphaflegu stofnenda þess.

**Starfsemi:** Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf er vestfirskt sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar útgerð, fiskvinnslu og fiskeldi. Starfsstöðvar í Hnífsdal, Ísafirði, Súðavík og seiðaeldi á Nauteyri. Bolfiskvinnsla fyrirtækisins er á Hnífsdal og á Ísafirði þar sem aðallega er unninn þorskur, ýsa og ufsi en aðrar fisktegundir eru seldar á markaði. Unnið er úr 5000 tonnum árlega og fiskur fluttur út ferskur, saltaður og frosinn.

#### **Önnur**

**starfsemi og/eða rannsóknir:** Fyrirtækið er með umsvifa mikið eldi á þorski í Álftafirði og Seyðisfirði og á að auki stóran hlut í seiðaeldisstöðinni Háafelli ehf á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi. Fiskeldi en eldið og vinnslan vinnur vel saman en um 500 - 1000 tonnum af fiski er slátrað úr fiskeldinu árlega í fiskvinnslunni. Ein af hliðargreinum fiskeldisins er niðursuða á þorsklifur í Súðavík. Rannsóknir og þátttaka í þróunarstarfi hefur verið stór þáttur í fiskeldinu og farið vaxandi. Undanfarin áratug hefur fyrirtækið lagt aukna áherslu á bættu meðferð hráefnis og unnið ýmis þróunarverkefni í því sviði með Matís og 3X Technology.

#### **Starfsmenn:**

Starfsmenn eru um 200 í 140 stöðugildum.

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Stærsti eigandi í Klofningi sem er með starfsstöðvar á Suðureyri, Brjánslæk, Ísafirði og Tálknafirði. Mikið samstarf á milli fyrirtækjanna með hausþurrkun o.fl. Einnig fyrirtæki í Höfnum sem tengist fiskeldinu.

**Bátar:** Gerir út 3 togara, frystitogarann Júlíus Geirmundsson ÍS – 270 og ísfisktogarana Stefni ÍS – 2 og Pál Pálsson ÍS – 102.

**Kvóti:** Um 8.800 tonn í þorskígildum.

**Styrkleikar:** Öflugt fyrirtæki með starfsemi víða.

**Veikleikar og ógnanir:** Mikil óvissa samhliða fyrirhuguðum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Afurðir fyrirtækisins eru seldar til Bandaríkjanna og meginlands Evrópu (frystur fiskur), Spánar (saltfiskur), meginland Evrópu og Bretland (ferskur fiskur), Asía og S – Evrópa (karfi og grálúða).

### **Sparisjóður Bolungarvíkur**

Stofnaður 1908 af heimamönnum á Bolungarvík. Sameinaðist Sparisjóði Súgfirðinga 1994. Stærstu eigendur Sparisjóðs Bolungarvíkur í dag eru: Ríkissjóður Íslands (Bankasýsla Ríkisins) með 90,95%, Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV og 286 stofnfjáreigendur með 5%.

**Starfsemi:** Banki í Bolungarvík og á Suðureyri. Atvinnulíf á svæðinu er í viðskiptum við sjóðinn, alla vega 60-70% fyrirtækja. Yfirumsjón erlendra lána sparisjóðanna er hjá Sparisjóði Bolungarvíkur.

**Starfsmenn:** 11.

**Styrkleikar:** Mikilvæg starfsemi á svæðinu, hraðari afgreiðsla og boðleiðir styttri.

**Veikleikar og ógnanir:** Hefur verið lítið um nýsköpun og ný fyrirtæki fyrir utan fisk en jákvæð teikn á lofti.

### **Þórsberg, Tálknafirði**

Stofnað 1975 og er í meirihlutaeigu Guðjóns Indriðasonar og fjölskyldu.

**Starfsemi:** Blfiskveiðar og vinnsla. Saltfiskur, ferskur og frystur fiskur. Ferskfiskur í vexti. Unnið úr um 2500 - 3000 tonnum árlega.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Fiskeldi í Þóroddi ehf í samstarfi við Odda hf á Patreksfirði.

**Starfsmenn:** Um 65 við veiðar og vinnslu, erlendir starfsmenn um 80% í vinnslunni.

**Bátar:** Kópur BA 175, Indriði Kristins BA 751 og Sæli BA 333, auk tveggja handfærabáta.

**Kvóti:** 800 tonn í þorskígildi og svipað magn leigt.

**Keypt á markaði til vinnslu:** 100 tonn

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Þóroddi ehf, og Oddþór ehf.

**Styrkleikar:** Stórt fyrirtæki í eigu heimamanna og með mikla samfélagsvitund. Samstarf við önnur fyrirtæki í nágrenninu t.d. við Odda hf á Patreksfirði er mikið og gott.

**Veikleikar og ógnanir:** Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Slæmar samgöngur. Hráefnisöflun erfið, leigumarkaður frosinn.

Fersku afurðirnar eru seldar til Belgíu, Frakklands og Bretlands. Frosnar afurðir til Bretlands og Bandaríkjanna. Saltfiskur er seldur til Ítalíu, Grikklands og Spánar.

### **Oddi hf, Patreksfirði**

Stofnað árið 1967. Eigendur Odda hf eru Vestri ehf með 49% hlut, Ker með 15%, VÍS og Olís með 10% hlut hvort félag, Tryggingamiðstöðin 5% og aðrir hluthafar 11%.

**Starfsemi:** Bolfiskvinnsla sem framleiðir og flytur út frosinn og ferskan fisk og saltfisk. Unnið úr um 4000 tonnum árlega.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Þóroddur sem er fiskeldisfyrirtæki rekið í samstarfi við Þórsberg á Tálknafirði. Samstarf við Fjarðalax. Þóroddur ehf tekur einnig þátt í kræklingaeldi. Samstarf á ýmsum sviðum tengdum sjávarútvegi.

**Starfsmenn:** 75 starfsmenn á sjó og landi, þar af eru erlendir starfsmenn 40 sem manna fiskvinnsluna að mestu.

**Bátar:** Núpur BA – 69, Brimnes BA – 800 og Vestri BA – 63 sem er í eigu Vestra ehf móðurfélags Odda og leggur upp hjá fyrirtækinu og Birta BA – 72 sem er í eigu Odda að hluta.

**Kvóti:** 2200 tonna þorskígildi í eigu Odda hf.

**Eignaraðild að öðrum fyrirtækjum:** Þóroddur ehf og Stapar ehf.

**Styrkleikar:** stórt fyrirtæki og eina vinnslan á staðnum. Samfélagsvitund og vilji til að halda kvóta og starfsemi á staðnum.

**Veikleikar og ógnanir:** Erfiður afurðamarkaður sérstaklega í Suður-Evrópu. Stjórn málin ógnun, þ.e. breytingar á kvótakerfi. Flutningar, kostnaður og vondar samgöngur. Niðurskurður á opinberri þjónustu.

**Sala á afurðum fyrirtækisins:** Rekur sína eigin markaðsstarfsemi ásamt því að eiga í samstarfi við sölusamtök og fagaðila um sölu á afurðum. Afurðir fyrirtækisins fara aðallega á markaði í Englandi, Ítalíu og Spáni, auk Bandaríkjanna, Sviss og Frakklands.

### **Hólmadrangur ehf, Hólmavík**

Fyrirtækið Hólmadrangur ehf. var stofnað árið 1978 og rekur fullkomna rækjuvinnslu á Hólmavík sem hefur verið mikið endurnýjuð og byggð upp á undanförunum árum. Rækjuvinnsla hefur verið rekin samfellt á Hólmavík frá árinu 1965 eða í yfir 40 ár. Eigendur eru Kaupfélag Steingrímsfjarðar 50% og Fisk Seafood ehf 50%.

**Starfsemi:** Rækjuvinnsla. Unnið úr 7-8000 tonnum árlega.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:**

**Starfsmenn:** alls 24, fáir erlendir starfsmenn.

**Keypt á markaði til vinnslu:** Upphaflega byggðist rækjuvinnslan upp í kringum veiðar á innfjarðarrækju úr Húnaflóanum, en nú seinni ár hefur innflutt frosið hráefni verið uppistaðan í vinnslunni. Mestöll rækjan er keypt erlendis frá, frá Noregi og Kanada en eitthvað innanlands og hefur verið að aukast með auknum rækjuveiðum í Djúpi.

**Eignarhluti í öðrum félögum:** Strandaskel ehf (fyrirtæki í vinnslu á bláskel) og Hornsteinar fasteignafélag ehf (byggingarfélag).

**Styrkleikar:** Ein af þremur stærstu og öflugustu rækjuvinnslum landsins. Ágætur markaður. Sterkir bakhjarlar. Góð staðsetning varðandi veiðar og eldi ef út í slíkt yrði farið.

**Veikleikar og ógnanir:** Ekki tenging við útgerð sem er áhættuþáttur, þ.e. að fyrirtækið er of háð markaði með hráefnisöflun. Hár flutningskostnaður.

#### **Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík**

Stofnað 29. desember 1898 og er með elstu kaupfélögum á landinu.

**Starfsemi:** Verslun á Hólmavík sem var endurskipulögð árið 2011 þegar söluskáli var sameinaður verslunarrekstrinum og eru þar líka seldar veitingar. Rekur einnig dagvöruverslanir á Drangnesi og í Norðurfirði auk byggingavöruverslunar á Hólmavík.

**Önnur starfsemi og/eða rannsóknir:** Umboð fyrir VÍS og N1, vöruafgreiðsla fyrir Vörumiðlun.

**Starfsmenn:** um 18 starfsmenn, fer eftir árstíma.

**Eignaraðild að öðrum félögum:** Félagið á 50% hlut í Hólmadrangi. Eignarhlutur í Fiskmarkaði Hólmavíkur ehf og Fiskvinnslunni Drangi á Drangnesi og fleiri félögum.

**Styrkleikar:** Góð staða kaupfélagsins og lítil starfsmannavelta. Endurbætur sem verið var að vinna að og komu til framkvæmda 2011. Aukning í verslun með vegabótum og aukinni umferð. Staðsetning Hólmavíkur og vegabætur auka umferð um höfnina og þar með eykst þjónusta.

**Veikleikar og ógnanir:** Húsnæðisskortur. Spurning hvort heimamenn versli meira annars staðar vegna samgöngubóta.



## ***Elín Gróa Karlsdóttir, lánasérfræðingur á Byggðastofnun:***

### **Með konum skal land byggja!**

Rannsóknir á búferlaflutningum á milli landssvæða á Íslandi hafa ekki verið margar undanfarna áratugi en áhugi á málaflokknum hefur aukist hin síðari ár. Fyrst ber að nefna rannsókn Stefáns Ólafssonar frá 1997 sem gerð var fyrir Byggðastofnun. Það er þó einn stór annmarki á rannsókn Stefáns og margra annarra rannsókna á þessu sviði sem gerðar voru fyrir þann tíma að rannsóknirnar eru ekki kyngreindar.

Aðrar rannsóknir sem vert er að nefna er rannsókn Karls Benediktssonar og Hjalta Nielsen sem framkvæmd var fyrir Byggðastofnun 2008 á áhrifum þjónustustigs á brottflutning frá völdum byggðarlögum, rannsókn Grétars Þórs Eyþórssonar og fl. sem unnin var fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 2006 þar sem sjónum var beint að ímynd Vesturlands og íbúakannanir Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2008 og 2011. Niðurstaða rannsókna Karls og Hjalta var að lágt þjónustustig stuðlar að meiri brottflutningi en ella, og á hinn bóginn að mikið framboð á þjónustu dregur úr brottflutningi (Karl Benediktsson og Hjalta Nielsen, 2008). Niðurstöður Grétars Þórs og fl. var að góð umgjörð um fjölskylduna virðist veða þyngst hjá fólki þegar kemur að því að velja búsetu (Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2009). Þó taka rannsakendur það fram að hafa verður í huga að mikil velmegun ríkti á Íslandi þegar þessi rannsókn var gerð árið 2006. Á slíkum tímum geti fólk leyft sér að horfa til þátta sem lúta að auknum lífsgæðum varðandi þjónustu við fjölskylduna og auðugum náttúrugæðum, en viðbúið að með auknum efnahagslegum þrengingum hjá fólki setji það ofar að halda efnahagslegum þáttum í lagi og flytjist búferlum þess vegna.

Tekin voru saman kyngreind gögn úr rannsókn Grétars Þórs og fl. frá 2006 og reynt að meta hvort orsakabættir búferlaflutninga kvenna séu frábrugðnir þeim sem orsaka búferlaflutninga karla (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Samkvæmt niðurstöðum úr kyngreindu rannsókninni ættu aðgerðir til að fjölga konum á landsbyggðinni að beinast að því að styrkja þjónustu við barnafjölskyldur og byggja upp góðlífskjör og framfærslu (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). En af hverju er nauðsynlegt að kyngreina upplýsingar í svona rannsóknum? Fyrir því eru margar ástæður en einna veigamest er sú að þó mikið hafi áunnist í jafnréttisbaráttu hér á landi sl. 100 ár er fullu jafnrétti ekki náð. Konur sinna enn í mun meira mæli heimili og barnaupveldi en karlar og tölur sína að enn vinna karlar lengri vinnudag en konur. Vinnumarkaður er enn mjög kynskiptur og námsval kvenna frábrugðið námsvali karla. Þessi atriði ásamt fleirum gera það að verkum að aðstæður kvenna og karla eru ekki þær sömu, búsetuþarfir og óskir um búsetu eru ekki endilega þær sömu og því verður að skoða hlutina í ljósi þess.

Skýrsla Byggðastofnunar um byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun sem kom út árið 2008 sýndi mikið mitti í aldursþýrmyndunum þ.e. a.s. að mikið hefur fækkað í aldurshópnum milli 20-39 ára á landsbyggðinni. Þetta er sérstakt áhyggjuefni því í raun er þessi aldurshópur lýðfræðilega mikilvægur þ.e.a.s. um er að ræða fólk sem er að staðsetja sig á vinnumarkaði, kaupa sér framtíðar húsnæði og eignast börn og var því ákveðið að skoða þessa þróun sérstaklega þegar hafist var handa við uppfærslu skýrslunnar frá árinu 2008. Meðal annars var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa á þessu aldursbili í þeim sveitarfélögum sem til skoðunar eru og eru niðurstöður hennar birtar í sérkafla í skýrslunni ásamt því að þeim er fléttað inn í texta skýrslunnar eftir því sem við á.

#### **Vinnumarkaður landsbyggðar**

Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi var 78% árið 2010 og konur voru tæp 47% vinnumarkaðarins (Konur og karlar á Íslandi 2010). Karlar og konur vinna venjulega ekki sömu störf eða í sömu atvinnugrein og rannsóknir hafa sýnt að sú skipting er alþjóðlegt fyrirbæri og að íslenski

Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun

vinnumarkaðurinn er engin undantekning (Walby, 1997). Hugtakið kynjaskipting vinnumarkaðarins vísar til ólíkrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði, það er að segja að konur og karlar gegna ólíkum störfum (Iðnaðarráðuneytið, 2005; Andersen, 2009). Kynskiptingin er lárétt í þeim skilningi að kynin gegna ólíkum störfum svo sem að meirihluti kvenna á Íslandi starfar við þjónustu eða 89,7% árið 2010 samanborið við 62,8% karla (sjá töflu 1). Munurinn en enn meiri utan höfuðborgarsvæðisins þar sem 82,6% kvenna starfar við þjónustu ýmiskonar en 44,1% karla. Kynskiptingin er lóðrétt í þeim skilningi að karlar eru mun fjölmennari í áhrifastörfum í fyrirtækjum og stofnunum og þar af leiðandi í hærra launuðum störfum en konur eru í lægra launuðum störfum (Walby, 1997; Andersen, 2009). Langfjölmennasti hópur kvenna starfar í opinberri þjónustu þ.e. fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hlutfallið á landsbyggðinni er líka ívið hærra í fiskiðnaði en lægra í þjónustugreinum eins og fjármálastarfsemi og fasteignaviðskiptum.

Starfandi eftir atvinnugreinum 2010	Alls				Utan höfuðborgarsvæðis			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Landbúnaður	3.100	3,6%	1.600	2,0%	2.800	8,4%	1.500	5,7%
Fiskveiðar	4.700	5,4%	300	0,4%	3.900	11,7%	200	0,8%
Fiskiðnaður	2.100	2,4%	1.500	1,9%	1.700	5,1%	1.300	4,9%
Annar iðnaður	11.400	13,1%	3.900	4,9%	5.200	15,6%	1.400	5,3%
Veitur	1.000	1,2%	500	0,6%	400	1,2%	0	0,0%
Mannvirkjagerð	10.000	11,5%	500	0,6%	4.600	13,8%	200	0,8%
Þjónustugreinar	22.200	25,5%	17.000	21,3%	6.100	18,3%	5.200	19,6%
Verslun og viðgerðarþjónusta	11.100	12,8%	9.400	11,8%	2.900	8,7%	2.900	10,9%
Hótel- og veitingahúsarekstur	3.800	4,4%	4.100	5,1%	1.100	3,3%	1.300	4,9%
Samgöngur og flutningar	7.300	8,4%	3.500	4,4%	2.100	6,3%	1.000	3,8%
Önnur þjónusta	17.700	20,4%	16.300	20,4%	3.600	10,8%	4.100	15,5%
Fjármálaþjónusta og tryggingar	3.100	3,6%	4.800	6,0%	500	1,5%	900	3,4%
Fasteignaviðsk. og ýmis þjón.	10.400	12,0%	7.100	8,9%	1.900	5,7%	1.400	5,3%
Opinber stjórnsýsla	4.200	4,8%	4.400	5,5%	1.200	3,6%	1.800	6,8%
Opinber þjónusta	14.700	16,9%	38.400	48,0%	5.000	15,0%	12.600	47,5%
Fræðslustarfsemi	4.800	5,5%	15.600	19,5%	2.000	6,0%	5.300	20,0%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	7.800	9,0%	20.400	25,5%	2.500	7,5%	6.500	24,5%
Önnur þjónusta og ótilgreind	2.100	2,4%	2.400	3,0%	500	1,5%	800	3,0%
	86.900	100%	80.000	100%	33.300	100%	26.500	100%

Tafla 1. Starfandi fólk á Íslandi, skipt eftir atvinnugreinum Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Ef skoðaðar eru tölur yfir vinnumarkaðinn lóðrétt fyrir árið 2010 eru fleiri konur en karlar starfandi í flokknum skrifstofufólk, sérmenntað starfsfólk, sérfræðingar og í þjónustu og verslunargeiranum. Karlar eru aftur á móti mun fleiri í flokknum stjórnendur og embættismenn og á landsbyggðinni eru helmingi fleiri karlar í þessum flokki en konur.

	Alls				Utan höfuðbsv.			
	Karlar		Konur		Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnendur og embættismenn	9.600	11%	5.000	6%	3.000	9%	1.500	6%
Sérfræðingar	14.100	16%	21.200	26%	3.400	10%	5.600	21%
Sérmenntað starfsfólk	12.500	14%	17.000	21%	2.900	9%	4.800	18%
Skrifstofufólk	1.600	2%	7.100	9%	400	1%	1.900	7%
Þjónustu- og verslunarfólk	13.400	15%	21.000	26%	4.300	13%	7.800	29%
Bændur og fiskimenn	6.100	7%	1.400	2%	5.300	16%	1.400	5%
Iðnaðarmenn	18.200	21%	1.800	2%	7.700	23%	900	3%
Véla- og vélgæslufólk	6.800	8%	800	1%	3.500	11%	500	2%
Ósérhæft starfsfólk	4.900	6%	4.800	6%	2.600	8%	2.200	8%
	87.200	100%	80.100	100%	33.100	100%	26.600	100%

Tafla 2. Vinnumarkaður 2010 skipting eftir starfsheiti. Heimild: Hagstofa Íslands (2011)


Ef skoðað er nánar starfssvæði Byggðastofnunar, landsbyggðin á Íslandi og atvinnulíf á svæðinu kemur í ljós að nærri helmingur kvenna starfa sem launþegar við opinbera þjónustu, í

fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu, eða um 47%. Ef teknar eru allar greinar sem falla undir þjónustu er hlutfallið 82,6%. Til að gera sér nánar grein fyrir svæðinu er gagnlegt að skoða það með augum kynjafræðinnar. Hvert samfélag hefur ákveðnar væntingar um hvað það felur í sér að vera karl eða kona, um verksvið og skyldur kynjanna og hvernig konur og karlar eiga að líta út og hegða sér (Dahlström, 1996). Félags- og landfræðingurinn Doreen Massey talar um að staðir og hlutir geta verið karllægir eða kvenlægir og er það meira áberandi á sumum stöðum en öðrum. Þegar sagt er að svæði sé karllægt er átt við að þar eru karllæg norm og starfsemi meira sýnileg og hærra metin. Þéttbýli er sagt meira kvenlægt, vinnumarkaður þéttbýlis byggist upp á störfum sem eru í meira mæli kvennastörf, þjónustu- og umönnunarstörf og störf í opinberri þjónustu og þar er líka meiri þjónusta fyrir konur á vinnumarkaði s.s. leikskólar. Aftur á móti er dreifbýlið karllægt, það er að segja normin og gildi samfélagsins og starfsemi sem hefur meira verið tengd við karlmenn er sýnilegri og hærra metin svo sem störf í frumatvinnugreinunum sjávarútvegi og landbúnaði, veiðar, vegavinna og mannvirkjagerð (Dahlström, 1996). Fámennari byggðarlög á Íslandi og víðar á Norðurlöndunum einkennast af fólksfækkun og hækkandi aldri íbúanna (Pettersson, 2012). Algennt er að ungu konurnar flytji burt af svæðunum til stærri staða og karlmennirnir verða eftir. Rannsóknir benda þó til þess að karlar flytji líka frá landsbyggðinni á Norðurlöndum vegna versnandi lífskjara landsbyggðarinnar sem hefur áhrif á bæði kynin, en eftir sem áður eru karlar fleiri á mörgum stöðum (Pettersson, 2011).

Niðurstöður viðhorfskönnunar sem fylgir þessari skýrslu bendir til að karlar muni jafnvel í meira mæli en konur flytja frá landsbyggðinni á næstu árum en hvort það jafnar kynjahlutfallið er óljóst. Ástæður þess að konur hafa flutt í meira mæli frá landsbyggðinni en karlar eru flókin blanda af einstaklings – og skipulagsbundum þáttum, tog- og ýti kröftum þ.e. breiðara og meira framboð varðandi menntun, atvinnu og afþreyingu togar í konur til stærri þéttbýlisstaða og skortur á atvinnutækifærum þar sem vinnumarkaður landsbyggðarinnar einkennist af vinnu fyrir (ómenntaða) karlmenn ýtir konum í burtu frá dreifbýlum svæðum. (Williamsson, 2004; Hansen og fl. 2011). Þá hafa breytingar á skilgreiningum á hlutverkum kynjanna áhrif, en eins og áður segir er landsbyggðinni oft enn meira karllæg heldur en stærri þéttbýlisstaðir (Williamsson, 2004). Enn ein möguleg skýring eru þær miklu breytingar sem hafa verið í frumatvinnugreinunum svo sem fiskvinnslu og landbúnaði, það er að segja að þau störf virðast vera kannski að höfða kannski betur til karla en kvenna. Rannsóknir hafa leitt í ljós að vinnumarkaður landsbyggðarinnar hefur ekki þróast í samræmi við breytingar á landsvísu (Anna Kristín Gunnarsdóttir, 2009). Fábreyttur vinnumarkaður og lægri laun á landsbyggðinni gerir það að verkum að konur sem gengið hafa menntaveginna hafa ekki val um hvort þær vilja búa á landsbyggðinni, það einfaldlega stendur þeim ekki til boða. Það er ekki séríslenskt fyrirbrigði að ungar konur flytji af landsbyggðinni því dæmi um það má finna frá löndunum í kringum okkur, Noregi, Svíþjóð og í Færeyjum. Samkvæmt nýlegri skýrslu Nordregio eru innan við 90 konur á hverja 100 karlmenn á vinnufærum aldri á Grænlandi, Austurlandi á Íslandi og í Færeyjum (Hansen, Klaus Georg og fl., 2011; Williamson, Karla Jessen og fl., 2004)).


Eftirfarandi mynd sýnir fjölda kvenna eftir landshlutum á hverja 100 karla á Íslandi (tölur frá Hagstofunni m.v. íbúatölur 1. janúar 2011). Eins og sjá má á myndinni eru konur fleiri en karlar á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni eru konur alls staðar færri og ástandið einna verst á Austurlandi en þar eru um 89 konur á hverja 100 karlmenn. Munurinn er svipaður á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi en þar eru um 94 konur á hverja 100 karlmenn. Tölur fyrir landið allt sýna að fyrir hverja 100 karla á Íslandi eru 99 konur.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Mynd: Konur á hverja 100 karla, allur aldur, allt landið.. Unnið úr tölum frá Hagstofu Íslands


Ef skoðaður er eingöngu aldurshópurinn 20-39 ára þá er munur á milli kynjanna töluvert meiri í sumum landshlutum sem staðfestir það sem á undan er sagt að ungar konur hafa verið að flytjast í meira mæli frá landsbyggðinni heldur en ungir karlar. Á Austurlandi er munurinn einna mestur en þar eru 86 konur á hverja 100 karla. Næst mesti munurinn er á Vestfjörðum þar sem búa 89 konur á hverja 100 karla.



Mynd: Fjöldi kvenna 20-39 ára eftir landshlutum á hverja 100 karla 20-39 ára. Unnið úr tölum frá Hagstofu Íslands

Eftirfarandi mynd sýnir konur á hverja 100 karla á árunum 2001 og 2011 í aldurshópnum 20-39 ára. Í öllum landshlutum hefur konum í þessum aldurshópi fækkað á hverja 100 karla nema á Norðurlandi vestra þar sem munurinn hefur minnkað. Þrátt fyrir eða kannski ætti frekar að segja vegna mikillar uppbyggingar í kringum álversframkvæmdir á Austurlandi hefur munurinn aukist mest þar. Árið 2001 voru 94 konur á hverja 100 karla á Austurlandi í þessum aldurshópi en í byrjun árs 2011 eru einungis 86 konur á hverja 100 karla í þessum aldurshópi. Þessar tölur sýna að álversframkvæmdirnar hafa ekki gert það að verkum að hægt hafi verið að halda í ungar konur á svæðinu. Af hverju kynjamunurinn hefur minnkað á Norðurlandi vestra er erfitt að svara en ein skýringin gæti verið sú að á því svæði hefur opinberum störfum fjölgað svo sem hjá Matís, Vinnumálastofnun og Fæðingarorlofssjóði með tilheyrandi aukinni fjölbreytni í atvinnulífi og störfum fyrir háskólamenntað starfsfólk.

## Samfélag, atvinnulíf og íbúáþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun



Mynd: Samanburður 2001 - 2011 fjöldi kvenna á hverja 100 karla 20-39 ára eftir landshlutum. Unnið úr tölum frá Hagstofu Íslands.

### Kynjuð fjárlagagerð – Jafnrétti er byggðamál

Um tíma voru kenningar í anda nýklassískar hagfærði allsráðandi í vinnumarkaðsfræðum en þær kenningar gengu út á að lögmál markaðarins gildi í stórum dráttum, það er að segja kynjaskipting starfa, menntun, vinnutími, starfsframi og þess háttar voru talin stafa af vali einstaklinganna (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Það væri andstætt lögmálum markaðarins og hagsmunum atvinnurekanda að aðilar vinnumarkaðarins og opinberir aðilar hlutuðust til um málefni sem snertu kyn, fjölskyldulíf og umönnun barna svo dæmi sé tekið. Á undanförunum áratugum hafa rannsóknir og reynsla sýnt fram á að þessar kenningar standast ekki og nýrri nálganir leggja áherslu á kerfislæga og stofnanabundna þætti þar sem vandamálið er ekki einstaklingsgert (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Samkvæmt samþættingu kynjasjónarmiða er ekki litið á konur sem uppsprettu vandamálsins, heldur litið til stofnana samfélagsins og hvernig þær búa til og viðhalda kerfislægu kynjamisrétti. Það er gert með jöfnun sem felst í að leiðrétta kerfið og laga það að þörfum beggja kynja (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Grundvallarstefna íslenska ríkisins er mörkuð og skilgreind í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið jafnréttislaganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins (Jafnréttisstofa, 2009). Í lögum felst viðurkenning á því að staða kynjanna er ólík og ójöfn í íslensku samfélagi og að við því skuli bregðast með ákveðnum hætti. Kynjasamþætting er aðferðin sem nota á til að ná markmiðum laganna. Markmið hennar er að bera kennsl á þau kynjamynstur sem felast í óskráðum reglum samfélagsins og endurskilgreina og breyta þeim sem ýta undir mismunun (Jafnréttisstofa 2009). Opinberum stofnunum ber samkvæmt fyrrgreindum lögum (17. gr) að gæta að kynjasamþættingu í allri stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnaviði þeirra. Byggðastofnun hefur hafist handa við að innleiða samþættingu kynjasjónarmiða í alla stefnumótun og ákvarðanatöku hjá stofnuninni og er það haft í huga við gerð þessarar skýrslu.

Hvað kemur kynjuð fjárlagagerð byggðamálum við? Þegar búsetuþróun og búsetuskilyrði eru skoðuð þurfa jafnréttismálin að vera í öndvegi. Eins og áður sagði þá hefur fullu jafnrétti ekki verið náð og konur bera enn hita og þunga af umönnun barna og heimili ásamt því að vinnumarkaður er enn mjög kynskiptur. Launamunur kynjanna er enn töluverður og mældist 38% á landsbyggðinni árið 2008 og ekki er neitt sem bendir til að þær tölur hafi breyst að ráði (Einar Mar Þórðarson og fl., 2009).

Konur í dreifbýli búa ekki við sömu atvinnumöguleika og konur í þéttbýli og því er víða um heim að finna dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu kvenna sem ætlað er að stemma stigu við byggðaröskun enda eru búferlaflutningar kvenna af landsbyggðinni sívaxandi vandamál og mikið áhyggjuefni

(Iðnaðarráðuneytið, 1998; Jafnréttisstofa, 2009). Þar sem atvinnutækifæri fyrir konur eru oft af skornum skammti er sjálfstæður atvinnurekstur lausn fyrir að minnsta kosti sumar konur en hafa verður í huga að konur eru ekki einsleitur hópur (Pettersson, 2012). Því er ein leið til að snúa þessari þróun við að fjölga stuðningsaðgerðum sem miða að því að konur geti hafið eigin atvinnurekstur á landsbyggðinni. Nýlega kom út skýrsla Nordregio (2012) sem er norræn fræðastofnun í skipulags- og byggðamálum og starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um stuðningsaðgerðir við frumkvöðlastarfsemi kvenna. Í skýrslunni kemur fram að Ísland er eina landið af Norðurlöndum þar sem skortir stefnu á þessu sviði.

Í þriggja ára áætlun um innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar sem ríkisstjórnin samþykkti þann 27. apríl 2011 er lagt til að hvert og eitt ráðuneyti velji meginmálaflokk til að greina og vinna með á næstu þrem árum (Fjármálaráðuneytið, 2011). Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Markmiðið er að draga fram mismunandi áhrif fjárlaga á kynin og leita leiða til að tryggja jafna og sanngjarna dreifingu fjármagns og annarra aðfanga. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti. Ákveðið var að megin málaflokkur iðnaðarráðuneytisins og undirstofnana þess yrði að taka fyrir úthlutun styrkja, lánveitinga og annarrar fyrirgreiðslu á vegum ráðuneytis og stofnana þess sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðabróun. Í tilraunaverkefni sem unnið var að árið 2010 með skoðun úr þremur sjóðum hjá stofnunum á vegum ráðuneytisins segir í niðurstöðum: „*Helsta niðurstaða tilraunaverkefnisins var sú að umsóknir kvenna voru í öllum tilvikum færri en karla, auk þess sem konur sóttu að jafnaði um lægri fyrirgreiðslu. Niðurstöður leiddu ekki í ljós mismunun eftir kyni í úthlutun þegar tillit var tekið til fjölda umsókna og þeirrar fjárhæðar sem sótt var um. Niðurstaðan var þó sú að konur voru í öllum tilvikum í minnihluta þeirra sem fengu fyrirgreiðslu og fengu lægri fjárhæðir að meðaltali en karlar.*“ (Fjármálaráðuneytið, 2011). Búndin er von við að með því að innleiða kynjasjónarmið í styrkveitingaferlið verði hægt að gera sjóðina aðgengilegri fyrir bæði kynin.

Á ferð okkar um landið við gagnaöflun fyrir þessa skýrslu 2010-2011 urðum við margs fróðari um atvinnulíf kvenna á landsbyggðinni en þó eru aðallega þrjú atriði sem vöktu mig til mikillar umhugsunar um þessi mál. Umræða um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu á landsbyggðinni var í algleymingi og mikil reiði í fólki vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar á sama tíma og verið var að tala um kynjaða hagstjórn- og fjárlagagerð. Okkur var sagt frá því á Vopnafirði að til staði að loka hjúkrunardeild þar sem deildin var orðin svo dýr í rekstri. Ástæðan var að stór hluti þeirra kvenna sem þar unnu höfðu sótt sér réttindi sem sjúkraliðar í fjarnámi og með réttindunum hækkuðu laun þeirra og þar með rekstrarkostnaður deildarinnar. Um svipað leiti var menntamálaráðherra ásamt forsvarsmönnum samtaka atvinnulífsins og fleirum að undirrita samkomulag um átak í fjarnámi og símenntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Í þessu felast miklar þversagnir þar sem í einn stað er verið að skera niður heila deild þar sem starfsfólkið hafði verið að sækja sér menntun og réttindi á sínu sviði undanfarin ár og í annan stað verið að hvetja fólk til að mennta sig. Í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu segir um þetta samkomulag: „*Meginmarkmiðið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem hefur horfið frá námi án þess að ljúka framhaldsskólastigi ..... tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild*“. Og síðar í sömu tilkynningu: „*Með öflugri framhaldsfræðslu er ætlunin að efla lýðræðislega þátttöku í samfélaginu og stuðla að jákvæðri byggðabróun í landinu, stuðla að jafnrétti .....*“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Annað dæmi sem mig langar að nefna eru ummæli velferðarráðherra í fréttatíma útvarps um þetta leyti þar sem hann talar um væntanlegar uppsagnir í heilbrigðiskerfinu á landsbyggðinni sem myndu koma illa niður á konum. Í því viðtali segir hann að heilbrigðiskerfið eigi ekki að halda uppi atvinnustigi á landsbyggðinni (Kvöldfréttir Ríkisútvarpsins, 12. október 2010). Ljóst er að heilbrigðiskerfið er langtum meira en bara atvinna. Góðu heilbrigðiskerfi fylgir líka öryggi fyrir íbúana, öryggi um að hægt sé að ná í læknisþjónustu með stuttum fyrirvara ef slys eða alvarlega veikindi bera snöggt að. Vegir landsbyggðarinnar eru oft og tíðum illfærir að vetri til og niðurskurður hefur víða verið á snjómokstri og viðhaldi vega undanfarin

ár. Okkur var sagt frá konu á sunnanverðum Vestfjörðum sem flutti búferlum til höfuðborgarsvæðisins þegar hún gekk með sitt fyrsta barn því hún treysti ekki á lækniþjónustuna og samgöngur ef eitthvað kæmi uppá á meðgöngunni. Þessi kona er háskólamenntuð og var í fullu starfi hjá opinberri stofnun á sunnanverðum Vestfjörðum. Þriðja dæmið er úr viðtali við konu sem er fjármálastjóri í stóru útgerðarfyrirtæki en þar kom fram að hún er oft ein af strákunum því ekki eru margar konur hátt settar í sjávarútvegi. Fyrirtækið hefur mikið auglýst eftir háskólamenntuðum konum til starfa við t.d. gæðamál og markaðs- og sölumál en þær virðast ekki sækja um störf í sjávarútvegsfyrirtækjum af einhverjum ástæðum. Þessi störf eru mjög fjölbreytt og krefjandi og oftast en ekki vel launuð. Kannski þyrftu sjávarútvegsfyrirtækin að taka sig saman um að breyta ímynd sinni og hvetja konur í meira mæli til að sækja um þessi störf.

Hvað leiðir sem farnar verða er þó ljóst að grípa verður til einhverra aðgerða til að sporna við brottflutningi kvenna af landsbyggðinni ef halda á öllu landinu í byggð. Ef allar konur á barneignaldri flytja úr byggðarlaginu verður engin náttúruleg fjölgun og byggðarlögin hrynja saman innanfrá. Eins og áður hefur verið talað um í þessari grein er verið að innleiða kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð á Íslandi. Enn sem komið er erum við stödd í innleiðingarferlinu en í framtíðinni getum við vonandi beitt hugmyndafræði kynjaðrar hagstjórnar þannig að kynjasjónarmiðin séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku í byggðamálum. Með því móti verða ákvarðanir byggðar á betri upplýsingum um áhrif sem þær hafa á byggðir landsins og íbúa þess.

Nánari umfjöllun er um hlutfallslegan fjölda kvenna í aldurshópnum 20-39 ára í köflum um hvert landssvæði fyrir sig í skýrslunni.

## Heimildir

- Andersen, Margaret (2009) Thinking about women. Sociological Perspectives on sex and gender. 8th ed. Pearson. Boston, MA
- Anna Kristín Gunnarsdóttir (2009) Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni. Lokaverkefni til M.A. gráðu við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið. Reykjavík, Háskólaprent ehf.
- Dahlström, Margareta (1996) Young women in a male periphery – experiences from the scandinavian north. *Journal of rural studies* vol.12;3
- Einar Mar Þórðarsson og fl. (2008) Kynbundinn launamunur á Íslenskum vinnumarkaði . Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands [http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Konnun\\_Felagsvisindastofnunar\\_um\\_kynbundinn\\_launamun\\_a\\_islenskum\\_vinumarkadi2.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Konnun_Felagsvisindastofnunar_um_kynbundinn_launamun_a_islenskum_vinumarkadi2.pdf)
- Fjármálaráðuneytið (2011) Þriggja ára áætlun Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Thriggja\\_ara\\_aaetlun-mars\\_2011.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Thriggja_ara_aaetlun-mars_2011.pdf)
- Fjármálaráðuneytið (2012) Greinargerð fjárlagafrumvarps [http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/Fjarlagafurvarp/2012/Seinni\\_hluti/Kafli\\_3-11.htm#kynjad](http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/Fjarlagafurvarp/2012/Seinni_hluti/Kafli_3-11.htm#kynjad)
- Hansen, Klaus Georg (2011) Semography in the Nordic countries, Nordregio working paper 2011:9 Stokhólmur <http://www.nordregio.se/en/Publications/Publications-2011/Demography-in-the-Nordic-countries---A-synthesis-report1/>
- Iðnaðarráðuneytið (1998) *Atvinnurekstur kvenna* sótt af [http://www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/skyr\\_98\\_6.pdf](http://www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/skyr_98_6.pdf)
- Iðnaðarráðuneytið (2005) *Eigarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði* [http://www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Eignarhald\\_kvanna\\_IVR.pdf](http://www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Eignarhald_kvanna_IVR.pdf)
- Jöfnum leikinn. Handbók um kynjasambættingu (2009) Akureyri, Jafnréttisstofa
- Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen (2008) Búseta og þjónusta – Athugun á áhrifum þjónustustigs á brottflutning frá völdum byggðarlögum 1996 – 2006. Háskóli Íslands, Raunvísindadeild, Land- og ferðamálafræðiskor. Reykjavík
- Konur og Karlar 2010, (2010) Hagstofa Íslands
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008 sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

- Pettersson, Katarina og fl. (2012) Supporting Women's entrepreneurship in nordic sparsely populated areas, Nordregio Electronic working paper 2012:1  
<http://www.nordregio.se/en/Publications/Publications-2012/Supporting-Womens-Entrepreneurship-in-Nordic-Sparsely-Populated-Areas/>
- Ríkisútvarpið (Kvöldfréttir Ríkisútvarpsins, 12. október 2010)
- Stefán Ólafsson (1997) Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Reykjavík Byggðastofnun
- Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir (2010) Búferlaflutningar kvenna Rannsóknir í Félagsvísindum XI, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson (2009) Búsetuskilyrði á Íslandi – Hverju sækist fólk eftir? Rannsóknir í Félagsvísindum X, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- Walby, Sylvia (1990) *Theorizing Patriarchy*. Blackwell Publishers; Malden MA
- Williamson, Karla Jessen og fl. (2004) Artic Human Development Report (Þróunarskýrsla Norðurslóða Kafli 11) Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Akureyri  
[http://www.svs.is/AHDR/AHDR%20chapters/English%20version/AHDR\\_chp%2011.pdf](http://www.svs.is/AHDR/AHDR%20chapters/English%20version/AHDR_chp%2011.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir (2002) „Jafnrétti án femínisma — pólitík án fræða?“ *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar* 2002/2:9-36
- Þorgerður Einarsdóttir (2006) „Kynjakerfið – Úrelding í auglýning eða viðvarandi kynjahalli?“ *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*, Reykjavík, Félagsvísindastofnun



## ***Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð og fyrrverandi deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði:***

### **Framhaldsdeild á Patreksfirði**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – FSN, hóf rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði haustið 2007. Með tilkomu framhaldsdeildarinnar fengu nemendur af suðursvæði Vestfjarða tækifæri til að stunda nám á framhaldsskólastigi í heimabyggð.

Upphaf starfseminnar má rekja til áhuga heimamanna á að bæta aðgengi að námi á framhaldsskólastigi. Meðal þess sem lagt var til grundvallar við undirbúninginn voru bætt búsetuskilyrði og hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Vinnuhópur um stofnun framhaldsskóla í Vestur-Barðastrandasýslu í samvinnu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps tók til starfa og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir var ráðin verkefnastjóri til að fylgja verkefninu eftir af fullum þunga.

Að lokinni töluverðri yfirlegu af hálfu vinnuhópsins og markvissum viðræðum við menntamálayfirvöld fékkst samþykki fyrir að reka framhaldsdeild til reynslu í 4 ár. Viðræður fóru fram við skólanefnd FSN um mögulegt samstarf, en skólinn þótti henta einkar vel, meðal annars vegna aðferða þeirra við að flétta upplýsingatækni inn í skólastarfið, sem og vegna skipulags skólastarfsins. Skólanefnd, sem og þáverandi skólameistari FSN, Guðbjörg Aðalbergsdóttir sýndu verkefninu mikinn áhuga og úr varð að skólinn tók að sér rekstur framhaldsdeildarinnar. Húsnæði undir starfsemi deildarinnar var sérstaklega innréttað með það í huga að allt skipulag væri sem líkast því sem var í FSN í Grundarfirði.

Á fyrstu önninni sem framhaldsdeildin starfaði voru innritaðir 12 nemendur í dagskóla og auk þess stunduðu nokkrir eldri nemendur nám í einstaka áföngum. Nemendafjöldi deildarinnar hefur aukist jafnt og þétt frá upphafi og eru nú um 30 nemendur á ári við nám í deildinni. Nám og kennsla í framhaldsdeildinni byggir á aðferðum dreifmenntar, en almennt má segja að dreifmennt sé góður kostur til að brúa bil milli landshluta og gera einstaklingum kleift að stunda það nám sem þeir kjósa sér hvar sem þeir eru staddir. Sjálfstæði í námi er mikið og nemendur þurfa að taka mikla ábyrgð á eigin námi.

Það þarf vart að fjölyrða um þau áhrif sem þessi starfsemi hefur haft á samfélagið á svæðinu. Áður horfðu íbúar upp á heilu fjölskyldurnar taka sig upp til að fylgja eftir börnum sínum á framhaldsskólaaldri, en nú er það orðinn raunverulegur valkostur að stunda námið heima og auk þess hafa eldri nemendur tækifæri til að hefja nám. Nemendur eiga jafnvel möguleika á því að klára allt námið án þess að þurfa að fara að heiman og getur það verið dýrmætur kostur.

Haustið 2010 lét Mennta- og menningarmálaráðuneytið gera úttekt á tilraunaverkefni um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði, en það var fyrirtækið Attentus mannauður og ráðgjöf sem vann að úttektinni. Helstu niðurstöður voru afar hagstæðar fyrir verkefnið og leiddu meðal annars í ljós að almennt væru nemendur og foreldrar ánægðir með framhaldsdeildina og að hún hefði almennt jákvæð áhrif í samfélaginu. Ennfremur kom fram að dregið hefði úr brottflutningi frá svæðinu<sup>2</sup>. Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði hefur ótvírætt gildi fyrir búsetu og framtíð á suðursvæði Vestfjarða og það var skynsamleg ákvörðun heimamanna að berjast fyrir stofnun hennar.

---

<sup>2</sup> <sup>2</sup> Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir, 2010  
Úttekt á tilraunaverkefni um rekstur framhaldsskóladeildar á Patreksfirði  
Attentus – mannauður og ráðgjöf ([www.attentus.is](http://www.attentus.is))

**Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum:**

## Ferðapjónusta og byggðaðróun

Ferðapjónusta í dreifbýli nýtur hagstæðra strauma um þessar mundir meðal annars vegna sífellt vaxandi sóknar í þau lífsgæði sem felast í kyrrð og ró og tengslum við lífshætti sem byggja á nánu samspili manns og náttúru. Svo þessir straumar megni að fleyta ferðapjónustu á Íslandi inn í ábatasama framtíð þarf að koma til samstillt átak ríkis, sveitarfélaga, hagsmunafélaga og fyrirtækja í greininni.

Fyrsta lykilsviðið sem er tilgreint í nógildandi Byggðaaætlun er mótun atvinnustefnu en heildstæð atvinnustefna er mikilvæg fyrir jákvæða byggðaðróun. Ferðapjónusta fær mikið vægi í áætluninni, reyndar er hún eina atvinnugreinin sem tiltekin er sérstaklega en efling ferðapjónustu er skilgreind sem eitt af níu lykilsviðum áætlunarinnar. Sú spurning vaknar afhverju nauðsynlegt er talið að tiltaka ferðapjónustu sérstaklega. Því forsenda þess að ferðapjónustan, sem og aðrar atvinnugreinar skili arði inn í samfélagið til framtíðar er að hún sé rækilega samþætt við skipulag og stefnumótun í atvinnumálum yfirhöfuð. Alltof oft hafa skyndilausnir og þröng sýn á ferðapjónustu sem bjargvætt byggða einkennt uppbyggingu greinarinnar, hér á landi sem annars staðar, einfaldlega vegna þess fyrrgreinda samþættingu hefur skort.

Vanþekking á ferðapjónustu í dreifbýli sem atvinnugrein er enn töluverð og takmörkuð innsýn í margþætt áhrif hennar, bæði góð og slæm. Hin vaxandi eftirspurn eftir dreifbýlinu sem vettvangi frítímans og ferðamennsku hefur kallað á mikla uppbyggingu í ferðapjónustu á sama tíma og sífellt færri stunda landbúnað og sjávarútveg sem voru hefðbundnar undirstöðugreinar hinna dreifðari byggða. Ferðapjónusta er því í senn afleiðing af breyttum atvinnuháttum í dreifbýli og viðbragð við nýjum neysluháttum. Uppbygging ferðapjónustu getur svo valdið enn frekari breytingum á dreifbýlinu. Jafnvel heilmiklum. Ef stefnumótun er veik, aukast líkur á neikvæðum afleiðingum uppbyggingar og það gildir um ferðapjónustu, sem og aðrar atvinnugreinar. Ferðapjónusta getur aðeins stuðlað að jákvæðri byggðaðróun ef uppbygging hennar byggir á langtímasýn og markvissri stjórnun. Hér þarf verulega að efla gagnrýna umræðu um ferðapjónustu og ferðamennsku. Gagnrýn hugsun snýst um það að spyrja spurninga, skoða hlutina frá fleiru en einu sjónarhorni, gleypa ekki við fullyrðingum og staðhæfingum án rannsókna og rökstuðnings, taka ekki öllum hugmyndum um uppbyggingu alveg umyrðalaust! Ferðapjónustan kallar á sterka innviði s.s. mannaúð, samgöngur og þjónustu, uppbygging hennar getur styrkt slíka innviði ef vel tekst til. Það er hinsvegar ekki víst að ferðapjónusta sé allstaðar fýsilegur kostur og hún er nær aldrei heppileg sem eini kosturinn í atvinnuuppbyggingu.

Varan í ferðapjónustu er oft lítt áþreifanleg því hún snýst fyrst og fremst um upplifun og ímynd. Um allan heim hafa samfélög, fyrirtæki og ferðafólk brennt sig á afleiðingum þess að markaðssetja áfangastaði umfram þolmörk. Ísland er fámennnt samfélag í landi viðkvæmrar náttúru og því er brýnt að vanda til verka við uppbyggingu ferðapjónustu. Það að umbreyta náttúru okkar, menningu, sögu og samfélagi í ferðapjónustuvöru felur í sér mikla ábyrgð bæði gagnvart ferðafólki og heimamönnum. Óígrundaðar aðferðir við miðlun, aðferðir sem miða fyrst og fremst við að vera kominn með eitthvað í hendurnar sem selja má STRAX, geta leitt til þess að við á endanum sitjum uppi með gervimeningu sem hefur lítinn snertiflöt við samfélagið. Það er mikilvægt að gefa sér tíma til þess að skoða hvaða aðferðum skuli beita og hvernig þær framkvæmdir rími við aðrar framkvæmdir, stefnumótun og sýn samfélagsins og þeirra sem það byggja. Mikilvægi þess að ferðapjónusta sé byggð upp í sem mestri sátt við þá sem svæðið byggja verður seint vanmetið.

Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun

Fagmennska í ferðapjónustu felst meðal annars í því að þróa víðtækt samstarf fyrirtækja, opinberra aðila, fræðimanna og annarra sérfræðinga. Það er mikilvægt að hagnýta þá fræðilegu þekkingu sem til staðar er á hinum ýmsu sviðum og leita leiða til þess að miðla henni til ferðamanna og auka þannig og dýpka skynjun þeirra á náttúru, sögu, menningu og siðum einstakra svæða. Með því móti komust við nær því að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu sem styður við byggð um land allt.



**Flatey á Skjálfanda**

Ljósmynd: Sigurður Árnason

## **Sædis Íva Elíasdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurlands**

### **Atvinnulíf og byggðáþróun**

Fjölbreytni atvinnulífs og atvinnutækifæra eru veigamikill þáttur í byggðáþróun í landinu. Þau svæði þar sem viðvarandi fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarin ár eiga það öll sameiginlegt að atvinnulíf er fábreytt og oft á tíðum eru lág laun í boði. Víða eru störf á vegum hins opinbera skorin niður í hagræðingarskyni og starfsstöðvum jafnvel lokað. Embætti eru sameinuð og störf oftast en ekki flutt á höfuðborgarsvæðið.

Þessi samfélög eiga það einnig sameiginlegt að aldursdreifing íbúanna er orðin óhagstæð, samfélögin eldast hratt, börnum fækkar verulega í skólum og á leikskólum á meðan eftirspurn eftir dvalarrýmum á dvalarheimilum aldraðra er umfram framboð. Fólk á barneignaldri heyrir sum staðar nánast sögunni til. Fáar hendur eru því til að halda upp grunnþjónustunni, hvað þá menningarlífinu sem er öllum samfélögum nauðsynlegt til að geta þrífist.

Landbúnaður er á undanhaldi í mörgum sveitum landsins, nýliðun í greininni er víða nánast engin og bændur sitja jarðir sínar miklu lengur en heilsa þeirra og geta til viðhalds og/eða vaxtar leyfir. Ferðaþjónustan sem hefur verið í miklum vexti undanfarin misseri, býr ennþá við að vera mjög árstíðabundin atvinnugrein og er oftast en ekki mönnum með aðkomufólki þann tíma sem vertíðin stendur. Þarna eru tækifæri til umbóta, aukinn fjöldi ferðamanna allt árið kallar á að ferðaþjónustan sé í stakk búin að taka á móti þeim og skapa fleiri atvinnutækifæri.

#### **Betur má ef duga skal!**

Hvað er hægt að gera og hvað er vilji til að gera? Þetta eru grundvallarspurningar sem stjórnvöld í landinu verða að svara. Stjórnvöld, stoðkerfið, samfélögin og atvinnulífið sjálf tverða að taka höndum saman og snúa vörn í sókn. Svára þarf þeirri áleitnu en erfiðu spurningu fyrst hvar á að halda búsetu á landinu? Þegar þeirri spurningu hefur verið svarað verður að tryggja möguleika samfélaganna til framhaldslífs og byggja þarf upp allar grunnstoðir samfélagsins til að atvinnulíf megi dafna. Vera má að sumir þeir staðir sem allir telja sjálfsagt að halda í byggð séu þess ekki megnugir án fjárhagslegrar aðstoðar og stuðnings. Sú staðreynd á ekki að vera neitt feimnismál enda hafi þá verið mörkuð stefna um að halda byggð á viðkomandi stað.

Ýmis stuðningur við atvinnulífið er í boði á Íslandi, það eru til vaxtarsamningar, menningarsamningar ásamt fjölmörgum rannsóknar- og smástyrkjasjóðum til fjölbreyttra verkefna. Þá er fjöldi stoðstofnana vítt og breytt um land sem veitir ráðgjöf og þjónustu atvinnulífinu til handa. Staðreyndin er hins vegar sú að lítil samfella er í stoðkerfinu á Íslandi. Þetta þarf að laga, samræma þarf áætlanagerð og tengja fjármagn beint við áætlanir. Ráðuneyti þurfa að vinna eftir sameiginlegum áætlunum og stoðkerfið þarf að ganga í takt við þær áætlanir. Samtal þarf að eiga sér stað og fjármunir sem veittir eru til atvinnuuppbyggingar og byggðáþróunar eiga að vera á forræði heimamanna sem best þekkja sín svæði og vita hvar skórinn kreppir.

#### **Ef unglamb er**

Þekkt staðreynd er að unglingar af landsbyggðinni flytja að heiman til framhaldsnáms, góðu fréttirnar eru þær að sífellt fleiri sækja sér einhverskonar nám en vandinn er hins vegar sá að fæstir þessir unglingar flytja aftur heima að loknu námi. Ástæðan er mjög oft takmarkað framboð atvinnutækifæra. Gera þarf samfélögin tilbúin til að taka á móti unga fólkinu eftir nám, skapa

grundvöll og aðstæður sem gera áhugavert að byggja landið. Byggja þarf á styrkleikum hvers svæðis við eflingu atvinnulífs, nýta auðlindir svæðanna með sjálfbæra hugsun að leiðarljósi og binda þannig um hnútana að skynsamlegt sé fyrir fólk að helga viðkomandi stað krafta sína. Efla þarf starfsnám þar sem horft er til þarfa atvinnulífsins og námið skipulagt í nánum tengslum við fyrirtæki í atvinnulífinu. Stuðla þarf að aukinni virðingu fyrir starfsnámi og hvetja fólk til að skoða það sem spennandi valkost.

### **Katla jarðvangur**

Katla jarðvangur, sem nær yfir sveitarfélögin Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra, var formlega samþykktur inn í European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network á ársfundum evrópsku samtakanna í september 2011 í Langesund í Noregi. Jarðvangurinn er upphaflega átaksverkefni Háskólafélags Suðurlands í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, sveitarfélögin sem um ræðir og fleiri stoðkerfisaðila, til að takast á við neikvæða íbúabróun með það fyrir augum að auka möguleika ungs fólks á að búa og vinna á svæðinu. Talið er að í hugmyndafræðinni á bak við jarðvanga felist tækifæri til að snúa þessari þróun við. Fjölmörg ný tækifæri felast í ferðaþjónustu og framleiðslu afurða af svæðinu svo dæmi séu tekin. Mikla athygli hefur vakið hversu stuttan tíma það tók jarðvanginn að fá inngöngu í evrópsku samtökin og hversu sterk áherslan er á byggðabróun svæðisins. Sú breiða samstaða sem hefur verið um verkefnið frá upphafi er grundvallaratriði varðandi hversu vel hefur tekist með verkefnið fram að þessu. Sveitarfélögin, stoðkerfið, skólar og fyrirtæki innan svæðis hafa sýnt einstaka samstöðu um verkefnið og lagst á eitt til þess að gera svæðið að fyrirmyndar jarðvangi.

### **Lykillinn?**

Staðreynd málsins er sú að ákveðið jafnvægi þarf að ríkja á milli landsbyggðar og höfuðborgar svo Íslands sé spennandi valkostur hvort sem horft er til búsetu eða heimsókna gesta. Því þarf virðing og skilningur að ríkja á báða bóga. Sama gildir um dreifðari byggðir landsins og þéttbýliskjarnana sem þar eru. Báðir eru háðir hvor öðrum. Að nýta styrkleika svæðanna og þá þekkingu sem þar er að finna til eflingar ásamt því að kerfið í heild sinni vinni saman er eina leiðin sem fær er ef viðsnúningur á að verða í þeim byggðum sem búa við viðvarnandi fólksfækkun. Verum minnug þess að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn!

**Karl Benediktsson prófessor í landfræði, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands:**

**Staðvæðing þjónustu? Hugleiðing um breyttar landfræðilegar forsendur byggðapróunar og skipulags**

Á tuttugustu öldinni gekk Ísland í gegnum tvær samgöngubyltingar. Þær höfðu báðar ómæld áhrif á byggðapróun í landinu, sem og aðgang landsmanna að fjölbreyttri þjónustu nútímasamfélagsins. Þá sögu hafa margir sagt áður (t.d. Axel Hall ofl., 2002), en ekki er úr vegi að rifja helstu drætti hennar upp. Hafnargerð og reglulegar strandferðir treystu stoðir sjávarbyggða snemma á öldinni, á sama tíma og fiskveiðar urðu ráðandi í efnahagslífi landsins. Uppbygging vegakerfis komst á skrið nokkru síðar og skapaði skilyrði fyrir nýja byggðakjarna, sem byggðust á þjónustu við nærumhverfi sitt. Byggðamynstur landsins tók á sig það form sem allir þekkja. Uppistaða byggðar í flestum landshlutum eru margir en smáir þéttbýlisstaðir, ýmist sjávarpláss eða þjóðvegabæir, auk misjafnlega umfangsmikillar sveitabyggðar umhverfis. Fyrir utan hinn mikla vöxt þéttbýlisins á suðvesturhorninu hefur einungis Akureyri vaxið að marki og tekið á sig einkenni borgar.

Um þetta byggðamynstur hefur mikið af umræðu og aðgerðum í byggðamálum snúist. Sveitabyggð hefur dregist saman nema á þeim svæðum sem næst liggja suðvesturhorninu eða Akureyri. Mörg sjávarþorp hafa átt í erfiðleikum með að halda í íbúa, meðan staða vegabæjanna hefur verið öllu sterkari. Pólitískar áherslur – beggja vegna á hinu hefðbundna pólitíska litrófi – hafa yfirleitt verið fremur íhaldssamar (sbr. Hjalti Jóhannesson 2003). Þær hafa snúist um að stuðla að „jafnvægi í byggð landsins“, tryggja áframhaldandi tilverugrundvöll sem flestra þéttbýlisstaða og koma í veg fyrir „byggðaröskun“.

Önnur sjónarmið hafa einnig lengi verið í umræðunni, nefnilega að beina eigi orkunni í að styrkja færri en stærri bæi eða „vaxtarkjarna“, sem geti verið samkeppnisfærir í flestum eignum við höfuðborgarsvæðið og veitt því „mótvægi“ (Valdimar Kristinsson 1963, Hjalti Jóhannesson 1983). Ekki kemur á óvart að þessi sjónarmið hafa átt mestu fylgi að fagna einmitt á Akureyri. Aðrir mögulegir vaxtarkjarnar sem gjarnan eru nefndir eru Ísafjörður og Mið-Austurland (Egilsstaðir-Reyðarfjörður). Að baki hugmyndinni er hið vel þekkta hagfræðilega lögmál stærðarhagkvæmninnar.

Þessi tvenns konar sýn á byggðapróun og byggðastefnu felur í sér ólík viðhorf til staðsetningar þjónustu og áframhaldandi uppbyggingar samgöngukerfisins. Sé markmiðið að viðhalda tiltölulega dreifðri búsetu liggur beint við að grunnþjónusta sé veitt sem víðast og samgöngunetið sé byggt þannig upp að samgöngur milli þéttbýlisstaða og nánasta upplands séu greiðar. Ef stuðla á að vexti fárra kjarnasvæða, þangað sem mestöll þjónusta komi til með að færast, skiptir meira máli að samgöngur milli þessara kjarnasvæða séu sem greiðastar. Áherslan verður á styttingu meginleiða milli stærri staða, en tengingar smærri staða, sem liggja utan þeirra, við meginleiðirnar hljóta minni athygli.

Hvað sem líður pólitískum sjónarmiðum er það staðreynd að veruleg samþjöppun þjónustu hefur átt sér stað á undanförunum árum. Matvöruverslun á víða undir högg að sækja í smærri þorpum, enda mest af henni í höndum fárra stórmarkaðakeðja. Pósthúsum og bankaútibúum hefur verið fækkað mjög. Netsamskipti hafa vissulega komið að einhverju leyti í stað þessa, en almennt er það staðreynd að íbúar minni byggðarlaga þurfa að sækja þessa nauðsynlegu þjónustu um lengri veg en áður. Einnig

hefur hagræðing í opinberum rekstri leitt til sömu niðurstöðu. Efnahagshrunið mikla árið 2008, sem bakaði ríki og sveitarfélögum ómæld fjárhagsvandráði, hefur frekar hert á samþjöppuninni. Skólar eru sameinaðir, sjúkrahúsum er lokað. Samgönguáætlanir undanfarinna ára hafa stutt við hina almennu þróun. Mikil áhersla hefur verið á að stytta leiðir milli Reykjavíkur og annarra staða. Í gildandi samgönguáætlun er þannig stefnt að því að „skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst. ferðatíma“ (Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014).

Fremur litlar rannsóknir eru til á samhengi búsetuvals fólks og staðsetningar þjónustu. Þó stóð undirritaður fyrir lítilli rannsókn fyrir nokkrum árum um þessi efni (Karl Benediktsson & Hjalti Nielsen 2008). Rannsóknin beindist að byggðarlögum þar sem brottflutningur hafði verið umtalsverður undanfarin ár. Athugað var hvort greina mætti samband milli hlutfallslegrar fólksfækkunar og þjónustustigs á hverjum stað. Í ljós kom allsterk marktæk fylgni þarna á milli: Því meiri þjónusta sem veitt var á staðnum, því minni hafði brottflutningur verið. Hins vegar reyndist ferðatími til næsta stærri staðar, þar sem breitt úrval þjónustu var í boði, skipta minna máli. Draga má þá ályktun að sú nærþjónusta sem veitt er í hverju byggðarlagi sé afar mikilvæg fyrir hið staðbundna samfélag. Þarna virðast rekast á hlutir sem erfitt er að samræma: Lögmál stærðarhagkvæmninnar annars vegar, sem knýr á um stækkun og fækkun rekstrareininga, og hins vegar mat íbúa hinna smærri byggðarlaga á sínum eigin búsetuskilyrðum og áhersla þeirra á að hafa aðgang að þjónustu sem næst sér.

En velta má fyrir sér hvað framtíðin ber í skauti sér. Blikur eru á lofti, sem gætu leitt til þess að endurskoða þurfi landfræðilegar forsendur byggðaðróunar og skipulags á róttækan hátt. Hér er átt við hækkingu á jarðefnaeldsneyti. Allir landsmenn hafa orðið þessa varir: Tölurnar á upplýsingaskjálum bensinstöðvanna hafa hækkað gríðarlega undanfarin ár. Þeim fækkar óðum sem telja þetta tímabundið ástand. Líklegra virðist að verðhækkunir séu birtingarform þverrandi auðlinda. Þegar við bætist viðleitni til að draga úr olúnotkun í því skyni að bregðast við hlýnun jarðar sýnast ekki miklar líkur til að verð á olú lækki á næstunni. Þvert á móti má frekar gera ráð fyrir því að hefðbundið eldsneyti muni hækka verulega í verði á komandi árum. Önnur orkutækni er vissulega þegar til staðar, en ekki er séð að hún nái nægri útbreiðslu á næstu árum til að unnt verði að láta sem ekkert sé og halda akstrinum óhikað áfram.

Hvað þýðir þetta fyrir hlutverk hinna smærri þjónustukjarna? Tilfærsla einkarekinnar jafnt sem opinberrar þjónustu til stærri byggðarlaga hefur í raun byggt á forsendunni um ódýrt eldsneyti. Neytendur/notendur hafa þurft að ferðast sífellt lengri leiðir til að nálgast þjónustu. Þeir hafa sætt sig við þetta – stundum ekki alveg hljóðalaust að vísu – vegna þess að ferðakostnaðurinn hefur verið tiltölulega lágur. Þetta kemur til með að breytast. Með hækkingu ferðakostnaði eykst krafan um þjónustu í heimabyggð. Jafnframt gæti dregið úr ægivaldi stærðarhagkvæmninnar, að minnsta kosti fyrir þær tegundir þjónustu þar sem þröskuldsgildið (lágmarksfjöldi íbúa sem þurfa að nota sér þjónustuna til að unnt sé að halda henni úti) er tiltölulega lágt. Samkeppnishæfni smærri rekstrareininga í minni byggðarlögum gæti þar með aukist.

Ákveðnar viðhorfsbreytingar má þegar sjá merki um meðal þeirra sem véla um málefni byggðaðróunar og skipulags á landsvísu. Í samgöngumálum hefur hin mikla áhersla á styttingu leiða milli Reykjavíkur og annarra landshluta, sem lýst var hér að ofan, misst slagkraft sinn að nokkru leyti. Í drögum að nýrri samgönguáætlun, sem lögð voru fyrir Alþingi á síðastliðnu ári (Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022), er lögð meiri áhersla á tengingar innan einstakra svæða. Samgöngum er samkvæmt drögumum ætlað það hlutverk að styðja við „uppbyggingu og þróun þjónustusvæða í öllum landshlutum“. Jafnframt er gert ráð fyrir styrkingu almenningsamgangna, sem hingað til hafa verið afar frumstæðar að ekki sé fastar að orði kveðið, utan stærstu þéttbýlisstaða að minnsta kosti. Allt er þetta meira í anda hugmynda um sjálfbæra þróun, sem setja æ meir mark sitt á stefnumótun, í þessum málaflökki ekki síst.

Ef til vill felst því ekki bara fortíðarvandi í því byggðamynstri sem einkennt hefur Ísland á undanförunum áratugum, þar sem minni þéttbýlisstaðir gegna mikilvægu hlutverki sem miðstöðvar grunnþjónustu við íbúa í héraði. Þvert á móti kunna þorpín og bæirnir að fá aukna þýðingu á ný í framtíð „staðnvæddrar þjónustu“, þar sem engum dettur í hug að flengjast landshorna á milli til að kaupa brauð og bleyjur.

**Heimildir:**

Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson 2002: *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hjalti Jóhannesson 2003: Um tilfærslu mannfjöldans á 20. öldinni og viðleitnina til að hamla á móti straumnum. Í: *Afmælikveðja til Háskóla Íslands*, 157-173. Reykjavík: Hollvínasamtök Háskóla Íslands og Bókaútgáfan Hólar.

Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen 2008: *Búseta og þjónusta: Athugun á áhrifum þjónustustigs á brottflutning frá völdum byggðarlögum 1996–2006*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands.

*Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022*. Skoðað 18. janúar 2012 á <http://www.althingi.is/altext/140/s/0534.html>.

Valdimar Kristinsson 1963: Þróunarsvæði á Íslandi. *Fjármálatíðindi* 10(3), 165–175.

*Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014*. Skoðað 18. janúar 2012 á <http://www.althingi.is/altext/128/s/pdf/1326.PDF>.



***Svava Árnadóttir:***

## Mitt hjartans mál Raufarhöfn

Að fá að alast upp og búa í þorpi sem í þessu tilviki er sjávarþorpið Raufarhöfn eru forréttindi að mínu mati. Það eru að öllu jöfnu kostir og gallar við allt og á það einnig við um val á búsetu. En hvað það er sem menn sækjast eftir, er oft á tíðum huglægt mat á lífinu og tilverunni svo og margvíslegar ytri ástæður. Má þar nefna fyrst og fremst atvinnu, fjölskylduaðstæður, svo og aðgengi að menntun sem ráða sennilega mestu um það hvar menn ákveða að setjast að.

Kostirnir við að búa á slíkum stað eru margir en allt er það huglægt mat eins og áður sagði, og nefni ég þá sem fyrsta kost að ala upp börn hér í frjálstræðinu sem ég tel mjög mikilvægan, þó að sjálfsgöðu sé ekki átt við að þau gangi um sjálfala heldur er átt við að samfélagið allt hafi auga með ungu kynslóðinni og vísa ég í máltækið „að það þurfi þorp til að ala upp barn og barn til að ala upp þorp“. Það ríkir mikil samkennd í litlum byggðarlögum, sem sannast oftast en ekki þegar á reynir. Góður grunnskóli er starfræktur hér og ágætis íþróttastaða en þegar komið er á framhaldsskólastig þurfum við að senda börnin burt sem hefur sína kosti og galla. Það er dýrt en tel þau fá aukinn þroska og reynslu út í lífið.

Stuttar vegalengdir gefa okkur kost á að sækja vinnu, skóla og almenna þjónustu gangandi og minnkar þar af leiðandi rekstrarkostnað á ökutækjum. Öll nauðsynleg þjónusta á borð við matvöruverslun, heilsugæslu, banka og pósthús er á staðnum, þó blikur hafi verið á lofti með þau tvö síðarnefndu fyrr á árinu. Ekki hefði þurft að spyrja mikið um afleiðingar þess fyrir byggðarlagið ef þau þjónustufyrirtæki hefðu lokað. Allir vita nú hvernig heilbrigðismálum er háttað í dag og höfum við ekki farið varhluta í þeim efnum hér.

Hér er ódýrt húsnæði sem einnig er galli ef því er að skipta. Minna er af áreiti af lífsins gagni og nauðsynjum í formi alls kyns „lífs-gæðaverslana“. Við urðum þess aðnjótandi haustið 2010 eftir áratuga bið, að fá stórbættar vegasamgöngur með bundnu slitlagi sem er hrein og bein bylting. Það gefur fólki betra færi á ýmsum atvinnumöguleikum á svæðinu, þó það sé ekki eftirsóknavert í mínum huga að aka fleiri tugi km á dag allan ársins hring vegna atvinnu með tilheyrandi kostnaði og tíma.

Fjarskipti er varðar nettenginu hefur batnað til muna þó ekki séum við hálfdrættingar á við það sem gerist best í þeim geira. Og betur má ef duga skal, enda eru kröfur og skilyrði fyrir þeim slíkar í dag, bæði hvað varðar samskipti við hið opinbera, sveitarfélög og flesta aðra þjónustu. Það hlýtur að vera sjálfsgöð krafa að þessi hluti fjarskipta séu boðleg, svo ekki sé talað um aðgengi að menntun í gegnum fjarnám sem á stundum hefur verið hamlandi vegna lélegra fjarskipta. Af félagslífi og menningu er af nógu að taka fyrir þá sem það vilja. En síðast en ekki síst er hér er kyrrð og friður, með alla sína náttúruflóru handan við hornið sem gefur lífinu gildi, allt eftir áhugamáli hvers og eins.

Þó þeir kostir og gallar sem ég nefni og eru mér hugleiknir en vissulega ekki tæmandi upptalning, þá er heldur ekki þar með sagt að það eitt og sér dugi til þess að viðhalda heilu byggðarlagi, því frumskilyrði fyrir allri búsetu hvar á landinu sem það er, er að fólk hafi atvinnu. En þessi staður sem ég elst upp í þegar atvinna var næg og uppgangur á flestum sviðum, að hann sé eins í dag og hann var, því fer fjarri og þykir mér það miður.

Þróunin hefur verið uggvænleg sl. 20 ár, fólki hefur fækkað gríðarlega og atvinnan að sama skapi. Hér var ýmis konar þjónusta í boði, mikið af smábátum og lífæðin, útgerðar og fiskvinnslufyrirtækið

Jökull og Fiskiðja Raufarhafnar, en þar störfuðu um og yfir 120 manns þegar best lét. Einnig var hér Síldaverksmiðja ríkisins síðar SR mjöl og nú síðast SVN, þar voru allt upp að 40 manns í árstíðabundnum störfum en henni var endanlega lokað 2006 eftir að hafa malað gull fyrir landann. Eftir stendur af ofangreindu lítil fiskverkun sem rekin er af GPG frá Húsavík og 16-20 útgerðaraðilar svo eitthvað sé nefnt. Þetta gerist allt á svokölluðum góðæristímum. Gjarnan vildi ég sjá aukna vinnslu og útgerð hér því ég tel að það muni allaf verða sjávarútvegurinn sem heldur byggðinni gangandi hér þó aðrir atvinnuþættir séu vissulega nauðsynlegir með.

Ég vil meina að kvótakerfið eins og það er uppbyggt eigi stærstan þátt í því hvernig komið er fyrir staðnum eins og staðreyndir sýna og sanna. Þegar framsal á kvóta var gefið frjálst þá fór að síga á ógæfuhliðina fyrir þorpinu þar sem kvótinn var seldur úr byggðarlaginu og er lýsandi dæmi fyrir mörg önnur sjávarþorp í landinu. Ég held að þetta séu ein stærstu mistök sem gerð hafa verið í íslenski pólitík og hefur haft í för með sér grafalvarlegar afleiðingar eins og dæmin sanna í dag. Sjávarútvegurinn og allt lagaumhverfi, kerfis- og reglugerða fargan sem að honum snýr er orðinn svo samofinn og kyrfilega múlbundinn fjármálageiranum að erfitt er að finna heildræna lausn eða breyta kerfinu svo öllum hagsmunaaðilum líki, en fjármálaöflin eru að mínu mati of sterk og ráða of miklu í sjávarútveginum á kostnað smærri byggðalaga.

Sannleikurinn er sá að við eigum í stöðugri baráttu með að halda þeirri atvinnu og þjónustu sem er til staðar, en menn leggjast hins vegar ekkert undir þá grænu þó að á móti blási, þvert á móti. Hér er verið að byggja Heimskautsgerði sem á engan sinn líkan í heiminum, og á eftir að verða gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ferðamannaíðnaðinn þegar fram í sækir með atvinnuskapandi tækifærum. Held samt að það komi ekki til með að verða nema árstíðabundin atvinna í nánust framtíð sbr. hvernig ferðaiðnaðurinn í dag. En verið er að vinna hörðum höndum hjá mörgum ferðaþjónustuaðilum á Norðaustursvæðinu við að efla samvinnu og markaðssetningu sem á eftir að skila sér í framtíðinni. Á haustdögum opnaði hér svonefnd þjónustumiðstöð eða Ráðhús (eins og heimamenn hafa skírt það) í kjölfar þess er loka átti útibúi hér frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis ásamt samstarfsaðilanum Íslandspósti í maí sl. (2011). Í dag er þar skrifstofa Norðurþings ásamt símsvörun fyrir sveitarfélagið, sparisjóður og Íslandspóstur, þar er samnýting á starfsfólki og húsnæði sem kemur vel út. Menn hafa hug á að efla starfsemi í húsinu enn frekar svo sem með aðstöðu fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, löggæsluna og fleiri aðila en þess má geta að engin föst löggæsla er á staðnum. Þetta er lýsandi dæmi um hvað hægt er gera þegar samvinna og vilji þeirra aðila sem að málum koma er fyrir hendi.

Hér eru mikið og stórt verksmiðjuhúsnæði sem vert væri að nýta til einhverrar atvinnustarfsemi til framtíðar fyrir einhvern heiðarlegan og dugmikinn aðila sem ekki er smitaður af græðgivírusnum. Það vantar hér dugmikið fjölskyldufólk og skynsamar hugmyndir til atvinnusköpunar og eflaust eru þær til, það vantar bara fjármagnið til framkvæmda.

Hér er stiklað á nokkrum stórum og smáum hugleiðingum og engan veginn tæmandi upptalning varðandi þróun og stöðu mála hér, en hér vill maður að búa og veit að hverju maður gengur. En ekki er alltaf á allt kosið þó vilji sé fyrir hendi og þá á ég við þær aðstæður sem orðnar eru og þá leiðir maður hugann að því og spyr sig: Hvert er verið að stefna? *Svar: Áttavíllt.* Eiga byggðarlögin að eyðast upp hvert af öðru? *Er þegar að gerast.* Er það kannski þessi óskrifaða og hljóðláta byggðastefna? *Sennilega.* Hvaða hagsmunahópa á að koma til móts við því allir eiga sinn tilverurétt, eða hvað segir stjórnarskráin við því? *Hún er í vinnslu.* Hvað kostar það þjóðfélagið ef 3-4 byggðakjarnar verða einu byggðu bólin fyrir utan höfuðborgarsvæðið eins og mér finnst stefnan vera? *Margfalt meira en Icesave.* Gengur það dæmi upp? *Nei.* Hefur einhver hagfræðingur reiknað það út hvaða margfeldisáhrif það hefði á þjóðfélagið? *Ekki svo ég viti, kalla eftir því hér með.* Hvað verður um alla þá ferðaþjónustu uppbyggingu sem verið er að fjárfesta í út um allt land og hvert á ferðamaðurinn að fara? *Beina línu á staði A-D + póstkort af landslagi.* Hver á að þjónusta hann ef enginn er til staðar? *Kannski spjald-tölva.* Hvað verður um landbúnaðinn og sjávarútveginn ef ekki eru til byggðakjarnar til að þjónusta landann, allir vilja jú hafa aðgengi að mjólkurafurðum, kjöti og fiski í kælum verslana ekki

Samfélag, atvinnulíf og íbúápróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun

*satt? Það held ég nú, og til þess að það geti orðið þá er það nauðsynlegt fyrir land og þjóð að byggð sé sem víðast um landið. Ég er nú ekki alveg jafn viss um að allir gerir sér grein fyrir því, eða vilji yfir höfuð horfa á eða viðurkenna þær staðreyndir, það ætti að vera mikið umhugsunarefni fyrir ráðamenn í þjóðfélaginu. Hvað er það sem við viljum???*

Virðingarfyllt  
Þorpari af guðsnáð.



**Heimskautsgerðið á Raufarhöfn**, dularfullt í þokunni. Ljósmynd: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

**Vífill Karlsson, hagfræðingur:**

## Búferlaflutningar og samgöngubætur

Í þessari rannsókn var ætlunin að rannsaka hvort samgöngubætur hefðu áhrif á búferlaflutninga og hvernig. Þetta var gert í þremur sjálfstæðum en samhangandi rannsóknum. Fyrst með því að skoða áhrif samgöngubóta á fasteignaverð, þar sem fasteignaverð endurspeglar virði staða og staðsetninga. Í öðru lagi meta hversu mikils virði aðgengi að höfuðborginni er byggðum og strjálbýli utan höfuðborgarsvæðisins. Að lokum meta áhrif samgöngubóta á búferlaflutninga með beinum hætti. Um er að ræða reynslurannsókn sem styðst við opinber gögn fjölda stofnana. Þessi grein er unnin upp úr samantekt sem er að finna í doktorsritið höfundar.

Hin mikla fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu og fækkun til sveita á Íslandi var tilefni þessarar rannsóknar. Þjóðinni fjölgaði lítið fram á miðja 19. öld, en íbúafjöldi sveiflaðist öldum saman í kringum 50.000. Miðað við ríkjandi tæknistig virðast landbúnaður og sjávarútvegur ekki hafa geta brauðfætt fleiri íbúa og sveiflur í veðurfari, náttúruhamfarir og farsóttir lögðu grunninn að sveiflum í fjölda íbúa þannig að ekki var stór munur á íbúafjölda frá lokum landnámsaldarinnar fram á miðja 19. öld, eftir því sem komist verður næst. Þetta var frumstætt sveitasamfélag og mikill meirihluti bjó í strjálbýli. Myndun þéttbýlis var svo veik á Íslandi að sett voru lög árið 1788, þegar verslun var gefin frjálssari<sup>3</sup>, um styrki til þeirra sem settust að í völdum kaupstöðum – þ.e. Reykjavík, Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum. Styrkirir fólust í ókeypis lóðum og 20 ára undanþágu frá sköttum svo eitthvað sé nefnt. Það var samt ekki fyrir en snemma á 20. öldinni eftir vélvæðinguna, fjárfestingu í innviðum, stofnun banka og annarra stofnana, að fólki fer að fækka til sveita og fjölga í þéttbýli um land allt en mest á höfuðborgarsvæðinu. Það kann að vera vegna þess að framan af voru ráðandi öfl ekki einhuga um eflingu þéttbýlis. Vöxtur þess varð síðan mjög ör eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar og í upphafi 9. áratugarins fór íbúum að fækka í þéttbýlum utan höfuðborgarsvæðisins, einkum þeim sem fjærst voru Reykjavík og Akureyri.

Samkvæmt kenningum hagfræðinnar hefur margt áhrif á búferlaflutninga. Oftast eru aðstæður á vinnumarkaði nefndar en skynvirði verður áberandi á síðari tímum. Skynvirði (e. amenity value) felst í staðbundnum gæðum sem auka velferð almennings án þess að hann borgi fyrir það markaðsvirði. Ýmis náttúrugæði, niðurgreidd og endurgjaldslaus þjónusta eða hreinlega félagsstarf hefur verið flokkað undir skynvirði. Þá hafa fræðimenn talað um neikvætt skynvirði (e. dis-amenity). Það eru staðbundnir þættir sem draga úr velferð íbúanna án þess að þeir fái fyrir það bætur. Glæpir og mengun hafa verið taldir þar á meðal. Athyglisverðar eru kenningar sem gengið hafa út á að laun séu almennt lægri á stöðum þar sem skynvirði er hátt. Það er útskýrt þannig að fólk laðist að stöðum sem bjóða upp á gott veðurfar eða önnur endurgjaldslaus gæði. Það eykur framboð vinnuafis og laun lækka. Að sama skapi eru laun óvenju há þar sem skynvirði er lágt. Nýjastar eru kenningar nýju-svæðahagfræðinnar (e. New Economic Geography), en þaðan er kjarna- jaðarlíkanið ættað. Þar á borgarhagræði stóran þátt í að laða að íbúa úr sveit í borg í gegnum hærri laun. Þá er einnig lögð meiri áhersla á æviteklar fremur en laun á hverjum tíma. Einnig er svigrúm fyrir áhættu. Öll óvissa um afkomu fækir íbúa frá til svæða þar sem afkomuöryggi er meira. Í einu þessara líkana er félagsauði og umferðarpunga fundinn staður.

Í fyrstu rannsókninni, mat á áhrifum samgöngubóta á fasteignaverð, var stuðst við kenningu og líkan þýsks hagfræðings, Johan Heinrich von-Thunen (1783-1850), um landfræðilegt mynstur fasteignaverðs þar sem það hefur tilhneigingu til að lækka út frá borgarmiðju vegna mikilvægis markaðarins. Niðurstaða greiningarinnar staðfesti að samgöngubætur milli landsbyggðarinnar og

<sup>3</sup> Verslun var ekki gefin frjálssari í hefðbundinni merkingu þess orðs, heldur var hverjum þegni Danmerkur frjálst að hefja verslun.

höfuðborgarinnar hafa áhrif á fasteignaverð á landsbyggðinni til hækkunar. Sérstaða rannsóknarinnar fólst einkum í tvennu: Þessari greiningu hefur aldrei verið beitt á heilt land með þessum hætti og sýnt var fram á að áhrifin væru ekki einsleit. Þau voru mest næst höfuðborginni en fjara síðan smám saman út eftir því sem fjær dregur. Það gefur til kynna að áhrif samgöngubóta eru líklegastar til hafa mest áhrif á fasteignaverð ef þær eru sem næst höfuðborgarsvæðinu. Ýmsir aðrir vel þekktir þættir höfðu áhrif á fasteignaverð eins og búist var við. Þeir helstu voru að framboð íbúða hafði neikvæð áhrif á verð íbúða á meðan stærð íbúða, fjöldi herbergja, svalir, bílskúr og bílastæði höfðu marktæk jákvæð áhrif á verð þeirra.

Þá var aðgengi dreifbýlis að borgum metið í annarri rannsókninni. Það var gert með því að kanna hvort munur á fasteignaverði í Reykjavík og annarra landsvæða hafi aukist á síðastliðnum 20 árum. Ef það var tilfallið, var ætlunin að meta hvort það fælist í auknu virði á aðgengi vegna breyttra óska almennings um aukið aðgengi að fjölbreyttu úrvali þjónustu og atvinnu eða aukins þéttbýlishagræðis (e. agglomeration economies) vegna aukinnar almennrar hægræðingar af nábýli við annað fólk og fyrirtæki. Aftur var stuðst við líkan von-Thünens en með öðrum hætti svo mælingin næði yfir fyrrgreinda hætti. Í greiningunni kom fram að munurinn á fasteignaverði í Reykjavík og Akureyri gagnvart öðrum sveitarfélögum hafði aukist á síðustu árum. Sýnt var fram á að óskir almennings um búsetukosti höfðu verið undirliggjandi þáttur og breyst stóru þjónustukjörnunum tveimur í hag – þ.e. aðgengi sem borgir veita hefur orðið hlutfallsega verðmætara heldur en skynvirði sem dreifbýlið hefur í ríkara mæli. Þá kom fram vísbending um að þéttbýlishagræði hafði átt sinn þátt í þróuninni. Við nánari aðgæslu kom í ljós að munurinn á fasteignaverði Reykjavíkur og nágretta sveitarfélaga hafði verið að dragast saman á sama tíma, þrátt fyrir áður nefnda þróun. Vísbendingar komu fram um að búferlaflutningar úr borg í sveit hafi verið undirliggjandi áhrifaþáttur þess. Það er almenn tilhneiging búferlaflutninga borgarbúa aftur til sveitar eða smærri bæja í nágrenni borganna, eða í u.þ.b. 120 kílómetra radius frá miðju hennar sem orðið hefur vart bæði annars staðar í Evrópu og í Bandaríkjunum. Ástæður hennar eru ýmist af efnhagslegum hvötum eða af breyttri forgangsröðun í lífi fólks eins og óskir um meiri nálægð við náttúruna eða nánari tengsl við lífið í sveitinni.

Áhrif samgöngubóta á búferlaflutninga metin með beinum hætti í þriðju og síðustu rannsókninni. Stuðst var við klassískt búferlaflutningalíkan. Niðurstaða rannsóknarinnar bentu til að aðstæður á vinnumarkaði, atvinnutekjur og atvinnuleysi, skiptu mestu máli varðandi búferlaflutninga á milli sveitarfélaga á Íslandi. Einnig sást að framboð íbúða laðaði íbúa að. Þá skipti aðgengi að sterkum þjónustukjörnum nokkru máli og þess vegna geta samgöngubætur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar hægt á eða jafnvel snúið óhagstæðu búferlaflutningamynstri við. Það gæti líka ýtt undir óhagstætt búferlaflutningamynstur vegna þess að áhrifin voru ekki þau sömu allsstaðar; því nær sem samgöngubótin var Reykjavík því líklegri var hún til að valda óhagstæðum búferlaflutningum í nærliggjandi sveitarfélagi. Í ákveðinni fjarlægð snérist þetta við þannig að samgöngubætur á milli Reykjavíkur og fjarlægari sveitarfélaga stuðluðu að hagstæðu búferlaflutningum til þeirra.

Þar sem niðurstöðurnar gáfu til kynna að ennþá vantaði mikilvæga áhrifaþætti inn í líkanið var gerð tilraun til að meta það á ný og skipta gagnasafninu upp á milli karla og kvenna. Þá kom í ljós að líkanið skýrði miklu betur út búferlaflutninga kvenna heldur en karla. Aðstæður á vinnumarkaði virtust skipta konur miklu meira máli en karla. Það er á vissan hátt rökrétt niðurstaða þar sem sýnt hefur verið fram á að launamunur kynja er minni á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Þá hafði framboð á íbúðum hafði áhrif á bæði kynin en ferðatími virtist hafa áhrif á hvorugt kynið. Þar sem þetta líkan virtist vera óvenju lélegt í að skýra búferlaflutninga karla vaknaði sú hugmynd að kanna hvort brottflutningar kvenna hefðu áhrif á brottflutning karla. Sú tilgáta vaknaði á grundvelli kenninga Gary Beckers um að hagsæld fólks í sambúð eða hjónabandi sé meiri heldur en einhleypra; þar með ef konur flyttu brott þá dragi það úr líkum karla á að komast í hnapphelduna. Það var gert með því að kanna hvort karlar flyttu í kjölfar kvenna til þess að auka líkurnar á sambúð/hjónabandi. Það var staðfest þegar líkanið var keyrt aftur með viðeigandi breytingum. Við þetta hafði ferðatími marktæk áhrif á búferlaflutninga karla og niðurstaðan almennt áreiðanlegri. Það virðist því vera þannig að samgöngubætur hafi frekar áhrif á búferlaflutninga karla en ekki kvenna.